| 635. 1504, 18. Apr. Dómr um landskyldarhald o. fl. | 682—685 |

| | Bla. |
|--|---------|
| 636. 1504, 19. Apr. Bréf sama efnis og Nr. 634 | 685—686 |
| 637. 1504, 25. Apr. Bréf um Breiðavík | 686—687 |
| 638. 1504, eptir 3. Maí. Bréf um Arnbjargarlæk o. fl. | 687—688 |
| 639. 1504, 9. og 15. Maí. Lögmanns úrskurður um nauðgan | 688—689 |
| 640. 1504, 10. Maí. Bréf um Höfða i Eyrarsveit | 690 |
| 641. 1504, 21. Maí. Dómr um prófentugjöf Ingibjargar Þorsteinsdóttur | 690—692 |
| 642. 1504, 22. Maí. Dómr um barsmið Sigurðar Egilssonar á Pétri Sveinssyni | 692—694 |
| 643. 1504, 22. Maí. Bréf um Hvallátr | 694—695 |
| 644. 1504, 15. Júní. Bréf um Kallaðarnes i Flóa | 695—696 |
| 645. 1504, 25. Júní. Sýslubríf handa Torfa Jónssyni milli Þjórsár og Jökulsár | 696—597 |
| 646. 1504, 28. Júní. Dómr um Skeggjastaði á Ströndum | 697—699 |
| 647. 1504, 29. Júní—1506, 23. Marts. Upplagsbréf þeirra bræðra Helga, Snæbjarnar og Erlings Gíslasona við Eyjólf bróður sinn um Haga | 699—700 |
| 648. 1504, 29. Júní—1506, 23. Marts. Bréf sama efnis | 700—701 |
| 649. 1504, 29. Júní. Friðarbréf hirðstjóra til handa Birni Þorleifssyni | 701—702 |
| 650. 1504. Alþingisdómr um prestsvitni | 702—703 |
| 651. 1504, 1. Júlí. Alþingisdómr um Ásgeirsár, Lækjamót og Strandajarðir | 704—705 |
| 652. 1504, 2. Júlí. Alþingisdómr um viðreign Torfa Jónssonar i (Klofa) og Arnórs Finnssonar | 705—708 |
| 653. 1504, 3. Júlí. Lögmanns samþykkt á sama dómi | 708—709 |
| 654. 1504, 3. Júlí. Alþingisdómr um Reyki og Aðalból | 709—713 |
| 655. 1504, 3. Júlí. Gjörningsbréf milli Haldórs á-bóta á Helgafelli og Jóns Nikulássonar | 713 |
| 656. 1504, 4. Júlí. Bréf um Borgarhöfn | 714—715 |
| 657. 1504, 4. Júlí — 1505, 3. Marts. Bréf um Kollstaði og Torfastaði | 716 |
| 658. 1504, 11. Júlí. Aflausnarleyfi handa Ögmundi prófasti Pálssyni | 717 |
| 659. 1504, 13. Júlí. Kieghe van Aneffelde hirðstjóri tekur til láns hjá Stepháni biskupi þrjár lestir | |

Bl.

| | | |
|------|---|----------|
| | skreiðar af peningum Rómakirkju, er Atzerus Iguari hafði safnað fyrir aflát á Íslandi . . . | 717—718 |
| 660. | 1504, 22. Júlí. Kvittunarbréf um reikningskap Hagakirkju | 718—719 |
| 661. | 1504, 10. Aug. Bréf um Klömbur ofl. | 719—721 |
| 662. | 1504, 9. Sept. — 1505, 30. Okt. Bréf um Vik í Staðarsveit, Haldórsstaði, Mýlastaði ofl. . . | 721— 722 |
| 663. | 1504, 13. Sept. Dómr um Laugardal í Tálknafirði | 722—723 |
| 664. | 1504, 13. Sept. Bréf um Tungu í Örlygshöfn | 723—725 |
| 665. | 1504, 19. Sept. Dómr um leiguliða, er fella kúgildi landsdrottna fyrir fódurtöku af öðrum . | 725—727 |
| 666. | 1504, 26. Sept. Dómr um ólöglega ásetu jarðar | 727—729 |
| 667. | 1504, 7. Okt. Bréf um landamerki Eiriksstaða og Fjösa í Svartárdal | 729—730 |
| 668. | 1504, 11. Okt. — 1505, 18. Jan. Bréf um Skörð og Finnastaði | 730—731 |
| 669. | 1504, 25. Okt. Bréf um Viðar, Hellu og Skúta- staði | 731—732 |
| 670. | 1504, 2. Növ. Bréf um landamerki Jódísar- staða í Skriðhverfi | 732—733 |
| 671. | 1504, 9. Növ. — 1505, 10. Júní. Bréf um Skeggjastaði á Ströndum | 733—734 |
| 672. | 1504, 30. Dec. Vitnisburðr um umboð Finnboga lögmanns af hirðstjóra til að skipa sýslumenn | 734—735 |
| 673 | [1504]. Skrá um eignir Breiðabólstaðar í Fljóts- hlíð, þegar síra Ögmundur Pálsson tók við stað- um | 735—736 |
| 674. | 1504. Skrá um leigu á jörðum kirkjunnar í Reykholti | 736—737 |
| 675. | 1504. Mældagi Húsafellskirkju | 737—738 |
| 676. | 1504. Reikningr kirkjunnar í Steinsholti . . | 739 |
| 677. | 1504. Skrá um eignir kirkjunnar á Ærlæk . | 739—740 |
| 678. | 1504. Transskript | 740—741 |
| 679. | 1504. Kvittunarbréf handa Páli Aronssyni fyrir atvist að vígi Páls á Skarði (1496) | 741 |
| 680. | 1504. Skrá og reikningskapr eigna Guðna Jónssonar um Þverárþing | 742—746 |
| 681. | 1504. Bréf um andvirði Höfða í Eyrarsveit . | 746—747 |
| 682. | 1504. Bréfságríp um Húsavík í Steingrímsfirði | 747 |

| | | |
|------|---|---------|
| 683. | 1505, 14. Janúar. Bréf um landamerki Arnar- bælis og Dögurðarness | 747—748 |
| 684. | 1505, 21. Janúar. Landsvistarbréf handa Vig- fúsi Erlendssyni fyrir handarafhögg á Halli Brandssyni | 748—749 |
| 685. | 1505, 21. Janúar. Veitingabréf handa Vigfúsi Erlendssyni fyrir Skóga og Merkreignum . . . | 749—750 |
| 686. | 1505, 25. Janúar. Landsvistarbréf handa Birni Þorleifssyni fyrir atvist að vigi Páls Jónssonar (1496) | 751 |
| 687. | 1505, 29. Janúar. Runólfr Höskuldsson dæmdr frá sýslu | 752—753 |
| 688. | 1505, 3, Febr. Máldagi Vikrkirkju á Seltjarnar- nesi | 754 |
| 689. | 1505—1524, 24. Júní. Bréf um kaupmála Þor- steins Finubogasonar og Ceciliu Torfadóttur . | 755 |
| 690. | 1505, 11. Febr. Bréf um eiðatöku um Þorkelshvol | 755—756 |
| 691. | 1505, 15. Marts. Löggjafabréf Jóns Sigmunds- sonar til dætra sinna | 756—758 |
| 692. | [1505, 26. Marts]. Vitnisburður um skógarhögg í Sleðmeiðarásum | 758—759 |
| 693. | 1505, 26. Marts. Vitnisburður um sama . . . | 759 |
| 694. | 1505, 27. Marts. Bréf um Dynjandi | 760—761 |
| 695. | 1505, 8. April. Kvittun handa bróður Jóni Þor- valdssyni | 761 |
| 696. | 1505, 15. April. Bréf um Ytradal, Kambfell og Geldingsá | 761—762 |
| 697. | 1505, 1. Maí. Falsbréf um Ósland ofl. | 762—763 |
| 698. | 1505, 12. Maí — 1506, 14. Apr. Dómr um hval- reka á Kirkjubóli í Skutilsfirði | 763—765 |
| 699. | 1505, 19. Maí. Dómr um Skeggjastaði á Ströndum | 765—767 |
| 700. | 1505, 28. Maí. Stefna Gottskálks biskups til Jóns Sigmundssonar | 767—769 |
| 701. | 1505, 30. Maí. Björn Þorleifsson selr Hans Kruckugh Stað í Aðalvík ofl. jarðir | 769—771 |
| 702. | 1505, 31. Maí. Umboð um lögfestu á Lögmanns- hlið mfl. | 771—772 |
| 703. | 1505. Bréf um Seylu, Ásgeirsá, Lækjamót og Lögmannshlið | 772—773 |

Bl.

| | | |
|------|--|---------|
| 704. | 1505, 8. Júní. Vitnisburður um kaup á Reykjum um, Aðalbóli og Hreiðarstöðum | 773—774 |
| 705. | 1509, 9. Júní. Dómr um framfæri Atla Atlasonar | 774—775 |
| 706. | 1505, 11. Júní. Vitnisburður um frændsemi Jóns Sigmundssonar og Bjargar Þorvaldsdóttur | 775—777 |
| 707. | 1505, 16. Júní. Vitnisburður um innsiglanir og innsiglagröpt Jóns Sigmundssonar | 777—778 |
| 708. | 1505, 19. og 20. Júní. Dómr klerka um sakir þær, er Gottskálf biskup bar á Jón Sigmundsson | 778—785 |
| 709. | 1505, 1. Júlí. Lögmanns staðfesting á Nr. 665 | 785—786 |
| 710. | 1505, 17. Júlí. Ríkisráð dæmir hirðstjórn af Keyæ wan Alefeldæ | 786—787 |
| 711. | 1505, 28. Júlí. Stephán biskup kvittar Helgu húsfreyju Guðnadóttur um allar fésektir fyrir afbrot Torfa heitins Jónssonar í Klofa, bónda hennar, við guð og heilaga kirkju | 787—788 |
| 712. | 1505, 20. Augúst — 1506, 31. Jan. Dómr um vig Halls Magnússonar, er Bessi Þorláksson vo | 788—790 |
| 713. | 1505, 6. Sept. Gjafalofan Gríms Pálssonar við Haldór Sigmundsson frænda sinn. | 790—791 |
| 714. | 1505, 9. Sept. Dómr um peningamál Guðmundar Indriðasonar og Ásgríms Þorbjarnarsonar | 791—792 |
| 715. | 1505, 10. Sept. Vígslu og aflátsbréf Ögurskirkju | 793—794 |
| 716. | 1505, 10. Sept. Vígslu og aflátsbréf Álptamýrarkirkju | 794—795 |
| 717. | 1505. Sept. Orlofsbréf Stepháns biskups um aukning bænhússins í Sauðlauksdal | 795—796 |
| 718. | 1505, 12. Sept. Kvittunarbréf Þorvarðs Erlendssonar til Gríms Pálssonar um eignarþýti þeirra | 796—797 |
| 719. | 1505, 19. Sept. Sáttarbréf um legorð Halls prests Ögmundssonar með Ólöfu Andrésdóttur | 797—799 |
| 720. | 1505, 26. Sept. Vitnisburður um landeign Reykjahlíðar | 799—800 |
| 721. | 1505, 10. Okt. Bréf um Dæli í Svarfaðardal . | 800 |
| 722. | 1505, 13. Okt. Dómr um vig Hans Etins . | 800—802 |
| 723. | 1505, 25. Okt. Bréf um Fagraskóg á Galmaströnd | 802—803 |
| 724. | 1505, 27. Okt. Bréf Stepháns biskups um kaup | |

| | Bl. |
|--|---------|
| þeirra Einars Þórólfssonar og Vigfúsar Þórðarsonar á Hvanneyri í Andakíl | 803—804 |
| 725. 1505, 29. Okt. Bréf um Þórisstaði á Svalbarðs- strönd | 804—805 |
| 726. 1505, 8. Nóv. Bréf um Yztaskála og Snotrunes | 805—806 |
| 727. 1505, 30. Nóv. Bréf um Tunguskóg í Skutils- firði | 806 |
| 728. 1505. Vitnisburð um Hest í Borgarfirði . . . | 807 |
| 729. 1505. Dómr um Haga á Arskógarströnd . . . | 807—810 |
| 730. 1505. Dómr um hlutarförgun, réttaryrði, kapal- lægu of. | 810—812 |
| 731. 1505. Skrá um eignir Steinsholtskirkju . . . | 812—813 |
| 732. [um 1505]. Dómr um réttaryrði Valda Hól- fastssonar við Eysteín Guðmundsson | 813 |
| 733. [um 1505]. Dómr Þorvarðs lögmanns Erlends- sonar um réttaryrði | 814 |
| 734. [um 1505]. Dómr Þorvarðs lögmanns Erlends- sonar um geldfé, lambarekstr og fjallskil . . . | 814 |

DIPLOMATARIUM ISLANDICUM.

*1. [um 1170 og síðar].

MÁLDAGI kirkjunnar á Húsafelli í Borgarfirði.

Gamla máldagabókin frá Skálholti (= D12) í 4to, bl 70b—71b, skr. 1601 af Bjarna Marteinssyni, nú í skjalasafni biskupsdæmisins í Landsskjalasafni. Allan fyrra hluta þessa máldaga hefir Jón Sigurðsson látið prenta í Dipl. Isl. I, Nr. 37, og snúið rithætti til forneskju, en síðara hlutanum hefir hann slept og talið hann yngri, sem og er, og þó vart mjög miklu.

Husafell.

Sa er kirkiu maldagi at husafelli at branndur þorarinson leggur þar til kirkiu husafellz lannd og annad land er þar fylgir med lañznýtivm öllum. þeim er þar fylgia. þar skulu fylgia fim kyr og þrir tigr a og huñdrad flogorra alña aua j husbunadi og busgaugnum. þar skal avalt vera heimilis prestur. þar skal sýngia ottu soñg og messu huernn helgann dag og huernn dag skal þar messu sýngia er nifu læctior eru j ottu sauñg. þar skal síjñngia messu fostudag huerññ og sæludaga alla. añañ huerñ dag ýmb jola fostu. eññ huerññ dag vm lañgafostu. Eññ ef helgañ dag missir tíjda. þa skal veita þurfamonnum j þriu mal. þar skal lios brenna j kirkiu fra mariumessu enne fyrri fyrir huernn helgañ dag til micaelsmessu. Eññ hueria nott fra þuíf vñz lífdur paskaviku.

Klæñngur biskup lofadi at grafa þar ad kirkiu heimamenn þa er þar añdast. þar skal fylgia kuenngildur omagi avalt kirkiu fram þessum sa er brañdur þor(arins)s(on) vil(1) til taka or síñnu kyni eda sýnir hañs.

Eññ Branndur Þ(orarins)s(on) skal vardveita kirkiu fe þessi medann hann vill. Eññ þa sýnir hans medañ þeir vilia. taka þeir mann til vardveislur ef þeir vilia fra radast. Eññ ef þeir eigu eigi erfíngia þa er forrad kunni. þa skal

taka mann til vr kyni þeirra. at varðveita kirkiufen. þann er biskupi þeir vel thil falliñ þeim er fyrir radi j skala-holti. Enn sa skal abyrgiast kirkiu og bunijng hennar allann vid eldi og aullum skodvm̄ er kirkiu fe varðueiter¹).

Þetta fe var virtt med stad ad husafelli. kýr ij. iij veturgomul naut. xij sandir veturgamlir. hestur iijj vetra gamall. Silfurkalekur fyrir kugilldi. Bækur. vj. fyrir kugilldi. katlar iijj og Braudjarnn fyrir kugilldi. j reckiuklædu-m̄ fyrir kugilldi [j jarñn Buhlutum²]. og þar med ær og hirdslvr iij fyrir kugilldi. veidistod. huñdradz lag er yfir fram j þessu fe. fiogur huñdrud j metfe. husbunadr med bugogñum̄.

Þetta fe lætur s(ira) amuñdi prestur eptir ad stadñvm̄ suo at ecki er metid. baksturjarñn og bok er ð eru. viij. heilagra manna sogur oc slykusteinn. Jtem certta sticur ij er hann let giora. Boc er ð er gudspioll matthei. torfskafa og klacahogg. þrettan mærkur vax og reyçelsi. messufot þreññ. med fiorum hocklum. slopp og kanntara capu. þetta fe er ecki talt. adur j kirkiu maldaga. Enn kirkia skal þad eiga hedañ af.

*2.

[1258—c. 1440].

MÁLDAGI Ásskirkju í Borgarfirði, settir í öndverðu af Sigvarði biskupi Þéttmarssyni og aukinn af síðari biskupum.

Eptir visitazibók Borgarfjarðarprófastsdæmis 1705—1730, nú í Landsskjalasafni; er afskript sú gerð eftir sjálfu frumritinu á skinni, sem læst var saman við samþyktaþréf Stepháns biskups frá 17. Apr. 1503; staðfestu afskript þessa í Reykholti 23. Nóv. 1710 Hannes prófastr Halldórsson, Torfi Sigurðsson, Stephán Kjartansson og Halldór Árnason (prestr á Húsafelli). Sbr. Dipl. Isl. I, 593—594.

¹) Því, sem nú fer eptir, er slept í Dipl. Isl. I, 37, og er það talið yngra. Mjög miklu yngra mun það þó ekki vera, og sýnist varla muni vera meiri munur á fyrra hlutanum og hinum síðara heldr en er á elzta hluta Reykholtsmáldaga og hinum síðari hlutum hans. Er niðrlag þessa máldaga því án efa ekki yngra en á 13. öld, og hefði því að réttu lagi átt að koma í I. bindi safnsias. Hér má og sjá töluverðar leifar af fornum rithætti í niðrlagi máldagans, sem Bjarni Marteinson hefir óvart látið óhaggaðar, þegar hann afskrifaði 1601. ²) [Svo.

Gamall Maldage as kyrkiu

Kirkia í ase er helgoth gude almattugum og Mar[io] drottningo Andreo apostola og Blaseo episcopo og aullum guds helgum monnum.

Þridiungur í heimalande þar liggur til kirkiu og heimanna tíund aull. flogur kugilldeog tíund af víj bæiom. af Augastodum. Refstodum. fra gillum og kolslæk. halse og vatne og af sigmundarstaudum. af þessom bæiom aullom er og ath giallda víj alner til kirkiu í ase a hverio are og halfer lysistollar. en halfer til Gilsbakka kirkiu.

Þar er skýllt ath syngi huern dag helgan fra gilsbakka og alla ymbrodagha jolatider og hina efsto viko. pasca vico alla og hina helgo viko. en bonde sa sem þar býr skal giallda fiorar merkur kaups prestis þeim er þangath syngur og fæda añath hvort mað edur hest med honum þegar vetur kemur.

heimilisprestur skal þar vera ef bonde vill sa er þar býr. eda eigi hað þridiung í bue kirkiu hluta.

þeña maldagha sette siguardur biskup þa er hað vígde kirkiuna tueim nottum epter bartolom(e)us messo og skýllt ath hallda af aullum þeim bæiom sem under liggia fyrir utan naudsyn.

[kirkia a tvær klukur. sakrarium munlaug. alltarisklædi tuan¹⁾ forn. blasius likneske. kertistika.

Jtem lagde gils bonde til kirkiuñar andreus likneske og kertistikv²⁾.

Jtem gallt hrafn bondi³⁾ kirkiu í asi í reikningskap í porcio kalleik og messuklædi ný. ottusaungua bok fra jonsmessu til katrijarmessu. og nockut af grallara fra iolla nott og til laugardags fir paska.

¹⁾ Svo = tuen = tvenn. ²⁾ [Þetta má heita sama viðbóttin og hjá Vilchni (Dipl. Isl., IV, 124—125). ³⁾ Hrafn Þórarinnsson er uppi í Borgarfirði 1444 og sýnist hafa verið virðingamaðr, því að hann er nefndr þar fyrstr vottr að gerningi (D. I., IV, 658). Það gæti verið þessi, og væri þá þessi kafli máldagans líklega frá tímum Godsvins biskups eða svo sem 1440, nema það sé Hrafn Gilsson 1463—1474. Að vísu mun hann yngri en frá dögum Vilchins biskups úr því að bók hans hefir ekki þessa klausu (Dipl. Isl. IV, 124—125).

3.

[c. 1310].

ALÞINGISDÓMR UM REKAMARK.

Hörglandsdómabók í Landsskjalasafni, Skaptafellsýsla 101 (bls. 59), skr. c. 1690, komin með skjalasafni Skaptafellsýslu sumarið 1900, en hefir verið eign séra Bergs Jónssonar á Hörgslandi (d. 1852) og Ólafs umboðsmanns Pálssonar (d. 1894). Bókin er með hendi Ísleifs sýslumanns Einarssonar (d. 1720). Ákvæði þan, sem hér eru talin, eru viðsjárverð, og skjal þetta eða dómságríp því ískyggilegt og ótryggilegt.

Alþingis Dómur um rekamark.

Það var lögteked rekamark á almennelegu Auxarðrþinge af badum lögmönnum og lögriettunne á dögum Hákonar kongs sem að være j almennilegu flædarmðle þá sior rædur sier. enn ef kastar yfer málra kamb edur Eyra Tanga þá eignest landeigande.

4.

1339.

MÁLDAGI Mariukirkju í Garði í Kelduhverfi eptir máldagabók Egils Eyjólfssonar biskups á Hólum.

Eptir fornri afskript á pappir (c. 1600—1620) af máldögum Garðs kirkju í Kelduhverfi, sem kom til Landsskjalasafnsins frá Skinnastöðum með skjölum Garðskirkju sumarið 1901.

Þetta er skrifad vr maldaga gardz kyrkiu
j kelduhuerfe vr Biskupz Egilz
registre. Datum þess registurz 1339.

Kyrkiañ j garde (er) helgud Mariu et cetera.
hun (a) allt hejmaland með reka. og ollum gognum
þeim sem gardzlandi filgia et cetera.

Gardzmenñ Eigu beit j birgiz land. allz fiar. á Sand
wt.

5.

24. Oktober 1384.

á Reykhólum.

KAUPBRÉF þeirra Ólafs Marteinssonar og Filippusar Þorleifssonar um Knörr, með fleirum jörðum í Breiðavík, og Búðardal á Skarðsströnd, með öðrum jörðum á Breiðafirði.

Bréf þetta er tekið hér eptir góðri og nákvæmri afskrift frá hér um bil 1736 í máldagabók Arnarstapa umboðs, sem nú er meðal skjala umboðsins í Landsskjalasafni, og er bréfið innfært þar eptir staðfestri og stafréttri afskrift frumritsins á skinni frá 1727: „Það auglysum vier underskrifader Sigurdur Sigurdsson. Valdsmann i Dverärþingi ad vestaän. Runolfur Olafsson. Jon Sigurdsson. Lögregtumenn. Þorvalldur Finnsson. Jon Jonsson og Högne Þorsteinsson hreppstiorar ad vier hofvm sied og yfirlesed gamalt Originalbref skrifad a kälfskinn. hvort vier grandvarlega hofum samañlesed vit þetta ofañ skrifad Transskriftarbref og funded það ordrett samblioda vera aminstu Original kälfskinsbrefe. hvoriu til Sannenda merkes eru vor nofn. med eigen hondum hier under skrifud. og äþrikt veniuleg Signet. ad Hiardarholte þann 21. Septembris. Anno Christi M. DCC. XXVII.

Sigurdur Sigurdsson yngre.

(L. S.)

Jon Sigurdsson.

Högne Þorsteinsson.

(L. S.)

Runolfur Olafson

(L. S.)

Þorvalldur Finnson

(L. S.)

Jon Jonsson

(L. S.)

Framlagt, uppleseð og uppäskrifad fyrer Rette a Laugarbrecku almennelegu herads og landastefnu þinge föstudagenn þann 30 Octobris Anno 1733.

Johann Cristoffer Gottorp“.

In nomine domini amen.

Er þetta kaup þeirra philippus Þolleifssonar og Olafs Marteinssonar. Selr Philippus Olafhi jardernar i Breidavíjk. er so heita. Knör. Hraun. midhuus. Hwsanes. Cnarartunghv ok auxl. medr þui aullu er hann vard fremz eighandi ath ok þessum jaurdum filger ok fylkt hefer at fornu ok nyghiu. med hvalrekum ok vidrekum. afrettum ok jtakum. jtem fylger jaurdinni a kneri gelldneytarekstr i mælifellzdal. svo maurgum sem þeir eigha. er ath kneni buha. ok stodhrossa haggi. skipstada vid Bwder og aunr vid Selator. jtem fylger Hraunlavndum skipstada vid bwder og aunnr vid Selätor. gefhr Philippus med þessum jaurdum fioghur kughildi. jtem a kirkian a kneri sanzenda med vidreka og hvalreka. eda tihu hundrut i heimaiaurdu. siautian kwhgildi. þriw hundrut vadmála. tvau hross. Her i móti selr Olafhr ädrnefnr Philippo fyrnefnðum bwdardals jaurd akreyar framyndan Bwdardal a fiordin. broddadalsa a kollafirdi

med hvalreka ok vidreka. arrastadi ok halft itrafell a fellstraund. þessar iarder allar med aullum þeim gaugnum ok gædum. sem hann vard fremz eighandi ath. ok þeim fylger ok fylkt hefr ath forno ok nyhiu. jtem á kirkian i búardal tvær iardir. tinda ok huarfsdal. atta kyr. bakstrjárn. tvau hundrut vadmála. brigdiz budardalr svmr eda allr. þá skilr Philippus ser aptr i knauz sva mikit. skulu nefndir menn Philippus oc Olafhr ábirgiaz laghariptingar á ædrgreindum iavrdum. enn huertveggi hallda til lagha. laugdu upp med handabandi Steinunn flosadotter kona philippus ok jnghibiörgh arnadóttter kona Olafs ok samþyktv á sinna vegna þetta kaup.

Voru þessir kaupvottar Olafur prestur kolbeinsson. Gudmundr kolbeinsson. Sigurdur Odzson. lukas Gudmundarson. kolbeirn þolleifsson. Eghill einarsson.

Ok til sanenda her vm. settu adrgreindir menn sín insigli fyrir þetta kaupbref. skrifath a reykhiahólum crastino severini anno domini M. ccc. lxxx quarto¹).

6.

10. Maí 1446.

á Sveinsstöðum.

EINAR hirðstjóri Þorleifsson úrskurðar og lýsir Guðmund Arason útlægan og óheilagan.

Eptir blöðum í Landskjalasafni með hendi Magnúsar sýslumanns Ketilssonar (d. 1803), skrifuðum eptir 1776, og segir hann þar svo: „Þetta úrskurðarbréf edr útlegdarlýsing Einars h[irðstjóra] Þorleifssonar hefer eg séd á kálfskinne. hafde eitt innsigle under vored. sem var i burtu enn þvengrinn epter. Þad er so hlióðande“. Blöð þessi komu í skjalasafnið úr dánarbúi síra Friðriks Eggerz ¹²/₆ 1902. Bréfið er prentað í Sýslumannaefum II, 268—269, eptir afskrípt með hendi Jóns háyfirdómara Péturssonar.

Ollum mðnnum þeim sem þetta bréf síá edr heyra. sender eg Einar Þorleifsson hirðstjóri fyrer nordan og vestan á Jslande qvediu guds og sína¹) kunnugt giðrande þá er lidith var frá hingatburd vors herra Jesu Christi þushundrud

¹) 4u. afskr. ²) Svo, bæði (fyrir: *mína*).

fiðgur hundrud fiorutiger og sex ár þridiudaginn næsta ept-
er Jonsmessu postola ante portam latinam á Sveinstöðum í
Vazdal á almennilegu¹⁾ þingi kom fyrer mig Þorsteinn Þor-
grímsson og Biörn Kársson²⁾ og Þorvarðr³⁾ Olafsson og
Cinar Hallfredarson. beiddu mig og kröfdu⁴⁾ aller og sér-
hvör stirks og atfarar vid Gudmund Arason fyrer þat rán
og heimsókner. er hann hafde þeim veitt i sinne nordrreid
eptur því sem þeir letu þar sýna og sveria.

Nú saker þess ad mér lízt þetta fullt útlegdarverk og
lýsta eg Gudmund Arason útlægañ og óheilagañ. hvar hann
kann takazt utan gridastada. og því fyrerbýd eg hvörium
manne héðan í frá hann at hýsa edr heima. halda edr hafa
stydia edr stirkia edr nockra biðrg veita í móte kongsins
rétti og landsins lægum under slíka sekt sem lægbók vott-
ar ef þat dirfezt nock(u)r giðra. Svá beider eg og krefr
eg og skyldar eg til kongdómsins vegna hvorn mann er
mitt bréf heyrer mig til ad stirkia og fullt lid ad veita
hann ad fanga og under rétt læg koma.

Jtem i annarre grein fyrerbýd eg hvorium manne í
þeim gózum sitia edr nock(u)rn kostnad hafa sem fyrnefnd-
ur Gudmundr hefer ádr haft og halldid og sér eignat eptur
þvi. sem eg má fremst med lægum.

og til sanninda hér um setta eg mitt Jnnsigle fyrer
þetta bréf skrifat í sama stad oge áre. dege síðar enn fyrr
seger.

*7.

1457—1479.

SKRÁ um landamerki Brúnastaða í Tungusveit í Skagafirði.

Kirkjustóll Mælifellskirkju í Landsskjalasafninu, bls. 14, með hendi
sira Jóns Magnússonar 1752. Sbr. Dipl. Isl. VI, Nr. 282. Þar eru talin
landamerkin eins, en hér er talið framur um prestaskipti á Mælifelli.

Þetta voru landamerke Brunastada þa Sira Sigurdur Þorlaks-
son tók vid Mælefellsstad af sira Sigmunde Anno domini M. cd.

¹⁾ almennu, Sýsl. (rangt) ²⁾ Kárason, Sýsl. ³⁾ Þórður, Sýsl. (mun
rangt) ⁴⁾ kröfðust, Sýsl.

1^o VII og um tǫjd Sira Sigurdar Anno domini M cd lxx nono ep(t)er sem þetta ártal finst fyrer ofań epter skrifud landamerki Ritud a Kalfskińs bref:

first ad suńań millum Þorsteinstada úr Stóragriote vid Svartaa. og so uppi litla skard. so i jtra endaań đ Þorsteinstadatiörn. Eń firer utań i þaań stein sem stendur đ melnum fyrer austaań sidra hellirsđs enda. og so vestur i gard-eń sem geingur a millum hafgrijsstada og Brunastada. So er og holme sem nefndur er Brunastadaholme er Svartđ hefur af broted Brunastada lande þar hun hefur ad fornu þaań vestare farveg geingid.

Þetta ad vera Rett Extraherad epter adur nefndu Kalfskinsbrofi vitna underskrifader(!) Mælefelle d. 16. Maij Ano 1752.

Jon Magnusson.

8.

1477.

DÓMSÁGRIP um málsverđ, meðlag og fæđi.

Á þessu ágripí, sem alt sýnist vera úr sama dómínum, verđr ad svo stöđdu eingin ábyrgđ tekin önnur en sú, ad það stendr svo í þessum handritum. Svipuđ ákvæđi standa í ýmsum afskriptum Búalaga.

I.

AM. 60. 8^{vo} bl. 52^b (fyrri hluti handritsins), skr. c. 1680—1690. — ÍBfél. Kh. 303. 8^{vo} bl. 2^a skr. c. 1780.

Anno 1477 mđlzverdur haalf þridia mörk smiors edur annar jafnvirdur¹⁾ matur.

II.

ÍBfél. Kh. 223. 8^{vo}, blöđ skr. c. 1780—1800.

Anno 1477 effer gömlu lage fyrer kerling á viku 3^{1/2} alin. Enn fullar 4 alner fyrir karl þungfæran. enn þurfe hönum allt ad þiona. þđ 5 alner.

¹⁾ jafnvirdur 303.

III.

Landsbókasafn 812. 4^{to} bl. 170a, skr. c. 1750.

Anno 1477 var dæmdur malsverdur half þridia mork smiors edur þess virde i mat. firir karlmann a vet[ur] 4 al. enn firir kuenman 3 og half utisetumanna¹⁾ og vermanna.

9. 25. Nóvember 1478. í Kaupmannahöfn.

BRÉF Kristjáns konungs hins fyrsta, þar sem hann býðr Diðreki hirðstiðra Pining og Magnúsi biskupi í Skálholti að skipta með tólf mönnum Guðmundareignum í þrjá staði, og skyldi einn hluti falla konungi og krúnunni til handa, því að of ódýrt hefði Björn Þorleifsson keypt gózin, annar til niðja Björns Þorleifssonar og þriði til Bjarna Þórarinssonar vegna Solveigar Guðmundardóttur konu hans, en Bjarni kærði málið fyrir konungi.

Advocates Library Eidinaborg Collect. FM. 64. 4^{to} (21, 7, 14) með hendi séra Björns Haldórssonar í Sauðlauksdal c. 1770—80. Afskr. þar af með hendi Indriða endrskoðanda Einarssonar í safni JSig. 454. 4^{to} bls. 420—421. Sbr. Dipl. Isl. VI, Nr. 258.

Mandat um Gots Gudmundar Arasonar
udg(efid) 1478.

Vij Christiern med Guds Naade Danmarks. Noregs. Suijarikis. Venders og Gotthers kongur. Hertogi j Holsten og Hertoge i Detmersken. Greifi i Oldenburg og Delmenhorst. giðrum aullum viturligt at sem for oss er komid at j vors forfodurs Kong Christophors tjd. var forbroted af Gudmundi Arasyne til Noregs Crónu. halfdelen af hans gotz jord og Æigner upp á Island liggjande. for hvilken brot og falsmdl. han met fornt^e vor forfader Kong Christophor Semiu gjorde. so han skylde añama sitt gotz frij og kuytt i gen og feck Kong Christophors bref þar upp á. met forord ad hañ skylde giefu honum 400 nobile þar firir. Hvilk-

¹⁾ Þ. e. þeir, sem sitja (standa) yfir fé á vetrum.

en 400 nobile han ei feck. eda Vij. sem hans epterkomende vare. þui selldum vij Biörn Þorleifssyne og hustru Oluf forskrifud ættugheit for for^{ne} 400 nobile. da kom denne brevviser Biarne Þorarinsson sem for^{ne} Gudmunds Arasonar dottur feck til hústrú seigiande. at fyrrnefnt gotz være miklu meira vert. en sem þat var fyri selt. sem þau bref útvijsa. sem vij nu fengum epter vor forskrivelse. sem vij höfdum skrifad til Island. at virdingamenn skylldu koma upp á for^{ne} gótz. og vyrda þat epter Norrigs lóg. Nu epter þui at vij eingiñ Tviðdrackt og ortilia vilium hafa uppá vort Land Island. hvar Vij kunnum þess betr auppá þat vij kunnum vndt fly landsens og Inbiggers fordiarfelse. da hafum vij beslutt soddant midde og forligelse som her epter skrifat staa. fyrst so at vij skulu bihalda hiñ þridia deil af for^{ne}(e) Gudmunds Arasonar gótz. sem forbrotit var til Crúnunnar eptir þui þat gótz var meira vert. eñ sem þat var for keypt. og so þeir. sem af oss keyftu. skulu hafa þann þridia deil af sama gotze for þau 400 nobile. þeir oss gafu. Og denne brefvisare Biarne Þorarinsson. sem feck Guðmundar Arasonar dottur skal hafa þan þridia part upp á hans hustru vegna til æfinlegrar Æignar. og nióte hans Hustrus moderne j allan máta epter Norex og Islands lóg. sem þad sig ber. og þar med skal all óvilie og tiltal vera af taled uppá allar sýdur. Þui bidium ver og biódum ydur verduge fader Biskop Magnús j Skálholte og Didrich Pining. vor umbodsmann uppá Island at j taker til ydar xij beztu Jslenska menn og ofurreiknid og skiptid for^{ne} gótz. som nu er hexet som i viliet andsvara for Gude. og vera bikender (for) oss. forbiódande alle her imod at giöre. ella giöra láta under vorn konunglegu hefnd og reide.

Datum in Castro nostro Havniensis die beatæ Catarinæ virginis Anno Domini 1478.

Sub nostro Sigillo.

10.

4. Júlí 1480.

á Lundi.

VITNISBURÐR fjögurra manna, að Þorleifr Björnsson hafi beitt

og krafði Hrafn lögmann Brandsson að rannsaka bréf sín um Guðmundareignir og gera sér lög og rétt um það efni, en lögmaðr hafi ekkert svar viljað gefa þar til.

Sýslumannaæfir II, bls. 272, eptir afskript með hendi Jóns háyfirdómara Pétrssonar (d. 1896). Sbr. Dipl. Isl. VI, Nr. 262.

Það gjörum vér Egill Grímsson, Arnfinnur Jónsson, Þorlákur Þorkelsson og Þorleikur Gunnsteinsson góðum mönnum viturligt með þessu voru opnu bréfi, að þá er lið-ið var frá hingaðburð vors herra Jesú Christi þúsund fjög-ur hundruð og átta tigur ára á almennilegu Öxarárþingi [mánudaginn næstan eptir Pétursmessu] vorum vér í hjá, að Þorleifur Björnsson beiddi og krafði Hrafn lögmann norð-an og vestan á Íslandi að nefna dóm, yfir að skoða og rannsaka sín bréf, þau er hann hafði af sínum náðuga herra kong Kristiern um það, hvort hann skyldi eigi njótandi verða hans bréfa til síns herra kongsins náða um þá pen-inga, er Guðmundur heitinn Arason og hans kvinna höfðu átt, og öll önnur þau bréf og skilríki þau, er áður greind-ur Þorleifur hafði, svo hann eigi misti sína peninga fyrir lög fram, eptir því sem þeir áður greindur Þorleifur og Bjarni Þórarinsson höfðu þar gjörning um gjört. En áður greindur Hrafn lögmann vildi þar ekki svar til gefa. Og til sanninda hér um settum vær vor innsigli fyrir þetta bréf, er gjört var á Lundi í Lunda(r)reykjadal á sama ári, degi síðar en fyr segir.

11. 18. Oktober 1480. í Koldingborg.

KRISTJÁN konungr hinn fyrsti samþykkir skipti þeirra Magn-úsar biskups og Diðreks Pínings á Guðmundareignum.

Advocates Library í Eidínaborg Collect. FM. 64. 4^{to} (21, 7, 14) með hendi séra Björns Haldórssonar í Sauðlauksdal c. 1770—80. Afskript þar af með hendi Indriða Einarssonar er í safni JSig. 454. 4^{to} bls. 422. Sbr. Dipl. Isl. VI, Nr. 258.

Stadfestingarbref um sama efni utg(efid) 1480.

Wij Christiern med Guds nåd et cetera.

giðre alle vitturligt at vij som til forna haver til skrif-
at og biifalat oss elskuleg verduge fadir B(iskop) Magnus
i Skalh(oltti) i Island. og Didrich Pining vor Umbodsmann
yfir allt (vort) land Island at þeir skyldu taka til sig xij bestu
Islenska menn. og ofurreikna og skipta þat gótz og jard-
ir úti þriá parta. sem var forbrotid af Gudmundi Arasyni
til Noregs Crónu i Kong Christophors tjd. sem þat bref ut-
vijsar og ineheldur. þa hefur nu for^{ne} Didrich Pining her
fyrir oss vitnisbref vel forvarad. og besiglt med beskeideña
manna In̄sigle. Gjolfr Hialtason. Einar Þorleifsson. Jon
Sigmundsson. gefid uppá Þingvall uppá vort land Island
lægardaginn epter S(ancti) Petri og Pauli arum epter guds
burd M cd lxxx lydende at for^{ne} verdugur fader Biskop
Magnús og Didrich Pining höfdu til sijn teked xij af bestu
monnum uppá Island og reyknad og skipt þad gotz og jard-
er. sem for^{ne} Gudmundr Arason forbrotid hefur. i þriá parta
epter voro brefs lydelse. som þad útvijsar. og höfudbref þar
af klarlega jñeheldur. hvilket Vijtñsbref med sýtt höfud-
bref vij hafum nu stadfestit og fullburt. og med þetta vort
opid bref stadfeste og fullburde vid fullre magt at blija
æfinliga.

Datum in Castro nostro Coldingeburgi S(ancti) Lucae
Euangeliste Anno 1480.

12.

17. August 1484.

í Flatey.

VITNISBURÐR Guðna Jónssonar og þriggja annara um svik,
ásælni og yfirgang Didreks Pínings, Henreks Mædings, Pétrs
skyttu og fleiri Píningsmanna við enska kaupmenn, bæði frá
Byrstofu (Bristol?) og Hyl (Hull), og um ránskap Englend-
inga, sem af því hefði leitt.

Eptir blöðum á pappír í Landsskjalasafni, sem komin eru 28. Júní
1901 frá Breiðabólstað í Fljótshlíð og eru rituð um 1750.

Um Didrek Píning Vitnesburdur.

Þad gjerum vier Gudne Jónsson. Jngemundur Finns-
son. Hafliðe Skúlason og Biörn Helgason göðum monnum

viturlegt með þessu voru opnu briefe. að vær heyrðum soddan rikte og orðtók af öllum almuga á Jslande um þat sem kom til með Didrek Pining og Ængelskum kaupmonnum. sem láu á Båtendum er voru af Byrstofu. gulldu þeir sín seckia¹⁾ giöld. Ænn þar epter var sagt. að þeir hefðu vered svikner í riette tru af Pining og Heinrik Mæding hañs fovita. Petri skyttu. Lodvik og fleirum óðrum þeirra fylgiurum.

Þar epter kom skip af Hyl. var þú sagt. að þar ut af være sender ij ærleger kaupmenn. er so heita Tumas Bucklare og Jacob Spenser. að fa hafner af Pining. enn sagt var. að hann hefde sent sitt fólk fram í vegenn. og láted skammfæra þú og þiskattad af þeim .xl. halfstykke klædes. c stycke lerept. vij dufladar hufur. þar epter kom skip af Lundun í Vestmanna Æyiar. kom þar þú fovite Pinings Biörn Oddsson og tók af þeim seckia¹⁾ giöld. enn gaf þeim brief Pinings vegna. að þeir skyldu vera með fri. og kaupslaga hvar þeir villdu í landid. Ænn er þeir komu í Grindavík. þú voru þeir þegar svikner. og kugad af þeim allt það í skipinu var. klæde. lerept. salt. og þar epter vard skipid af Lybiku að leysa þú út með lest ól. og lest miöl og lest smiör. so og var sagt fyrer sannende. að iiij af Jslensskum bændum af Vestmanna Æyium fóru til Pinings með þeim bodskap af Ængelskum. og eige sidur fyrer sina bæn og almugans vegna í Vestmanna Æyium að Pining skyllde aptur leggia það minna skipid tómt. sem hann hafde láted taka fyrer þeim á Båtendum. so þeir være þá þar epter með fri og mak vid landsfólkid. Ænn fyrer það að það fieckst ecke af Pining. þú reyfðu þeir allar Vestmanna Æyiar. og víðar annarstaradar. So og heyrðum vier sagt. að menn Pinings hefðu fared ospaklega nu í sumar bæde um qvinnafar fyrer utan þeirra vilia. og so um peninga bændanna. að þeir hefðu þú haft fyrer utan þeirra vilia.

Og til sannenda hier um setium vær fyrrgreinder menn vor Jnnsigle fyrer þetta brief giört í Flatey þridiudaginn næst-
añ epter Assumtio Sanctæ Mariæ. M. cccc. lxxx og iii ær.

¹⁾ Sekta, hdr.

13.

[fyrir 1490].

TRANSSKRIFTARBREÐ.

AM. Apogr. 1668. — AM. 381. Fol., afskrift á pappir. Helgi prestur Magnússon er dáinn fyrir 19. Apr. 1490. Sbr. Dipl. Isl. VI, bls. 317.

Það giörum vier Helge prestur Magnusson. Jon Jons-son og Helge Arnason godum monnum viturligt með þessu voru opnu briefe. að vier höfum sied og yferlesed svo lat- ande maldaga (vm) landamerke i millum Hofstada ér liggur i Miklholtz kirkiu sokn og klaustursens jarda a Helga- felle sem hier epter skrifad stendur.

[Hér kemr skrá um landamerki Hofsstada og Lágafells frá c. 1380, DI, III, Nr. 292¹⁾].

14.—15.

[1491—1518].

MÁLDAGI Skeggjastaðakirkju á Ströndum, ásamt landamerkjaskrá.

Nú fylgir hér í safni þessu eptir um hríð flokkur af máldögum frá dögum Stepháns biskups Jónssonar í Skálholti, þó þeir máldagar einir, sem ekkert ártal stendr við í handritunum, svo að árfærsla þeirra er ó- vís, og hefir því þótt óhættast að heimfæra þá að eins til biskupsæfi hans, án þess að fara frekar út í að gizka upp á ártöl. Árfærslan stendr hér og á litlu, og það lítið, sem verða kynni til stuðnings í þá átt, skýrist betr smám saman, þegar allar bréfagerðir frá þessum tímum eru komnar í ljós. Hins vegar er öllum þeim máldögum Stepháns biskups, sem handritin árfæra, skipað til sætis hverjum við sitt ár. Slíkt hið sama þeim máldögum, sem að einhverju leyti urðu miðaðir við eitt- hvert ár eða af öðrum ástæðu, þótti fara betr á að skipa annarsstaðar en í þenna flokk, þótt þeir virðist vera frá tímum Stepháns biskups.

Aðalheimildirnar að öllum máldögum frá tímum Stepháns biskups eru handrit þau, er nú verða talin:

I. AM. 257. 4^{to}; er það skinnbók og frumrit að máldögum, það sem hún nær, en bæði er hún orðin skemd af fúa og úr henni glatað. Afskrift af öllum máldögum Stepháns á þessari bók, eins og hún nú er, er meðal fornbréfaafskripta Árna Magnússonar Nr. 2651—2694 með eigin- hendi Árna sjálfs, og farast honum svo orð um afskrift sína: „Accurate collatum og liggur i orden epter pergamentet. Er allt Stephans bisk ups og með hans skrifara hende i pergamentsblöðunum“. Allir þeir

¹⁾ Niðrlag transskriptsins vantar, og hefir aldrei verið skrifað hér.

máldagar, sem hér eru teknir eptir þessari bók, eru því rétt eignaðir Stepháni biskupi.

II. AM. 263. Fol., sem er máldagabókin gamla frá Skálholti, rituð á pappír fyrir Odd biskup Einarsson 1598, sem þrúskilega hefir verið notuð áður í þessu safni. Er á henni fjöldi afskrípta hinna sömu máldaga sem í skinnbókinni, er fyrri var getið, og hafa þeir verið ágætir til stuðnings við skinnbókina og henni til uppfyllingar, þar sem úr var fúnað. Auk þess heldr bók þessi marga máldaga Stepháns, sem ekki finnast á skinnbókinni, og tilgreinir hún þá opt, að þeir séu eptir hann („Stephánsmáldagi“); eru allir slíkir máldagar því réttilega eignaðir honum. Þá inniheldr hún og enn mikið af máldögum, sem hún annaðhvort kallar „gamla“ máldaga eða þá merkir að eingu, en sem þó sumir reynast með vissu vera frá dögum Stepháns biskups, og aðrir líklegir til þess eptir samanburði við aðra máldaga og af ýmsum deilum.

III. Máldagabók biskupsskjalasafnsins hin gamla (áður í Landsbókasafni 268. 4^{to} = D 12) rituð 1601 af Bjarna Marteinsyni, sem óteljandi sinnum hefir notuð verið við þetta safn. Það, sem er einkennilegast við þessa bók hér er það, að hún setr ártal ýmist „1552“ eða „1553“ við ýmsa af þeim máldögum, sem sjálfir sanna það, að þeir sé frá dögum Stepháns biskups, og mun standa svo á því, að þeir hafa verið hér teknir eptir afskrípt frá dögum Marteins biskups.

IV. AM. 259. 4^{to}; er sá kafli þeirrar bókar (bl. 132^a — 137), sem hér er um að gera, ritaður um 1600, og heldr að eins afskrípt af Stephánsmáldögum kirkna í Austfjörðum, og mun hún stafa frá Ólafi prófasti Einarssyni, þegar hann var í Skálholti hjá Oddi biskupi bróður sínum, því að svo segir sira Jón Haldórsson í Hitardal: „Sira Ólafur Einarsson skrifaði út úr máldagabókum í Skálholti kirknamáldaga í Múlaþingi . . . árum áður en herbergin brunnu Anno 1630“ (Landsb. 107. 4^{to} bls. 481). Aftan við Kirkjubæjarmáldaga „á Útmannasveit“ stendr í handritinu þessi klausa: „Þessar fyrrskrifader maldagar eru skrifader epter eirne maldagabok. sem Þordur Gudmundsson logmadur liede eirnu vetur til Skalholltz frá Hviðjarvöllum“. En aftan við Þvottármáldaga stendr: „Nota. Anno domini 1554 voru þetta eigner Beneficiorum j Austfiarda Sýslu. ä nillum Helkunduheidar og Lonsheidar. sem fyrrskrifad stendur“. Kemr hér því hið sama fram og í næstu bók á undan. Eru þetta þó alt Stephánsmáldagar, og margir þeirra einmitt ýmist hinir sömu, sem standa í sjálfu frumriti Stepháns biskups, eða þá hinir sömu og þeir, sem kallaðir eru skýlaust Stephánsmáldagar í AM. 263. Fol.

V. AM. 238. 4^{to}, Bessastaðabók, skrifuð um 1570 að nokkru leyti af Vigfúsi sýslumanni Jónssyni á Kalastöðum (d. 1595). Á þeirri bók eru nokkrir máldagar úr Þverárþingi og Kjalarnessþingi, sem virðast vera frá tímum Stepháns biskups, eða litlu síðar.

VI. JSig. 143. 4^{to}. Á þeirri bók (Garðabók) eru margir máldagar,

þar á meðal nokkrir frá dögum Stepháns biskups, ritaðir um eða litlu eptir 1600.

VII. Landsbókasafn 108. 4^{to}, sem er skjala- og máldagabók frá síra Jóni Haldórssyni í Hítardal. Er á henni fyrst með hendi síra Jóns langr máldagabálkr frá dögum Stepháns biskups, og er þar í bæði mart, sem stendr í frumbók máldaganna, og svo ófátt, sem hvergi finst, nema hér. Bendir það til þess, að afskript síra Jóns sé gerð eptir gamalli afskript af frumbókinni, meðan hún var miklu fyllri en um daga Árna Magnússonar og nú. Þá eru aptan við bók þessa (bls. 559—568) með ágætri hendi (að því er virðist Steingríms biskups) frá öndverðri 19. öld allmargir máldagar frá ýmsum tímum, og þar á meðal nokkrir frá tíð Stepháns biskups. Eru allir þessir máldagar kallaðir hér „Kyrkna máldagar efter Bók skrifadre 1606“, og aptan við Skógamáldaga undir Eyjafjöllum, sem tekinn er eptir máldagabók Gísla biskups Jónssonar, stendr: „Þesse máldage er skrifadur efter Øræfabók“.

VIII. Máldagabók Biskupsskjalasafnsins (Vilchins og Gísla máldagi), kölluð þar ádr 2. 4^{to}. Á henni eru á bls. 137—141 ritaðir með hend frá c. 1750 nokkrir máldagar, og fyrir þeim sagt: „Þesser epterskrifader Kyrkna maldagar voru skrifader a nockrum blöðum epter Vilchins bok oc Visitatiu bok herra Gísla Jónssonar, sem er i Skalhollte“. Eru í þessum flokki allmargir máldagar Stepháns biskups. Þá koma á bls. 141—145 máldagar með hendi frá c. 1750 ritaðir eptir bréfabók Sigurðar lögmans Jónssonar (d. 1677): „Þesser epterfilgiande Kirknamáldagar eru skrifader epter brefabok Lögmansins Herra Sigurdar salnga Jonssonar“. Í þeim flokki eru einnig nokkrir Stepháns máldagar.

Í fleiri handritum en þessum finnast máldagar Stepháns biskups ekki í neinni heild, heldr stöku máldagi á stangli hér og hvar (svo sem í Landsb. 107. 4^{to}), og er þess þá getið hér við hvern þeirra.

Þess er að geta um Austfjarðamáldagana sérstaklega, að eiginlega eru eingir þeirra eldri en frá 1493, nema þeir sem gerðir kunna að vera í umboði biskups, því að það ár visiteraði Stephán biskup fyrst Austfjörðu. Vestfirði sýnist hann og hafa visiterað fyrst 1492. En Suðrland sýnist hann hafa visiterað strax á fyrsta ári biskupsdóms síns 1491.

I.

AM. 263. Fol., bls. 2, skr. 1598. Sýnist vera Stepháns máldagi.

gamall maldage.

Kirkian að skeggiastodvm a strondvm a heima land. eina ky. xxij ær. sterkann sexæring. kalek oc messoklædi. þar vndir liggia xij kot.

II.

Landsb. 268. 4to bl. 140b skr. 1601. — Landsbókasafn 107. 4to bls. 433 „Eftir gomlu kvere skrifudu i Skalholti 1601“ (=268. 4to). Þessi máldagi mun vera frá dögum Stepháns biskups.

Skeggiastadir¹⁾.

Jtem²⁾ Suo felldann reikniþing á kirkian a skeggiastodum sem hier steindur.

jn primis. iij. kugilde oc þar er j ein kyr.

skip alfærtt med arum oc styre. oc einn kapall³⁾.

Enn lanndareign a stadurinn vr merkesteine oc j rangarлак. jtólulauzann reka vr ránngarлак oc rettsýne framm j griothlijdir oc suo lanngt framm sem sambydur korckudalzatne hálfa oc halft diupavatn oc þadann riettsýne austur vñ þverr skarafioll j huñdzvatz hrygg framarliga oc hálft huñdzvatn. allar tungur yfir j holkñd. vervist oc skipgonngu j litlu to j hafnar lannde.

16—17.

[1491—1518].

MÁLDAGAR tveir Refstaðakirkju i Vopnafirði.

I.

AM. 257. 4to skb. samtíða. — AM. Apogr. 2690 með hendi Árna. — AM. 263. Fol. bls. 3, skr. 1598. — AM. 259. 4to bl. 133b, skr. c. 1600.

gamall⁴⁾.

Kirkia⁵⁾ a refsstodvm er helgvd gudi oc sancto⁶⁾ laurencio. sancto olauo oc sancte cecilie virgini.

er kirkiudagur þar [sunnudag hinn⁷⁾ næsta⁸⁾ fyrir laurenciusmesso.

II.

AM. 263. Fol. bls. 4, skr. 1598.

Stephans maldage.

Kirkian ad Refstodvm a heimaland alltt oc xj^c kot ad

¹⁾ „maldage og Landamerke Skeggiastada i Austfjordum“ 107. ²⁾ sl. 107. ³⁾ kapal 107 ⁴⁾ 263; Refstader 259. ⁵⁾ kirkian 263, 259; ⁶⁾ sancti 263. ⁷⁾ [sunnudaginn 259. ⁸⁾ næstann 259.

auk: hvn a vj kyr. lxx asavdar: v kapla til framtals: ij navt gomvl: ejtt hvndrat j koste. hvndrad j virdingarfie: oc ad auk flogra skiolna ketill: oc skip lijtid oc lasid: jtem jnnann kirkiv j kalek: ein messoklædi: þar vnder liggia viij bæier oc fellur nv xl alner.

18—19.

[1491—1518].

MALDAGAR tveir Hofskirkju í Vopnafirði.

I.

AM. 268. Fol. bls. 4, skr. 1598. Sbr. bréf frá 24. Aug. 1500.

Stephans maldage.

Kirkian ad hofe a heimaland alltt: þar til lxx^c j fasta eign. xx kugilldi oc xij kapla klifbæra: busgagn oc elldz-goggn sem þui bui þarfast: jtem jnnan kirkiv iiij kalekar: iiij messoklædi: ein kantara kapa. v kluckur: ein korbialla: þar liggia til xxvj bæier: þar fellur nærri halft annad hvndrad.

II.

Landsb. 268. 4to bl. 140b, skr. 1601. — Landsb. 107. 4to bls. 433 (séra Jón í Hitardal, eptir 268 4to).

Hof j vopnafirde¹).

Þesse er maldage oc reiknījngur kirkiunnar ad hofe j vopnafirde.

J fyrstu x kyr. lx ásaudar. vj. kaplar klýfbærir. skip alfærtt.

Jtem jnnann gattä j þarfligum penijnnguū j elldz-gogñ-ūū oc busgagñe sem þetta bu verdi vel hialpligt. hier med iiij sængur alfærar. smidiu alfæra. suo og á kirkian ij xij huñdrada jardir oc vj huñdrada jardir ij oc iiij vj huñdrada kot. á lañganese oc eru til litlrar leigu býgd²) sakir hardeñda oc grasleysis. eckjrtt kugilldi med þessare jordu neirñe.

Er þesse maldage oc rejkñījngur rett eptir jnnsigludu

¹) maldage Hofskirkju í Vopnafyrde 107 ²) bygd, bæði.

breffe herra Stepháns godrar minnijngar biskups skalholtsensis.

20—21.

[1491—1518].

MALDAGAR tveir Möðrudalskirkju á Fjalli.

I.

AM. 257. 4to skb. samtíða. — AM. Apogr. 2688 með hendi Árna.
— AM. 263. Fol. bls. 1., skr. 1598.

gamall maldagi¹⁾.

Kirkia sancti petri apostoli i modrvdal a fialle a allt heimaland med gognvm oc gædvvm.

Jtem v. kyr oc xij. ær. oc þar til eitt. c.

Jtem cccc. i koplvm.

Þangad heyra til þeir bæer sem liggia i hinvm efra jokulsdalnum ad tivndvm oc lysitollvm.

Kirkian a kalek oc messukledi.

II.

AM. 262. Fol. bls. 1, skr. 1598.

Stephans maldage.

Kirkian ad modrvdal á fialle á heimaland alltt: viijc kot: v kyr oc viij asavdar kvgilldi: iij hesta klifbæra oc iij hestamædur: jnnan stoks halft annad hvndrad j metfie: jnnan kirkiv einn kalekur: ein messoklædi: iij koparstikur: ij kluckur: j bialla: þar vnder liggia iij bæier: þar fellur nv nærre v avrvvm.

22.

[1491—1518].

MALDAGI bænhússins á Þorbrandsstöðum í Vopnafirði.

AM. 257. 4to skb. samtíða. — AM. Apogr. 2667. — AM. 263. Fol. bls. 98, skr. 1598.

gamall maldagi²⁾.

Bænhusit a þorbrandzstöðvm j vopnafirde j hofs kirkin sokn a eina ku oc eitt asavdarkugillde.

¹⁾ 263; Mödrudalur 259 ²⁾ 263.

þar skulu syngiazt tolf¹⁾ messur hvert ar oc gialldazt presti sex²⁾ aurar j tidaoffur.

23.

[1491—1518].

MÁLDAGI bænhússins á Búastöðum í Vopnafirði.

AM. 257. 4^{to} skinnb. samtíða. — AM. Apogr. 2667. — AM. 263. Fol. bls. 98, skr. 1598.

gamall maldagi³⁾).

Jtem⁴⁾ bænhús æ Buastöðum i sömu kirkiusokn a tuau kugillde.

þar skulu syngiazt tolf messur. gialldazt presti sex aurar i tidaoffur.

24—25.

[1491—1518].

MÁLDAGAR tveir Hofteigskirkju á Jökulsdal.

I.

AM. 257. 4^{to} skb. samtíða. — AM. Apogr. 2689. — AM. 263. Fol. bls. 5, skr. 1598. — AM. 259. 4^{to}, bl. 133_b — 134_a, skr. c. 1600.

Biskups Stephans maldage⁵⁾).

Kirkia sancte Marie i Hofteigi i jökulsdal a heimaland allt. viij. kyr. lx. asaudar. viij hesta. oc iiij hross. oc. ccc. i metfe innan gatta. jtem kalek oc messokledi. lagasongvabok oc nockrar bækur adrar. fell nidr porcio oc mortuarium vnder sira paal fyrir kirkiu vppgiord. vigdi biskup steffan kirkiuna oc skipadi hennar kirkiudag ad hallda sunnudag⁶⁾ hinn næsta⁷⁾ epter assympcionem beate⁸⁾ marie virginis.

II.

AM. 263. Fol., bls. 4, skr. 1598.

Stephans maldage.

Kirkian ad Hofteige a heimaland allt: vje kot: ve fadma fiorv j vopnafirdi: vj kyr til tals: iiij asavdar kugilli: je metfe: jnnan kirkiv: einn kalek: ein messoklæde: ij smakluckur. þar liggia vnder v bæier: þar falla vj avrar.

1) xij 263; 2) vj 263; 3) 263; 4) sl. 263; 5) 263; Hofteigur 259. 6) sunnudaginn 259 7) næstan 259 8) sanctæ 259.

26—27.

[1491—1518].

MÁLDAGAR tveir kirkjunnar í Kirkjubæ „á Útmannasveit“
(í Tungu).

I.

AM. 257. 4to skinnb. samtíða. — AM. Apogr. 2664. — AM. 263. Fol. bls. 5, skr. 1598. — AM. 259. 4to bl. 137a, skr. c. 1600.

Stephans maldage¹⁾.

Med kirkiunne í Kirkiubæ a Vtmannasveit. xx. kyr. xj. asaudar kugilldi. vij. c. í gældum navtvm. oc. cc²⁾ í gældum savdvm. vj. hestar. iiij. hross. ccc. í metfe.

II.

AM. 263. Fol. bls. 5, skr. 1598.

Stephans maldage.

Kirkiubæiar stadar kirkia a heimaland alltt lxvj^c j jordv: xxxij kugilldi: iij navt gæld: iiij veturgomvl: xxiiij sauder veturgamler: v: kaplar klifbærer: vc junann stoks: jtem jnnan kirkiv ij kalekar: iij messo klædi: iiij kluckur: þar liggia til xvij bæier: þar fellur nær halft annad hvndrad.

28—29.

[1491—1518].

MÁLDAGAR tveir kirkjunnar á Eiðum í Útmannasveit.

I.

AM. 257. 4to skb. samtíða. — AM. Apogr. 2673. — AM. 263. Fol. bls. 7, skr. 1598. — AM. 259. 4to bl. 136a, skr. c. 1600.

Stephans maldage.³⁾

Kirkia sancti Nickulai a eidum a. xxx. hundrada j heimalandi. oc. x^c. í holi. xij^c. í ormstodum. oc vc þuridarstadi. grof. iij^c. jtem a kirkian xviiij. kugilldi oc iiij. kapla.

II.

AM. 263. Fol. bls. 7, skr. 1598.

Stephans maldage.

Kirkian ad Eiðum: a xxx^c j heima lande. oc nær xl^c

¹⁾ Kirkiubær 259 ²⁾ iij^c 263, 259 ³⁾ 263; Eidar 259.

ad auk j fasta eign: xx^c j kugilldvm og odrvm peningvm:
jnnan kirkiv ij kaleka: iij messoklædi: vj kluckur: nockur
onnur god ornamenta: þar liggia vnder x bæier: þar fellur
ije.

30. [1491—1518].

MÁLDAGI kirkjunnar á Hjaltastöðum á Útmannasveit.

AM. 263. Fol. bls. 8, skr. 1598. — AM. 259. 4^{to} bl. 132a—b, skr. c. 1600.

Stephans maldage¹⁾.

Kirkian ad hialltastodvm a heimaland alltt: v. ku-
gilldi: c j koplvm. nær iij^c jnnan stoks: j metfe: jtem: jnn-
an kirkiv einn kalek: ein messoklædi: þar liggia vnder. xix.
bæier: þar falla lx alner.

31. [1491—1518].

MÁLDAGI Njarðvírkkirkju í Borgarfirði.

AM 263. Fol. bls. 8., skr. 1598.

Stephans maldage.

Kirkian ad niardvijk a xxx^c j heimalandi: jnnan kirkiv
god messoklædi: og kalek: heima manna gropt.

32. [1491—1518].

MÁLDAGI kirkjunnar á Mýrum (Desjarmýri) í Borgarfirði.

AM. 263. Fol. bls. 8, skr. 1598. — AM. 259. 4^{to} bl. 132b, skr. c. 1600.

Stephans maldage²⁾.

Kirkian a mýrvm j Borgarfirði a heimaland alltt suo

¹⁾ Hialltastadur 259. ²⁾ Desiarmyre 259.

oc med frijdv og ofrijdv x^c. jtem jnnan kirkiv: kalek: ein messoklædi: þar vnder liggia x. bæier: oc fellur vj aurar.

33. [1491—1518].

MÁLDAGI kirkjunnar í Húsavík í Borgarfirði.

AM. 263. Fol. bls. 8, skr. 1598.

Stephans maldage.

Kirkian ad husavijk a xvjc: jord med vijkvnm: jnnan kirkiv messvklædi alfær: sterkan kalek: ij kluckur: og biollv.

34. [1491—1518].

MÁLDAGI Klifstaðakirkju (Klyppstaðakirkju) í Loðmundar-
firði.

AM. 263. Fol. 8, skr. 1598. — AM. 259. 4^{to} bl. 132^b, skr. c. 1600.

Stephans maldage¹⁾.

Kirkia ad klifstodvm a heimaland alltt. vj kvgilldi: og j²⁾ kapal: jc innan stoks: innan kirkiv ein messvklædi: þar vnder liggia vj bæier: og falla v. avrar.

35.—36. [1491—1518].

MÁLDAGAR tveir Dvergasteinskirkju í Seyðisfirði.

I.

AM. 257. 4^{to} skb. samtíða. — AM. 263. Fol. bls. 10, skr. 1598.—
AM. Apogr. 2678. — AM. 259. 4^{to} bl. 134^b—135^a skr. c. 1600.

Stephans maldage²⁾.

Mariu kirkia a duergasteine a so mikit i landi sem presti heyrer. vij. kyr. xxxvj. ær. Hialmarstrond alla mille

1) Klifstadir 259. 2) eirn 259. 3) 263; Dvergasteirn 259.

Hialmar oc Grimkelsgils. reka mille Hamarsnes oc Gullsteins. reka mille þoresvogs oc sudrad staale¹⁾. þridiung i aullum uidreka [uidreka²⁾ fyrir kolstada landi til selar. oc halfan matreka. fimm aura af Brimnese. skal halftt hafua þat prestr en halft bondi. kirkian a vervist a slettunausti med aullum aflutningi. skogarteig mille vikrar skala oc Brimnes³⁾ marks. þangat liggia under. x. bæir ad allre skylldu. eru þar i þriu bænhus. takazst. vj. aurar af tveimur. En⁴⁾ x. aurar af eino. þar skal vera prestur. þar hefer verit ad gaumlu. kluckur iij. ellbera⁵⁾. messuklædi ad auk hokul. slopp. likakrak. refel stubbar. ij. kross einn. mercki. ij. half morck i bokum. krokstiku eina med iarn. þar hefir fallit i porcionem morck vpp a nockur ar.

II.

AM 263. Fol. bls. 8, skr. 1598.

Stephans maldage.

Kirkian ad duergasteini a vje kot: myklar jtokur og reka. v. kvgillde. jnanan kirkiv messvklædi: þar liggia til iij bæier: þar falla vij alner.

37.

[1491—1518].

MALDAGI Ásskirkju í Fellum.

AM. 263. Fol. bls. 6, skr. 1598.

gamall maldage.

Kirkian ad Asi a xij kugilldi: og cc. þar til. xxije j fasta eign. jnanan kirkiv messvklædi: kalek: kluckur: þar liggia vnder viij bæier: þar fellur hvndrad.

¹⁾ stalle 259. ²⁾ sl. 259. ³⁾ Bruuness 259. ⁴⁾ b. v. 259. ⁵⁾ eldbera 263, 259.

38.—39.

[1491—1518].

MÁLDAGAR tveir kirkjunnar á Valþjófsstöðum.

I.

Giorum vier þesse Grenetrie til verds Eyrer¹⁰⁾ þui dæmum vier fulla og alla þiofs sok a þorkiel Jonsson fyrer sogd Grenetrie og hann skylldugañ ad leisa hud sijna þrim mörkum vid kong ef fie er til. ella misse hudina. enn arnore full giolld fiar sijns og riett sinn sem log votta. þui fyrer þessa adurskrifada þiofs sok og fyrer þá laxana sem Arnor bar ad honum ad hann heffde stolid vr anne fáskrud med launung vr kieri hans og vm þann Rafftvidinn er Arnor bar ad honum ad Þorkiell hefde tekid fyrer sier

1) [b. v. 211; 2) sl. 211; 3) sl. 63; 4) þá 211; 5) vpp 211; 6) Galfells 211; 7) aff 63; 8) [sl. 211; 9) [hier kom einginn 211; 10) eins 211.

og vm það nautid sem arnor sagdi þorkiell hefðe fargad fyrer sier og vm þa sök sem Arnor bar ad honum ad hann hefði barid og suellt sijn naut med heipt og ofund oft og osialldan og þær fleiri saker sem til varmennsku horfa¹⁾ og arnor finnsson bar ad honum med þeim vitnum og eiðum og likindum sem hann þar til hafðe og oss leist full lijk-inde til vera er þar kom þá fram þess annars ad vier vissum fyrer full sanninde ad oft skrifadur þorkiell fordad-ist log og stefnur so hann faldist og sier vndan skaut nær hann gat so ei skilðe logum verða yffer hann komid. Þui fyrer þessar allar greiner og þær fleiri sem j logunum standa og hier ad luta dæmum vier þrattskrifadan²⁾ þorkiel Jonsson riett fangadañ aff kongs vmbodsmanni. huar sem hann yrde tecinn utan gridastadar og Riettbrotiñ hus til hanz ef þurffte³⁾ sem log votta og færa hann so vnder log og dom firir allar þessar fyrrskrifadar sakir.

Enn sakir þess ad vier vissum þorkiell Jonsson var burt ridinn aff sueitinne fyrer þa⁴⁾ skulld⁵⁾ ad hann villdi ecki koma til laga uid Arnor Finnsson vmm fyrrskrifadar sakir. Þess Annars ad hann setti aunguann sinn vmbodzmann epter til neinnra sinna mala edur skullda greidslu. Enn ess þotti hann ouijs til skila edur afturkomu. Þui enginn vissi þa þar i sueit huar hann var nidur kominn. Þess þridia ad hann var nu dæmdur þiofur og riettfangadur. Þess fiorda ad uier vissum ad hann og kona hans Gudrun Hallzdottur attu ecki suo mikla peninga sem suaradi þeim secktum sem voru af þeim dæmdar firir adur skrifad orða mas. og adrar fleiri sakir sem fyrr skrifadar eru.

Þui dæmum vier alla þa peninga sem þorkiell Jonsson atti og hans kona Gudrun Hallzdottir edur þau med haundum hefði huar hellst sem þeir stædi. j vernd og vmsia Biarnar Guðinasonar kongs vmbodsmann(s) i sagdri syslu

¹⁾ 211; sl. 63; ²⁾ b. v. 211; ³⁾ þarf 211; ⁴⁾ þann 211. ⁵⁾ Hér byrjar niðrlag dómsius í Vatnshornsbók, og er tekið niðrlagið eptir henni, en skallarnir fylltir eptir 63 og 211.

og hann skylldugañ til ad rida og ad sier ad taka med dandimanna vitordi alla fyrs[agda penin]ga kuika og dauda. og þa skyllduga honum ad afh[enda sem sag]dir peningar hia standa og giallda huorium sijna skul[id ad næ]stum far-daugum. sem fie vinst til. ad riettre tiltaulu [effter da]ndi-manna virdingu. og yfirsyn. suo leingi sem fie [vinst til]. Enn ef fie vinst ecki til allra sekta og skullda. þa [misse huor] sem tala rennur til [effter fiarmagne¹⁾] og dandimenn giora. Enn ef þo[rkiell] Jonsson og²⁾ Gudrun Hallzdottur kona hans Eiga eck[i svo] mikla peninga ad auk skullda. sem vier³⁾ dæmdum á þ[au] kongsdomsins vegna Birni Gudinasyni og Arnori fi[nnssyne] firir greindar sakir sem adur er skrifjad: þa dæm[dum vier þeim] refsing badum sitt keyrishogg firir huoria mork er þau [briste á] ad eij jnnist til sem dæmt uar. þar til sem væri [xij merckur a hu]ort [vm sig¹⁾] þeirra [hiona¹⁾]. Enn þo meira bresti þa skal ei meire r[efsing enn sijn] xij keirishogg huoru þeirra. Enn huor sem greind[an mann þorkiel] Jonsson heldur vndan laugum med mact edur Audrum vndanbraugdvm svo biorn og Arnor nai ecki laugum af honum. suari slikri sekt sem laug votta vñ þa menn sem hallda edur hysa þiofa dæmda edur vtlæga menn og styrkia j moti laugum. edur kongsins rietti.

Og til sanninda hier vm setium vier fyrr nefndir menn vor Jnnsigli firir þetta domsbref skrifjad j huammi i huams-sueit.

177.

1. Febrúar 1492

í Skálholti.

TVEIR prestar transskríbera transscriptum frá 22. Marts 1444 af skrá um reka Skálholtsstaðar á Ströndum.

Skalh. Fasc. IX. 1.—AM. Apogr. Nr. 2607.

Þath giqrum vid narfvi jonsson oc þorbiorn ionsson prestar skalholltz biskups dæmis godvm monnvñ kunnigt med þessu ockru opnu brefi at wid hofum sied oc yfer les-

¹⁾ [b. v. 211. ²⁾ edur 211. ³⁾ höffum dæmt og b. v. 211.

id opit bref med heilum oc oskøddvm hangvndum inziglvm suo latanda ord eptir ord sem hier seger. [Hér kemr transcriptum frá 22. Marts 1444 af rekaskránni, DI, II, Nr. 281 B, og IV. Nr. 693].

Ok til sannenda her vm settum wid fyrr nefnder prestar ockar innsigle firir þetta transkriptum [bref skrifad j skalhollti in festo sancte brigide virginis anno domini M. cd. nonagesimo secundo.

178.

5. Febrúar 1492.

á Reynistað.

HELGI Ketilsson kvittar Jón prest Þorvaldsson um andvirði jarðarinnar Ytri-Valla í Miðfirði.

AM. Fasc. XXXI, 17, frumritið á skinni. Af 6 innsiglium eru fjögur fyrir bréfinu. — Apogr. 8345^b.

Brief vm Jstuvelle j melstadar kirkiusokn¹⁾.

Ollom monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra senda þorleifr prestr jonson. benedikt magnusson. þorgeir þorsteinson. helgi gudmundzson. steinn hrolfson. hallfredr jonson ok jon biornson quediu guds ok síjna kunnigt giorandi þa er lidit uar fra hingatbvrð uors herra ihesv christi þusund flogur hundrod ix tiger ok ij ar æ sunnodagin næstan efter kyndilmesso æ stad j reynenesi uorum uier j hia savm ok heyrdvm æ ord ok handaband jons prestz þorvalldzsonar ok helga ketilsonar ath suo fyrir skildo ath adrgreindr helgi medkendiz ath hann hefði fulla ok alla peninga wt tekit ok upp borit af fyrrnefndum sira jone fyrir jordina ytriullo er liggr j melstadar kirkivsokn efter þui sem j kaup þeirra hefer komit. hier med j sama handabandi gaf oftnefndr helgi tjttnefndan jon prest aullungis kuittan ok akærvlausan lidvgan ok frialsan fyrir sier ok ollom síjvnm erfingium ok efterkomendum um adrgreinda jord ok jardaruerd ytriullo j midfirði. Ok thil sanninda hier um settvm uier fyrr skrifader menn uor juscigli fyrir

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

Þetta knyttunarbref er skrifad var j sama stad ok deigi sijdar enn fyrr seiger¹).

179. 10. Febrúar 1492. á Munkaþverá.

VOTTORÐ tveggja manna, að Semingr prestur Magnússon lýsti því, að hústrú Margrét Vigfúsdóttir hafi gefið sér jörðina Dóroddsstaði í Kaupangssveit, en hann hafi aptr gefið hana Þorláki „frænda sínum“ (Semingssyni) til kvonarmundar.

AM. Fasc. XXXI, 19, frumritið á skinni. Annað innsiglið er dottið frá. — Apogr. 3347.

vm þorustader²).

Þat giorvm vith illavgi þorgilason ok stefan ingimvndason godum monnum viturligt med þessu ockrv opnv brefi ath þa er lidit var fra hingatbvrð vors herra ihesv christi þushundrud cccc ixtiger ok .ij. ar a faustudaghinn sidaztan j þorra æ mukapvera j eyiafirdi. vorum uith j hia ok heýrdum æ ath sira semingr magnusson lýsti fyrir ockur ok fleirum dandimonnum. ath hustru margrett heiten vigfusdotter sem gud hennar sál hafi. hefði gefit ser til fullrar eignar jordina þoroddzstade er liggur j kaupangs kirkiv sokn med aullum þeim gavgg(n)um ok gædum sem henne hefer fylgt ath fornv ok nýiv ok hyn vard fremz eigandi ath ok mælti þar svo um ath hyn veri golldin enn gefin ecki. her epter medkenndizst adrnefnr semingur ath hann hefði gefit adrgreinda jord þorlaki frænda sinum til kuonarmundar. þa er pall bondi brandzson gipti honum frænkonu sina þuridi heitna benediczdottur. ok veitti greindr pall þa ecki nockurt tilkall vm greinda jord suo ath hann heýrði. ok til sanninda her um settum uit fýr nefnder menn ockur incigle fyrir þetta bref skrifat j sama stad deigi ok are sem fýr seiger.

¹) Þ. e. 6. Febr. ²) Utan á bréfinu með fornri hendi.

180.

23. Febrúar 1492.

á Hólum.

ÞORLÁKR Semingsson fær Ólafi biskupi og heilagri Hóla-kirkju jörðina Þóroddsstaði í Kaupangssveit til fullrar eignar og þar með fimm kúgildi, fyrir þá sök, er síra Semingur faðir hans hafði haft burt tvo gullkaleika frá heilagri Hóla-kirkju.

AM. Fasc. XXXI, 4, frumritið á skinni. Af 5 innsiglium eru nú 3 og brot af því fjórða fyrir bréfinu. — Apogr. 3536.

vm þorustader i kaupangi¹).

Þath giorum vær andress jonsson radsman æ holum. gud-mundr jonsson. jon jonsson ok gudulfur magnusson prestar ok magnus biarnarson leikmann. godum monnum uiturligt med þessu uoro opnu brefe ath uær vorum j hia sæum ok heyrdum æ fimtudagen fyrstan j langafostu heima ath dom-kirkiu(nn)e ath holum. ath þa er lidit uar fra jungatburd²) uors herra ihesu christi þussund fiogur hundrud nivtiger ok t(u)au ar ath þorlackur semingsson feck uorum naduligum herræ ok andaligum fôdur biskup olafe ok heilagre hola kirkiu til fullrar eignar. med handabañde jordiña þorustade er liggur j kaupans²) kirkiu sokn j eyiafirdi er hann reckn-adi þriatige hundrud. med ollum þeim gogñum ok gædum sem greindre jordu fylger ok fylgt hefer ath fornu ok nýu ok þorlackur uard fremss²) eigande ath ok fader hans sira semingur magnusson hafdi gefit honum. ok þar med fim kuillde³) fyrir þa sauk ath fyr nefndur sira semingur fader fyr nefnzt²) þorlakzt²) hafdi i burtt haft tauo²) gullka-leka fra heilagre hola kirkiu. ok alldre kuomu aptur. sem domsbref hier um þetta mal utuisar. ath hann matti aungua peninga burtt gefa. fyr en heilaug kirkia hafdi sina skulld. lofadi greindur þorlackur biskupinum kaupmalabrefe hier upp æ edr transkriptum þar ut af. Ok til sanenda hier um settum vær nefnder prestar ok leikmenn uor jncigle fyrir þetta bref er giort uar j sama stad ok are deige sid-ar en fyr seiger³).

¹) Utan á bréfinu með fornri hendi. ²) Svo. ³) p. e. 24. Febr.

181. 27. Febrúar 1492. í Ljárskógum.

DÓMR sex manna útnefndr af Birni Guðnasyni kongs umbodsmanns milli Gilsfjarðar og Skraumu um heimild Jóns Eiríkssonar til ábúðar á Þverdal í Saurbæ, er Ólafur prestur Oddsson hafði bygt honum.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni (d. 1748) í 4to bls. 69—72, skr. c. 1608. — Afskrift frá c. 1700 er og í AM. 211c. 4to bls. 132—135.

Domur Jons Eiríkssonar huort honum væri leigujord sijn heimil.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra senda Jon Oddzson. Oddur Sigurdzson. Þordur BiorNSSon. Einar Sueinsson. Þormodur BiorNSSon og Arnor finnzson kuediu gudz og sijnna kunnigt giorandi at þa er lidit nar fra hingadburd vors herra Jhesu christi. M. cccc lxxxx og ij ar manudæginna næstañ fyrir Chathedra petre ápostuli¹⁾ á Stadarholi j Saurbæ á þingstad riettum vorum vær i hia saum og heyrdum á ad Jon eiriksson beiddi og krafði Biorn gudnason kongs vmbodsmann j millum Gilsfiardar og gliufurar. ad nefna dom yfir. huort hann mundi hafa fulla heimilld fyrirjordunni Þuerdal til abudar til næstu fardaga og huort hann mundi med laugum sækia meiga þa beit sem honum hefði þar olaugliga gior verid a greindri jordu. sem annar riettur leigulidi. Eptir þeim framburdi og gaugnum sem hann hafði þar til. vændist greindur Jon Eiriksson at vott Olafi Eyolfssyni. ad hann hefði hia verid. þa sira Olafur Oddzson heimiladi honum greinda jord þuerdal med akuedinni landzskylldu. Og ad audrum vott vændist hann Gudlaugi Sueinssyni. ad sira Olafur hefði lyst fyrir honum og fleirum audrum. ad hann hafði heimilad Jone Eirikssyni greinda jaurdu Þuerdal. Beiddi Jon Eiriksson og krafði þessa fyrskrifada menn. ad bera sier riett vitni og satt. hier vm sem þeir mætti. Enn þeir saugdust ecki vitni honum bera. Fyrr enn þeir væri skylldadir til med laugum. Beiddi þa adur skrifadur Jon Eiriksson og krafði Biorn Gudnason

¹⁾ D. e. 20. Febr.

kongs vmbodsmann ad stefna þessum fyrskrifudum monnum til vitnisburðar hier vm þar þa fyrir sig. Stefndi þa greindur Biorn Gudinason þessum adurskrifudum monnum fyrir sig þar þa. til ad bera greindum Jone Eirikssyne ríett vitne og satt sem framast vissu þeir. og mættu med langum bera j greindu mali og það giordu þeir. Jtem i fyrstu grein sor Olafur Eyolfsson fullaþ Bokar Eijð þar þa fyrir Birne Gudinasyni. suo vær heyrðum ad hann hefði hia verid j meyarholtti j Saurbæ ad sira Olafur Oddzson heimiladi Jone Eirikssyne med ordum jordina Þuerdal til abudar hid næsta ar vpp fra fardaugum er var j vor og beit j Jord sýna j Stadarhols jord j millum miclagardz og klejfa og eingiar sem hann þurfti j Stadarholmsodda¹⁾ fyrir nedan heygard og þessir fyrgreindir menn sira Olafur og Jon vrðu þa sattir og samkaupa bæði vm landzskyllð og leigu. suo sem þeir haufðu adur vm talad og þa var og þa á greind(t) þo eigi kæmi handsaul. Jtem j annari grein sor Gudlaugur Sueinsson og fullaþ bokar Eijð þar þa fyrir Birne Gudinaat Sira Olafur Oddzson hefði lyst fyrir sier ad hann hefði heimilad Jone Eirikssyne jordina Þuerdal til abudar hid næsta ar med aullum líjka skilmala sem Olafur Eiolffson sör med fyrrsagdri beit og eingium j Stadarhols jord. Jtem i þridiu grein sor þalldor Arnbiarnarson fyrir optgreindum Bjрни Gudinasyni. at hann hefði afhent Jone Eirikssyni j vor j fardaugum er uar j vmbodi sira Olafs Oddzsonar. sem hann hafði adur bifalad honum. þau kugilldi sem sira Olafur Oddzson hafði bygt Jone Eirikssyni med optskrifadri jordu Þuerdal. og Sira Olafur hafði sagt sier ad hann hefði heimilat Jone Eirikssyni þa þratt greinda jord þuerdal til abudar þessa xij manudu. og það sor þalldor med ad hann hugði Jone Eirikssyne þetta fyrir fulla heimilld ganga mundi bæði vm jord og kugilldi. Jtem j fiordu grein vorum vær fyrrskrifadir menn til nefndir af Birne Gudinasyne. kongs vmbodsmanni ad skoda og dæma vm þetta sagt mal. Eptir þui sem oss leist ríettast og sannast og vær mættum fremst med laugum dæma²⁾.

¹⁾ Svo. ²⁾ leiðr.; "dæmast, hdr.

Jtem j fyrstu grein dæmdu vær Jone Eirikssyni lyr-ittar Eyd hinn minna ad hann hugdi sier heimila og frialsa vera jordina Þuerdal til abudar þessa xij maudv sem var fra fardaugum j uor ed uar og til fardaga er kiemur. eptir ir þeirri heimilld og lofun. sem sira Olafur Oddzson hafdi honum hier vm lofad adur enn hann flutti sig til greindr-ar jardar. sem suarit var og fyrrskrifad er. Sor Jon Eiriksson þar þa samstundis þennañ eid sem honum var dæmdur fyrir Birni Gudinasyni ad aullu suo latandi sem honum var hann dæmdur. og það lagdi hann j sinn eid med at hann hefdi tekid i fodur i haust ij laumb af síra Olafi Oddzsyni. Enn sira Marcus eadzmadur hans afhenti honum þau vppi þa landzskyld sem hann atti ad giallda vppi jordina Þuerdal. og sira Olafur skyldi sier þessi tuo lambafodur af Jone Eirikssyne þa hann heimiladi honum optgreinda jord Þuerdal. Nu af þui ad suo aujsa vor landz-laug. at þar sem menn kaupa jardir. edur skiptast uid hus-um edur skipum. þa skal kaupa med handsaulum og vott-um tueimur edur fleirum. Enn aull aunnur kaup skulu halldast. Ef handsaulut ero. og suo aull þau sem vottar vita. þo eigi sie handsaul. edur sa geingur vit fyrir vottum er selldi. Þess annars ad suo stendur i Bunadarbælki j laugbok vorri. at ef þeim fullnast vitni sem jord hafa tekna. þa skulu Bændur dæma honum leigu jord síjna. Eptir þui sem vitni baru honum. Jtem j sama capitula seigir suo. at sa sem leiger á Grasnautn alla²⁾ á jord þeirri. Þess þridia ad oss lejst þetta full gaugn og vitni sem Jon Eiriksson hafdi til þessa sins mals vm greindañ þuerdal. sem þessir þrir menn soru sem adurskrifat stend-ur.

Þui ad suo prouudu og fyrir oss komnu dæmdu vær med fullu doms atquædi adur skrifadir menn. suo framt sem vier mattum þetta mal med lögum dæma Jone Eirikssyni þessa þratt greinda jord Þuerdal heimila og frialsa til abudar til næstu fardaga er kiemur og suo þau kugilldi sem síra Olafur hafdi bygt honum þar med og greindañ

¹⁾ tvískrifad í_hdr.

Jon Eiriksson med riettu hafa eiga aull þau giædi og gagnsmuni á þessari optgreindri jordu Þuerdal. sem andrum leigulida ber med riettu ad hafa á sinni leigu-jordu til næstu fardaga er kiemur. og med laugum sækia meiga sem annar leigulidi þa Beit sem honum hefur þar olaugliga gior verit. Suo og undir saumugrein og forordi. lejst oss honum su beit heimil sem hann hafdi j Stadar-hols jordu. j millum miclagardz og kleyfa. suo micit sem suarit uar. ad sira Olafur heimiladi honum og adur er skrifjad. nema laugmanni litist annad laugligra. med skynsamra manna radi og samþycki. Suo og medkiennunst vier adur skrifadir menn. at Jone Eirikssyni var þar Eingin sauk gefin af sira Olafi Oddzsyni vm þessa jardar abud. suo vær vissum. þa þessi vor domur var vtnefndur. og dæmdur suo sem fyr skrifad stendur.

Og til sanninda hier vm setium vier fyrrskrifadir menn vor jnnsigli fyrir þetta bref skrifad j Liarskogum i Laxardal i hiardarhollz kirkiusokn. manudæginna næstañ fyrir Translacio sancte Johannis holabiskups á sama ari sem fyrr seigir.

182.

9. Marts 1492. á Hofi í Vatnsdal.

TRANSSKRIFTARBRÉF.

AM. Apogr. 747 „Ex transscripto“ þ. e. eptir frumtranscripto á skinni með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna. „Fyrer brefinu eru fiorer þveinger og fimmta þveingfar, eun Jnnsiglennu eru öll j burt. Brefed er ä pergament, med ecke riett goda hönd og þo allsæselega“.

Þat giorum uær einar oddzson. gunnlaugur þorkelsson. liotur þorleifsson og jon olafsson godum monnum uiturligt med þessu uoru opnu brefi at uær hofum siet og yferlesit opin bref med heilum og oskóddum hangandi innsiglium

þeirra godra manna er þar voru fyrir skrifader suo latandi ord efter ord sem hier seiger. [Hér kemr:

1. Vottorð tveggja manna um kaup Einars Þorleifssonar og Jóns Geirssonar á Eyvindarstöðum og Guðlaugsstöðum 25. Sept. 1453, DI, V, Nr. 101;

2. Vottorð þriggja manna, að Jón Geirsson fékk Egli Grímasyni ákall sitt á Eyvindarstöðum 25. Sept. 1453, DI, V, Nr. 102;

3. Björn Þorleifsson selr Egli Grímssyni Eyvindarstaði 11. Okt. 1453, DI, V, Nr. 105;

4. Afsalsbréf Þorleifs jungkæra Björnssonar fyrir Skarði í Langadal til Egils Grímssonar 6. Febr. 1468, DI, V, Nr. 452;

5. Arfskipti þeirra bræðra Þorleifs og Einars Björnssonar eptir Árna bróður sinn 18. Júní 1476, DI, VI, Nr. 75].

Og til meire sanninnda hier um settum vær adurnefnder menn vor jnnsigli fyrer þetta transkriptarbref er giort var æ hofe j uazdal faustudaginn næsta fyrer gregoriusmessu i langaföstu þa er lidit var fra hinngatburd uors herra jehsu christi þusuñd flogur hundrut niutiger ok tuau ær.

183.

19. Marts 1492.

í Skálholti.

Dómr tólf presta útnefndr af Stepháni biskupi í Skálholti um kæru biskups til Orms bónda Jónssonar og Ingibjargar Eiríksdóttur hústrú hans, að Ormr hefði nefnt leikmannadóm yfir heilagrar kirkju málefnum, en Ingibjörg hefði tekið í vernd og samneyti Pétr heitinn Ólason, eptir að sannprófað var, að hann hefði stolið og rænt silfri og kostulegum „háfum“ kirkjunnar og biskupsins í Skálholti.

Bisk. Skalh. XVII, 25, frumrit á skinni. Öll (13) innsigli voru dottin frá á dögum Árna Magnússonar. — AM. Apogr. 2368 eptir Skálholtsfrumritinu „accuratissimè“. Þegar Árni gerði afskrift sína, var frumbréfið orðið skemt, svo að skallar voru í. Þá skalla fyllti Árni eptir „Bok Jóns Hakonarsonar á Vatzhorne innehalldande copiuur af adskilianlegum domum og brefum“, og á eg þá bók nú, og er hún rituð um 1608; er dómrinn þar í transskripti frá 5. Maí 1492. Eptir þessari afskrift tilfærir Árni og nokkurn orðamun „meir ad illustrationem enn til nytsemdar“. „Dó kynni transcriptum vera giört epter öðrum original. Þvi fleire hafa oefad giörder vered ennsá sem i Skalhollte liggur“.

Domur um Orm bonda Jonsson og hustru Jngibiörgu
kvinnu hans.

Ollum monnum [þeim sem¹⁾] þetta bref sia edur heýra. Senda árne Snæbiarnarson. Narfue jonsson. jon olafsson. jon vilhialmsson. augmundr biornsson. eirekur sigurdzson. hakon jonsson. Marteinn einarsson. gudmundr þorkelsson. halldor týrfingsson. halldor jonsson. hallur sigurdzson. prestar Skalholltzbiskupsdæmis kuediu guds og sina kunnigtt giorannde. ath sub anno gracie. M^o. cd^o. nonagesimo secundo a [manvdag hinn²⁾] næsta fyrir benedictus Messo j stora³⁾ stofunne i Skalholltte. [vorum uær⁴⁾] j dom nefndir af ærligvm herra og andaligum⁵⁾ fòdr herra Stephano med guds nad biskupe j Skalholltte. ath dæma vm þær sakir sem greindr Herra Stephan kærde til orms bonda jonssonar og hanseiginuinnu hustru jngibiargar eireksdottur. sem var [i fyrstu⁶⁾] ath fyrrnefndr ormur bonde jonsson hafde sett sig ologliga ju j það ualld sem honum var alldre bifalad. nefnande leikmanna dom. ut yfir heilagrar kirkiu malum. og tekit tylfttar- eid ut af þeim manne. sem i heilagrar kirkiu stormælum⁷⁾ var bundin og kirkiunnar formanne bar rett yfir at segia. og fyrir þa sok ath greind hustru jngibiorg hans eiginkona. hafde tekit vndir sina vernd. j samneyte. samþýcke og selskap. petur heitinn olason⁸⁾. adr enn hann var j hel sleginn. ept- er það er⁹⁾ sannprovad var. at hann hefde stolit eda rænt silfre og kostuligum¹⁰⁾ hafum. kirkiunnar og biskupsins j Skalholltte ur sialfre domkirkiunne þar heima a stadnum og fyrir þær fleire sakir sem hann matte þa¹¹⁾ med logum til hans tala. nu af þui ad adurgreindr ormur bonde var þar þa logliga fyrirkalladr. suo og beidduzt vær hans forsuars. fyrir hueria grein er¹²⁾ hann hefde dom vt nefnt og tekit eid af petre olasýne. enn hann gaf það svar hier til. at hann hefde verit beiddr og krafdr af fyrrsaugdum petre

1) [b. v. JHák. 2) [manudaginn, JHák. 3) stora JHák. 4) [voru ver JHák. 5) andligum JHák. 6) [b. v. JHák. 7) stormalum JHák. 8) olafsson JHák. (alstaðar). 9) ad JHák. 10) godum JHák. 11) þar JHák. 12) ad JHák.

olasyne vndanfærslu. og hann hugde ath skynsamer laugrettumenn munðu þat eitt dæma. sem hann mætte med godre skýnseme og skiluisse framfýlgia. þotte oss þetta hans forsuar ecke afl hafa. Nu sakir þess ath suo stendr j kirkiunar logum at huer sem ræner eda stelur ur kirkiu. þa skal þad mal fyrst ransakast fyrir kirkiunnar valde. jtem þeir af leikmonnum sem taka undir sig til profuanar og¹⁾ rannsaks eda doms þær sakir sem ath eins eiga fyrir forstiorum heilagrar kirkiu at dæmazt uanuirdande j þui loglega domendur þeirra mala og geingr suo vitz²⁾ vitand[e a] sættargiord þa er gior var j millum kongdomsins og kirkiunar. og af huorratueggju alfu var med suardogum stadfest. eda þeir leikmenn sem dom leggja æ kirkiu [eigner eda kl]erka ath þeim sialfum ospurdum edr mote mælundum þeim sem rada eiga þa fellir sa æ sig fullkomit bann af sialfu verkinu. Jtem finnzt og [suo skrifat j sialfum kirkiunnar l]ogum ath ef nockur heyrer opinbera rýktt. af sannordum monnum. ath ef einnhuer hafue bannsettr verit. eda giort nockud þad uerck sem hann fellur³⁾ j hid [meira ba]nn vt af þæ ber honum skýllduliga at hafa epttirleitan þess mals vm sannleik og ath fordaztt samneyte vid þann sama mann. suo leinge at hann verdr full[viss hu]at satt er þar⁴⁾ j. Þui at heilax anda nad tilkalladre ath suo profudu og fyrir oss komnu dæmdu vær fyrr nefndir prestar med fullu doms atkuæde. adr grein[dan] orm jonsson ologliga tekid hafa eid og undanfærslu af greindum petre olasyne. vm þad [at hann hefde⁵⁾ rænt edr⁶⁾ stolit silfri og audrum peningum ur heilagre S[kal]holltzkirkiu. og fellt suo æ sig fullkomit bann af sialfu uerckinu. og skyldugan ath taka lausn og skripttir af biskup Stephano. edr þeim sem hann þar til skipar og se[ka]n fullrette vid heilaga skalholltzkirkiu og biskupinn⁷⁾. xxx. marcka. enn fyrir þionuzstu tekiu og kirkiu jnngaungn sekañ suo sem kirki-

1) edur JHák. 2) vis, JHák. 3) felle JHák. 4) b. v. JHák. 5) [er hann hafdi JHák. 6) og JHák. 7) biskupinum JHák.

unar laug utuisa. Jtem med sama doms athkuæde dæmdu vær fyrrnefndre hustru jngebiorgu eirekksdottur settareid jnnan halfs manadar at heyrðum dominum. fyrir adr skrifudum biskup [ste]phano edur þeim sem hann þar¹⁾ til skipar. suo felldañ at hun hafe huorcke heyrtt sagt af opttnefndum petre olasyne ne jone diak[na s]em kalladr er pungur og ei af nockrum [audrum skiluisum²⁾] monnum at adrgreindr jon diakne hafue suared bokareid ath petur olason hefde tekit [silf]ur og annat þad sem horfid hafde vr domkirkiunne j Skalhollte enn ef hun fellz æ eidinum þa dæmdum ver hana skýllduga ath taka lausn og skripttir fyrir samneyte og samþýcke vid sagdañ petur og seka fyrir þionuztutekiu og kirkiu jnngaungu eptter þui sem kirkiunnar log vtuisa. skal þetta sakafe lukazst. einn þridiungr at næstum fardogum. annar at mikaelsmessu þar næst. og hinn þride ath fardogum þar epttir. biskupinum edr hans vmbodsmanne j fulluirtum peningum. halft j klofa enn halftt j Skalhollte. Var þesse vor domr af oss uppsagdr og jn skripttis frañ borinn tittskrifudum biskup Stephano j doms sæte sitiañda. og þenna dom med oss samþýckiannða. og þui sette hann sitt jnnsigle med uorum jnnsiglum fyrir þetta domsbref skrifat j sama stad og ære dege sidar enn fyrr seigir.

184.

22. Marts 1492.

á Hólum.

GUÐMUNDR Jónsson gefr „sjúkr í líkama, en heill að samvizku“ heilagri Hólakirkju og Ólafi biskupi jörðina Þorbjargarstaði í Laxárdal, en „hér í mót bað hann biskupinn fyrir guðs skuld að taka að sér tvo sonu sína og látalæra annan til prests, en hjálpa öðrum til manns“.

AM. Fasc. XXXI, 14, frumritið á skinni. Af fjórum iunnsiglum eru þrjú fyrir bréfinu. — Apogr. 3343.

¹⁾ JHák; þa, frbr. ²⁾ [slikum, JHák.

Þorbiargarstader [giefner Hola kirkiu¹).

Þath giorum wær eirikur prestur sigmundsson. sýmon pallsson. jon ketillsson ok þorgeir olafsson leikmenn. godum monnum uiturligt med þessu uoro opnu brefe ath þar uorum uær j hia savm ok heyrðum æ. miduikudagen j ymbryviku um haustit²) j myklagardi j eyiafirdij ath gudmundr jonsson siukur j likama en heill ath samuizku gaf heilagre holakirkiu ok biskup olafe jordina þorbiargarstadi j laxardal. er liggur j huams kirkiu sokn fyrir tiu hundrud med aullum þeim gognum ok gædum er greindri jordu fyllger ok fyllgt hefer ath fornu ok nýu ok hann uard fremzt eigandi ath. ok þar til fiogr kuillde er standa med jordunne. ok fiogur hundrud j odrum peningum. hier j motti bad hann biskupin fyrir gudskulld. ath taka ath sier [tuæ sønu³) sina ok lata læra annan til prestz en hiallpa odrum til mannz. Suo ok giordi biskupin. tok [billtana³) til sin. Woro hia þessum giorningi marger dandimenn adrer badi lærder ok leicker. Ok til sanenda hier um settum wær fyr nefnder prestar ok leikmenn vor jncigle fyrir þetta bref er skrifat uar æ holum j hialtadal fimtudagen næsta fyrir mariu Messo j langafaustu. anno domini M^o. cd^o. xc^o. secundo.

185.

14. Apríl 1492.

í Skálholti.

DÓMR sex presta útnefndr af Stepháni biskupi í Skálholti um þær sakir, er hann kærði til Haldórs Brynjólfssonar, að hann héldi Haukholt, jörð kirkju og staðar í Skálholti, að hann hefði eigi lukt andvirði Hrauns í Grímsnesi og fyrir rekatöku af fjörum staðarins, og fleira.

Bisk. Skalh. Fasc. V, 9 frumrit á skinni stórlega máð. — AM. Apogr. 2564 „accuraté“ eptir frumritinu.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heýra.

¹) Utan á bréfinu; frá [með hendi frá 17. öld, hitt eldra. ²) p. e. 21. Sept. (1491). ³) [svo.

senda snorre helgason profastur æ rangarvillum. Þarfue jonsson kirkiuprestur j skalhollte. eirekr sigrdzson. hakon jonsson. halldor týrfingsson. halldor jonsson. prestar skalholltz biskupsdæmis kuediu guds ok sina. kunnigt giorande ath sub anno gracie. M^o. cd^o. nonagesimo secundo. æ fostudag hinn næsta fyrir passionem domini¹⁾ j storastofunne j skalhollte. vorum vier j dom nefndir af ærligum herra ok andaligum fodr herra Stephano med guds nad biskupe j Skalhollte ad dæma vm þær sakir sem hann kiærde til halldors bryniolfssonar. sem var. at hann hielde j sinne eign haukhollt þeirre jord er kirkian ok stadrinn j skalhollte hafde vm langan tima eignaztt ok frialsliga noted. jtem fyrir þæ adra sok ath fyrnefndr halldor hefde ecke lucktt heilagre skalholltzkirkiu. peninga j jardar verd fyrir braun er liggj j grimsnese. suo sem hann hafde lofad biskup Mognuse godrar Minningar. jtem fyrir þæ þridiu sauk at hann hefde dregit til sin edr latid j burt hafa uid af rekum stadarins j skalhollte unnenn eda ounnenn. ok fyrir þær fleire sakir sem hann matte þæ med logum til hans tala. Skodudum vær stefnuna ok leitz oss hun skiellig. ok dæmdum greindañ halldor laugliga fyrir kalladañ. Nu fyrir þui ath kirkiunnar laug suo til visa. ath þat se fyrirbodid ad biskupar edr forstiorar heilagrar kirkiv dirfizt nockrum manne ad selia edr veita jardir edr bæi edr nockurar adrar eignir sinna kirkna til æuenlegrar stadfestu. enn ef þess hefer freistad verit j nockrum stad þæ skal onytaztt ok undir kirkjunnar valld ok forræde apttvr kallaztt. kom fyrnefndr halldor fram fyrir oss ok synde bæde kaup ok kuittan fyrir greindum jordum haukholltum og hraune med biskupsins jnncigle ok annara þeirra er þar voru fyrir skrifadir. enn af þui at oss litz eigi tilheyriligt at hinn lægre dæme ýfir hinum hæra. enn eigi af þui ad ef vær þættumst þar mega ýfir taka þæ litizt oss þat oskialligt ok ecke afl hafa. ath nockr heilagrar kirkiu fastæign selizt vtan fyrir fulla naudsyn ok retta nytsemd epter þui sem fyr stendr skrifat ok

¹⁾ D. e. 13. Apr.

kirkiunnar laug utvisa. Þui j guds nafne amen. dæmdum vær greindir kennemenn med fullu doms athkuæde þesse saumo jardakaup ok solu ok kvittan er þar kuomo fram fyrir oss vndir skodan ok urskurd adr nefndz biskup stefans huertt afl þesse kaup eda saulur skulu hafa. suo ok huer naudsyn edur nytsemd til dro upp aa heilagrar kirkiu vegna hier vm. jtem med sama dome dæmdum ver þratt greindan halldor skýlldugan ath sueria lýritareid hin meira jnnan siaundar fyrir biskupenum edur þeim sem hann þar til setur. ath hann hafe aunguan vid haftt edr dregit til sin af stadarins eign sidan biskup Magnús fiell fra vnnenn eda ounenn. vtan þann sem hann medkeðdizt. ath sira arne snæbiarnarson hefde feingit sier upp aa iij hesta. ok ad hann hugde hann vera fullan heimilldarmann þar vm ok ad unnum eidinum. dæmdum ver hann kuittan hier vm. enn ef hann fellzt at þessum eide. þa dæmdum ver hann skýlldugan apttur ath leggja vndir sinn suarenn eid. allan þann vid. sem hann hefer j burttu haftt ologliga. ok sekan vid kirkiuna þriatigi marcka j fullrette ok skylldugan ath taka lausn ok skripttir af biskupinum sialfum fyrir þat þann sem hann hefir aa sig felltt af þesse sinni tiltektt. ok sekan eptir þui sem kirkiunnar laug utvisa. ok skýlldugan ath giallda biskupinum þessar fiarsektir j næstum fardogum.

Var þesse vor domur af oss uppsagdur ok jn scripttis framborinn opttnefndum biskup stephano j domssæte sitanda ok med oss þennan vorn dom samþyckianda ok þui sette hann sitt jnnscigle med vorum jnnsciglum fyrir þetta domsbref skrifat j sama stad ok are deigi sidar enn fyrr segir.

186.

14. Apríl 1492.

í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti úrskurðar ónýtt það jardakaup, er Haldór Brynjólfsson hefir keypt Haukholt í Hrunamannahrepp og Hraun í Grímsnesi af staðnum í Skálholti, og jarðirnar undir biskupsstólinn, en Haldóri aptr andvirði

þeirra og hann skyldugan nú í stað að skila biskupi kaupbréfunum.

Bisk. Skalb. Fasc. V, 10, frumrit á skinni. — AM. Apogr. 2565 „accuraté“. Frumritið var orðið stórskemt á dögum Árna Magnússonar, og fyllti hann eyðurnar út með því, sem hér stendr í hornklofum, eptir afskrípt með hendi séra Bjarna Hallgrímssonar, sem gerð var meðan bréfið var enn heilt.

Uær Stephan med guds nad biskup j Skalhollte heils-
um aullum godum monnum. þeim sem þetta bref sia edur
heýra med guds kuEDIU ok vorre. kunngiorum vær ýdur.
ath sub anno gracie M^o. cd^o. nonagessimosecundo. æ faustu-
dag hinn næsta fyrir passionem domini¹⁾ j storastofunne j
Skalhollte var halldor bryniolfsson langliga fyrir oss kall-
adur. fyrir þæ sauk ath vær kiærdum þat til hans at hann
hiellde j sinni eign haukholtt j rvnamannahrepp j reyki-
dals kirkiu sokn. þeirre jord er kirkian ok stadurinn j Skal-
hollte hafde vm langan tima eignaztt ok frialsliga notid.
jtem fyrir þæ sauk adra. ath fyr nefndur halldor hefde
eckø lucktt heilagre skalholltzkirkiu. peninga j iardar verd
fyrir hraun er liggur j grimsnese suo sem hann hafde lof-
ad biskup Magnuse godrar minningar. Nu af þui ath vær
hofdum j dom nefnt wora presta ok prelata. ad-dæma vm
þær sakir sem hier fyrr standa skrifadar. ok þeir litu æ
þessar malakiærslur ok urdu med þui mote samþýckir ath
þeir dæmdu þenna malavoxtt undir vorn vrskurd edur æ-
lýktardom huer tt afl eda maktt þesse jardakaup edr landa-
saul. ok kuittunarbref skýllde hafa. edur huer naudsýn ok
nýtsemd oss litiztt hier hafa til rekit. skodudum vær ok
eptterleitudum. vid skýnsomvzstu dandemenn. ef þeir hefde
heýrtt sagtt. af skiluisum monnum edur vitad sialfir ath
skalholltz stadur hefde haftt fulla þorf ath selia þessar
jarder fyrir obirgdar sakir þeirra hluta sem kirkian matte
ecke an vera. enn allir saugdu þar nei til ok uær sialfir
kunnum hier (enga) naudsýn ne nýtsemd j þessum giorn-
inge ath merckia. þad heilagre kirkiu megi stoda eda

¹⁾ D. e. 13. Apr.

stetta til nockurs gods. helldur læging. vanhentu ok tion. þui at heilax anda nad tilkalladre. seigium vær jn domini nomine amen. Med fullu doms atkuædi ok laga urskurde þesse jardakaup ok landasaulur ok kuittanarbref. ollungis ecke afl hafa. ok heilagrar skalholtzkirkriu vmbodsmenn rettliga ad sier mega taka tittskrifadar jardir j næstum far-dogum. enn suodan peni[nga aptur] leggia¹⁾ þrattnefndum hall-dore sem kirkian hefir adur uppborit ok brefin vtuisa. ok hann skýlldugan ath legg[ia aptur brefin] j vora hand nu j stad. var þesse vor domur edur vrskurdr af oss sialfum vppsagdur ok jn script[is fram b]orinn oss j domssæte sitianda vor-um adurgreindum kennemonnum ok fleirum audrum godum monnum æ heýrundum ok med oss sam]þýckiundum. Ok til sanninnda hier vm settum vær vortt jnuscigle med vorra presta ok prelata jnn[sciglum sira snorra helga]sonar profastz æ rangarvullum. sira Hjarfa jonssonar kirkiuprestz j Skalhollte. sira [Çireks sigurdssonar. sira h]akonar jonssonar. sira halldors týrfingssonar. sira halldors jonssonar. fyrir þetta doms bref [skrifad j sama stad ok ær]e degi sidar en fyr seigir.

187.

20. Apríl 1492.

í Skálholti.

Dómr sex presta útnefndr af Stepháni biskupi í Skálholti um misþyrming Haldórs Brynjólfssonar við Gest Pálsson, landbúa Skálholtsstaðar, laugardagskveldið fyrir hvítasunnu eptir miðjan aptan.

Bisk. Skalh. Fasc. IV, 7, frumrit á skiini. Af sjö innsiglum er nú eitt fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 2549.

sentencia super excessus halldori bry(niolfi)²⁾.

Domur vm misþyrming a helgum dogum³⁾.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heýra. Senda snorre helgason. profastur æ rangaruollum. Hjarfe jons-

¹⁾ b. v.; hefir vantað frá upphafi. ²⁾ Utan á bréfinu með samtíða hendi ³⁾ Utan á bréfinu með hendi frá c. 1600.

son kirkiuprestr j skalhollte. eirekur sigurdzson. hakon jons-
son. halldor týrfingsson. halldor jonsson. prestar skalholltz
biskupsdæmis kuEDIU guds ok sina. kunnigt giorande. ath
sub anno gracie. M^o. cd^o. nonagessimo secundo. æ fímtudag
hinn næsta fyrir passionem domini¹⁾ j storastofunne j skal-
hollte. vorum vier j dom nefndir af ærligum herra ok anda-
ligum fodur. herra stephano med guds nad biskup j skal-
hollte. ath dæma vm þær sakir sem hann kiærde til hall-
dors brýniolfssonar. sem var ath greindr halldor brýniolfs-
son. hefde mýspýrmt stadarens landbua. geste pallsyne. æ
laugardags kuelldid fyrir huitasunnu eptter midian apttan.
er hann for j skalhollt ath flýtia heim til stadarins vadmal
er hann atte ad giallda þar. jarduarpande honum upp æ
fiorar reisir. og hefde hlaupit ofan æ hann med hondum
ok knefum sem honum likade ok þiakade hann med þessu
mote. suo ad þa er hann reirs²⁾ vpp sýndizt honum jordin
snuazt vndir sier. ok kugade af honum med fullre naud-
ung. þriar ær. æ þessu sama vettfangi ok fyrir þær fleiri
sakir sem hann matte þa med logum til hans tala. litum
vier æ stefnuna ok leitz oss hun skiallig. ok þui giordum
vier fyr nefndañ halldor logliga fyrir kalladañ. þu af þui
ad landzlagabok vottar suo ath ef manne er med ofund mýs-
þýrmt. ok gefur sæ sauk æ er fyrir uerdur þo eigi se vitne
vid. þa skal lyrittareide fyrir koma. þui ath heilax aña
nad til kalladre j guds nafne amen. ad suo profudo ok fyr-
ir oss komnu. dæmdum vær greindir prestar med fullu
doms atkuæde adr nefndañ halldor bryniolfsson skýlldugañ
ad sueria lyritareid hinn meira. hier vpp æ stadinn fyrir
biskupinum ok þeir skialligir dandemenn med honum sem
adur nefndur biskup stephan. nefnir honum til sonunar.
fyrir þann æburd sem fyrr sagdur gestur talar til hans ok
hann hefir bokareid æ bodid ok handfest ok ad unnum eid-
inum. þratt greindañ halldor sakalausañ vid kirkiuna. enn ef
hann felltz ad fyrrsaugdum eide. þa dæmdum vier hann
sekañ fyrir kirkiu jngaungu ok þionuzstu tekiu. epttir þui
sem kirkiunnar lang vt uisa. som er xij aurum fyrir huern

¹⁾ D. e. 19. April. ²⁾ Svo.

þann dag sem j sextan daga halde eru. sex aurum huern sunnudaga ok þeim jafn hafa ad helge. enn þrim aurum fyrir huern þann sem j minna halde er. ok æ rumhelgum dogum. ok hann skylldugan ath taka lausn ok skriptter af biskupinum eda þeim sem hann þar til skipar. skal þridiungr þessara secktta gialldazt j næstum fardogum biskup stephano edur hans vmbodsmanne j fulluirttum peningum þar sem honum likar ath taka. enn annar þridiungr ad jonsMesso baptiste ok hinn þride ath michael's Messo ad hauste næst komanda.

var þesse vor domur af oss uppsagdr ok jn skriptis framborinn opttnefndum biskup stephano j domssæte sitianda ok med oss samþýckianda ok þui sette hann sitt jnsigle med worum jnnsicglum fyrir þetta domsbref skrifat j sama stad ok are degi sidar enn fyrr seigir.

188.

2. Maí 1492.

í Grímsey.

PRÓFENTUBRÉF Árna Bergssonar við klaustrið á Munkaþverá.

AM. Fasc. XXXI, 11, frumrit á skinni, og eru öll (3) innsiglin fyrir bréfinu.

jardabyggingarbref og proventu¹⁾.

Þat giorvm ver þoraren jousson. gvdmyndr gvdlavgsson ok þorgils uigfusson godvm monnum viturligt med þessu uorv opnv brefi ath æ miduikvdaghin næsta fyrir krossmesso vm vorit j grimsey þa er lidit var fra byrd krist(s) þvshvndrvd. cccc. ix tiger ok t(v)av ðr sem savm ver ok heyrdum æ ord ok handaband þessara manna brodr ravgnvalldz af einne alfu j vmbodi abota jons a mukaþvera enn af annare alfv arna bergssonar. ath suo fyrir skildv ath broderen bygdi honum heima vm þriv ðr grænavik med savmvm kostvm. enn ef hann veri eigi leingur fær edr uillde ecki bva þa skýlde hann fara heim til stadarens ok

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 16. öld.

hafa þar mót ok klædi svo leingi sem hann lifdi ok þion-
ostv. hier j moti gaf fýrgreindur arne stadnvm a mvka-
þvera. iij. malnytv kvgillde er hann atti hia stadnvm adr.
ok hier til alla halfa peninga er hann atti j motz vit konv
sina ok halft skip med færvm halfvm. her til skýllde hann
leggia stadnvm afa allan þan sem honum geingi af ok
folki hans til matarkavps ok rettra skulda er honum ber
ath lvka ath lavgvm. her til lofadi titt nefndr arne ath
vera utti vm stadarens vegna ok klavstvrems vm allt þat
er hann uissi heñtiligazst vera klaustrinv ok nýtsamlegazst
bædi fýr ok sidar. Dæi greindr arne a þessvm xij manod-
um þa skýllde stadvren eiga alla fýr skrifada peninga ok
hann flýtizast ath forfallalavsv ef hann andazst a svmar
heim til stadarens ok lata sýngia xx messo¹⁾. Ok til sann-
inda her vm settvm ver fýr nefnder menn vor incigle fyrir
þetta bref skrifad a mvkaþvera j eyiafirdi favstvdaghinn
næsta epter Mærivmesso fýrri vm svmarit a sama ðre sem
fýr seger²⁾.

189.

5. Maí 1492.

í Skálholti.

TRANSSKRIPtarBRÉF.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorai skr. c. 1608.

Domur vm Orm Bonda og Hustru Ingebiorgu.

Þad giorum vier Sigurdur Jonsson og Eigill Jonsson.
leikmenn. godum monnum viturligt med þessu ockru opnu
brefi at vier haufum sied og yfirlesid xij presta dom suo
latandi ord eptir ord sem hier seigir. [Hér kemr dómr Stepháns
biskups frá 19. Marts 1492 um Orm Jónsson og konu hans, Nr. 183
hér á undan].

Og til sanninda hier vm setium vid fyrrnefndir menn
ockar junsigli fyrir þetta transkriptarbref skrifad j Skal-

¹⁾ Svo = tvítugmessu ²⁾ þ. e. 17. Aug. ³⁾ mariæ. hdr.; AM. leiðrétti.

holtti jn profesto sancti Johannis apostoli og martiris¹⁾ ante portam latinam²⁾ á sama ari sem fyrr seiger.

190.

24. Maí 1492.

í Skálholti.

HALDÓR Brynjólfsson fær Stepháni biskupi í Skálholti alla jörðina Ketilhúshaga í Áverjahrepp og þar til þrjá tigi hundraða, en biskup kvittar Haldór af því misferli, er hann hafði í ratað, þá er hann misþyrmdi Gesti Pálsýni kveldið fyrir hvítasunnu eptir miðjan aptan.

Bisk. Skalb. Fasc. IV, 8, frumrit á skinni. Öll (fjögur) innsiglin eru nú dottin frá. — AM. Apogr. 2550.

gíorningsbref biskupsins ok halldors bryniolfssonar
vm ketelhushaga.

Þath gíorum vær hakon prestur jonsson. þodr diakne gudmundzson. Þoruadr Ellendzson ok einar gudmundzson, godum monnum kunnigt med þessv vorv opnu brefe. ad a þridiudag hinn næsta eptter halluardz Messo³⁾. j skrudhusinu j scalholhti vorum vær j hia med audrum fleirum godum monnum saum ok heýrdum a ord ok hañdaband þessara manna af einni alfu ærligs herra [ok andaligs⁴⁾] fodr herra Stephans med guds nad biskups j scalholte ok halldors bryniolfssonar af annare. Skildizst þat ok falldizst vndir þeirra handabañde ad greindur halldor feck fyrnefdum biskup Stephano jorðina alla ketelhushaga er liggur j aueriahrepp j gunnarsholtz kirkiusokn med aullum þeim gaugnum ok giædum sem greindri jorðu fylgir ok fylggt hefir ad fornv ok nýiv ok hann vard fremst eigande ad med logum. ok þar til þriatige huñdrada. voru þessir peningar þar j greindir. ja primis vj kugillde þav sem fylgia med greindre jorðu ketelhushaga. jtem. x. hundrud þau sem adr greindr halldor hafde feingit adur til forna kirkiunne ok stadnum j scalholhti fyrir jorðina hraun j grimsnese.

¹⁾ marie, handr. ²⁾ latinum, hdr. ³⁾ p. e. 22. Maí. ⁴⁾ [tvískrifað í frbr.

jtem. v. hundrud er brýniolfur eireksson hafde golddit greindre kirkiu j scalholtti j millum haukholta ok fyrr nefndz ketelhushaga. ok hier til ad auke .ix. hundrud j þeim peningum sem biskupinum likade ad taka. ok ad þessum peningum luktum. gaf ok giorde títt skrifadr biskup Stephan þrattnefndañ halldor aullungis kuittan ok akiærulausañ fyrir sier ok aullum sinum epttir komundum kirkiunnar formonnum j scalholte fyrir þau misferle er hann hafde j ratad þa er hann mýsþyrmd e geste palssyne a laugardags kuelldid fyrir huitasunu epttir midian aptan. ok geck sidan oleýstr j heilaga kirkiu. v̄m langañ tima þar til er optt nefndr biskup Stephan leýsti hann þar ut af.

Ok til sanniñda hier vm settum vær fyrr nefndir menn vor jnnsçigle fyrir þetta giorningsbref skrifat j Scalholte þa er lidid var fra hingatburd vors herra jhesu christi þvssund flogur hundrud niutiger ok tuo. ar. tueimur dogum sidar enn þesse giorningr for fram.

191.

9. Júní 1492. á Hofi í Álptafirði.

ÖGMUNDR prestr Andrésson, prófastr og almennilegr dómari í millum Jökulsár á Breiðársandi og Breiðdalsár, úrskurðar Einari Þorsteinssyni undanfæri með bókareidi, að hann hafi ekki slegið Berg Pálsson bróðurson sinn né misþyrmt honum, en fallist honum undanfærið, þá úrskurðar hann honum sektir eptir því, sem bréfið greinir.

Bisk. Skalb. XVII, 27, frumrit á skinni. Ó!l (3) innsiglin eru dottin frá. — AM. Apogr. 2370 eptir Skálholtsfrumritinu „*securatissime*“.

Exemplum Actorum iudicis.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra sender ek ógmundur prestr andresson profastur ogh almennilegr domare j millum jokulsar a breidarsande ogh breid-dalsar Quediu guds ogh mina kunnekt giorande ad sub anno gracie. M^o. cd^o. nonagessimo secundo. a laugardagen næsta firir huitasunu stefnda ek firir mik [til hofs stadar

er liggr j alptafirde¹⁾ einare þorsteinssyni til vndanfærdzlu ath hann hefði ecki slegith eda misþyrmt med heiptugre hende bergi þalssyni broðrsyne sinum vpp æ Míduikudagen j huitasunnu viku eda laugardagskuellid epter non eda nockurn annan laughelgan Messodagh. suo hann hafe sekr matt af verda vid heilaga kirkiu ogh mik enn hann kom ecki ogh einge hans löglegr vmbodsmadr. j greindañ dagh til hofs stadar j alptafirde. Þu med þui ath stefnan kom jnsiglud med jnnsigle sirra einars þorsteinssonar ath hann hefde lesith fyrskrifada stefnu yfer adr nefndum einare suo hætt ogh skileth ath hann matti vel heýra ef hann villde epter þui sem ek hafda hann vñ beithth ogh bodeth adr. Þui dæmda ek stefnuna logliga ogh adr nefndan einar rettlega firir kalladañ. Þui in nomine domini amen ogh ad heilaga anda næd til kalladre dæmda egh mier j domseti sitianda optnefndañ einar þorsteinsson skyllidugan ath færa sikh vndan. med suordum bokareide firir mier heim(a) ath stafafelli ef hann er til fær jnnan síðundar ath heyrdum dominum ath hann hafe huorke sleget ne mysþyrmt med heiptugre hende adrnefndum bergi þalssyni broðrsyni (sinum) æ þessum fyr nefndum tímum. En ef þu fellz ath þessi þinne vndanfærdzlu þa dæmi ek þik sekan vid heilaga kirkiu ogh mik sex aurum vpp æ huorn þessara fyr nefndra daga ogh suo sekan sex aurum firir huern lóghelgan dag sem þu hefer j kirkiu geingit enn tolf aurum firir huern þan dagh sem j sextan daga halde eru ogh þu hefer j kirkiu geingit enn þrim aurum vpp æ huern rumhelgan dagh sem þu hefer j kirkiu geingit. En j huert sinn er þu hefer guds likama teketh þa dæmi ek þik sekan vid heilaga kirkiu epter þui sem guds lög þar vñ giord utvisa sidan þu fellzt j þessi mál. Jtem hid sama doms atkuædi dæmi ek þik þratthnefndan einar þorsteinsson skyllidugan ath giallda mier

¹⁾ [stendr á spassiu í frumritinu, og ranglega boðað inn milli huitasunnu“ og „stefnda“, og er það því fært hér inn að tilvísan Árna Magnússonar.

eda minum vmbodsmanne þridiung af fyrsögðum sektum ogh mörk [j stefnufall¹⁾] jnnan manadar ath heyrðum dominum j fagraðal ath þinu heimeli. annan þridiung adrgreindra sekta ath Michelsmessu j haust næstkomande enn hinn þridia þridiung ath næstum fardögum epterkomendum mier eda minum vmbodsmanni ath fyrrsögðu þinu heimeli ogh suo þigh skyllðugañ ath taka lausn af mier firir þessi tittnefnd helgebroth ef þu fellzt ath þessi þinne vndanfærzlu. Ogh til sannenda hier vñ setta ek mitt jnsigli ogh þesser prestar sira sueinn jonsson vndan halse ogh sera jon einarsson sin jnsigli med minu jnsigli er samþykту þenna minn dom med mier. firir þetta domsbref skrifath j sama stad degi ogh ari sem fyr seger.

192.

12. Júní 1492. í Ási í Öxarfirði.

SVEINN bóndi Sumarliðason selr Finnboga Jónssyni til fullrar eignar þrjátíu og þrjú hundruð og fjörutíu álnum betr í Hvassafelli í Eyjafirði fyrir jafnvirði, hvort sem Sveinn vildi heldr í lausafé eða jörðu, með fleira skilorði, er bréfið greinir.

AM. Fasc. XXXI, 8, frumrit á skinni (með hendi Finnboga lögmanns). Annað innsiglið er dottið frá. — Apogr. 3340.

Vm Huassafell i ejafridi²⁾.

Þat giorum uit jon andresson og asmundr hallzson godum monnum uiturligt med þessu ockru opnu brefi at þa lidit uar fra guds burd þushund fiogr hundrut niutiger og tuau ar æ miduikudaginn næsta efter halluardzmessu um uorid³⁾ a grund j eyjafirde. uoru uit j hia sóaum og heyrðum ú ord og handaband finboga jonssonar laugmanz og sueins bonda sumarlidasonar. at suo fyrir skildu. at nefndr

¹⁾ [á spassiu, og er óinnvísað. ²⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. Þar stendr og „huassafell“ með annari eldri hendi. ³⁾ p. e. 16. Mai.

sueinn sumarlidason selde greindum finboga jonssyne til fullrar eignar og frials forræðess þrettan hundrut og tuttugu og fiorutige alnum betur j jordunne huassafelle er liggur j miklagardz kirkiusokn j eýiafirde med aullum þeim gaugnum og gædum. eignum og itaukum sem greindum jardarparti fylger og fylgt hefer at fornu og nýu og hann og fader hans sumarlide eireksson haufdu fremzst eigande at ordet. hier j moti gaf adr nefndr finboge fyrrsaugdum sueini þrettan hundrud og tuttugu og fiorutigi alnum betur huort sem sueirn uillde helldur hafa j lausagodzi edr j jordu. skýllde finbogi giallda þessa peninga suo framt sem hann feingi þessi nefnd þrettan hundrud og xx j fyrsagdre jordu huassafelle annadhuort med dandemanna sama og satmala edr domur dæmde at sumarlide hefde matt eignazs(t) suo mikid j henne efter kaupi sinu. en ef þat dæmdizst at sumarlide matti minna eignazst j jordune huassafelle en fyrrskrifat er. þa skýllde finbogi og gefa og giallda þrattnefndum sueine suo maurg hundrut fyrir jardarpartin sem sumarlide matti at laugum eignazst at retrri tiltaulu. suo og j sama handabande feck greindr sueirn adr nefndum finboga til fullrar eignar til at leýsa aunnur þrettan hundrud og .xx. j optnefndre jordu huassafelle efter þeim skildaga sem torfi jonsson hafde sett og feingit þrattnefndum sumarlida eirekssyni. skýllde finbogi hallda greindum jardarparti j huassafelle til laga en sueirn suara lagariptingum. suo og skýllde sueirn hallda til laga þeim peningum sem hann tæki uit sagdre jordu en finbogi suara lagariptingum. samþýekti gudridr finbogadotter eiginkona sueins bonda allt þetta kaup og giorning med handabande þede uid suein bonda sinn og suo finboga jonsson faudr sinn. Og til sannenda hier um settu uit fyrnefnder menn ockur jncigli fyrir þetta bref giort j asi j auxarfirde þridiudagin næsta fyrir botolfsmessu a sama are sem fyrr seiger.

193.

12. Júní 1492. í Asi í Öxarfirði.

SVEINN bóndi Sumarliðason afhendir Finnboga Jónssyni þau

þrjátíu og þrjú hundruð og fjörutíu álnum betr, er hann eignaðist af Torfa Jónssyni (í Klofa) í jörðunni Hvassafelli í Eyjafirði, með fleira skilorði, er bréfið greinir.

AM. Fasc. XXXI, 9, frumritið á skinni, og eru bæði innsiglin fyrir bréfinu. — Apogr. 3341.

huassafellz(bref)¹⁾.

en vtt uisa. Ok til sann(in)da her vm settum ver fyr
nefnder menn uor incigle fyrir þetta bref skrifat a mvka-
þvera j eýiafirdi manadaghin j gagndagha vikv a sama
dre sem fyr seiger.

¹⁾ Þ. e. 22. April. ²⁾ Svo = eign.

244.

13. Maí 1493.

í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti tekur Þórunni Gísladóttur, konu Jóns Jónssonar, „sem kallaðr er hjálmr“, í prófentu á staðinn í Skálholti gegn þrem tígum hundraða í lausafé.

Bisk. Skalb. XVII, 28 a. frumrit á skinni nokkuð fúid.—AM. Apogr. 2371 eptir Skálholtsfrumritinn „accuratissime“. Það, sem fúid var úr bréfinu og hér er í hornklofa sett, fyllti Árni eptir eldri afskrípt með hendi séra Bjarna Hallgrímssonar í Odda. (Sbr. Nr. 251).

Profentubref þórunnar gísladóttur.

Vær stephan med guds nad biskup j skalholhti giorum godum monnum kunnigit¹⁾ med þessu voru opnu brefi ad med radi og samþycke sira arna snæbiarnarsonar officialis heilagrar skalholhtz kirkiu j austfirdingafiordungi sira [na]rfa jonssonar officialis sòmuleidiss j sunlendinga fiordungi og kirkiuprest(s) sama stadar sira jons gislasonar radzmannz j skalholhti og margra annara dandimanna bædi lærðra og leikra. höfum vær giort þetta kaup og skilmala vid jon jonsson sem kalladr er hialmr og þoruñi gísladóttur hans eginkonu ad greind hion jon og þórunn skylldu fa kirkiunne. stadnum j skalholhti og oss. xxx. hundrada j prouentu adr nefndrar þórunar j kugilldum. nautum. saudum. kauplum. vadmalum og odrum þarflegum peningum. þui skal optnefnd þórunn hier j mot hafa æfinlegan kost og prouentu a stadnum j skalholhti. skal hun hafa þar med af stadnum tuituga vod til klæda sier og þriar stikr lereptz a huerium tolf manðdum a medan hun lifer. hun skal hafa [til] stadarens sæng og kistu og skal stadrinn halda þa sòmuv sæng epter þui sem hun hefer hana til stadarens enn eignazt huortt tueggia epter hennar dag. skal hun hafa sæng j skala en kistu j kirkiu. Og til sanenda hier vm settum vær vort jnsigle med vorra fyr greindra prelata [og] presta jnsiglum firir þetta prouentubref Skrifat j skalholhti feria secunda jn diebus rogacionum. anno domini Mcdxciiij.

¹⁾ Svo.

245.

20. Maí 1493.

á Þorkelshóli.

17. Maí 1494.

á Hofi í Vatnsdal.

DÓMR sex manna útnefndr af Jóni Sigmundssyni, er þá hafði kongsins sýslu á milli Hrauns á Skaga og Hrutafjarðarár, um arf eptir Guðnýju Þorvaldsdóttur.

AM. Fasc. XXXII, 17 frumritið á skinni. Fyrir bréfið hefir aldrei komið nema fyrsta innsiglið, sem nú er dottið frá. Frumritið var á Bessastöðum meðal þeirra bréfa, sem voru „eingum klaustrum vidkomande“. — Apogr. 2168.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia eda heyra senda einar oddzson. þorbiorn þormodsson. þorualldur oddzson. philipus philipusson. bergur iorundzson og sigurdr þorsteinsson qvediu gvds ok sina kunnigt giorandi at þa lidit var fra gvds burd. M. cccc. lxxxx. og iij ðr manudaginn næsta fyrir huitasunnu a þorkelshuole j uididal uoru uær j dom nefnder af ærlegvm manni jone sigmundzsyni er þa hafdi sýslu ok kongsins umbod millum hrauns a skaga ok hrutafiardaróor at dæma millum þessara manna þorarens jonssonar ok þoralfs gizurarsonar. kærði þorarin til þoralfs at hann helldi fyrir sier arfi gudnyiar þoruallzdottur er þorarin reiknadi til erfda hafa fallit ingibiorgu þoruallzdottur konu sinni eftir fyrnefnda gudnyiu systur hennar konu þoralfs. hafdi þorarin oft heimt at þoralfi þenna sama arf og alldri feingit og hann hefði þa stadit einn uetur og xx. enn þoralfur sagði litla peninga eda auñgua uerit hafa efter gudnyiu konu sina nema þa sem lagzt hefði j kostnad fyrir þau bædi. Nu saker þess at þoralfur var þangat stefndr og stefnan suarin af ij skilvisum vitnvm. þui j fyrstv grein dæmdum uær stefnuna laugliga og þoralf þar rettlega fyrir kalladañ ok skylldugan at telia fram fe og sveria at fullañ bokareid og ij skiluiser menn med honum huersu mikit uerit hefði. huern er hann sor þa þegar þar a þinginu efter uorum dome. Reiknudu uier þat þa fullgilldis ij hundrut uerit hafa er honum bar at afgreida fyrnefndum þorarni. Jtem j annarri grein dæmdum uær adr nefndañ þoralf skylldugan at giallda fyrnefndum þorarni ij hundrut

j fullvm aurum og þar til xij alna abata epter huort hundrat a hveriu ari so leingi sem stadit hafdi. Reiknadizt þat og aunnr. cc. og vij alnum betur. og hier til dæmdum uær nefndum þorarne halfa fiordu mork j fullrietti sitt af optnefndum þoralfi. skylldu þesser peningar gialldazt aller et seinsta j næstum fardögvm at heimili þorarins honum j hönd eda hans lögligum umbodsmanni nema hann uilldi sialfur inndælla um giora. So og ei sidr uændizt þoralfur þui at gudny kona sin hefdi gefit sier fiordungsgjöf enn hafdi þar eingi uitni til nema saugn sina. þui dæmdum uær þat so framt laug uera sem hann leiddi ij lauglig uitni fyrir michaelsmessu næstkomandi. enn elligar ecki afl hafa eiga. Og til sanninnda hier vm settum uær fyr nefnder menn uor insigli fyrir þetta domsbref er giort uar a hofi j uazdal laugardaginn næsta fyrir huitasunnv ari sidar enn fyrr seiger.

246.

21. Maí 1493.

í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti samþykkir, að Brynjólfur Sigurðsson sé ráðsmaður á Reynivöllum í Kjós um næstu tvö eða þrjú ár fyrir Ásbjörn prest Sigurðsson, skólameistara í Skálholti, með því skilorði, er bréfið greinir.

Bisk. Skalh. Fasc. XII, 2, frumritið á skinni. Innsiglið er dottið frá. — AM. Apogr. 2443 „accuratissimé“.

licencia super procuratorem domini esberni.

vm radzmann til reynevalla.

Vær Stephan með guds nad biskup j Scalholti giorum godum monnum kunnigt með þessu voru opnu brefe að uær hofum gefit gott orlof til sira asbirne sigurdzsyne vorum skolameistara að taka bryniolf þosteinsson sier til radzmannz fyrer stadnum ok stadarins peningum a reyneuollum j kios að hann ueite þar forstodu fyrer vm tuo ar eda þriu eptter þui sem þeim kemur saman a medan greindur sira asbiorn er j vorre vernd ok embætte heilagrar scalholtts kirkiu. með þui moti að hann leggi þar jun sína peninga

ok veiti suo forstodu fyrer aullu saman ad sekttalausú vid oss ok vora eptterkomendur heilagrar Scalholttz kirkiu formenn med þeim skilmala ad peningar greindz sira asbiarnar skyllde fyrst standa fyrer stadarins borgun a medan þeir endazst enn ef þeir hrockua eigi til þa skulu peningar fyrnefndz bryn(i)olfs þar fyrer borgun standa ok allre a-býrgd suo ad kirkian þar ok stadrinn og þeirra peningar blifi fyrer utan allan skada ok tion. Ok til sanninnda hier um lietum ver festa vortt jnncigle fyrer þetta bref skrifat j Scalholtti feria tertia infra¹⁾ octauas asscensionis domini. anno domini M^o cd^o xc^o iij.

247.

21. Maí 1493.

í Skálholti.

TRANSSKRIFTABRÉF.

AM. Apogr. 1693 „Ex originali Lundensi Lundareykjadal“. (þrjár afskriftir).

Þath giorum vid Kollgrimur kodransson ok Hakon Jonsson prestar Scalholttzbiskupsdæmis godum monnum kunnigt med þessu ockru opnu brefe ad vid hofum sed ok yfirlesit opit bref med heilum ok oskoddum hangandi insciglum svo latandi ord eptter ord sem hier seigir [Hér kemr bréf Stepháns biskups um staðarsetning á Lundi í Lundarreykjadal, frá 23. Apr. 1493, Nr. 238 hér að framan.]

Ok til saninda hier um settum vid fyrnefndir prestar ockr inscigle fyrir þetta transskriptarbréf skrifat í Scalholtti feria tertia infra¹⁾ octauas asscensionis Domini. anno Domini M^o. cd^o. xc^o. iij^o.

¹⁾ Hér verðr „infra“ að þýða *fyrir*, en ekki eptir (sbr. lénsbréf Sörens Nordby's 20. Maí 1520). Áttund uppstigningardags er 1493 fimtud. 23. Maí. Næsti sunnudagr á eptir er hvítasunna, og við þann dag væri án efa miðað, ef dagsetningin ætti að merkja þriðjudaginn næsta þar á eptir.

248.

28. Maí 1493.

á Staðarfelli.

SKIPTABRÉF eptir Þórð Helgason á Staðarfelli.

AM. Fasc. XXXII, 13, frumritið á skinni, frá Staðarhóli. Öll (6) innsigli eru dottin frá bréfinu, og bréfið er nokkuð götugt. — Apogr. 1494.

Peningar virðter eftir Þórð heitinn Helgason
á Stadarfelle 1493¹⁾.

er þetta skiptabref eptir þord helgason þa stulli
sonur hañzs medtock stadarfelli²⁾.

Þat giorum vær salamon einarsson. halldor þorgeirsson. sigmundur halldorsson. gudmundur hrafnsen. þorsteinn suart-haufdason. kiartan jonsson. godum monnum kunnighth med þessu noru opnu brefe þa er lidit uar fra hingatbvrde uors herra jhesu christi þusund cccc niutigir ará og þriu under stadarfelle á medalfellz stravnd þridiudaginn næsta epter fardagauiku nefndu þeir oss til stulle þordarson og jon asgrimsson magr hans at uirda og sundur at reikna alla þa peninga kuika og³⁾ dauda sem fallit haufdu til erfda epter þord heitinn helgason. Suo og heyrðum uær þar á at stulle þordarson baud þorsteine þorleifssyni mage sinum at hann skyllde nefna suma menn til at uirda og sundur skipta adr saugdum peningvm epter rettu lagaskipte enn þorsteinn þorleifsson sagde þar nei mit. þui uirtum uer at bon og beizlu adrnefnz stulla og jons asgrimssonar alla þessa peninga til suo harra uerdaura sem hier seiger.

fimtán hundrud j navtum. x hundrud j kauplum med fim kalfum. tolf. c. og xx j asaud. atta hundrud og xx j gellidum saudum. þriu. c. j ueturgaumlum saudum. fim hundrud j ellzgaugnum. sex hundrud j sængarklædum med fiorum kaunnum og eru tuær laoklausar⁴⁾. tuo hundrud j busgagne med tuennvm kaumbum. u. hundrud j storkiorulldvm med tueimur saum og einne pipu. kista og bord. handklæde og tinfat fyrir. c. dukar þrir og munlavg fyrir. c. smidia og kista fyrir. c.

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 16. öld. ³⁾ tvískrifað í frbr. ⁴⁾ Svo.

j taulufie og skinum. tuo hundrud j uadmalum. x. hundrud j silfri. tuo skip forn med tueimur slyum fyrir. ij. hundrud. fim brutar og tueir sauder ueturgamler fyrir. c. þriu suin og si(a)u sauder ueturgamler fyrir. c. gyllta med niu griseum fyrir. c. uondur og pallaklæde fyrir þriu. c. sex sauder tuénetrer med skak og kuotru fyrir. c. fimtan uætt-er smiors. þrir tiger kuijllda med jordum á leigustaudvm. uirtum uær og mala gudfinnu jonsdottur eigin konu þordar heitins helgasonar vr þessvm penin(g)um niutiger hundrada at hæd er hun sagdizt eiga j hans gard j sinn mala. svo og kuomu þar fram̄ tvo lauglig uitni ok¹⁾ baru þar uitni um at þordr heitinn helgason hefde lýst þui j sinne testamentisgiord heill at uizmunum enn krankr j likama at gudfinna jonsdotter eigin kona hans ætti suo hafa peninga j sinn mala j hans gard. hafde hann þar sierdeilis j reiknad og til skipat jordina tungard fyrir sextan hundrud. reiknudum uær og þessa jordina j hennar mala epter þui sem hann hafde til skipat og þar til frida peninga og ofrida j adur skrifud niutiger hundrada. enn stulla þordarson rettiliga mega ut luka. Og¹⁾ til meire audsyningar og stadfeste hier vm settum uær fyr nefnder menn uor jnsigle fyrir þetta bref. skrifad j sama stad og are. deige sidar enn fyr seiger²⁾.

249.

28. Maí 1493.

á Helgafelli.

HELGI Þorvaldsson og kona hans selja Haldóri ábóta á Helgafelli jarðirnar Borg og Laxárdal á Skógarströnd fyrir lausafé.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Péturssonar í 4to, kallaðri Ye, með hendi Jóns lögmans Sigurðssonar c. 1600, nú í Landskjalasafni 94. Ágrip af bréfinu er í AM. 252. 4to. bls. 44; AM. 430. 4to bls. 3, og Apogr. 1590, alveg ónýtt.

¹⁾ Svo hér. ²⁾ þ. e. 29. Maí.

Bref fyrir Borgum og Laxárdal.

Það giorum vier Einar Þorolfsson, Þorleifur Ormsson, Magnus Halldorsson og Ormur Hakonarson godum monnum kunnugt med þessu voru opnu brefi. þa hýdit var fra hingadburd vorz herra 1493. a Helgafelli j Helgafellzsueit þridiudaginn næstañ epter huijtasunnu vorum vier j hia saum og heyrðum ð ord og handaband þessara manna af einne ðlfu herra Halldorz Abota a Helgafelli. enn af annari alfu Helga Þorvalldssonar ad so fyrir skildu. ad greindur Helgi Þorvalldsson selur Abota Halldore. og hanz Hwstru. ij jarder. er so heita Borg og Laxardalur. er liggur a skogarstrond. j Eyrar kirkiu sokn til æfinligrar eignar. med ollum þeim gognum og giædum sem greindum jordum fylger og fylgtt hefur ad fornu og nyiu og greindur Helgi var fremst eigandi ad. epter fodur sinn og modurbrodur. Hier j mot gaf fyrskrifadur Halldor (aboti) fyrskrifudum Helga v kyr og v asaudar kugilldi. ij hesta fyrir ij kugilldi. iije j gielldum sandum. edur asaudar kugilldi. huort sem abotinn villdi helldur lwka. og þar til iiij halfstyckissklædi fyrir iijje. xij stikur liereptz fyrir je. ij tunnur miolz fyrir je. xxx asmundar annarz hundradz fyrir je. Lofadi adur greindur Helgi ad suara Lagarptingum a jordinne. enn Aboti Halldor halldi til laga.

og thil sanninda hier v̄m et cetera.

250.

[1493].

HELGI Þorvalldsson kvittar Haldór ábóta á Helgafelli um andvirði Laxárdals og Borga.

Eptir skjalabók nú í Landsskjalasafni 94, úr safni Jóns háyfirdómara Péturssonar (í 4to) með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600.

Annad Bref (fyrir Borgum og Laxárdal).

Það giore eg Helgi Þorvalldsson godum monnum kunnugt med þessu mijnu opnu brefe ad eg medkiennunst. ad eg hefi fulla peninga vpp borid af Abota Halldore fyrer þær ij jarder er eg sellda honum. sem so heita. Borger og Lax-

árdalur. er liggur a Skogarstrond j Eyrarkirkju sokn sem mior vel anægier. og j kaupi ockru var skilid. og þui gief eg adurgreindur Helgi Abota Halldor olldungiss kuittañ og akiærulausañ vñ allt verd fyrir adurgreindar jarder fyrir mior og ollum mijnum epterkomendum.

og til sanninda hier vm et cetera.

251.

3. Júní 1493.

í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti kvittar Jón Jónsson, er kallaðr, er hjálmr, um greiðslu á prófentugjaldi fyrir Þórunni Gísladóttur konu sína til Skálholtsstaðar.

Bisk. Skalh. XVII, 28, b. frumrit á skinni, sem var orðið til skemda fúid á dögum Árna Magnússonar.—AM. Apogr. 2371 eptir Skálholtsfrumritinu „accuratissimé“. Skalla þá, sem þá voru dottnir á frumritið, fylti Árni eptir afskript frá c. 1680 með hendi séra Bjarna Hallgrímssonar í Odda, er gerð var meðan frumritið var enn heilt. Sbr. prófentubréf frá 13. Maí 1493 (Nr. 244), sem stungið var saman við þetta bréf.

kuittunarbref.

Vær st[epha]n med guds nad biskup j skalholhti giorum godum monnum kuneckt med þerssu voru opnu [brefi a]d jon jonsson er kalldr er hialmr hefer luckt heilagri skalholhtz kirkiu. oss [og vo]rum radzmanne j skalholhti j prouentu þoruñar gisladottr konu sínar suo vo[rðna] peninga sem hier seger. jn primis atta kyr. siau asaudar kugillde. gamallt na[ut i t]uau hundrut. tuau naut fiðgra vetra firir tuð hundrut. tolf sauder gamler j tuð h[undrut]. hest og hross j tuð hundrut. xij. fiordunga ketill sterkr og nyr j tuð hundrut. [fim v]oder¹⁾ vadmals j tuð hundrut og þar til

¹⁾ Árni ætlar að afskript séra Bjarna hafði lesið alt rétt, sem í bréfið vantaði, þegar Árni lét afskrifa það, og segir: „Það stærsta dubium kynni giörast um fim voder vadmals i. ije. enn það er að visu riett, því í þá daga gillte 1. alin vadmals 2. alner landaura 24

| |
|---------|
| 5 |
| 120 |
| 2 |
| 240al.“ |

eitt hundrat j þarfigum peningum sem oss næ[ger u]el ad taka og þar til þriar vetter smiors j tuð hundrut. þui giorum vær greindan jon og adurnefnda þoruñe öllungis kuit og akiærulaus vm alla fyrskrifada peninga fyrir oss og vorum eptirkomendum kirkiunnar formonnum j skalholhti. Og til sannenda hier vñ letum vier festa vort jnsigli firir þetta bref vndir eins jnsiglad med prouentubrefinu. Skrifat j skalholhti feria secunda post dominicam sancte trinitatis. anno domini Mcdxcij.

252.

5. Júní 1493.

á Hólum.

TRANSSKRIFT af bréfum um Miklabæjarmál.

Bisk. 3. Fol., bls. 234 & 242, bréfabók frá Hólum rituð 1641—1642.

Doms Bref a Eyrarlandi(!)

Þad giorum vier Gudmundur Jonsson. Gudulfur Magnusson. Halldor Ormsson. og Eyrikur Sigmundsson prestar Hola Biskups dæmiss godum monnum viturligt med þessu voru Brefe. ad vær saum og ýferldúsum oll þesse epterskrifud Bref so latandi ord epter ord sem hier seiger med heilum og hangandum innsiglum. [Hér koma átta skjöl um mál séra Sigmundar Steindórssonar:

- 1) Eyrarlandsdómr 27. Júní 1474, DI, VI, Nr. 65.
- 2) Úrskurðr Ólafs biskups uppá hann 28. Júní 1474, DI, V, Nr. 668.
- 3) Bréf frá 16. Marts 1475. Dipl. Isl. V, Nr. 691.
- 4) Bréf frá 27. Okt. 1474. Dipl. Isl. V, Nr. 680.
- 5) Bréf frá 9. April 1476. Dipl. Isl. VI, Nr. 70.
- 6) Bréf frá 13. Dec. 1479. Dipl. Isl. VI, Nr. 230.
- 7) Bréf frá 11. Júli 1478. Dipl. Isl. VI, Nr. 141.
- 8) Bréf frá 20. Aug. 1479. Dipl. Isl. VI. Nr. 219].

Og til sanninda hier vñ settum vær fyrrnefnder prestar vor jnsigle fyrer þetta transskriptar Bref. er skrifad var a Holum j Hialtadal in vigilia corporis christi Anno domini m^o. cd^o. xc^o. tertio.

253.

23. Júní 1493.

á Sjárvarborg.

RUNÓLFR Guðmundsson selr Símoni Pálssyni jörðina Skinnþúfu fyrir tuttugu hundruð í lausafé.

AM. Fasc. XXVII, 23, frumrit á skinni. Ártalið hefir misritazt eitthvað í upphafi og síðan verið leiðrétt, svo að nú er nokkuð óvíst, hvernig lesa skuli, nema hvað m^o cccc lxxx (1480) er skýrt, en vafinn er um hvað þar á eptir kemr. Í bréfaregistri Grunnavíkr-Jóns er sagt, að ártalið sé eitt af þrennu 1480, 1490 eða 1483. Árni Magnússon segir „Scriptum fuisse primo videtur lxxx. z lxxx. ar sidan raderad, og sett lxxxx. i stadenn“. En í „Copiubokar Registre með hendi Jons M(agnus) s(onar)“ segir Árni að staðið hafi ártalið 1483; úr sýnist það helzt eigi að lesast 1493 eins og Árni segir. Utan á bréfinu stendr með allgamalli hendi „1480“.

vm skintufú¹⁾.

Þaðh geýrum vid arne þorarensson ok sigurdur ionson godum monnum viturligt med þessu okkrv opnu brefe ad þar vorum vid ihia saum ok heýrdum æ ord ok handaband þessara manna runols gudmunsson(ar) [af eirne alfu²⁾ ok simunar palssonar af annar(e) ad sua firer skildu ad fyr nefndr runolbr sellde adr greindum simone iordena er sua heiter skinþufa er liggur í skagafirde i glaumbæar kýrkiu sokn til ful(l)rar eignar med ollum þeim gognum ok gædum sem greindre iordu filger ok fýlt hefur ad fornu ok nýu ok hann vard fremst eigande ad. skýllde tittnefnr simun gefa adr greindum runolbe vid fyrnefnre iordu xx hundrud í fridum peningum ok friduidum. skýllde simún hallda iordune til laga en þrattnefnr runolbur suara laga-riptingu. for þesse gerni(n)gur fram æ siofuarborg i skagafirde sunnudagin næsta firer ionsmessu babtista þa lidit var fra hingadburd vors herra ihesu kristi m^o cccc lxxx[x ok þriu ar³⁾]. Ok til saninda hier vm settum uid fir skrifader menn okor insigli firer þetta iardarkaups bref er gertt var i sama stad dege ok are sem fir seigier.

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ²⁾ [á spássíu og ekki vísað inn ³⁾ [þriu er skýrt, hitt er óskýrt, en þó eins og það eigi að vera: x z (= 1493)].

254.

25. Júní 1493.

í Engey.

PÁLL Brandsson selr Sigurði Filippussyni jörðina Norðrreyki í Mosfellssveit fyrir jörðina Galtarvík á Akranesi og lausafé að auki.

AM. 238. 4to. bls. 23 (Bessastaðabók), skr. c. 1570. — JSig. 143. 4to. — AM. Apogr. 1807.

Bref vm norðr Reykir oc ytra Galtarvík.

Þat giorvm vier Magnus Arnason. Eyolfur Hellgason. Jon Magnvsson oc Kare Þorgisson¹⁾ godvm monnvm kvnngitt med þessv minv¹⁾ opnv brefe arvm epter gvdz byrd M. cccc. lxxxx iij ar æ þridiv dægenn næsta fyrir Petvrs messo oc Pals vm svmmared j Eyngey æ Kollafirde vorvm vier j hia savm oc heyrdvm æ ord oc handaband þessara manna af einne alfv Pals Brandzsonar enn annare Sigurdar Filippussonar at svo fyrrer skilldv at nefndvr Pall selde greindvm Sigvrde jordena nordvr Reyker er liggur j Mosfelltz kirkiv sokn til fvllrar eignar oc frials forrædis med ollvm þeim gognvm og giædvmlvtvm oc hlvnndv[m] sem advr nefndur Pall vard fremst eigande at oc kvinna hans jngebiorg þorvardzdotter.

Hier j mote gaf fyrnefndur Sigvrð[vr] Filifsson titt nefndvm Pale jordena ytri Galltarvík at Akranese. er liggur j Garda kirkiv sokn med ollum þeim gognvm oc giædvmlvtvm oc hlvnndvm sem greindre jordv fyllger oc fylgtt hefur at fornv oc nyiv oc sem opt nefndur Sigvrðvr vard fremst eigande at. reiknvðunst¹⁾ þessar jarder med þvilikvm dyrleika Reyker fyrer xxx^c. enn Galltarvík fyrir xvj^c. hier æ millvm skyllde greindur Sigvrðvr gefa greindvm Pale. v. malneytv¹⁾ kvigilde. tven tyge oc tvo hesta fyrir vj^c oc vj^c j varninge oc gvlldvzt þessir peningar þar j sama stad. tvenn tyge. ij hestar oc j halfstykke klædis. pottvr oc kietel fyrir ix^c. alltt saman. skyllde hvor greindra manna hallda til laga enn svvara lagariptingv þeim er selde.

Og til sanninda hier vm settvm vier fyrnefnder menn

¹⁾ Svo.

vor insigle fyrir þetta jardar kavps bref er skrifad var j sama stad are oc deige sem fyr seigir.

255.

26. Júlí 1493.

á Bessastöðum.

DÓMR tuttugu og fjögurra manna útnefndr á Öxarárþingi af Finnboga lögmanni Jónssyni og Helga lögmanni Oddssyni um ákæru Pétr's hirðstjóra til Andrésar Guðmundssonar um aðtekt á Guðmundarpeningum.

Landsbókasafn 122. 4to., bls. 377—379, skr. c. 1790.—Landsbókasafn 6. Fol., bls. 235, skr. c. 1680 (sambljóða ágríp og í 122, en ritháttur nær öllu lakari).

Alþingis Domur um ólöglega Peninga
aðtekt Andresar Guðmundssonar
efter sinn Fodur.

Dæmdur af Lögmannunum báðum Finnboga Jonssyne og Helga Oddssyne á almenelegu Oxararþinge og 24 Doms-mönnum um þá akiæru Petur Hirdstiore og Hofudsmann yfer allt landet þar kærde til Andresar Guðmundssonar ad hann hefde teked ad sier nockra peninga af Guðmundar peningum og bei(d)de þar og krafde Dom upp á hvort þess-er peningar være rett tekner edur ei. svo og hvorra svara edur sekta fyrrgreindur Andres yrde þar skyll dugur fyrer þar sem þeir voru ádur utlæger lyster og under kongsins Vernd og Forsvar. Nu saker þess ad Andres Guðmundsson liet þar lesa fyrer oss morg Bref bæde transscriptum ut af mins Herra Kongsens brefum og morg önnur skilrike med góðra manna Jnnsiglum þau sem oss litust honum miog til bata uppá fyrrnefnda peninga. hins og annars ad Andres var þar ecke löglega fyrer kalladur hvorke med stefnu nie underlage þá leitst oss siálf lögin i mote mæla ad vier legd-um fullnadarDóm uppá fyrrnefnda Peninga i það sinn.

Jtem i annare grein stendur so i vorum Landslögum ad eingen vor skal fyrer odrum taka og ecke skulum vier oss ad gripdeildum giora og dóms er hvor verdur fyrer sinu

ad hafa. og fyrer þessar greiner og fleire adrar ad Logeñ fyrerbioda Rán og gripdeillder þvi dæmdum vier ad þesser peningar skylldu standa otekuer fyrir hvorium manne og þeir skylldu standa hid nærsta ár effterkomanda án Klögunar edur Kiæru utañ minn¹⁾ Herra Kongurenn giore þar adra skipun á effter þvi sem það bref utvisar sem fram var skrifad til mins Herra Kongsens Náda²⁾ nú fyrer tveimur árum. Enn hvor sem gripur edur tekur þessa peninga án Dóms edur Laga svare sliku fyrer sem Løgeñ utvisa.

Samþyckte þennañ vorn Dom med oss fyrrnefnder Løgmenñ hvorier ed sin Innsigle settu med vorum Innsigluñ fyrer þetta Domsbref hvort skrifad var á Bessastödam a Alfitanese Fostudagenn nærstañ fyrer Festum sancte Olai³⁾ Regis 1493 [ar⁴⁾.

256.

22. Ágúst 1493. í Nesi í Aðaldal.

VITNISBURÐR, ad Jódisarstaðir í Skriðuhverfi hefði ekki verið seldir með landeignarítölu fyrir austan Mánalæk.

MSteph. 27. 4to., bls. 472—473, skr. c. 1730.

Þad giorum vier Eigill Magnusson. Þall Simonarson. Ari Eireksson. Þolleifur Helgason godum mönnum vitanlegt med þessu voru opnu brefe ath þar vorum vier j hið sðum og heyrðum á ath þorsteirn lodviksson handfeste Magnuse Þorkielssyne so felldann vitnesburd. ad Hrafn Brandsson hefde alldrej sellt Tumase Sveinbiarnarsyne landeignar jtölu fyrer austann Mánalæk med Jodijarstodum j Skriðuhverfe.

hier effter sagdest firrnefndur þosteinn lodviksson fullann bokareyd skillde sveria nær sem ádurnefndur Magnus Þorkielsson villde.

Og til sanninda hier umm settum vier firrnefnder menn vor jnnsigle fyrer þetta vitnesburdarbref er skrifad var j

¹⁾ 6; eirn 122 ²⁾ 6; Nádar 122. ³⁾ Olavi 6. ⁴⁾ [b. v. 6.

Nese j Adaldal fimtudagienn næstann fyrer Laurensius messu þa ed lided var fra hingadburde vors herra Jesu Christi þusund cccc. lxl. 3. ðr.

Og til meire stadfestu hier umm setta eg offtnefndur þorsteirn lodviksson mitt jnnsigle med firrgreindra manna jnnsiglum fyrer þetta vitnesburðarbref er skrifad var j sama stad dege og are sem fyrr seiger.

257.

21. Október 1493.

á Hólum.

TRANSSKRIFTARBREF.

AM. Fasc. XXXI, 16, frumtransskriptið á skinni. Annað innsiglið er dottið frá. — Apogr. 3345.

Þath giorum vid gydmyndr kollason ok halldor orms-son prestar holabiskupsdæmis godvm monnum viturligt med þessv ockrv opnu brefi ath vid hofvm seid(!) ok yferlesit bref med haugandvm ok oskoddvm innciglvn suo latanda ord efter ord sem hier seiger

[Hér kemr bréf Sveins Guðmundssonar um Kryddhól frá 18. Janúar 1492, DI, VII, Nr. 173].

Ok til sannenda hier (vm) settvm vid fyr nef(n)der prestar ockr inncigle fyrir þetta trañskriftarbref skrifat aa holum j hialtadal manodagin næst(a) efter luce ewangeliste anno domini M^o cd^o xc^o tercio.

258.

11. Nóvember 1493.

á Hólum.

DÓMR tólf klerka útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum um kærur biskups til sira Hallkels Guðmundssonar um afmörkun á einni á, sauðatöku og prófenturof.

AM. Fasc. XXXII, 1, frumrit á skinni. Af 10 innsiglum eru nú 6 fyrir bréfinu. — Apogr. 3349.

Domur vm sira Þorkiel¹⁾.

Þat giorum ver andress ionsson radzmadur heilagrar holakirkju. gudmundur ionsson. gudmundur kollason. gudwlfur magnussson. eirikur sigmundsson. halldor ormsson. magnus þorgrimsson. ingemundur ionsson. sigurdur ionsson og gotskalk niculasson prestar. einar þorvalldzsson og suein vilialmsson diacknar holabiskupsdæmiss godum monnum viturligt med þessu vorv brefi at þa er lidit var fra hingad (burd) vorss herra iesv christi Mcdxc og ij ar²⁾ i storustofunne a holum worv ver i dom nefnder af vorum virduligum herra og andaligum fodur olafui med gudz nad biskupi a holum at dæma vm þa akæru sem biskupin kærði til sira halkellss gudmundzssonar. Dæmdu ver stefnuna logliga þui at sira halkell kendizt hana sialfur og hann logliga fyrir kalladan hier i dag. en i fyrstu grein er í stefnvne stod og biskupin kærði til sira halkellss at hann hefði haft og tekit fra haldore þorgrimssyne eina a og afmerkt hana og vilt svo heimild a henne vtan hanss vitord og vilia og eignat ser. kom þar og fram bref og incigle haldorss þorgrimssonar fyrir oss suo latanda at hann hefði sott med vottvm til fiar sira halkellss eina a er hann sagdizt eiga en i sambandi var vid eina a sira halkellss. þui at tilkalladre gudz nad dæmdu ver fyrskrifader kennimen halldor þorgrimsson skyllvgan at leida tuav loglig (vitni) sem hann vænist i sino brefi vm þessa saumv a nu a næstre prestastefnv og svo dæmdu ver sira halkell skylldugan at fara sem logliga stefndan a þessa somv prestastefnv at forsvara sitt mall med profvm og skilrikivm vnder þan dom sem þar verdur yfuer nefndur. en vm þa adra sauck er i stefnvne³⁾ stod vm þa xij saude er hann skyllði haft (hafa) vr hvnavatzþingi dæmdu ver sira halkell skylldugan at færa sig vndan med logum a næstu prestasten(vn³⁾) ella standa þar strax dom ef honum fellz eiduriun. en vm þá þridiv grein er biskupin kærði til sira halkellss at hann hefði eigi halldit sitt profuentubref at hann skyllði ganga til

¹⁾ Svo utan á bréfinu með hendi frá 17. öld; rétt: Hallkel. ²⁾ Eingin dagsetning í bréfinu. ³⁾ Svo.

koorss huern dag helgan og seigia iij messur j hverri viku dæmdu ver sira halkell skylldugan at giallda heilagre hola kirkiu iij merkur vppa hvert ar er hann hefuer eigi til koorss gengit og han kan eigi afbata. en vm þær voder xx og eina er hann reiknar vppa kirkiurna og biskupin og seiger rangliga fyrir sier halldit. dæmdum ver optnefndan sira halkel skylldugan at syna sitt proventvbref innan halfss manadar at heyrðum dominvm hvort han ætti þær voder at hafa eda eigi. en ef hanss bref giorer þeirra voda aungua grein þa dæmdu ver tratnefndan¹⁾ sira halkell skylldvgan at gialda ix merkur biskupinum og xv merkur hellagre hola kirkiu fyrir þa orykt og ranga lysing er hann hafdi haft og lyst bædi a biskupin og kirkiurna. skulv þessir peningar lukazt at næstvm fardogum biskupin(um) edur hanss vmbodzmane heima a holvm at heyrðvm dominvm. var þessi vor domur vpsagdur a favstvdagin nestan fyrir marteinss-messo. Og til sannenda hier vm settvm ver adurnefnder kennimen vor incigle fyrir þetta domsbref er giort var a sama stadi og are en þrimvr dogvm seinna en fyr seigir.

259.

28. Nóvember 1493.

20. Maí 1494.

} á Þingeyrum.

KAUPBRÉF Ásgríms ábóta á Þingeyrum og Jóns bónda Sigmundssonar um jarðirnar Efranúp í Núpsdal, Melrakkadal í Viðidal og Hris með tilgreindum ítökum og landamerkjum.

Bréf þetta er hér tekið eptir fjórum afskriftum: a) gömul afskrift og lasin frá c. 1640, gerð í Húnavatnshingi og staðfest af Illuga Jónssyni og Rafni Bessasyni; b) afskrift, sem eg fékk frá séra Arnljóti 1896, gerð eptir frumritinu, sem þá var til og með tveim heilum innsiglium og hinu þriðja með „nýrri festingu styrkt“, staðfest í Viðidalstungu 31. Marts 1703 af Jóni Eiríkssyni, Teiti Eiríkssyni og Ögmundi Ögmundssyni; c) önnur afskrift einnig frá 1703, gerð 18. Júní á Efra-Núpi í Miðfirði „epter sijnum original“, og staðfest af Helga Jónssyni og Árna Guðmundssyni; d) AM. Apogr. 408, og er sú afskrift gerð 11. Júní 1724 að Kollsá við Hrótafjörð og staðfest af Páli Sigurðssyni og Stígi Arasyni, og rita þeir eptir afskrift gerðri 5. Júní 1705 á Núpi í Miðfirði,

¹⁾ Svo.

staðfestri af Helga Jónssyni, Árna Guðmundssyni, Páli Jónssyni, Jóni Bjarnaeyni, Guðmundi Þorsteinssyni og Skúla Þorbjörnssyni; segjast afskrifarnir 1705 rita eptir frumritinu á kálfskiinni hjá þeim bræðrum Jóni eldra og Teiti Eiríkssonum. Á þessa afskrift (1705) hefir Gott-rúp ritað: „Framlagt og auglyst firir Rettenum a torfustada heradz-þjnge föstudaginn þann 18da Junij Anno 1723 vitnar J Christopher Gottorp“. Neðan við afskriftina frá 1724 er ennfrömr ritað, að því er ætla má með hendi Gottrúps: „Original þessa (briefs) hygg Eg sie intercederatur, þui sagdist Jon¹⁾ hann hafa látid hann(!) Copera ad litt læs verid hefde. enn það hefur og so verid gott skial“. Hér er fylgt rithætti þeim, sem er í b, því að gamla afskriftin (a) er ekki vel göð.

Copium af kaupbrefum um Nup i Nupsdal 1493²⁾.

Þeim göðum monnum sem þetta brief síð edur heira senda Þorsteirn prestur Jónsson. Arne Jónsson. hákon eigilsson. Sigurdur Jvarsson og Þorgrymur Olafsson kuediu gudz og sijna. kunnugt giorande. ad þa er lidid var frá hlyngad Burd vors herra Jesu Christi þusvnd fiögur hundrud nlyutijer og þriu ár vorum vier þar j hið. sðum og heirdum á þyngeyrum j hunavatnzþynge fimtadægin³⁾ næsta firir andresmessu. ad þeir toku hondum samañ. af eirnre álflu herra [ásgrijms ábbóta⁴⁾ á þyngeyrum med vitand og samþicke hans conuentubrædra. enn af annare [Jons bonda Sigmundssonar⁴⁾. med samþicke Þorgierdar Oddzdóttur konu hanz. ad suo firir skilldu. ad nefndur Jón selde ábbóta ásgrijme og vnder klaustrid á þyngeyrum med fullu handabande jórdina Melrackadal er liggur j vijdedal j ásgieirsár kirkiusokn. og þar til adra jörd er heiter j hrijsum. er liggur j sama dal j vijdedalstungu kirkiusokn. med öllum þeim gögnum og giædum sem áður greindum jórdum filger og fylgt hefer ad fornu og ad nyu. og Jón hafde fremst eigande ad ordid. og hier med þriar kyr og sið ásaudar kugillde og þar til fiögur hundrud j þarflegum penjngum. Sagde áður nefndur Jón ad jorden Þorkelshuoll ætte sex vikna beit vpp j jórdina⁵⁾ dal. enn jórdin Melrackadalur ætte halfs mándadar teig ofañ á Þorkelshuols

1) Þ. e. Jón Eiríksson á Núpi. 2) a; Jarda kaupzbriefz Copia fyrir Efra nupe. melrackadal og Hrijsum vtskrifud Anno 1703, b. 3) d; fimtud. a, b, c. 4) [Svo öll. 5) sl. d.

eingiar. enn hier j mót gaf ásgrijmur ábóte jórdina efra nup j nupsdal er liggur j midfiardarhrepp med öllum þeim gögnum og giædum sem ádurgreindum nupe filger og filgt hefer ad fornu og nýu. og klaustrid a Þjngeyrum hafde fremst eigande ad ordid. med þessum kirkiugössum. litla tunga firir tolf hundrud. fim hundrud j reka vnder Skridnisenne¹⁾ j bitru. tuo asaudar kugillde²⁾. tuo hundrud frijd. Þetth jnnañ kirkiu. kalek. messuklaede. dávijs saltare. enn firir þan kirkiugöss. sem fallid hafa sydañ formenn Þjngeyraklausturs áttu ad suara kirkiunne á Nupe. lugte ábóte ásgrijmur opt nefndum Jöne suo heitande jarder. er þar liggia j dalnum. nialstade. bardastade. dadastade og þuerd. Skillde ábóte ásgrijmur af sier ad suara nockru firir firnd kirkiunnar á Nupe eda hennar kirkiugöss framur enn nu er sagt. Sagde³⁾ ábóte ásgrijmur ad efre nupur ætte torf-skurd j nedra nups jörd suo sem þarf. og tueggia mádnada⁴⁾ beit öllum [jnnefenade⁵⁾. enn nedre nupur hier j mót gellfiar rekstur fram á Öundurfitiar og huannskurd og grasa-lestur. Landamerke j millum nupanna. rædur áshölsgil⁶⁾ nedañ vr nupsá og vpp j Maratiörn⁷⁾. þadañ og jfer j nupsvatn og suo til fiállz. firir austañ nupsá rædur riupnadæl og riettsyne vpp j merarhamra og suo epter steinaheide⁸⁾ og fram j brædur. suo riettsyne austur j Kastala. þá rædur Þorvaldsá fram j Þorvalldsvatn. suo til móts vid adalból og suo sudur ad fialvördum⁹⁾ og mikla huannstöð vid sunnañmenn [j austurflóa¹⁰⁾ og ofañ á önvndarfitiar og galltarsel og riettsyne heim j nupsvatn. Skillde huor vñ sig hallda jördunum til laga sem [þeir keiptu. enn suara laga-riptyngum á þeim sem þeir selldu.

og til sanninda hier vñ settum vier firr nefnder menn vor¹¹⁾ jnnsigle firir þetta jardakaupsbrief giört var á Þjngeyrum j hunavatnspjngje. þridiudaginn næsta epter huijtasunu áre sijdar enn firr seiger.

¹⁾ c, d; Skridinsenne a, b. ²⁾ kuillde c. ³⁾ skildi a(!). ⁴⁾ a; wanadar, hin. ⁵⁾ [fenadi a; ⁶⁾ [áshölsgil c, d; ⁷⁾ tion mara (!) a; ⁸⁾ a; steinheide hin; ⁹⁾ fialvördum b, c, d; fiallvordum a; ¹⁰⁾ [Austari floa a; ¹¹⁾ [sl. a.

260. 3. December 1493. á Hólum.

ÞORSTEINN bóndi Þorleifsson fær Ólafi biskupi og Hóladómkirkju til eignar jarðirnar Presthvamm í Grenjadarstaðabingum og Tungu á Tjörnési til fullrar eignar, og lausafé að auki, en biskup kvittar Þorstein um fjársektir þær, er á hann höfðu verið dæmdar.

AM. Fasc. XXXII, 8, frumrit á skinni. Af 9 innsiglium eru nú 4 fyrir bréfinu. — Apogr. 3354.

presthvammur i greniadarstadar kirkiusokn ok
tungu(!) a tiornnese¹⁾

Þath giorum vær gudmundr kollason kirkiu prestur heima æ holum. gottskalk niculasson. gudmundr jonsson. gudulfur magnusson. magnus þorgrimsson ok halldor orms-son prestar. Egill grimsson. sijnmon pallsson ok soolue and-resson leickmenn godum monnum uiturligt med þessu uoro opnu brefe j stopplenum hola domkirkiu manudagen fyrstan j iolafaustu²⁾ sub anno gracie M. cd^o. xc^o. terciio uorum uær j hia savm ok heyrðum æ ord ok handaband uors uirduligss faudurss olafs med gudss nad biskups æ holum af einne alfu en þorsteins bonda þorleifssonar af annare. ath suo fyrir skilldu ath greindur þorsteinn feck biskupen-um ok heilagre hola domkirkiu til fullrar eignar þessar tuær halfar jardir er suo heita presthvammur er liggur j greniadarstadar kirkiu sokn fyrir xvj huñdrut med kristfe. ok tungu er liggur j husauikur kirkiu sokn fyrir halft þrettanda hundrad med reka ok ollum þeim gognum ok gædum sem greindum halfum jordum fyllger ok fylgth hef-ur ath fornu ok nyv ok adur greindur þorsteinn vard fremzt eigande ath ok þar til xv hundrud j ollum þarfigum pen-ingum ok þar til xij merkur kirkiu(nn)e j husauick. skulu þesser aller peningar lukast nv ath næstum fardaugum. skal opt nefndur þorsteinn suara laga rippingum fyrir greindar halfar jarder. En biskupen hallda til laga. hier j mote gaf biskupen þrattnefndan þorstein kuittan um þan

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ²⁾ Þ. e. 2. Dec.

dom ok saker sem hann uard sectugur uid kirkiunar. hola domkirkiu ok husauick. nema hann lofate ath hallda þær skripter sem biskupin sette honum. Ok til sanenda hier um settum uær fyr nefnder prestar ok leikmenn uor jncigli fyrir þetta bref er giort uar j sama stad ok are degi sidar en fyr segir.

261.

1493.

MÁLDAGI kirkjunnar í Möðrudal á Fjalli, er Stephán biskup Jónsson setti í fyrstu yfirreið sinni yfir Austfjörðu.

AM. 263. Fol. bls. 1, skr. 1598. — AM. 259. 4to. bl. 136b—137a (ártalslaus), skr. c. 1600. — Landsbókasafn 107 4to. bls. 431 með hendi síra Jóns Halldórssonar í Hítardal c. 1730: „Þetta var orðrétt útskrifað af máldagablaði biskups Stepháns, er lá á Möðrudalskirkju Anno 1645, undirskrifuð(u) af síra Ólafi Einarssyni prófasti í Múlaþingi“. Máldaginn er hér einnig ártalslaus.

gamall maldagi¹⁾.

[Anno domini 1493²⁾.

Mariv kirkia oc heilaga Petrus³⁾ Apostula j Modrvdal a heima land alltt: med ollvm gognvm oc giædvvm: Hvn a skogar partt j vjdivallar merkivm hinvm fremrvvm: oc sturlv flete j milli tueggia lækia: oc kallazt Peturs tvnga: þat skilur landamerki millvm modrvdals oc Bvstarsfells: oc sionhending j (Cykarnypu⁴⁾): vr læk þeim er fellur vr holknæ: kirkian a allann gestreidar hals austur ad þrivordv: vij kapla gongv: oc taka eigi vndan fololld. yfver vm jokvlsá. kirkian a iiij kyr oc xiiij kvgilldi: gelldfiar c: ij hestar: eitt hross. iiijc⁵⁾ j gamla Porcionem: hefur þar gefizt sýdan sera sigurdur tok vid stadvm ein kyr: þangad liggia iiij bæier: ad tþvndum oc lysitollvm: hakonarstader: Cyriksstad-er: Brv: og kiolstader: ad song og allri renttv: takazt xij avrar j songkavp af bæhusenv a hakonarstodvm: vj aurar af Bæhusinv a Eyreksstodvm og vj avrar eda maurk

¹⁾ Modrudalur 259; Máldaga Bréf Stepháns Byskups um Modrudalskyrkiu 107. ²⁾ Ártalið hér leiðrétt; í handritinu stendr „1093“(!); [sl. 259, 107. ³⁾ Petrus 259. ⁴⁾ Svo einnig 259. ⁵⁾ iijc 259.

aff bænhusinv a Brv: jtem porcio ecclesie vppa v ar medan sera sigurdur hafdi halldid stadinn. ij hundrud: leizt skin-somvm monnvm kirkian verd: xiiije: var þetta j fyrstu visiacione er biskup stephan reid vm avstfirdinga fiordvng.

262.

1493.

á Skorrastað.

MÁLDAGI Skorrastaðakirkju í Norðfirði, er Stephán biskup setti.

AM. 257. 4^{to}, skbl. samtíða. — AM. Apogr. Nr. 2669. — AM. 263. Fol. bls. 10, skr. 1598. — AM. 259. 4^{to}. bl. 136 a—b, skr. c. 1600.

Stephans maldage¹).

Jtem bleif sira Magnus a Skorastöðum i Nordfirde skyll dugur kirkiunne. þa biskup Steffan giste þar i [fyrstu sinne²) visitacione vm austfiordu Anno [etcetera xciiij³]. xc. i porcio. oc atte ad giora vpp kirkiuna af suodan koste ad skiallegir dandemenn virte hana fyrer. xx. hundrut. En ef þar bryste nõckut vppa. ad hun væri eigi suo god virt eda metin. þa skyllde hann giallda kirkiunne suo mörg hundrut sem þar þætte vppa bresta. Lagde greindr sira Magnus til kirkiunnar messuklædi ny sæmilig slopp. nyian oc kantara kapu af salunsaklædi. likneski sancti Laurencij med gullfarg storann. oc sancte anne likneske med jslendzkt fargan oc silke haukul. allt þetta fyrir. xc. kirkian þar æ vj. kyr. xxx. asaudar oc vc. er luktizt fyrir halfkirkiu. jtem æ kirkian vje. viije. edr. xc. er komu fyrer iord þa sem aptur gieck vndan kirkiunne

263.

1493.

AFHENDING staðarins í Hólum í Hrunamannahrepp, þegar Stephán biskup lét afhenda, en séra Þórðr Guðmundsson tók við.

¹) 263; Skorastadur 259. ²) [sinne fyrstu 259. ³) [xiiije. oc ix avrar(!) 263; ixc xiiije(!) 259.

AM. 262. 4to. bl. 2a—b, skr. c. 1600.

Niunde mældagi kyrkiunnar.

Anno Domini 1493 voru suo mikler peningar afventer j Holum þa biskup Stephan liet afvenda. Enn sijra þordur gudmundzson medtok.

in primis kyr. xv.

asaudur lx.

gamallt naut firir. v. kalfa.

iiij hestar og ij hross.

ije. innanstox fridvirtt er sijra jon gaf kyrkiunne.

Jtem xiiiije j portio fornt og nytt.

var stadurinn allur med utihusvm og h(i)aleigum giordur firir xij hundrut.

Jtem var ornamentum kyrkiunnar.

hun atti tuo kaleika. annann litinn. tuenn messuklædi alfær. einn hokul. ij. cantaracapur. ein dalmadica. ij altaris-klædi. annat vont. v. dukar glitader vonder. ij corporalia med husum. fons umbuningur vondur. ij kluckur. ein bialla Ein koparpijpa.

264.

1493.

BRÉFSÁGRIP um Síðumúlaveggi.

AM. 252. 4to. bls. 46—47, skr. c. 1660. — AM. 430. 4to. bls. 6, séra Jón í Hitardal c. 1720. — AM. Apogr. Nr. 1592. — Landsb. 108. 4to. bls. 34. Þetta bréf er ekki í Helgafellsklaustrsskjalabókinni með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar.

Síðumúlavegger¹⁾.

Andries Magnusson gaff sier til saluhialpar og framfæres Síðumúlavegge j Síðumula kirckiu sokn cløstrenu a Helgafelle. og abota Halldore og þar til xxje i frijdu Anno²⁾ 1493³⁾.

¹⁾ 430 ²⁾ b. v. 108. ³⁾ 1593, 252.

265. [eptir 1493].

MÁLDAGI Staðarfellskirkju á Fellsströnd.

Landsb. 268. 4to. bl. 112a—b, skr. 1601. — Í Landsbókas. 108. 4to. bls. 560—61, með nýrri hendi, „eptir bók krikaðri 1606“ er ágríp af samskonar máldaga. Sbr. Nr. 266.

Staðarfell.

Peturskirkia vndir staðarfalli a xe j heima lanndi eptir gomlum maldaga.

Jtem a kirkian iij kyr. x asaudarkugilldi. iij c. j gellum saudum. xu aura hross med abæte fyrir c. ketil er ð liggia xix fiordungar fyrir cccc. attatýgi fiordunga keralld fyrir c.

Jtem ð kirkian oll sker oc holma fyrir harrastoduṁ vt at klifi fyrir vij. c. at frdtæknum tialldaness holmma og suartaskerium¹⁾. oluessker oc steindorseyiar fyrir [vij c²⁾]. lambey fyrir x c. vj. ærijng med olluṁ reida nyr fyrir. ccc. ij hundradz hestar.

Jtem ð kirkian deildarey fyrir. vij. c. er liggur j staðarfallz kirkiusoknn. reiknnast þetta allt samann lx. c. j fostu oc lausv oc ix hundrud betur.

Jtem ð kirkian fyrir jnnann sig brijk med ðlabastur. máriulikneski. þorlðkz likneski. johannis lijkneski poztula. peturs lijkneske. Olðfs lijkneske. kross yfir alltari. iij kluckur oc hefur bonndinn stulli látid steypa hinar stæstu ij af þeim vr kirkiunnar malmm oc ij biollur j kornnuṁ. tuenn Messoklædi fornn oc. j. ný oc eirnn gamall hokull. kanntara kapa fðneyt. ij. alltarisklædi. oc er añnad med silki enn annad med lerept. glodarker.

Jtem grillare oc kiridl per anni circulum fyrir vtann kommon. sequenciubok. ij salttarar. ottusauṅua bok de tempore oc de sanctis frð þðskum oc til advenntu. onnur ottusauṅua bok de tempore oc de sanctis frð þðskuṁ thil jonnzmessu baptista oc er med les de tempore framm yfir vppstignniyngar dag. ein legeṁda per anni (circulnm) de

¹⁾ Svartaskerenn. Jtem 108. ²⁾ [10c, 108.

sanctis. canonembok. jtem ij ottusaunguabækur de tempore frá advenntu til ix vikna fosto. ein lesbok de tempore frá nijuvikna fostu til paska. gudspiallabok de sanctis med pistlum oc oracionis per anni (circulum). aunnur gudspiallabok de tempore frá páskvīm til advenntu med pistla oc oracionis. jtem tuær gudspiallabækur de tempore. onnur frá advenntu til feriam. v. post oculi mei. onnur frá jolum til dominica prijma post dominica(m) trinitatis. ij kalekar. sloppur. oc ij paxblod.

266. [eptir 1493].

MÁLDAGI Staðarfellskirkju á Fellsströnd.

Landsbókasafn 108. 4to. bls. 560—61. Þessi máldagi er yngri en máldagi Stepháns 19. sept. 1492 (Nr. 206).

Staðarfell.

Kirkiañ under Staðarfelle á 10^c i heimalande efter gómlum máldaga.

Jtem a kirkiañ öll sker og hólma fyrer Harastóðum út ad Klyfe fyrer 7^c, ad fráteknum Tialdaneshólma og svarta skereñ.

Jtem Aulves sker og Steinþórs Eyar fyrer 10^c.

Jtem Lambey fyrer 10^c.

Jtem Deildarey fyrer 7^c er liggur i (Staðarfells) kirkju-sókn.

Jtem á kirkiañ nú Tialdaneshólma og Svarta sker fyrer 5^c, vegna hálfkirkiunnar i Arnarbæle.

Jtem gallt Stulle bónde Staðarfells kirkju i Reikning-skap amburhöfda og Dýanes fyrer 10^c.

Summa 48^c.

267. 6. Febrúar 1494. á Laugalandi.

VITNISBURÐAR UM vígslýsing Jóns Jónssonar, að hann hefði ófyrirsynju í hel slegið Orm heitinn Sigurðsson.

AM. Fasc. XXXII, 20, frumritið á skinni. Af 5 innsiglium eru nú 3 fyrir bréfinu.

Þath giorum uer hakon hallzson. þorsteinn jonsson. arne þorsteinsson. hallr ísleifsson og einar jonsson godum monnum vitvrligt med þessv uoru opnv brefi þa er lidit var fra burd kristz þusund. fiogur hundrvt niwtiger og fiogr ær fimtadagen næsta epter pvrificacionem beate marie virginis¹⁾ j nedri lavngvhljíd j havrgardal uorum ver j hia sævm og heýrdum æ. at þar var leidd víglysing og svareñ firir arnfinni jonssyni kongs vmbodsmanni j uædlaþingi af tueimur monnum joni jonssyne og þorvardi jonssýni svo latandi. at þeir heýrdu jon jonsson lýsa firir ser at hann hefði ofirirsyniv j hel slegit orm heiten sygurdzson. og hann hefði verit vm nottina næstv firir j savrbæ j eyiafirði. enn barnfæddr æ æsvstavdvm j eyafirði. og fyrr nefndr jon jonsson hefði lyst þessari víglysing þridiaden næsta firir pals-Oesso²⁾ vm vetrren þann sama dag sem hann spvrdi andlat fyr greindz orms sygvrdzsonar þess sama manz sem nefndr jon jonsson hafði auerkann veitt. Og til sanninda hier vm settvm ver fyr nefnder menn vor jnsigli fyrir³⁾ þetta víglysingar bref skrifat a lavgalandi j havrgardal lavgardagen næsta firir³⁾ festvm barnabe apostoli⁴⁾. a sama ari sem fyrir seger.

268. 1. Marts 1494. á Þingeyrum.

ÁSGRÍMR ábóti á Þingeyrum selr Gísla Filippussyni jörðina Bjargastaði í Austrárdal og fjögur hundruð í eyðikotinu Hnausum fyrir tíu hundruð í fullgildispeningum og sex hundruð, er Gíski skyldi taka í sín þjónustulauu um tvö ár.

1) Þ. e. 6. Febr. 2) Þ. e. 21. Janúar. 3) Svo. 4) Þ. e. 7. Júní.

AM. Fasc. XXXII, 15, frumritið á skiuni. Af 4 innsiglium er nú eitt brákað fyrir bréfinu. — Apogr. 3357.

kaupbref um biargastade. [Asgrijmur Abote
a Þingeyrum¹).

Þat gerum uer arne jonsson. bardur jonsson og hakon eigilsson godum monnum uiturligt med þessu voru opnu brefi arum epter gudz burd. M. cccc. lxxxx. og iiij ar á þingeyrum j hvenavazþingi a laugardagin næsta fyrir ions Messo holabiskups j faustu uorum uær i hia saum og heýrdvm á ord og handaband af annare alfu uirduligs herra asgrims jonssonar abota a þingeyrvm med radi og samþýcke sinna komentubrædra²). enn af annare gísla philipussonar. at suo fyrir skildu at greindur herra abote asgrimur selldi fyrskrifudum gísla philipussyne iaurdina biargastadi j austrardal j nups kirkiv sokn og þar til fiavgur hundrud j eydekotenu hnausum er liggr j saumu þingum. huora um sig med aullvm þeim gaugnum og giædum sem greindum jaurdum heille og halfri fylgir og fylgt hefer at fornu og nýu og hann og klaustret a þingeyrum vard fremst eigandi ath ordin. hier j mote gaf optskrifadr gíse filipusson x. hundrud j fullgilldiss peningum og þar til sex hundrud er hann skýlldi taka j sin þionuztulaun fyrir þat er hann uar klaustursens þionuztuman wpp á ij ar. er greind jaurd biargastadir xuj hundrudum med greindu halfu eydekotenu. Suo og eigi sidur medkendizt opt skrifadr herra abote asgrimur ionsson j sama handabandi at hann hefdi alla þessa peninga wpp borit af titt nefndum gísla filipussyne suo honum vel anægdi og gerdi hann þui þar um³) aulldun(g)iss kuittan og akiærulavsán fyrir sier og aullum sinum epterkomendum þingeyraklausturs formonnum. Og til sannenda hier wm sette titt nefndur herra abote asgrimur sitt incigle med komentubrædra²) insigle og vorum insiglium fyrir þetta bref er gert var j sama stad deige og are sem fyrr seiger.

¹) Utan á bréfinu; [með hendi frá 17. öld; hitt með fornri hendi.
²) Svo. ³) tvískrifað.

269.

8. Marts 1494.

í Viðey.

STEPHÁN biskup í Skálholti kvittar Þorbjörn Jónsson af öllum sektum og sakaferlum meðan hann var með biskup Magnúsi heitnum og til þess, sem nú er komið, og gefr honum leyfi til að flytja burt af Viðey peninga þá, er féllu eptir Vilhjálmm heitinn Ormsson og Guðrúnu Andrésdóttur, en Þorbirni bar í arf eptir Gróu systur sína.

AM. Fasc. XXXII, 21, frumritið á skinni. Annað innsiglið er dottið frá.

Þat giore ec jon prestur gislason radsmann j skalholltj ok þorbiorn prestur jonsson godum monnum uiturligt med þessu ockru optnu¹⁾ brefi at uid uorum j hið saum ok heyrdum á ord ok hañdabañð þessará manna af einni alfu. Herra stefanís med gudís nað biskups j skalholli ok af annarj alfu þorbiarnar jonssonar. at suo firir skildu at fyrr greindur Herra stefan gaf þorbiorn jonson kuittan ok ákærulaušan af aullum sektum ok sakáferlum smam ok storum. þeim sem hann hefer brotligur uordit vpp á heilagrar skalhollz kirkiu uegná ok sinna. bædi uid lærdá ok leika á medan hann var med biskup magnus heitnum ok sidan er hann kom fyrst sudr um lañð ok til þes at nu er komet. Sua ok gaf adur greindur Herra stefan fyrr greindum þorbirne jonssyne fullt leyfi at flytia ok færá burt af uidey þá peninga er fiellu epter þau uilhialm heitin ormsson ok gudrunu andresdottur enn þorbirne jonssyne bar til erfdar epter systur siná grou. Þui gaf herra stefan adur greindañ þorbiorn jonson friðlsan ok lidugañ firir sier ok aullum sinum epterkomuñdum. kirkiunnar formonnum j skalholli. Ok til sanniñda hier um settum uid fyrr nefñder prestar ockur jñsiglli firir þetta vitñesburðarþref. skrifad j uidey laugardaginn næsta firir Gregoriusmessu. anno domini m^o. cd^o. lxxxx^o. quarto.

¹⁾ Svo.

270.

13. Marts 1494.

undir Felli.

BRÉF um afhending Andrésar bónda Guðmundssonar á jörðunni Felli í Kollafirði til Guðmundar sonar síns.

AM. Fasc. LXVII, 1², transkript á skinni frá 11. Marts 1508. — Apogr. 1167.

Þat giore ec Ormur Magnússon godum monnum kunnigth með þessu minu opñv brefi. ath ec medkennunzt. at ec uar til kalladur af ærligum Dandi manni andress Bondóu Gudmundztsyne vm uorit favstudagin j fardaugum. þá er hann afentti Gudmundj syne sinum fell j kollóafirde. Med suo vordnum skilmalóu. ath fyr greindur andress villde giallda honum fyrir tietigu hundradóu adr greintt fell En hann sagdi nei vid og hans kvinnæ þat ath samþyckia. Ok sagdizt all dri hanóu skylldu deyróu¹⁾ tacóu enn fyrir sextige hundraóu j motz vid sin syskin til rettra arfa skiptóu. Enn hann kuazt megóu gioróu þat fyrir hans skulld ath hafaa fyr greint fell fyrir tiutigu hundradæ til kuonarmundar. Beiddizt adur greindur gudmundur ath þratt nefndur andress fader hans skyllde helldur giallda sier aunnur tiutige hundradæ enn þessi. Enn titt nefndur andres suaradj ath þeim skýlldj saman koma. Ok lofadi med handabandj ath gudmundr sonur sinn skýllde fyr skrifad fell eckj deyróu¹⁾ hafóu nei²⁾ eignazt epter sinn dagh enn fyrir sextige hundradóu j motz vit aunnur sin syskin. Leysti³⁾ þratt nefndur andress ath kirkian vnder felli ætti v. kuillde j sin gard. Tok opt nefndur gudmundur j þau fimm kuillde kirkiunnar vegnóu fiorar sængur þo fornar væri ok þat sem jnnañ gattóu uar. Enn titt nefndur gudmundur andress son lofade ath suaróu ok borgæa kirkiynne. u. kuilldum. Ok hier epter þessum aullum minum framburde vil ec sueria ef þurfæ picker. Ok til saniódu hier um set ec mitt jnnsiglli fyrir þetta vitnesburdar bref. Skrifad vndir felli j kolláfirðj fimtudagin næstan fyrir gudmundardagh um ueturin. Þóu er lidit uar fra hingadburd vors herra jhesu christi. M. cccc niutiger ok flogr ar.

1) = dýrra. 2) D. e. nie. 3) = Lýsti.

271.

29. Marts 1494.

á Hólum

BOÐUNARBRÉF Ólafs biskups á Hólum til prestastefnu.

AM. Fasc. XXXII, 14, frumritið á skinni. Innsiglið er dottið frá.
— Apogr. 3356.

Skickun biskups Ólafs 1494¹⁾.

Vii olaf med guds nad biskup a holvm j hialltadal giorum godum monnum uiturligt med þessu uoro opnv brefi ath uii hofum sett ok skipath almenneligt sinodum ok presta- stefnu a uideuollum j skagafirde. þridivdagin næstañ fyrir tueiggia²⁾ postula messu filippi ok jacobi³⁾ nu mæst er kem- ur epter þui sem kirkiunar laug uttuisa ok godr vane er til. þui bidium vii alla lærda menn ok under skýllduga hlýdne biodvm sem býggia ok bua j millum hrutafiardarar ok auxnadalsheidar. ok hier epter nefnadz j þessv brefi ath þier²⁾ kome j fyr greindan dag ok stad med sinvm⁴⁾ jncigl- vm ok ollv þui sem þeim ber ath hafa a prestastefnv ok statuta giorer rad fyrir ath tractera ok skoda oll mal sem þar fram koma ok oss ok heilaga kirkiv ahrærer ok oss ber ýfer ath taka med uorum lærdevm monnum. Skýlldum uii þar til prestañ(a)

asgrim abota a þingeyrum.

jon þorualldzson.

þostein gudmundzson.

þostein illugason.

sniolf⁵⁾ sygurdzson.

þorlakur þorgeirsson.

olafur klængsson.

sigmundr steindorsson.

kar jonsson.

sigurdr iuarsson.

steinn þorualldsson.

jon helgason.

jon bransson.

1) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. 2) Svo. 3) D. e. 29. April. 4) tvískrifað. 5) sniofl, frbr.

olafur jónsson.

ok thūmas sueinsson. prestar holabiskupsdæmis.

skulu aller þessar koma til fýr greindrar prestastefnu sem logliga stefnder under fulla hleyðne¹⁾ uid heilaga kirkiv ok oss. biodum víi uorum diakna sueini uiliamssyne¹⁾ ok skipum under skýllduga hleyðne¹⁾ ath fýllgia þessv voro brefi ok lesa fyrir fýr greindvm lærdvm monnum ok fære oss brefit j geñ. bidium víi um alla dandemenn ok seirilig¹⁾ vora uíne ath þeir seid¹⁾ fýr nefndum vorum brefberara hialpliger huers sem (hann) kann ýdar med þurfa um hestaskipte edr anañ farargreida. Ok til saninda hier um heingivm víi uort jncigle fyrir þetta bref er skrifath uar a holum j hialltadal laugardagin fyrir pasca. anno domini 1494^o cd^o lxxxx^o quarto.

272.

[21. Apríl] 1494. í Hjarðarholti.

Dómr tólf manna útnefndr af Sturlu Þórðarsyni kongs umboðsmanni milli Skraumu og Gilsfjarðar(ár) um víg Bøðvars Loftssonar, er Páll Jónsson hafði ófyrirsynju í hel slegið.

Landsbókasafn 789. 4to. bls. 378—379 (JP.) skr. c. 1620, eptir transskripti frá 7. Júlí 1494. — Landsbókasafn 67. 4to. bl. 130b—131a, skr. c. 1620. — Dómabók Jóns landritara Magnússonar, í Fol., bl. 225—226, skr. 1604 (ártal rangt 1491).—Ny kgl. saml. 1945. 4to. bl 48 a.—b. með hendi Hannesar Gunnlaugssonar í Reykjarfirði 1666. — Landsbókasafn 115. 4to. I, 126—28 með hendi séra Jóns í Hitardal c. 1730 (ártal rangt 1491; afskr. þar af í ÍBfél. 126. 4to.).

Domur vm víg Bøðvars Loftzsonar sem Páll Jónsson drap ofyrersyniu²⁾.

Aullum mōnnum þeim sem þetta Breff sia edur heýra [sendum vær³⁾ Sigurdur Dadason. [Gudmundur Jónsson⁴⁾.

1) Svo. 2) 67; JM. b, v. á spássiu með fornri hendi (c. 1604): „hann hafði paall adur drepid og var sveinn hans“. 3) [senda JM., 67. 4) [b. v. JM., 67 (og er rétt).

Biorn Gudnason. Jon Oddsson. Arnor finnzson. Jngemuundur finnzson. Halldor Þorgeirsson. Guðmundur finnzson. Sigmundur Halldorsson. Oddur Sigurdsson. Eývindur Gudmundsson. Kolbeyrn Jonsson og Bryniulffur Sigurdsson¹⁾. kuediu Guds og vora²⁾. kunnugtt giorańde [med þessu voru opnu brefe³⁾ manudaginn næsta fyrer [Johannis⁴⁾ Episcopi⁵⁾ Confessoris þá lided var frđ hijngadburd vorrss Herra Jesu Christi 1494 aar j Hiardarhollte j Laxardal a almennelegu hieradssþjinge vorum vier j dom nefnder af ærlegum manne Stulla⁶⁾ Þordarsyne. er þá hafde mijnz herra kongssińs vmbod j millum Skrđmu⁷⁾ og Gilsfiardaraar⁸⁾. ad skoda og dæma. huorssu hđffar⁹⁾ bætur skyllde koma effter Bđdvar Lopttsson er Pall Jonsson hafde ofyrirsyniu j hel sleiged. Kom þar fram fyrir oss Bref med¹⁰⁾ godra manna Jnnsiglum. j huorriu ad suo stđd. ad Gudne Jonsson hefdi boded Gudlauge Lopttsyne xxxc [Bætur¹¹⁾ eptter Brđdur sinn. fyrrneffndań Bodvar. hvad er oss leįst fullkomlegt lagabod. og fullnadar Bætur [bodnar¹²⁾ hafra vered. var þad vortt¹³⁾ allra samþýcke ad ad þær skyllde suo stannda sem þær hefdi bodnar vered. Giordum vær þa fulla satt med hanndsđlum þeirra j mille Gudlaugs Lopttssonar og Gudna Jonssonar. fyrir hond Brodur sijns Pđlss Jonssonar med þeim skilmala ad greindur Gudne gieck j borgun. og lofade ad luka Gudlauge Lopttsyne fyrrneffnd. xxx. hundrada [j đdurgreindar¹⁴⁾ vįgsbætur med þeim frijđleika. x mđlnytu kugillde. xc frijđ og xc. j aullum þarfflegum peningum. med slijkum salasteffnum sem þeir villdu sialffer asetia sijn j millum.

Jtem j annare grein j sama stad. sama deige og med sama hańdabannde oss fyrrneffndum domssmonnum hiaverańde sellde Gudlaugur Lopttsson Pale Jonssyne. er oforsyniu hafde ad skada orded hanz brodur Bodvare Lopttsyne. riettar trigder. grid og æfinlegann frid fyrir sier og aull-

¹⁾ Gudmundur (!) 1945. ²⁾ sijna JM., 67. ³⁾ [b. v. 1945. ⁴⁾ [vantar í öll handritin, og er sett hér eptir gátu. ⁵⁾ vantar í öll, nema 789. ⁶⁾ Sturlu 115. ⁷⁾ Skramu JM.; Skraumu, hin. ⁸⁾ 789, 67, ofl.; Gilsfiardar 115, JM. ⁹⁾ här 67. ¹⁰⁾ 789; vnder, hin; ¹¹⁾ [j bætur JM., 115; ¹²⁾ [effter Bđdvar 1945; ¹³⁾ 789; vor, hin. ¹⁴⁾ [frijđuirrt j greindar 67.

um¹⁾ Erfingium opttneffndz Bodvars Lopttssonar. fyrir vinum og venslumonnum ðlnum og obornum konum og kollum. vngum og gomlum suo ad opttneffndur Pall Jonsson skyllde hiedan aff vera i [gridum og²⁾ fullum fride og trygdum vid alla fyrrneffnda menn. hvar sem hann³⁾ kynne þa ad finna utan lanndss edur jnnañ. Enn þeir fuller gridnijdiñgar. sem ð geiñge adurgreiñd grid. edur veckte a opttneffndum Pale Jonssyne vjg edur vanndræde. fyrir adurgreiñdtt mannslag. skyllde opttneffndur Gudlaugur Lopttsson þennañ sama adurskrifadañ Giorning alldrei riufa edur roffsmenn til fð.

Jtem j Þridiu Grein ad saker þess ad vær aller opttskriffader domsmenn vorum nærstadder ðllum þeim⁴⁾ Giörn-inge. sðum hannsðl. enn heyrðum skilyrde þessara opttskriffadra manna. Gudña Jonssonar [og Gudlaugs Loptssonar⁵⁾ vñ Borgun og hæd Bóta og Gridasolu. Þui dæmdum vier þrattneffnder domsmenn med fullu domss atqvæde opttneffndann Pål Jonsson flytianda og ferianda fram ð mijns herra kongssiñs nðder.

Ög til sanninda hier vñ setium vær tijttneffnder domsmenn vor jnnsigle fyrir þetta Breff er skrifad var i Snoxdal j middølum a sama aare. deige sijdar enn fyrr seiger⁶⁾.

273.

3. Júní 1494. á Skarði í Langadal.

DÓMR tólf manna útnefndr af Egli Grímssyni, er þá hafði kongsins sýslu og umboð í Húnavatnspingi, um ákæru Þórðar Þórðarsonar til Ásgríms Þorbjarnarsonar um hald á peningum Ingibjargar Illugadóttur, bróðurdóttur Þórðar.

¹⁾ efterkomendum og b. v. 1945; ²⁾ [b. v. 67. ³⁾ kizæmi edur b. v. 67. ⁴⁾ þessum 1945, 115; ⁵⁾ [sl. 789. ⁶⁾ [p. e. 22. Apr.]. Á spássiu við dóm þenna ritar séra Jón í Hitardal (i 115): „Þessi Böðvar hafði verið sveinn Páls, en sex árum síðar var Páll veginn af Eiríki Haldórsyni“, því að séra Jón hefir ártal dómsins skakt 1491. Að réttu tali mun Páll hafa verið veginn 1496.

Skjalabók í Landskjalasafni 94. 4to. bl. 1a—b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600 (=a). — Íbél. Kh. 67. 4to. bl. 57 og M. Steph. 60. 4to. bl. 19—20, báðar með hendi síra Eyjólfis Jónssonar & Völlum (d. 1745; =b). Sbr. dóma frá 9. Sept. 1505; 13. Okt. 1506; 5. Júlí 1507; 7. Febr. 1508 og frá 11. Sept. 1508.

Domur millum Þordar Þordarsonar og Asgrims Þorbiarnarsonar.

Þad giorum wier Grimur þalson. Jon Asgrimsson. Aurnolfur Steinsson. Sigurdur Juarsson¹⁾. Grimur Þorkiels-son. Eyolfur Olafsson. Brandur Jngemundsson²⁾. Þorkiell Jonsson. Hallvardur Hallsson. Þorsteinn Bessason. Gamle Þorsteinsson og Jon Þorarinsson Godum monnum vitanligtt³⁾ með þessu voru opnu Briefe [Arum epter Guds burd⁴⁾ þusund flogur hundrut nietigier og flogur Ar⁵⁾ manudaginn næstañ eptir dyradag j Eingiehlid j Langadal a þingstad riettum worum vier j dom nefnder af ærligum manne Eigle Bonda Grimssyni er þa hafde kongsins syslu [og umbod⁶⁾ j Hunavatnspinge Ad skoda. dæma og med laugum ad alita wñ þa akiæru er Þordur Þordarson kiærde [þar⁶⁾ til Asgrims Þorbiarnarsonar ad hann hefde og hielde þa peninga frijda og ofrida er honum Bar ad liuka⁷⁾. ad fardogum Þorde til medtoku. ¶nn Jugebiorgu Jllugadottir⁸⁾ til eignar Brodurdottur hans. Suo og ey sydur sagdist Þordur hafa keypt ad Asgrime og Þorbiorgu Brandsdottir⁸⁾ konu hans ¶irn silfurkross fyrer. v. malnytu kugillde. Nu sakir þess ad þar var suariñ stefnañ og vmbod þess er stefnde þui er⁹⁾ þad fyrst vor domur ad vær dæmdum stefnuna logliga og Asgrim þar¹⁰⁾ rietteliga fyrir kalladañ. Og hann skylldugañ ad afhenda Þorde aptur heima æ tindum edur steina alla þa peninga og virdinga Goss frida og ofrida er hann med¹⁰⁾ tok eptir Jllauga daudañ. Sierliga dæmdum vier þau [fimm kugillde¹¹⁾ erfd fyrnefndrar Jngibiargar er fyrir krossinn haufdu komit. skillde og fyr greindur Þordur

¹⁾ „al. forte minus recte Jónsson“ á spássíu með hendi Jóns háyfir-dómara Péturssonar; Jónsson stendur og í b, en það er rangt. ²⁾ yngimundarson b. ³⁾ kunnigt b. ⁴⁾ [at anno domini b. ⁵⁾ sl. b. ⁶⁾ [b. v. í a á spássíu með hendi JPét. (eptir b). ⁷⁾ luka b. ⁸⁾ —dottur b. ⁹⁾ var b. ¹⁰⁾ b. v. b. ¹¹⁾ [vc, b.

leida ij loglig vitni. af þeim sem jnnceglad haufdu þat Brief er v̄m þeirra satt var giort¹⁾ adur fyrir v̄m haustit æ Holltastodum. hvad hann leidde þar þegar annat æ þingino enn annat deige sijdar æ skarde j Langadal fyrir adur greindum Eigle kongs vmbodsmanne j Hunavatnsþinge. suo heitande Grimi²⁾ Þorkielssyni og Erlende Oblaudssyni. Hier med dæmdum vier Asgrim skylldugañ ad leggja fram virdinga³⁾ Bref ef þad væri til. Enn ef þat er ecki til. leggi fram sligtt fie sem hann medtok eptir Jlluga og med Þorbjorgu Brandsdottir⁴⁾ konu sinni og suerie þar ad fullañ eid og tueir skilrikier menn med honum⁵⁾. þeir sem j virdingune⁶⁾ voru edur heimilisfastir þar [þa⁷⁾ æ steina heima⁸⁾. edur sinn af huorium ad omaginn hefur þa sligtt fie sem hann atti Bæde j faudur arf og modur. skillde og opt⁹⁾ nefndur Asgrimur afgreida bæde faudur Arf og modur Jngbiargar Jllugadotter⁴⁾ jnnañ manadar ad heyrðum dominum optnefndum Þorde j hond edur hañs vmbodsmanne.

Samþyckte þennan vorn¹⁰⁾ dom med oss fyrrnefndur¹¹⁾ Eiggell Bonde Grimsson kongs vmbodsmann¹²⁾ [i Hunavatnsþingi og setti sitt insigli med vorum fyrrnefndra manna insiglum fyrir þetta domsbref. er giort var a Skardi i langadal a sama ari. degi sidar enn fyrr segir¹³⁾.

274.

19. Júní 1494.

á Hólum.

VITNISBURÐR Gottskálks prests Nikulássonar, að hann hafi útvegað landsvistarbréf fyrir Jón Ásgeirsson 1492 um víg Guðmundar Þorsteinssonar, þó að hann gæti ekki náð því fyrir forfalla sakir.

AM. Fasc. XXXII, 18, frumritið á skinni, og er innsiglið fyrir bréfinu. Á bréfinu er ugglaustr eiginhönd Gottskálks biskups. — Apogr. 3359.

¹⁾ b; giort a. ²⁾ „al. Jón“, JPét. (eptir b). ³⁾ virdingar b. ⁴⁾ — dottur b. ⁵⁾ þeim b. ⁶⁾ fardögum[!] b. ⁷⁾ b. v. b og JP. ⁸⁾ sl. b. ⁹⁾ b. v. b. ¹⁰⁾ b. v. b. ¹¹⁾ greindur b. ¹²⁾ —madur b. ¹³⁾ [b. v. með hendi JPét. í a eptir b.

Jnsigle gottsk(alks) þa er hann var prestr¹⁾

Þat giorer eig²⁾ gotskalk prestur niculasson godum monnum kunnigt med þessu minú brefui at ek liet sækia til kongzinss canceler i oslo landzuistarbref ionss asgeirssonar firir þat manslag er hann oforsynio i hel slo gudmund þorsteinsson gud hanss sal nade og suo vissi ek sannliga at þat fyrgreintt landzuistarbref var vtgefuit og komit til stafangurss a voret epter paska þa er lidit var fra hingatburd vorss herra iesv christi Medxc og tuo ar þo at ek firir forfalla saker kunne þui ecki na þa ek hingat for. voru þar og epter fleire peningar er mer til heyrdú med þui sama brefui en firir miog bradan atbúrd matti ek annat huort peningana og brefit epter lata elligar skipssinss missa. Og til sannenda hier vm heinger ek mitt jncigle firir þetta vitnisburdabref er skrifat var a holum j hialtadal fimtúdag-en nestan firir jonssmessu baptiste a sumarit tueimur arum sidar en fyr seiger.

275. 28. Júní 1494. í Ási í Kelduhverfi.

VITNISBURÐR sex manna um rekamörk og landamerki millum Áss og Kelduness í Kelduhverfi eptir skrám og máldögum frá 13. og 14. öld.

Eptir pappírsafskript frá c. 1640 kominni til mín ²⁴/₆ 1896 frá séra Arnljóti Ólafssyni á Sauðanesi. — MSteph. 27. 4to. bls. 512—514, Svartskinna, með hendi Benedikts lögmanns Þorsteinssonar c. 1730.

Vitnisburdur vm landamerki millum aass og kiellduness³⁾.

Þad Giorum vier Brodde Sygurdzson. Stulle Sygurdzson. Eyulfur Þornalldzson. Þorleijfur Jonsson. Gunnlögur Jonzsson og Olafur Halluardzsson Godum Monnvm vitañligt med þessu vorv opnv Brefi ad vier hofum opttliga

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi séra Gottskálks í Glaumbæ. ²⁾ Svo. ³⁾ 27.

heyrtt yfirlesid registrum og maldaga kirkivnnar j Ase. huor er giorst hafdi nv meir enn fyrir nijutiju Ara. epter fyrirsögn̄ tueggia formanna heilagrar holakirkiu so latandi ad kirkiañ j Ase j Kiellduhuðrfi a allañ Reka a sandi vt puilijkañ sem ad fornvm landzmerkivm hefur filgtt. Enn vier vitum¹⁾ fyrir fvll sanninde ad Askirkiv reki hefur verid hafdur og halldinn atölvlaust j millum Kiellduness landz merkiss og Skoga landz merkiss. ad so tilgreindv eptir Brefum og maldogum.

J fyrstu eptir giord Þorvardz Þorarinzsonar²⁾ og Jonz logmannz³⁾ j millvm Wigfuss j kielldunese og Helga j Ase. ad kiellduness skyldi eiga sionhending vr mel þeim er vt er fra fliotzdalzgarde og helldur vestañ. og vpp j Midhoolz hws. Og vt vr melnvm Riettsyni j sio. Enn j millvm skoga landzmerkis og Ass kirkiv Reka. Riettsyni vr sio nyagardur. er nv erv kalladar þufur. j Jökulza. vid Jlijfsfialle.

Medkiennunst vid Greindir menn Broddi og Stulle. ad vid vitum fyrir fulla wissv ad Asskirkiv Reki hefur verid hafdur og halldinn j millum þessara greindra landamerkia meir en fimtíjv vetur atolulaust. so vid vitum. So og vitum vid sagdir menn Eyulfur og Þorleifur ad kirkivnnar Reki j Ase hefur verid hafdur og halldinn j milli opttnefndra landamerkia meir enn halfañ fiorda tvg vetra. Somuleidiss vitum vid firr sagder menn Gunnlogur oc Olafur ad tittnefndur kirkiv Reke j Ase j kielldubuoefe hefur verid hafdur og halldinn jtolulaust meir enn xxx vetra. j millum opttnefndra landamerkia. skoga og kiellduness.

Hier til hofvm vier heyrtt so felldañ maldaga. ad Helgi prestur Þorkelzson. Þorleifur Ögmundzson og Siguatur Sijmonarson handlogdu eid vm fyrir sijra Bòduare Þorsteinzsyne⁴⁾. ad Hallsteinn Bondi j Kielldunese oc Wigfus sonur hañz sagdi það. ad ei være Kiellduness Reki leingra austur enn ad melþwfu þeirre er hualbein stendur j og þa var fluttur hualvr litlv avstar.

¹⁾ vitnum 27; ²⁾ d. 1296; ³⁾ Jón gelgja Einarsson, d. 1306. ⁴⁾ d. 1375.

Þessi somv landamerki sagdi Vermundur Biarnason a deyanda deige. er att hafdi kiellduness og Landamerki. ad hiaverañdi Helga preste. Olafe spiota og Þorsteini hrada. Wife Þorleifssyni. þadañ Riettsyni j Midhoolz hws.

Og til sanninda hier vm setivm vier firrnefndir menn vor jnnsigle fyrir þetta vitnissburdar Brefskrif ad j greindum stad Ase langardaginn næsta eptir Jonznesso Baptiste. Anno Domini M cd. xc iiij.

276.

29. Júní 1494.

á Skinnastöðum.

ÞÓRA Guðmundsdóttir samþykkir sölu Jóns Eyjólfssonar á jörðunni Guðmundarlóni til Hóladómkirkju.

AM. Apogr. 3772, með hendi Páls Hákonarsonar.

Bref um Guðmundarlón á Langanese.

Ollum mönnum þeim sem þetta Brief síð edur heyra senda Oddur prestur Guðmundsson. Þorgils Guttormsson. Hiallte Steinmodsson leikmenn. Guds kvediu og sijna. kunnugt giðrande. ad þar voruñ vier j hið. sðum og heyrdum á handaband þeirra sijra Halls Arnasonar. er þá hafde vñbod heilagrar Holakyrkiu. og Þoru guðmundardottur. ad so fyrer skildu. ad greind Þora samþyckte fyrer sig og sijna Erfingia þad sama kaup statt og stödugt. og á allañ mätta obrygdiligt. sem Jon Eyulfsson. Bonde hennar. hafde sellt jördina Guðmundarlón. er liggur i Saudanesþingum heilagre Holakyrcki til fullrar eignar. svo framarluga sem fyrr greind Þora mätte þad fremst med lögum giðra. Og til sanninda hier um setta eg fyrr nefndur Hallur prestur Arnason mitt Jnsigle. med þessara manna Jnsiglum fyrer þetta Bref. Skrifad á Skinnastaudum i Auxarfirde á Tveggia postula messu Petri og Pauli. Anno Domini M^o cccc^o xc^o. qvarto.

277. 29. Júní 1494. á Grund í Svarfaðardal.

HRAFN Halldórsson gefr Finnboga Jónssyni með sér í prófentu fjóra tigi hundraða og þar til hálfu jörðina Barð í Fljótum.

Skjalabók í Landskjalasafni 94. 4to. bl. 19a með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600.

Bref er Hrafn gaf Bard með sier j prowentu.

Það giorum vier Oddur Arnason. Jou Jonson. Hallur Þorvalldsson godum monnum viturliggt með þessu woru opnu (brefi) að þa lidit var fra hingatburd vors herra Jesu christi M iij^c lxxxx og iij Aar æ Grund j Suarfadardal æ pietursmesso og pals vm sumarit vorum vier j hia saum og heyrðum æ ord og handa Band þessara manna Finnboga Jonssonar af einni alfu enn Rafns Halldorssonar af annare ad suo firir skildu ad fyrnefndur Hrafn Halldorsson gaf adur nefndum finnboga Jonssyni j proventu með sier fiorutigi hundrut er hann reiknade j modur Arf sinn j mots vid Brædur sijnar¹) epter Helgu einarsdottur modur þeirra og þar til halfa Jord Bard j fliotum er fader hañs gaf honum. með ollum þeim gognum og giædum er greindre Jordu hefur fylgtt ad fornu og nyiu og hann vard fremst eigande ad ordinn. Enn hier j mot skillde optnefndur Hrafn sier æfnliggt framfæri mat og klæde og þionustu. Og til sanninda hier vñ setium vier vor jncigle etcetera.

278.

1. Júlí 1494.

á Þingvelli.

DAGSBREÐ Pétrs Trúlssonar hirðstjóra og höfuðsmanns yfir alt Ísland, þar sem hann gefr Páli Jónssyni „frið og félegan dag“ „svo leingi hann kemr til míns herra kongsins náða“, en Páll hafði ófyrirsynju í hel slegið Böðvar Loptsson.

¹) Svo.

AM. Fasc. XXXII, 19, frumritið á skinni, og er innsiglið fyrir. Afskript af þessu bréfi eptir transskr. frá 7. Júlí 1494 er í Landsbókasafni 789. 4to. (JP.) frá c. 1620.

dagxbreff ppalls jonssonar af fouita vtgeffid¹)

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra heilsar eg petur trúlson hirdstjore og höfudzman yfer allt jsland vpp a míns herra kongsins vegna kærliga med guds quediu og minne. vil eg ydr ollum viturligt giora at eg hefi j heidr wid gvd [og godra mana bæna stad²) gefit pale jon-syne er bauduar loftson óforsynio j hel sló frid og feeligligan dag vppa míns herra kongsins vegna firir mer og ollum minvm ráðum suo leinge hann kemur til míns herra kongsins nada. enn borgi sig sialfur fyrir erfingium hins dauda. Og til sannennda hier vm set eg mitt jncigle fyrir þetta dagbref er skrifat var á þingvella þridiudagin næsta epter petri et pavli. úrum epter guds burd þusund fiögur hundrud niutiger og fiogur ar.

279.

1. Júlí 1494.

á Þingvelli.

TYLFETARDÓMR útnefndr á alþingi af Finnboga lögmanni Jóns-syni um víglýsing Páls Jónssonar, er ófyrirsynju hafði í hel slegið Böðvar Loftsson.

Landsbókasafn 789. 4to. bls. 377—378 skr. c. 1620 (JP.) eptir transskripti frá 7. Júlí 1494. — Ny kgl. saml. 1945. 4to. bl. 48a með hendi Hannesar Gunnlaugssonar í Reykjarfirði 1666 (lakari afskript).

Domur vīm wijglýsing palls Jonssonar.

Aullum monnum þeim sem þetta Breff sið edur Heyra sendum vær Einar Oddsson. Gunnlogur Þorkielsson. Einar Brannðsson. Jngemundur finnsson. Jon Asgrijnsson. Jon Hrafnsson. Sniolffur Brannðsson³). Gudmundur Hraffnsson. Tumas Jonsson. Jon Þorgeirsson. Sigurdur Jvarsson. Jon

¹) Utan á bréfinu með hendi svipaðri Eggerts Hannessonar. ²) [Svo ekki: fyrir g. m. b. s. ³) Hrafnsson 1945 (rangt).

Arnason kvediu Gudz og vora kunnugtt giörande med þessu voru öpnu brefe [a manudaginn næsta eptter Petrum et Paulum þa lided var fra hijngadburd vorss herra Jesu Christi 1494¹⁾] aar a almennilegu auxararþijngi vorum vier j dömm nefnder af ærlegum manne fimboga Jonssyne logmanne nordan og vestan á Jslannde. ad skoda og ransaka og dæma vīm þa vijglysiñg er pall Jonsson hafde lyst. ad hann hefði ofyrirsyniu i hel sleiged Bodvar Lopttsson. Nu saker þess ad grejndur pall Jonsson hafde lyst effter Bokarinnar orduīm og adurgreind vijglysiñg var þar framboriñ fyrir oss og svariñ af tvejmur skilvijsum vottuīm. Og þui dæmdum vier fyrrgreinder (domsmenn) adur nefnda vijglysiñg löglega med aullum sijnum grejnum og Articulis. Og opttnefndañ Pål Jonsson ad lögum lyst hafa.

Ög thil sanninda hier vīm settum vær fyrrneffnder dömmsmenn vor junsigle fyrir þetta domss Breff er skrifad var á Þijngvulle deige sijdar enn fyrr seiger.

280.

7. Júlí 1494.

í Ljá(r)skógum.

TRANSSKRIFTABRÉF af skjölum um víg Bödvars Loptssonar.

Landsbókasafn 789. 4to. bls. 380, skr. c. 1620—1630. Dómabók úr safni Jóns háyfirðomara Péturssonar.

[Hér kemr:

- 1) Hjarðarholtsdómr frá [21. Apr.] 1494, Nr. 272 í þessu bindi;
- 2) Alþingisdómr frá 1. Júlí 1494, Nr. 279 í þessu bindi;
- 3) Bréf Péturs Trúllssonar frá 1. Júlí 1494, Nr. 280 í þessu bindi].

Þad giorum wier Arnór finsson. Helge Sigurdsson. Halldor Biarnason og Þorleijffur aurnolffsson godum monnum viturlegtt med þessu voru öpnu Breffe ad vær medkiennunst ad vær hofum sied og yfferlesed og heyrddt yfferlesin

¹⁾ [að Anno Christi m. cccc. xc. og iiij, 1945; dagsetning hér er 30. Júní.

opin breff med heilum oskoddudum hǫngande Jnnsiglum. suo latannde ord fyrer ord sem hier fyrer skriffad stǫr. Og thil sanninda hier vǫm setium vær fyrrgreinder menn vortt jnnsigle fyrer þetta Breff. Skriffad i Liðskógum j laxárdal j hiardarholltts kirkiu sokn. Manudaginn næstañ effter visitationem 1494 ǫr.

281. 10, Augúst 1494. á Brekku í Hvoldal.

ANDRÉS Guðmundsson stadfestir þá gjöf sína, er hann gaf kirkjunni undir Felli í Kollafirði sex manna iferð í Saurbæjarfjörú.

AM. Apogr. 2361. „Ex originali perquam lacero. Origiallenn sem þetta gjafabref Andress guðmundssonar er epter skrifad kom til min ad læne fra Einare Einarssyne, eigarmanne Fellz i Kollafirde. Var hann ædilasenn, og fuenn ur honum stor stycki, so sem af þessarre utskrift siã mä, allt þad hier er understrikad¹⁾ var þar annadhvert öldungis burtu, eda af fua olæst orded, er þad so til sett af einni saman gätu, enn eingre fullre vissu. Do mun þad nærre riettu vera. og ad visu voru eydurnar i originalnum hverki stærri nie smærre enn so sem fyrer þeim innsettu ordunum. Sömuleidis sambioda þær 4 audu linur sem hier eru þeim lacunis. sem i þeim stödum i originalnum voru. og eg eigi gat tilgieted hvad vered munde hafa. Þetta er ad skilia epter proportione skriftarinnar þar og hier, hvad eg accuraté nidur sett hefe, so ad þad bregdst eigi, ad ef menn feinge þad sem i þessum stödum nu ur originalnum burtu er, þá munde þad just fylla þessar lacunas hier, þegar med eins storre og gisenne skrift skrifad være, sem hitt annad hier er“.

(AM.)

[Stadfestin]g andress gud[mundzson]ar fyrer Saurbæiar [fioru] utgefin anno domini M. cd. lxxxx oc iiij²⁾.

Þat giore eg andress Gudmundzson .godum monnum [kunnigt med þessu minu opnu brefi at eg hefi] gefit kirkiu hins heilaga olafs kongs vn[der felle i Kollafirde vj. manna iferd j Saurbæiar]³⁾ fioru til reyzlu i þeim helminge sem .

¹⁾ Hér í útgáfunni í hornklofum. ²⁾ Þetta stóð utan á bréfinu. ³⁾ Sbr. gjafabréf Andrés frá 2. Dec. 1481 og Gíslamáldaga.

. greind kirkia æf-
 luga eignazt þessara
 . . . æfinligrar eignar. Og til sanninda hier um se[t eg
 m]itt [insigli] fyrir [þetta bref skrifat a ned]re¹⁾ brecku i
 hvoldal sunnudag næsta fyrir ass[umptionem] sancte [marie
 virginis] þa er lidit var fra hingatburd vor[s herra jehsu
 kristi] þushund[rat fiogr hundrut] niutiger og fiogr ár.

282. 10. August 1494. á Neðri Brekku.

VITNISBURÐR séra Jóns Kolbeinssonar um selstöðu og beit
 frá Þykkvaskógi í Skógsmúla í Þverdal og um önnur ítök
 Þykkvaskógs.

AM. Apogr. Nr. 5793e, eptir transskripti á skinni frá 8. Apríl 1588
 (sjá Dipl. Isl. V, Nr. 512).

Það giore eg síjra jon prestur kolbeinsson godum monn-
 um kunnigt med þessv minu opnu brefi ad ec medkennvnt
 ad ec hefi verid heimilisfastur j breidafiardardolum einn vet-
 ur og xxxx. oc hefi ec alldre anad heyrnt ne vitad. enn
 þeir sem þyckua skog hafa att edr býgtt edr þeir sem þar
 hafa buid. ad þeir hafa haft oc sier eignad og gardinvm
 æfinnliga selstodu j skogsmula j þuerdal fram frá kolldu-
 kinn og hier med hafi þeir beitt og beita latid aullum sij-
 um peningum. hestum og hrossum og ollum sijnum gell-
 fienadi. þeir sem j skogie hafa bvid bædi firir selfaur og
 epter allt framan til veturs og hefur eingin ad fvndit oc
 all dri hefi eg þar heyrnt tvimæli a. ad nockr man ætti þar
 nockud jtak j þetta takmark. halfann þuerdal. suo og hefi
 eg alldreigi heyrnt ad nockr man ætti neitt jtac j þyckva-
 skogs jord eigi beit oc einginn jtok aunnur. hefi ec og all dri
 anad heyrnt allan þennan fyrr greindan tima sem ec hefe
 verid j breidafiardardolum enn þyckuiskogur ætti landeign

¹⁾ eða: ef]re.

alla nedan med vatni vpp ad prestagile og suo hatt vpp a halsin sem vatnvm(!) draga nordur ad votnvnv(m). vorv þessir vottar og vitnismenn hia sau og heyrdur a er eg handfesti Gudmvmndi andressyne þennann vitnisburd. jon vigfusson og Eigill jonsson. og hier epter vil ec sveria ef þvrfa þicker. Og til meire stadfestu og saninda hier vm setta ec mitt jnsigli firir þetta vitnisburdar bref er skrifad var a nedri breku j saurbæ j huolskirkiu soknn svnudæg-in næstann fyrir mariumesso enu fyrre vm svmarid arvm epter Gudz burd þvsvnd. cccc. niutiger og iiij. ar.

283.

27. August 1494.

á Reynistað.

VITNISBURÐAR fjögurra manna, að Benedikt Magnússon hafi afhent Þorvaldi Jónssyni jörðina Vík í Reynistaðarþingum í umboði Ingibjargar dóttur Þorvalds, en konu Benedikts, í mála hennar.

AM. Apogr. 5657. „Ex originali“ með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna. „Brefed er ä kälfskinn med einu Jnnsigle ad mestu o-brotnu, tveimur brotnum og einum lausum þveing. ä Jnnsiglunum er eckert notatu dignum, nema kaleiks mynd ä Sr. Hallkels Jnsigle j midiu“.

Þat giorum uier hallkell prestr gudmundzson. þorsteinn ormsson. jon hrolfsson ok arnor biorsson godum monnum kunnigt med þessu uoro opno brefi ath uier uorum þar j hia saum ok heyrdum upp æ j vijk j skagafirdi æ miduikudaginn næstan firir mariumesso¹⁾ sijdari ath benedikt magnusson afhenti þorualldi jonsyni jordina vijk j skagafirdi er ligger j reynenestadar kirkiu sokn j umbodi jngibiargar dottr sinnar eigenkono benediktz i sinn mala efter sem þar þad bref wtuijsar sem þar er vm giort. gengu þeir ath enum

¹⁾ Þ. e. 3. Sept.

sydra utidyrastafnum ok hielldu þar æ sýnum hondum bad-
er greindr benedikt er jordiña afhenti ok nefndr þorualldr
er jordin var afhent og sagdiz benedikt þa eun endrnya þenna
giorning j annat sinn.

Ok til sanninda hier vm settum uier fyrnefnder menn
uor incigli firir þetta uitnisburðarþref er skrifad uar æ stad
i reynenesi miduikudaginn firir decollacio johannis baptiste
arvm efter guds burd 00 cd lxxxx ok. iiij. ar.

284.

14. September 1494. á Eyjólfstöðum.

6. Júní 1500.

á Skriðu.

VITNISBURÐR, að Þorvaldr Sigurðsson hafi gefið jörðina hálfu
Skriðu í Breiðdal klaustrinu á Skriðu í Fljótsdal til æfin-
legrar eignar.

AM. Fasc. XXXIV, 24, frumrit á skinni. Innsiglið er fyrir bréfinu.
— Apogr. 2879.

Bref vm halfa skridv j Briddal¹⁾.

Þat giore eig kodran jonsson godum monnum kunnukt
med þessu minu opnu brefui þa er lidit var fra hingatburd
vors herra ihesu christi þusund cd xc og iiij ar at eig
heyrdi lysing þorvaldz heitenz sigurdzsonar sem gud hanz
saal nade a eyólfstaudum a uollum sunnudagen næsta eft-
er mariumessu seinne at hann gaf iordena skridu er lig-
ur j breiddal j heydala kirkiu sokn halfua til klausturzens
a skridu gude almattigum junfru marie til ævinlegrar eign-
ar en klaustursens formonnum til frials forrædis med aull-
um þeim gognum og gædum sem greindre iordu fylger og
fylgt hefer at fornu og nyu og hann vard fremst eigande
at. og til saninda hier vm setta eig mitt insigle fyrir þetta
vitnisburðarþref er skrifuat var a klaustrenu a skridu laug-
ardaginn næsta fyrir huitasunnu sex arum sidar en fyr
seger.

¹⁾ Svo, utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

285. 20. September 1494. á Ási í Öxarfirði.

FINNBOGI Jónsson festir Málfríði Torfadóttur sér til eigin konu.

AM. Apogr. 3699 „Ex originali komnum úr þingeyjar syslu. [frá Magnúsi Einarssyni 170.. Hann frá mag. Birni 1707; í fyrstu frá séra Skúla Þorlákssyni, bætir Jón Sigurðsson við]. Þessa brefs original fin eg nú (1727) hverge. Eg man glögt, að hann var lasenn miög. grunar mig hann mune forgeinginn vera. Fyrir þessu brefi hafa vered. 3. inn-sigle, sem nu eru öll burt sliten, og þveingerner alleina epter“. (AM.). Árni ritar langt mál um þetta bréf: „Hvernig ä þessu heim að koma. Anno 1467. ä Ökrum i Skagafirði gipti Kristin Þorsteinsdotter Malfride Torfadottur, dottur sina, Finnboga Jonssyne, consentiente virgine. Ante annum 1500. atte Finnboge (logmadr) vaxna dottur, gudride, sem oefad hefur vered Malfridardotter. Nu 1494. fester Finnbogi fyrst Malfride Torfadottur, hafde hun vered frilla hans þangad til? Non credo. Þvi þä hefdi ecki so göfugur madur eignast dottur hans. Atti hann tvær Malfridar, eina eptir adra? De eo non constat, og einginn hefr það sagt. Eða er þetta annar finnboge? neqve id puto, þvi finnbogi lög-madur bio i Ase i Kellduhverfi sem var langfedga eign. Annars er það undarlegt¹⁾, að þeir kalla ecki finnboga *lögmann*, sem að visu var lög-madr hoc anno 1494. Kannske þetta sie einhver annar finnboge og önnur Malfridur. Ættgöfug kona var Holmfridur þorvardzdottur, kona Biorns Jonssonar, syster Margretar a Eidum, þo atti hun börn við Birni adr enn þau vigdist saman. Vide Niardvikurbref. Eins Jngveldr Helga-dotter við Þorleifi Biörnssyne“. Það er enginn efi á, að þetta sé Finnbogi lögmaðr. Afskript bréfsins er með hendi Árna.

Þat giorvm vier ion magnvsson. sigmvndr magnusson og brandr ingvarsson godum monnum viturligt med þessu voru oppnu brefi. at þa lidit var fra gvds byrd þvssund fiogr hundrud niu²⁾ tiger og fiogr ar favstudaginn n[æsta] fyrir krossmesso vm haustid³⁾ j ase i avxarfirde i kellduhverfe vor[um] vier i hia saum og havrdum⁴⁾ æ. at finbog[i] ionsson fe[st]e malfride torfadottur med handabande laugliga sier til eiginn konnv med hennar iaýrde og þeim logbogar-

¹⁾ „Ecki er það so undarlegt, þvi það finnst optar. þo mun það hellst i brefum þeim er finnbogi sialfur hefur sagt fyrir, so sem jarda-kaupsbrefum hvar hann var ä adra siduna“. (AM.) ²⁾ „Þetta niu er skýrt og læselegt, og verdur ecki i neinn mata ödrumis lesed, og allt arstaled er alskirt“ (AM.) ³⁾ Þ. e. 12. Sept. ⁴⁾ Þannig.

enar ordum sem þar til haeýra¹). og til sanenda hier vm settum vier fyr nef(n)der menn vor incigle fyrer þetta fest-ingarbref giortt i sama stad og are deige sidar en fyr seiger.

286.

2. Október 1494. á Kolbeinsstöðum.

ERLENDR bóndi Erlendsson selr klaustrinu á Helgafelli til fullrar eignar jördina Hraunholt í Hnappadal og kvittar um andvirðið.

Eptir skjalabók í Landsskjalasafni 94. 4^{to}. bl. 131_b—32, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. Ágrip bréfsins með ártali 1494 er í AM. 252 4^{to}. bls. 47; AM. 430 4^{to}. bls. 7; AM. Apogr. 1593.

Kaupbrief fyrir Hraunholt.

Þad giorum vier Halldor Gijslason og Hoskolldur Helgason godum monnum kunnugtt með þessu voro opnu briefe a fimtudaginn næstañ epter Michaelizmesso Anno 1494. vorum vier j hia a kolbeinzstodum sáum og heyrðum á ord og handaband þessara manna Ellendz bonda Ellendssonar og Broder Þorleifz Jonssonar er þar var j vmbodi Halldorz abota a Helgafelli ad so firir skildu ad fyrrnefndur Ellendur selde til fullrar eignar Abota Halldore og klaustrinu jördina alla halfa Hraunholt er liggur j hnappadal j kolbeinzstada kirkjusokn jtolulause²). með ollum þeim gognum og giædum. sem greindri jördu fylger og fylgtt hefur ad fornu og nyiu. og hann vard fremst eigandi ad til æfinligrar eignar og frialz forrædiss vndan sier og sijnum Erfingium enn vnder Halldor Abota a Helgafelli. Medkiendist og Ellendur ad hann hefði fulla peninga vppborid fyrir greinda jörd af Abota Halldore. og j sama handabandi gaf Ellendur Abota Halldor kuittañ oлдungiz og akiærulauseñ fyrir sier og sijnum epterkomendum vñ fyrgreintt Jardarverd.

og til sanninda hier vñ etcetera.

¹) Þannig. ²) jtokulause, hdr.

287. 11. Október 1494. í Holti undir Eyjafjöllum.

GUÐMUNDR Árnason selr Sigmundi Jónssyni hálfá jörðina Raufafell hið ytra undir Eyjafjöllum fyrir tuttugu hundruð í fríðvirtum peningum auk gulls og silfrs, og kvittar fyrir andvirðinu.

Bibl. Bodleyana, Oxford, Collect. FMagn. 55. 4to. bls. 149—150, með hendi Guðbrands prófasts Jónssonar í Vatnsfirði (d. 1690). Rit-hætti handritsins er hér ekki haldið, því að hann er í einu merkr.

Kaupbref Guðmundar og Sigmundar.

Það giorum vier Jon prestur Jonsson. Eyiolfur Þorolfs-son og Nichulas Sigurdzson. Eyiolfur Sigurdzson og Þorarinn Brandzson godum monnum kunnugt með þessu voru opnu brefi. þæ er lidid var fra hingadburd vors herra Jesu Christi 1494 ar. laugardaginn fyrstan j vetri. æ Holhti vnder Eyiafiollum. vorum vier j hia. sæum og heyrðum æ ord og handaband þessara manna. Guðmundar Arnasonar af annare ælfu. (enn) Sigmundar Jonssonar (af annare). ad svo fyrer skilldu. ad fyrrnefndur Guðmundur Arnason selde fyrrnefndum Sigmunde Jonssyne halfa jordina Raufafell ed ytra. er liggur j Míðbæli(s) kirkiusokn. til æfinligrar eignar og frials forrædis. með ollum þeim gognum og giædum. sem greindre jordu fylger og fylgt hefur ad fornu og nyiu. og til yztu merkia vid adrar jarder ad riettu lagaskipte. sem logbok giorer ræd fyrer. Enn þar j mot gaf greindur Sigmundur. xx. c. j ollum fridvirtum peningum fyrer utan gull og silfur. Mædkienndizt greindur Guðmundur Arnason. ad hann hefde fulla og alla peninga upp borid fyrer greinda jord og optnefndan Sigmund kvittan giort og ækiærulausan um greinda jord. hæft Raufafell. fyrer sier og ollum sinum riettum erfingium og epterkomendum. og lofode tittnefndur Guðmundur (ad) svara lagaríptingum æ nefndre jordu og þrattnefndur Sigmundur¹⁾ Jonsson skylldo hallda til laga.

Og til sannenda hier um set eg adurnefndur Guðmundur Arnason mitt jnnsigli með fyrr greindra manna jnnsigl-

¹⁾ Sigurður(!), hdr.

um fyrer þetta jarda kaups bref. er skrifad var j Holum under Eyi afiollum manudaginn næstan fyrer annunciacio Marie (are sidar enn) fyrr seger¹).

288. 20. Oktober 1494. í Hjarðarholti.

Dómr sex manna útnefndr af Henreki Henrekssyni Kolabeck um viðskipti Sturlu Þórðarsonar og Arnórs Finnssonar út af flutningi á ófærri konu, sem Þóra hét og var Tumadóttir.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni (d. 1748) í 4to., skr. c. 1608. — AM. 211c. 4to. bls. 125—28, skr. c. 1700 (nokkuð afbakad). Sbr. Nr. 241.

Domur þeirra Stulla og Arnors um Þoru um vitni huersu full vera skyldu²).

Þad gjaurum vær sigurdur dadason. Gudmundur finnzson. Ormur jllugason. Colbeinn Jonsson. Jllugi Jonsson og pall Þorsteinsson³). Godum monnum viturligt med þessu voru opnu brefi. ad þa er lidit nar fra hingadburd vors herra Jhesu christi 0^o cccc ix tigr og iiij ar a manudæginn eptir Calixtusmessu j hiardarholli j Laxardal á þingstad Riettum vorum vier i dom nefndir af uel Bornum manni Hinrek Hinrekssyni kolabeck⁴). ad⁵) skoda⁶) og dæma huorsu fullkomin lagavitni þad skyldi vera. sem arnor finnsson leiddi þar þa suo vier heyrðum⁷) fyrir greindum Heinrek kongs vmbodzmanni vm aull skipti þeirra Stulla Þordarsonar og fyrrnefn(d)s Arnors. og skied hafdi á manudæginn næstañ fyrir Þorlaksmessu vm sumarid adur fyrir⁸) heima j Liarskogum i Laxardal á laugheimili arnors finnssonar. Soru þessir menn er suo heita. olafur. vigfus og jon jonsson fullañ bokareid fyrir sangdum Heinrek kongs vmbodzmanni suo latandi ord eptir ord sem hier eptir stendur skrifat.

1) Þ. e. 23. Marts 1495. 2) Domur vm heimsokn til Arnors Finnssonar 211; 3) Þordarson 211. 4) Kolasech (!) 211. 5) soleidis b. v. 211 (!). 6) skilddum athuga b. v. 211. 7) og b. v. 211. 8) þ. e. 15. júlí 1494.

J fyrstu suoru þessir menn að þeir uoru þar j hia j Liaskogum i Laxardal i Hiardarhollzt kirkiu sokn á laugheimili adur greindz arnors. a manudæginn næstañ fyrir þorlaksmessu vm sumarid adur og sau ad stulli þordarson Reid heim á vollinn j Liarskogum med vj menn tyiada. og fluttu þangad þa saumu konu ofæra¹sem Þora hiet og var Tuñadottir og Arnor finnsson hafdi adur laugbodit Stulla Þordarsyni til framfæris og adur greindum stulla var dæmd þessi kona til framfæris med suarnri frændsemi þeirra. Og þa greindur Stulli Þordarson kom heim á vollinn j Liarskogum og hans menn og medfylgiarar. þa toku þeir ofan þessa adurgreinda konu af hestbaki og settu hana nidur á vollinn. Sidan dro greindur stulli Þordarson og hans menn bædi vpp sverd og hanska og kaustudu af sier sinum kapum. Gieck þa arnor finnsson heiman og hans menn vpp á vollinn. Spurdi arnor finnsson Stulla þordarson. huort hann hefði flutt þangad Þoru Tumadottur frændkonu sína. En Stulli sagði að það uæri satt. Fyrerbaud arnor þa stulla at lata hana þar eptir an doms edur laga. Baud arnor finnsson sig þú til laga uid Stulla þordarson sattsamliga vm þessa adurgreijnda konu. Sagdist Arnor skylldu uid henni taka ef dandumenn giordu það og bæta stulla sem dandimenn giordu. ef hann hefði nockud vandlaga¹) giort honum. Enn Stulli sagði þar nei j vid og sagði að hvn skyldi þar eptir vera. Fyrerbaud arnor stulla þa ad lata hana þar epter. og lysti fullri sau¹ á optskrifadañ mann Stulla Þordarson og alla hans medfylgiara. Suo framarliga sem hann mætti fremst med laugvm. Ef þeir lieti hana þar eptir. Enn Stulli suaradi þa enn og sagði. að hun skyldi þar epter vera. Gieck þa Stulli fram ad arnori med nakid suerd riett. og arnor j moti med annad nakid suerd. komu þa i med þeim högg j suodan mata. at arnor hio ecki fyrr Stulla. Budust þa menn arnors til ad standa á milli. Enn menn Stulla og medfylgiarar villdu það ecki. hlupu fram. hiuggu og stungu menn arnors. og lyste arnor þa heimsokn á Stulla Þordarson. og hans med-

¹) Svo; = vanlaga.

fylgiara suo framarliga sem hann mætti fremst med laugum. Stakk stulli Þordarson arnor j andlitid med suerdi. suo hann feck auerka af. enn menn Stulla særdi menn arnors. hiuggu þumalfingur af Guttormi Olafssyni á hægri hendinni og veittu honum sting i handlegginn og miog suo af Joni Jonssyni fingur þann sem næstur er þumalfingri á vinstri hendinni. Lysti arnor þa fullri sauk á Stulla Þordarson og hans medfylgiara. sem fremst mætti á vera eptir laugum bædi kongdömsins vegna og sinna. Laugdu þessir menn sem soru þad j sinn eijd med. at þeir voru til þess skipadir og settir af arnori adur enn þesse þeirra vidureign var. at sia og adhyggia þeirra vidskiptum arnors og Stulla og þeirra manna. suo þeir mætti bera Arnori Riett vitni vm seirna. ef nockrer saknæmer giorningar kæme til med þeim edur þeirra mönnum og medkiendi Jon og Olafur adur skrifadir ad þeir hiuggu huorki nie stungu nie slogu Stulla Þordarson nie hans menn. og ecki vont giordu þeir þeim og j aunguan styrk voru þeir med arnori. til þess ad Stulli Þordarson og hans menn væri þa nockri skaumm nær. Edur lifi sijnu ad fjrr. og aunguan hlut giordu þeir þar ad annan enn þeir voru hia sau á þessa þeirra fyrrskrifada vidureign. Til þess ad bera þar vm Riett vitni og satt sem þeir voru tilskipadir af arnori adur. og þad suoru nu er hier fyrr skrifad stendur. Jtem laugdu þessir menn þad og j sinn eid ad arnor flutti ecki þessa adurgreinda konu Þoru Tumadottur á Stulla Þordarson fyrr enn hun var dæmd á hann adur sem domur þar um gior vtuisar.

Nu af þui vær vissum. ad þessir adurgreindir menn sem soru Jon og Olafur voru valinkunnir menn og ad aungum liuguitnum edur skrokuottum Reyndir. þess annars ad þeir skirdu sig med eiji fyrer allt sakferli vid Stulla og hans menn sem fyrr greinir. Þad þridia at þeir uoru til þess skipadir og nefndir af Arnori ad bera hier vm Riett vitni og satt vm þad sem til kiæmi med þessum adurgreindum monnum arnori og Stulla og þeirra monnum j ordum edur verkum sem þeir nu giordu og soru eptir. Þess fiorda ad laugin avijsa suo ad þau vitni sem bera vm

deilld manna. og suo ef vitnad er vndir menn. þa skal ecki anduitni j moti koma. þui fyrer þessar greinir. dæmdum vier adurgreindir domsmenn þetta lauglaga vitni sem þessir optgreindir menu soru. og ad laugum borid vera og ecki anduitni j moti koma mega þessum þeirra Eijdi og vitnis burdi. suo sem hier fyrr skrifad stendur. Jtem lysti greindur hinrik kongs vmbodzmenn þui þar fyrer oss ad hann hefdi sent optskrifudum Stulla bod og bref til ad koma á þetta þing til andsuars vid arnor finnsson. vm þessi þeirra malaferli. Enn Stulli kom ecki og einginn hans vmbodzmatur.

Og til sanninda hier vm setti fyrskrifadur heinbeck kolabeck kongs vmbodzmatur sagdrar syslu sitt jnnsigli med vorum adurskrifadra domsmanna jnnsiglum fyrer þetta domsbref. er skrifad var j liarskogum j laxardal j hiardarhollts kirkiu sokn á sama ari deigi sidar enn fyrr seigir.

289. 25. Nóvember 1494. á Grund í Eyjafirði.

ÞRÚÐR Benediktsdóttir selr Finnboga lögmanni Jónssyni jörðina Vík í Reynistaðarþingum með þeim atríðisorðum, er bréfið greinir.

AM. Fasc. XXXII, 16, frumrit á skinni, og eru bæði innsiglin fyrir bréfinu. — Apogr. 3358.

Bref vm uijk¹⁾.

Þat giorum uit sigmundr magnusson og illhugi heimramsson²⁾ godum monnum uiturligt med þessu ockru opnu brefi at þa lidit uar fra guds burd þushund fiogr hundrud niutiger og fiogr ár. á laugum j reykiadal a clemens messudag³⁾ uoro uit i hia saum og heyrðum á at þrvdr benedictz-dotter fieck ok selde finboga jonssýne laugmanni med handabande til fullrar eignar jordena alla uik er liggur j reynines stadar kirkiu sokn j skagafirde er hun reiknade sier

¹⁾ Utan á bréfinu með allgamalli hendi. ²⁾ heimräsön, frbr. ³⁾ D. e. 23. Nóv.

hafa fallid til arfs eftir benedict magnusson faudr sinn edr huort þat kynne uerda meire hlutur edr minne at sagdre Þrudi þeri til arfs edr lausnar i greindri iordu uik þa skyllði nefndr finbogi þat eignazst og til sin leysa en giallda henne adra jafnmikla peninga j faustu og lausu fyrir optnefnda iord uik. Og til sannenda hier um settu uid fyrnefnder menn ockur incigli fyrir þetta iardarkaupsbref giort a grund j eýiafirde in festo beate katerine uirginis a sama ari sem fyr seiger.

290.

26. December 1494.

á Skarði.

SAMNINGR Orms Bjarnasonar og Solveigar Björnsdóttur um peninga meðferð Ólafar Loptsdóttur vegna Sophíu systur sinnar.

Kriegers safu 2. 4to. bls. 218—224 með hendi Styrs Þorvaldssonar c. 1700.

Giörningsbref Orms Biarnarsonar¹⁾ og Solveigar Biörnsdóttur um peninga meðferð

Ólafar loptsdóttur vegna sinnar

systur Sophíu.

Þad giöri eg Ormur Biarnarson¹⁾ góðum monnum viturlegt með þessu mijnu opnu brefi ad eg meðkennunst. at eg hefir i heidur. hiartalega ást og brodurlega dýgd með hustru Solveigu Biörnsdóttur systur mijna ordid um eins og samþyckur um þann áskilnad. reikningskap og peninga meðferð sem at þær agreindi hustru Ólöfu Loptzdóttur og Sophíu Loptsdóttur mædur ockar. sem Gud þeirra sállir hafi. j hveriu þad hefer verid vid þann arf og peninga sem þessum greindum syskinum fiell til arfz og eignar eptir fôdur sinn og móður og hustru Ólöf hafdi til umbodz vegna systur sinnar sagdrar Sophíu. og hun þottist eij fulla hlut af greindu gotzi og peningum uppborid (hafa). sem var j

¹⁾ Ormr var sonr Bjarna Ívarssonar (jungkæra Vigfússonar Hólms) og Sophíu Loptsdóttur.

lausagotzi. jörðum og odrum gripum. j hveriu æm hellst kann nefnast. og mier hefir nu til eignar fallid. hefe eg því nu þennañ þeirra allañ ðskilnad. misdeiling með ðnefndri ðgreiningu afmáð og nidursleigid j svo máta. ad eg fyrnefndur Ormur Biarnason¹⁾ gef og (gjøre) Solveigu Biörnsdottur. hennar börn og Barnabörn. erfing(i)a ðlldungis kvitta og ðkiærulausa fyrir mier og ðllum ðdrum mijnum Erfingium. eptirkomendum lögligum um fyr sagda peninga og arf. kvika. dauda. fasta. lausa. frijda sem ofrijda j hveriu hellst þeir hafa verit eða nefnast kunna með ðvöxtum. jnnstæðum. ðbata edur alögum og ðllum ðdrum olögligum meðferðum sem upp ð greindt götz hefir mátt falla skieedur skjekast og hustru Olöfu bar at svara. Svo og medkennunst eg. at eg hefir fulla peninga. sæmd og nægelse upp borid af ðdurgreindri Solveigu Biörnsdottur systur minne fyrir ðdurnefndañ feskacka og askilnad svo mier vel þeckist og ðnægir vegna sijn og ann(a)ra arfa hustru Olöfar. undir svo fellda grein. ad ef svo kann skie adrer verdi arfar sagdrar Solveigar Biörnsdottur enn börn hennar sem reiknast nu hennar skilgetner Erfingiar og beri under adra menn gotz og peningar þad sem hustru Olöf ðtti. þa skal eij meiri partur kvittur ðdur sagdrar ðkiæru helldur enn²⁾ svo mic(id) sem hustru Solveig(u) bar ad suara vegna móður sinnar og Einars Biörns-sonar broður hennar. Svo ei sijdur hefi eg lofad greindri Solveigu Biörnsdottur systur minne ad vera henni j hiðlp og styrk. slijskañ sem eg kann best af stad koma. og sierdeilis hennar börnum ef Gud vill svo skjekka edur skipta þau þyrfti minnar hialpar edur tillagna nockurn tijma vid. For þessi greindur giorningur fram. fluttist og fullgiordist milli ockar greindra manna Solveigar og mijn. og med handabande j litlustofunni á Skardi á Skardzströnd ij. dag j Jöllum. þessum monnum nærveröndum. ðsiðöndum og heyrundum. Joni Oddssyni. Halldori Þorgeirssyni. Ormi Sigurds-syni. Kiartani Jonssyni. Ara Helgasyni. Þorkatli Ormssyni og Joni Sigmundssyni. hverier til styrkingar. meijri audsyingar og sannrar medkieningar og sanns vitnisburdar hier

1) Svo hér. 2) b. v.; vantar í hdr.

um settu sijn Jnnsigli med mijnu Jnsigli fyrir þetta kvittunarbref er giórt var i sama stad. dag og tijma sem fyr seigir. þá er lidid var fra holldgan og hingadburd vors herra Jesu Christi þusund iiij. hundrud. ix. tyger og iiij. árr¹).

291.

1494.

SKRÁ er Stephán biskup Jónsson lét gera um eign Kirkjubæjarklaustrs á Síðu í silfri.

AM. 263. Fol. bls. 87, skr. 1598.

Anno domini M. (c)ð. xc. iiij. reiknadizt suo mikid silfur kirkivbæiarklavsturs sem hier seiger.

Jn primis. ein stor skal. oc iiij smærre skaler.

ein spýra med loki oc onnur loklaus.

ejtt stort stavp med loki.

var þetta allttsaman a vigtt xv merkur.

Jtem eitt glodarker med sylfur ad auk oc ij skurn med silfurstettvm oc bvingi ofan vm. eitt horn med klom silfvruid. oc silfurkross med knutafesti er vo xvj avra.

Jtem iiij fingurgull oc hid fimtta er biskup stephan fieck systur halldorv ad bera j stadin þess fingurgullz er hann hafdi j burttv med sier því þat var brákad.

292.

[1494].

TESTAMENTISBRÉF Páls Brandssonar á Möðruvöllum.

AM. Fasc. LXIV, 27, frumritið á skinni, sem aldrei hefir verið inn-siglað. — AM. Apogr. 1507 (eptir frumritinu). Páll Brandsson mun hafa dáíð í drepsóttinni haustið 1494. (Sbr. Spjaldhagadóm 19. Júní 1495. Nr. 315).

¹) D. e. = 1494, því í þessu bréfi er árið reiknað frá Jólum. Sólveig Björnsdóttir var dáin á Jólum að bókmáli 1495; hún gerði testament sitt 17. Jan. 1495, en 28. Marts 1495 fréttir Björn Guðnason lát hennar vestr í Vatnsfjörð.

Testamentisbrief Páls heitins Brandsonar¹⁾.

Jn nomine Domini amen.

Giorer eg þall brandzson heill at nite og samuizku en þo nockut krankur j likama. Sua fallit mitt testamentum gudi allz(valldanda) til lofs og dyrdar og hans blezadri modr jungfru sancte marie og aullum guds helgum monnum til sæmdar og uirdingar enn mier syndugum manni til syndalausnar og saluhialpar og öllum þeim sem gud lofar at sia aulmausa þiggiz firir.

Jn primis jatar ec mic gudi skylldugañ. gef ec mig og mina sal j ualld og uernd skapara mins og lausnara herra ihesu christi og j skiol og myskunar fadm heilagrar kirkiu og arnadar orda jungfru sancte Marie og hins bleszada Martini erchibiskups sancte thome archiepiscopi sancte nichulai og sancte johannis holabiskups. Sancte petri og pauli og hinne blezudu barbaru. goda gudmundar biskups og allra guds heilagra manna og meya. kys eg likama minum legstath ad kirkiu hins blezada Martini heima a Mondruuöllum j eyiafirdi nærr jngibiorgu minne.

Jn primis gefur ec austur til helga blod þess(ar) iij iarder ketilstadi a uöllum. kollstadi. Mynes. og þar med eitt kristz likneski med þui sem honum fylger er þat eitt gullnisti og fingrgull og ij pipur forgylltar med laufum. villda ec ath ketilstöðum fylgdi. x. kugilldi. v. kyr og. v. asandar kugilldi oc at liotur hefddi²⁾ framfæri sitt a peningunum. skal þar leggiaz til. xx. hundrut j audrum jordum og þar med eitt glodarker og læt ec hundrat hundrada.

eida kirkiu. xx. hundrut og þar lugt af. vj. hundrut. skipa eg kirkiunne. vi. hundrada jord rima og þar til. ix. hundrut j þarfligum penningum.

Er (e)c og skylldugr erfingium jons heitins gudmunzsonar peninga. uorv þat xv hundrut og uillda ec giarna at allar minar skullder lyckettizt.

Sua ueit ec at eg er minum kirkium micils skylldugur en eg ueit ei huad epter lifer peninga þo at nu siev noger

1) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld, og aptr nær orðrétt með enn annari hendi. 2) Svo.

til. verður þar þó mest æ kirkiuna æ hofi þui at uier höfum hana lei(n)gst halldit frændur. þui skipa eg henne iordina þrastastaddi¹⁾ firir fimtigi hundrada til æuinligrar eignar og jordina suinaollu firir xx hundrut. skulu erfingiarnar suara þui sem meira er.

hefi ec tekit med silfrastada kirkiu. xij.¹⁾ en þat sem moder (min) uar meira skyllidug kirkiune eigum uit ellendr bader ath suara. fellur þar litit j porcio ein mork edur ix aurar. eru þar sua peningar ef þeir halldazt at kirkian ma fa fulla sæmd en.

Æen¹⁾ eg ueit ei huort at kuitt er maudruualla kirkia edur ei med þui sem jngibiörg min hefer til hennar lagt. en þó skipa ec kirkiu sancte Martini martiris. xl. hundrada jord finnastadi j sauluadal.

Med kirkiunne æ einarstöðum tok ec. xv. hundrut j fridum peningum en. iij. hundrut j ofridu. en um þann reikningskap sem þar hefer fallit sidan ec feck jordina skipa eg henne halfa iordina biörg j kinn firir x hundrut og allan þann uid sagadan og osagadan sem þar er nu heim komin og allar þær fialer sem eru j flatey. er þath kirkiunne god nytsemd ef þui verdr at henne komit.

börnum jons heitins einarssonar er ec skyllidugr vm xij hundrut og halfa jördina biörg en gudride æuinligt framfæri. er hier af lugt þat sem gudridr tok at sier j flatey.

Sigmundi brandzsyne skipa eg iordina bæ j sugaǵda-firdi og halfan uatnadal.

Hier med lofadi Pétur loftsson firir dandimonnunum j sangdu handabandi. þar med af sier sagdi og med ollu nidur lagdi allt þat tilkall oc eignarord. med huorskona akærum edur arfataukum hann hefur matt eigandi ad verda ad jordunni Tungo j vijdidal. huort það hefur matt verda eftir loft fandur hanz. Solueigo aummo hanz edur Steffan loftsson brodur sinn. þa skillde nu greind jord vijdidalz-Tunga og audunarstadir j vijdidal med allri þeirre kaupslagan sem eru gíafir edur giorningar. vmboda. afhendinga. vttekta oc medferda sem Jon hafe giorrt vid bustru Solueigo modur sijna. fastaeign oc lausafie. huernin sem það hefur. med þeim giorrt verid og Jon helldur edur halldit hefur kuikt edur daudtt oc petur hefur nockud laugligt tilkall matt veita. þa skillde nu vera kuitt og akærulaust af Pietri og ollum hanz logligum eptirkomendum og þær nu Greindar jardir Tunga og audunarstadir æfenlig obrigidilig eign Jons Sigmundssonar oc þær nu hier eftir vpptaldar jardir lausar og lidugar af lagasoknum og landabrigdum Peturs og hanz erfingia. Og þeir fyrr greindir menn petur og Jon alsattum satter. at kongz rietti fra skildum sem Joni hafde aflast. lofudu Greindir menn Petur og Jon huor

¹⁾ tvískrifad í hdr. ²⁾ viño mz, hdr. ³⁾ afgreidda, hdr.

þeirra audrum síjnum styrk og adstodu med laug og riett þad huor mætti. Vissum vier titt taldir menn eigi annad sannara firir gude enn þessi þeirra satt væri vndirhyggjulaus af beggia hendi allt þad vier mattum af kanna. Og bædir geingu þeir ædur greindir menn vel vilugir til þessarar sattargiordar. okugadir huor af audrum.

Og til meiri audsýningar og sannz vitnisburdar hier v̄m þa settum vier þrattgreindir menn vor jncigli firir þetta sattarþref og kuittunar er giortt var j sama stad og æri degi síjdar enn ædur Greinir¹).

379.

19. Maí 1497.

í Viðey.

KVITTUNARÞREF um útgreiðslu Árna ábóta í Viðey á andvirði Stærrivoga á Strönd.

AM. 238. 4^{to}. bl. 4—5 (Bessastadabók) skr. c. 1570.

Bref vm Stærri voga.

Þat giorvm vær Jon Jonsson. Sveinn Magnusson. Olafur Jonsson. Gvnlavgr Sigvatsson. Jon Marteinsson oc Jon Ormsson godvm monnvm kvnnigt med þessv vorv opv brefi at svb anno gratie M^o. cd^o. xcviij æ fostvdeiginn næsta fyrir festvm sancti Avgvstini episcopi j Videy er liggr med svndvm j Mosfelltsaveit vorvm vier j hia savm oc heyrdvm æ at herra Arne med gvdz nad aboti j Videy galltt oc vtlycti Gvdmvndi Magnvssyni fyrir jordina halfa Stærrivoga er liggr æ Strönd svo ordna penninga. kross er vo vii avra. linda er vo v. avra. v siakhnappa. xx lavfahnappa lopakorna gyllta. eina sylfrskeid. talnaband med raf. kvriel oc silfr. tok Gvdmvndr þetta alltsaman firir ix^e. Jtem iij halfatykki klædis fyrir. vc. xiiij stikr lerips fyrir jc. aklædi oc smavarning fyrir jc. Stodv þa epter iiijc.

Þui gaf fyrnefndr Gvdmvndr Magnvsson herra Arna med handabandi oc fvliv jayrde ollvngis kvittan fyrir sier

¹) þ. e. 10. Maí.

oc sinvm erfingivm oc epterkomendvm vm alla þa penninga sem han varð honvm skyldvgr fyrir adrskrifada jord Stærri voga epter því sem þeirra kavpbref þar vm giortt vtvisar at lvcvm iijc optnefndvm Gvdmvndi edr hans logligvm vmhodzmanni eda erfingium.

Og til sanninda' hier vm settvm vier fyrnefnder menn vor insigle fyrir þetta lvcningsbref oc kvittanar skrifat j sama stad deige oc ari sem fyr seigr.

380.

25. Maí 1497.

á Skríðu.

Eirekr Ormsson selr Narfa prior á Skríðu hálfu jörðina Sturlaflöt og tvö hundruð álna bordvið, en prior geldr í mót jörðina Gröf í Vestrárdal.

AM. Apogr. 4434 „Epter transscripto xi. Skriduklausturs pergamentsbreta, gjördu þann 17. Septembris 1697“.

Það giorum vier Þorarenn prestur Eyiolfsson. Loptur Biarnason. Gunnlaugur Olafsson. Þorleifur Snorrason godum mðnnum viturligt med þessu voru opnu brefe. at vier vorum j hið. sðum og heýrdum æ ord og handaband þessarra manna. af einne alfu herra Narfa priors æ Skríðu. enn af annare Eireks Ormssonar sub anno gracie M. CD. XC. VII. midvikudagenn næstann fyrir dyradag¹⁾. á Skríðu j Flíotzdalshierade. faldest það og skildest under þeirra handabande. at fyrnefndur Eirekur sellde ádurnefndum herra Narfa priore á Skríðu jörðena halfa Sturlaflöt er liggur j Valþiofstadar kirkiusokn. og þar til. ijc. álna bordvið. Hier á mot gaf tittnefndur herra Narfe optnefndum Eireke jörðena Gröf j Vestradal j Hofskirkiusokn med öllum þeim gögnum og giædum. sem greindre jörðu fylger og ei er med lögum undan geinged. Skyllde Eirekur láta skilast heim til klaustursens þau. ijc. álna bordvidar er hann varð játta j þeirra kaupe. innan tveggja ára. Skilde og herra Narfe sier halft

¹⁾ þ. e. 24. Maí.

bríðia hundrad j frídvirtum peningum ef afgeinge þesse halfe jardar partur med dome. Skyllde hver svara laga-riptingu á þeirre er selde. enn halda til laga þeirre er keypte. Og til sannenda hier um setium vier vor inncigle fyrir þetta jardakaupsbref er skrifad var á sama dre. enn dege sidar enn fyrr seiger.

381.

2. Júní 1497.

á Úlfstöðum.

EIRÍKR prestur Sumarliðason gefr Guðnýju Þorleifsdóttur í tíundargjöf sína hálfa jörðina Kalmanstungu í Borgarfirði.

AM. Fasc. XXXIII, 11, frumritið á skinni. Af 5 innsiglum eru nú 3 fyrir bréfinu. — Apogr. 3871. — Í bréfabókum (t. a. m. Landsb. 18. Fol., 312—45) er ártal þessa bréfs stundum rangt: 1494, því að menn hafa mislesið *iii* fyrir *iiii*.

Um Tíundargjöf Eireks prests Guðniu Þorleifs Dotter til handa 1497¹⁾)

Þat giorum uær filpus oddason. halluardur jonsson. magnus þorsteinsson ok grimur jonsson. godvm monnum viturligt med þessv uorv opnu brefi. þa lidit uar fra guds burd M. cd. xc ok uii dr. a siofarborg j skagafirði mónnudagin næstan firir marcellini et petri.²⁾ uorum uær j hia savm ok heyrðum æ at þau toku hondum saman Sira eirekur prestur sumarlidason af eirne alfv en guðný þorleifsdóttur af annare. at suo firir skildu at fyr greindur sira eirekur gaf adur nefndri guðnyu þorleifsdottur j sina tíundargjöf. epter þui sem landzlaugin ut uisa at madur megi med laugum gefa af erfdagozi. alla halfa jordina kalmannzstungu er liggur j borgarfirði til æfinlegrar ok obrigduligrar eignar. vndan sier ok sinum erfingium en undir guðnyu ok hennar erfingia. gaf han þessa fyr greinda jord halfa med taudum. skogum ok eingivm. ueidum. afrettum ok fiorunytium ok aullum þeim gæðum sem þui landi eigv at fylgia. at fornu ok nyu. þó at þat eigi j aunnur laund. ok hann

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ p. e. 29. Mai.

uard fremst eigandi at ordin. j arf epter modur sina ok sysken. lysti hann ok þui firir oss j sama hañdabandi at hann hefði aungua giof gefit fyre en þessa. utan þær giafer sem laugbokin akuedur at til vingiafa eigv at snuazt. suo sem er um yxn edur hesta. uopn edur adra þuilika gripe. en hann reiknadi þá sina peninga uera til vpphædar ok framtals. flogur hundrud huñdrada. Suo ok eigi sidur under batt optt nefndur sira eirekur sig at suara kirkiunar gozsi a fyr greindri jordu kalmanzstungu. porcio ok aullum reikningsskap þeim sem a var fallen þangad til. at jafnadi uid þá er motz uit hann attu. en titt nefnd gudný þeim sem þadan af felle medan hun ætti. skyllði hann ok suara smidnum firir upperd kirkiunar. atti þessi jord half kalmanzstungan at uera afheñt þá straks þar sem hun stædi. j eign ok uernd gudnyiar. en ðbud skyllði stañda a jorduni til næstu fardaga epter þui sem sira eirekur hafði adur bygt hana. enn gudný þá lañðskýlld upp bera sem ð uar skilin þat ðrid. handasaladi sira eirekur gudnyu ok heimiladi allt þat fé sem þar kýnne at finazt j þessari hallfre jorðv eda a ok eigi yrði lavgligier eigendur til. skyllði sira eirekur suara aullum laugligum riptingum a jorðvne. enn gudný hallda til laga. skal hun ok upp hallda aullvm þeim jtaukum er adrer menn eigu j þessa halfa jord þau er med laugum synazt. Ok til meire sanenda hier um setta ek þrattnefndur prestur sira eirekur svmarlidason mitt jncigle med þessara fyr nefndra manna jnciglum firir þetta giafarbref ok giornings er skrifat var ð ulfstodum j blaunduhlid j skagafirdi florum nottum sidar. a sama ðre ok fyr seigier.

382.

12. Júní 1497.

á Staðarhóli.

DÓMR útnefndr af Torfa bónda Jónssyni, kongs umboðsmanni milli Gilsfjarðar og Skraumu, um tilkall Björns Guðnasonar til arfs eptir Solveigu Björnsdóttur.

AM. Fasc. XXXIII, 16, frumrit á skinni með hendi Björns Guðna-

sonar sjálfs, og hefir hann því stýlað Torfa í Klofa dóminn. Oll (7) innsigliu eru fyrir bréfinu.

Jsetningsbref og domr biarnar j arf epter
solveigu biornsdottr.¹⁾

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra senda jon odzson. stvlli þordarson. oddr sigrdzsson. þorvardr jonsson. þorðr vermundzson og tyrbingur jonsson kvediv guds og sina kvnigt giorandi ad þa er lidit war fra hingadbyrd wors herra jesv christi M. cccc niutiger og vij ara manvdagin næsta fyrir basilie biskupi a stadarholi j sorbæ þingstad riettyv worum vær j dom nefnder af ærligvm manni torfa bonda jonssyni er þa hafdi mins herra kongsins syslv og vmbod j millvm gilsfiardar og skra(v)mw ad skoda og dæma vīm þat sama tilkall er biorn gvðinason reiknadi sier til erfdar og jsetv hafa fallit allan arf epter solveigv heitna biornsdottur modrsystur sina sem gud hennar sal nadi j motz vid ara brodr sinn og adra þa þeim jamnfram stædi ad frændsemi og lavgligre skilgetningv. Svo eigi sidr beidi greindr biorn og krafdi greindan torfa jonsson doms a. hvert afl eda makt hans bref skylldi hafa edr hvort hann hefði med riettv jsetz eda matt j sitia eda mega j siti(a) framvegis edr eigi. Nv saker þess ad þar kom fram þref²⁾ vnder godra manna heilvm oskavddvm hangandi jnsiglv hvort svo war hliodanda j millvm annara orða ad þeir hefði hia vered j storastofvnni (j) vazfirdi j isafirdi ad fyr greindur biorn gvðinason hafði setz þar j avndvgi og lyst sig lavgarfa epter greinda solveigv heitna biornsdottur. til þeirra peninga allra landa og lavsa avra sem hvn hafði att og bref þar vīm giort vt visar j motz vid adra hans frændr sem fyrr skrifad stendr samdægris er hann hafði spvrt hennar frafall. Jtem j annare grein hafði opt skrifadvr biorn gvðinason lagt lavg og dom fyrir allan fyrr skrifadan arf og peninga. og saker þess ad wor landz lagabok seiger svo. ad ef madur situr j arfi og leggr dom fyrir. enn annar kallatz til komen þa skal stefna

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi Björns Guðnasonar sjálfs. ²⁾ Þ. e. bréf frá 10. Apr. 1495, Nr. 307.

honum heimstefnu rietta til arfs og vafarar. og þui fyrir þessa grein og þær fleire adrar sem þar til lvtu j worum lagvum hins og annars ad vær vitvm avngan fyrr hafa j setz og lagv og dom fyrir lagt þessa peninga en biorn. þa dæmdvm vær adr nefnder domsmenn ad svo profvdu sem fyrir oss kom med fvlv doms atkvædi þrattnefndan biorn gvdinason lagvliga hafa jsetz og matt j sitia og mega j sitia framvegis hafa og halda byggia og bæla rada og riegiera allan opt skrifadan arf goz og peninga. þar til sem hann ER stefndr vr þeim sem lagv giora rad fyrir. sampikte þenna vorn dom med oss torfi jonason wor syslvmadur og sette sitt jnsigli med worvm jnsiglvum fyrir þetta domsbærf hvert er skrifad war j hvammi j hvamsveit a sama are. degi sidar enn fyr seiger.

383.

21. Júní 1497. í Bólstaðarhlíð.

TYLFTARDÓMR útnefndr af Einari Oddssyni, kongs umboðsmanni í Húnavatnspingi, um arftöku Einars Ólafssonar eptir Solveign Björnsdóttur móðurmóður sína.

AM. Fasc. XXXIII, 17, frumritið á skinni. At 13 innsiglium eru nú 7 fyrir bréfinu, sum stórlega brákuð. Af dómi þessum eru til allmargar afskriftir bæði að fornu og nýju; eru sumar þeirra árfærðar rangt 1494 fyrir 1497 (iiij mislesið fyrir uij). — Apogr. 3373 og 3374 (eptir frumriti) og 796 og JSig. 66. 8^{vo} með hendi Grunnavíkr-Jóns eptir transkr. frá 20. Apr. 1515.

bref olafs filipvssonar¹⁾arftokudómur einars olafssonar.¹⁾

Þeim godum monnum sem þetta bref sia edr heyra. Senda Sygurdr Dadóson. Jon Olafsson. Sygurdr Juarsson. ketill teiztson. Bardr Jonson. Brandr Olafsson Logrettumenn. tumas hrafson. hallgrimur skulason. jon filipvsson. mar-teinn jonson. hafliði iuarsson og jon sigmundzson Quediu guds og sína kunigt giorande. ath þa er lidit war fra hing-

¹⁾ Utan á dómnum með tveim gömlum, en mismunandi höndum.

atburd uors herra jhesu christi Ɔ iii hundrut ix tiger og uij ær j bolstadarhlid j langadal um sumarid æ þingstad rettum æ miduickudagin Hæstan fyrir jonsmessu baptista woru wer j dom nefnder af ærligum manni einare oddszyni Ɔr þæ hafde uors nadug hera kongsins syslu og umbod j hunauazþingi. til ath skoda á litá yfer ath sía med skynsend at ransaká retta grein æ ath gioræ og fullt Doms attkuæde á ath leg(g)ia epter logum uilia og sanrar uorrær samuizku. Huert afl eda fullkomna magt ath hafa¹⁾ skýllde su stefnó er gudne jonson war stefndur af einare oddszýne j greindan stad fyrir sua felldar saker gefnar af olafi filipussyni at gudne hefdi ath sier teckit j sezt og rangliga halldit med fullt ofrike og ofurualld allan þan ærf audæfi gardæ og gotz er olafur reiknade sier til laga socknar abata og áuaxtar at uera eige þar med til hallzt og frials forrædis Ɔnn sýne sinum einare til eignar fællit hafua eppter solueigu biornzdottur modrmodr sina og skilg(et)enn hann wera til taldra peninga enn sig logligan socknar adila og epterkiæranda æ ollu fyr greindu gozti er hustru solueig hafde att j sinum siztum dogum og gudne helldi nu og þeir honum jafnt til standa uegna sin og þorleifs palssonar brodrsonar sins. til jafns ódrum sier jafnt til komnum. Huern ad olafur helldr sagdan þorleif standa syne sinum einari fyrir ærfi og hans umbodzmen enn sier fyrir abata auexti og athtocku taldra peninga. og nu hier epter skodudum wer greinder domsmenn sagdæ stefnu og hana yfer lasum og litum med ordum ok²⁾ athkuædum. suo eigi sidur war hun reynd ath leingd og tima. þar med sonn gior med suordu uitne ij uottæ at hun war lesin ath gudna. suo nær uerandæ ath hann matti uel heyra hana ef hann uillde. hier med uissum wer ath greindr olafur hafde beitt og krappt sagdan sysluman ath stefnæ fyrnefndum gudna um adr greint mal og beidde enn og krafde ath giora sier log og rett á fyr sogdum askilnade. og nu fyrir áuisun laganna at þau suo uttuisá ath huer madur frials og fulltidá sá uit og menningg hefer til skal sialfur sæckia sina sock ef hann er

¹⁾ hafi, frbr. ²⁾ svo hér fullum stöfum.

mannadr Enn elligar kongx umbodsmadur. og nu sacker þess wer uissum Olaf epter sogū sinne huorcke lærdan ne suo lesanda hann mætte ne suo kynne sina sockn ne annars sæckið. og þui epter þessare auisuñ laganna. þa dæmdum wer stefnuna logligá og gudna rettliga fyrir kalladañ og luke halfa mork kongx umbodsmanni j stefnufall utan hann syne loglig förfoll. hann matte eigi komá eda komá láta. sinn logligan umbodsmann j sagdan stefnudag. j annare grein kom fyrir oss. sagda domsmenn. urskurdarbrief sira jons þorualldzsonar med styrckingar og samþýktarbriefi gudmundar prest(s) jonssonar. huerer þa woro bader samþ officialis holakirkiu med þeirra heilum oskoddum jnciglum officialatus inciglum suo¹⁾ latandá. ath greindr jon prestur urskurdade olaf filpusson med logum hafa undañ færzt. ath hann hafi ei sleigit. sært ne lostid nockorū man j kirkiune edá kirkiugardinum j uidudalstungu epter þui sem fyr skrifadar sackagipter jnne halldá. af heilagra(r) kirkiu formonnum gefnar hafa werit olafi. sem bref eda domar þar um uotta. og fyrir oss uar birt suo fellt undanfæri sem sagder prestar hofdu urskurd æ lagt ath olafur hófdi suarid fullan bokareid. at hønn hafdi sagdan kirkiugard eda kirkiu inan þeirra takmarcka. sem heilog kirkia umhuerfis sig eignar sier til sæmdar og þeim til fridar. þangat flýr. huorki sært ne saurgat med hoggum ne heiptarblodi nockorn man. jnan þessarra fyr skrifadra takmarcka og þennan eid sonudu med honum xij men vel ræmder og ualínkuner uiij nefndarvitne og iiij fangauottar. Og epter þetta suarid og satt giortt sogdu og dæmdu greinder prestar Olaf med logum giptsz hafua matt. uar þetta undanfæri tekid af sira jone sem fyr seiger morgum godum monnum nærverondum. Og nu hier j greindum stefnudeigi leiddo Olafur ij lagauitne og sor anat fullan bockareid sua latandi at þeir hefdi hiá werid j augri j isafirde þar j litla stofunne ath olafur filpusson hefdi tekid j hond uigðise jonsdottur og fest hana med hennar jayrde og samþýcke þess er hana gipte og brodr hennar og olafur hefde þa talad j sogdu handabande

¹⁾ tvískr. frbr.

oll þau festingarord sem kristin rettur jne helldur og olafur hefði sagða uigdiæ jonsdottur fest sier til logligrar eigin konu. epter ollum bockarinar ordum. Hier til kom þar fram bref med haugandi jncigli sira gunnsteins asgrimssonar huert suo jne hellt. hann¹⁾ hefði nær uerid j fyr sogdum stad j augri j isafirde þar j litla stofune at olafur hefde fest fyrr sagða uigdiæ med henar jayrde og samþycke brodr hendr jayrd(e) og þeirra fleire sem umbod hofdu tekid af hustru solueigu modur uigdisar at gipta hana og titt nefndr olafur hefði fest uigdiæ epter ðllum þeim ordum og athkuædum er kristin rettur jne helldur og hier til uændizt olafur ath uitne ath þetta satt wæri um fyrr sagða festing helga sygurdsz¹⁾syne. jone hoskuldzsyne og fleirum uitnum ðdrum er þar hofdu nær werith. Og nu epter oll þessi gogn. uitne syndrar festingar. suardra eidá orða og urskurda þá Dæmdum wer sagder þingmenn med fullu doms athkuæde bockarinar er huñ sua seiger ath ef leikur á iþ tungwm huort madur er æfgeingr eda ei. þa stefni hann þeim til þingx er honum stendr fyrir arfi og niote uotta Sinná ath hann stefndi honum þing. hins og anars at uottar baru hins unga manz sem fyr seiger huar moder hans var fest. Og nu þar epter auisun laganna. þa Dæmdum wer med fullu doms attkuædi einare olafssyni til fullrar eignar enn olafi faudur hans til hallz og uidtoku ur hendi gudna alla þa peninga. jarder og lausafe sem gudne jonsson hefer at sier tekid j sezt byg(t) og bælt radit og regerat og nockura auðxtu af tekid epter hustru solueigu biornsdottur og af þeim ollum honum standa jafnfram og þenan allan arf sem epter hana hefer fallit og hun atte wera og werid hafæ obrigidiliga erfd einars olafssonar epter modrmodr sina solueigu at anefndum og tilgreindum þeim odulum eignum og lausum aurum sem olafur fader hans hefer adr j sezt at sier tekid sem honum hafa adr verit hier dæmder og hier liguá jnsueittiz sem alla adra. j suo mata ath oss lizt sira gunsteinn eiga og skylldur vera ath aperia epter sinu brefi enn ef hann suer eigi þa dæmdum

¹⁾ tvískr. i frb.

uer hann lagaitne um fyr skrifadó festing. uttan olafur uili leida onur uitne fyrir mikelsmesso fyrir sogdum uallz mane og at þessu fullgiordu og heyrdum dominum þa se allur fyr skrifadur árfur obrigidilig einars olafssonar fost og fullkomin eign. land og lausa aurar utań finbogi logmadur uorr urskurdi med laga vrskurdi med þeirra bezt(r)a manna. radi er hann h(ier) med sier til nefner þennan árf af greindum einare fyrir eins⁽¹⁾ hueriar logbornar saker á hendur olafi af rettum adilum. saker gefandi. hann hafi eigi logliga matt giptazt eda nockorr finez nærr standa jafn skylldur. eda nanari almenniligu erfdatali sua getin sem kristin þettur og landzlogin jne hallda wm fyr skrifadar skilgetningar. Enn um dom þan er þar war lesinn er suo stod jne at biorn gudnason hefdi lagt dom fyrir (arf) eptter greinda solueigu og honum hefdi werit dæmd jseta sagdra peninga þa kunum wer þar e(c)ki ne uissum wor log at ganga. at þat muni skynsemdar domur uirdazt þui fyrir oss skyrer. almenniligt erfdatai at sonur olafs frillusonur er j iij. erfdepter hustru solueigu en biorn et fyrsta j u. erfde systurson epter solueigu modrsystur sina hofum wer hier reiknad xj menn á millum standa ath rettu erfdatali. dæmum wer þat olog og eigi rett ath þetta meigi giora at blaupa til at setiaz j þa arfa. sem þeir uita at bokin skipar at mycklu fir standa j erfdatali og sierliga þeir sem sialfer lesa hann [á auńgum odrum en eigi uita þa²⁾ á life eda j landi wera at nærr stańdi þeim arfi og huerer sem suo setiaz j arfa og finz anar sidar nanari hugdum wer hann sex aurum sekan. Enn huerer þat hafa giort áth legia dom fyrir þenan árf sonar olafs. þa hofum wer dæmt honum eda þeim at sueria lyritareid en mina fyrir logmanni j sumar átt þeir uis(s)u eigi sanara fyrir gudi enn arfur mundi sin eign og aunguan uissu þeir ne sav nockorn jafnfram eda nærr standa enn sic. og ath honum unnum. se hann kuittur. og uidskilin sagdan árf. Enn ef þeir eda sa fallaz á eidi þa hofum wer dæmt olaf mega sækia þann med þingstefnum. krofum og atforum i erfdom wm þat gozt sa helldr og

1) Svo. 2) [og aunguam odrum þeim er þa vita 66.

tekur uoxtu af. enn þá peninga sem sa helldur eigi er suarar logskuldum af. þá hofum uer dæmtt med fullu doms attkuædi olaf med frialsu mega ath sier taka alla fyr sagda peninga huar þeir standa nordan. uestan. sunan. austan sua sem þá peninga sem hann hefer hier adr j setz og at sier tekid og rada og regera sem log uotta um omaga eyri og giallda skullder sem log til seigia og sæckia þæ med logum sem rangliga hallda og þá sliku seka (sem) log uotta er standa fyrir þessum arfi og um hann hier hafa att ad demaz sem arfur war dain og bu hins dauda.

samþykkti þennan uorn dom einar oddz(son) kongx soknare og setti sitt jncigli med uorum jnciglum fyrir þetta domsbref er giort war æ mardarnupi j uazdal æ sama æri iij Hottum sidar enn fyr seiger.¹⁾

384.

23. Júní 1497.

á Ökrum.

HALLA Sigurðardóttir geldr Arnóri Finnssyni fyrir þann mála, er Æsa Jónsdóttir átti í garð Hafliða heitins Jónssonar, alla jörðina Oddsstaði í Lundarreykjadal með tilskildum torfskurði í Brauðártungu jörð, ásamt kúgildum og fríðum peningum.

Bisk. Skalh. Fasc. VIII, 14, frumrit á skinni skemt af fúa. — AM. Apogr. 2601 „accuratissime“. Önnur afskript er og meðal Apogr. 1686, staðfest 1710 af Árna Magnússyni.

Vm Oddstade j Lunda Reykiadal.

Þat giorum uær runolfur hauskaulldzson. stephan þorarinsson. arne brandzson. þorgils olafsson. godum monnum uiturligt med þessv uoru opnu brefi at þæ er lidit var fra hingatbyrd uors herra jhesu christi þvsund fiogr hundred. xc. og siav ær. laugardaginn j fardagauikv.²⁾ æ oddzstodum j lundarreykiárdal er liggr j lundarkirkiv sokn. vorum uær j hia. saum og heýrdum æ. ord og handaband. arnors finz-

¹⁾ þ. e. 24. Júní. ²⁾ þ. e. 27. Maí.

sonar af einne alfu. enn haullu sigurdardottur af annare alfv. faldizt þat og skildizt undir þeirra handabandi. at nefnd halla sigurdardotter gallt arnore finzsýne til fullrar og allrar eignar. j þa peninga sem dæmdir höfdu uerit af bornum hennar. fyrir þann mæla sem æsa jonsdotter ætte j gard hafliða heitins jonssonar og henni bar nw at suara uegna barna sinna sem domur þar vm gior wtvisar. enn arnore bar nu at taka j laugligu umbodi greindrar æsu og hennar erfingia. var þat fýst adurgreind jordin aull oddzstadir er liggr j sangdum lundar reykiardal j lundar kirkiv sokn. jtakalaus fyrir xv. hundrod ok¹⁾ xx. med aullvm þeim gavgnum og gædvum sem greindri jordu oddzstodum fylgir og fylgt hefur at fornv og nýiv. og hennar erfingiar haufdu fremst eigandi at ordit. med tilskildum torfskurd j braudartungu jord. [þar med] og tuo kugilldi er bænhusit þar ætti. og þar til gallt hun honum xv kugilldi j kugilldvm og fridvm peningum. gallt hun þar þa þegar. v. enn x. skýlldv gialldazt at næstvm fardaugum þar epter. og at þessvm peningum golldnum sem lofat var. gaf adr skrifadur arnor finzson. fýr nefnda haullu sigurdardottv(r) og hennar baurn aurlungis kuit og ækærulaus vm sagdañ mæla. fyrir greindri æsv jonsdottur og ollum hennar lógligum erfingivm. Og til sanninda hier vm settvm uer fýr nefnder menn vor jnsigle fyrir þetta kuitvvarbref. skrifat æ aukrvm j hraunhrepp æ mýrum faustvdaginn næstan fyrir pet-urmessu og þæls æ sama are og fýr seier.

385.

29. Júní 1497.

í Skálholti.

HALDÓR bóndi Brynjólfsson gefr Narfa prior og klaustrinu á Skriðu hundrað hundraða gegn því, að á klaustrinu skyldi æfinlega segjast messa honum til sáluhjálpar, föður hans og móður og bróður og öllum kristnum mönnum lifandi og dauðum.

¹⁾ zk, frbr.

AM. Apogr. 4433. „Eptir Transcripto 14. gamallra Skriduklausturs hrefa, giördu þann 28. Septembris Anno 1697 (= a). Samanlesed vid annat Transscriptum XI. Skriduklausturs pergamentsbrefa, giört þann 17. September 1697“ (= b). „Framan skrifad bref er skrifad á kalfskinn med þrimur hangande Jnnsiglum og þrimur tiglum öðrum, sem Jnnsiglen voru af“¹⁾. „Halldor þesse Bryniolfsson trui eg ecki ætte heima i austfiörðum helldr sudur á lande einhverstadar. Þetta gíafabref er dat. i Skalhote. Anno 1500 i Tungufelle um veturenn keypti hann iörd i Ölvese af Vigfuse Erlendsyne, so framt sem það er same Halldor, id qvod puto. habeo kaupbrefed. Synest hann mune hafa bued i Tungufelli. Kanske forelldrar hans hafi vered austfirðsker“ (AM).

Það giörum vier broder Gudmundur med Gudz nðd abote j¹⁾ þyckvabæ. og Einar med samre nðd ábote á Mukapverð²⁾. Jon Helgason. Gissur³⁾ Biorsson. prestar Skalholtz biskupsdæmis. asmundur jonsson. Magnus biörnsson. leikmenn. godum monnum⁴⁾ viturligt med þessu voru opnu brefe. ad þá er lidid var fra hingadburd vors herra Jesu Christi þusund fiögur hundrud niutigir og sian⁵⁾ ær. æ Petursmessu og Páls um sumared. vorum vier j hið. sðum og heyrðum á ord og handaband þessara manna. af einni alfu herra Narfa formannz af Skridu j Flíotzdal. enn af annarre Halldors bonda Bryniolfssonar. faldest það og skildest j þessu þeirra handabande. ad fyrr greindur Halldor Bryniolfsson. gaf til klaustursens á Skridu hundrad hundrada. var þar tilskiled in primis. xl. hundrada j jördu og. lxx. hundrada j öllum fullgilldes peningum og hier til tiu hundrud j bokum og messuklædum. Hier á mote jatte⁶⁾ fyrrgreindur prior Narfe fyrrsögðum Halldore Bryniolfssyne ad messa skyllde æfenliga segiast hönum til sðluhialpar födur hans og modur og brodur. og öllum christnum mönnum. liföndum og daudum á fyrrskrifudu klaustre. skylldu þesser peningar gialldast á fimm aarum. nema fyrrskrifadur Halldor villde fyrr sialfur⁷⁾ giallda. utan hann kynne ad fá þann peningaskada ad hann giæte ecke gollded. þa skyllde⁸⁾ fyrrgreinder peningar gialldast innan. viij. ára.

¹⁾ á, b; ²⁾ Munkapverá, b; ³⁾ Auzur, b; ⁴⁾ kunnigt og, b. v. b; ⁵⁾ sið, b; ⁶⁾ iatadi, b; ⁷⁾ b. v. b; ⁸⁾ skylldu, b.

Samþykkte þenna þeirra giörning herra Stephan med Gudz náð biskup j Skalhollte. er þa var náðlægur.

Og til sannenda hier um sette hann sitt innsigle med vorum innsiglum fyrir þetta bref. skrifad j Skalhollte á ære og dege sem fyrr seger.

386.

29. Júní 1497. á Hjálmstöðum.

Dómr sex manna útnefndr á prestastefnu í Miðdal af Stephaní biskupi um testamentisbréf og gjafir Solveigar heitinnar Björnsdóttur.

AM. Fasc. LXXIII, 14, stórt transskript á skinni frá 27. Aug. 1517.

Ollum godum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra senda abote arne or videy med gudz nad prior narue af skridv med samre nad sira þorvardur helgason. asmundur jonsson. arnor finnsson oc sniolfur hrafsson kuediu gudz oc sina kunnigt giorande at sub anno gracie M^o cccc^olxxxx^o septimo æ miduikudægin næsta firir peturs Messo oc pals¹⁾ vm sumarit j middal j laugardal æ almennelegu presta mote vorum vier tilnefnder af virdvligum herra oc vorum andalegum fodur stefani med gudz nad biskup j skalhollte ad skoda oc dæma vm þat testamentum bref sem gudni jonsson oc ormur jonsson þar fram baru oc beiddu oc krofdu fyrr nefndan herra stefan ad nefna þar dom yfer huortt þær giafer skylldu loglegar vera edur eigi sem j greindu brefe june stodu oc solueig heiten biornsdotter hafde gefid sonum sinum oc pals jonssonar. jone oc þorleife. skodudum vier einvirduliga oc yferlasum sagt testamentum bref greindrar solueigar biornsdottur j hueriv suo stod ad hun lýste tiundargiord sina. xl. c. hundrada vtan meira væri. oc hier vr þessum peningvm gaf nefnd solueig biornsdottur adur nefndum sonum sinum oc pals xx. c. hundrada j sina testamentum giof suo framt sem þeir yrde ecki henn-

¹⁾ p. e. 28. Júní.

ar logleiger erfdingiar(!) huerier et adur eru a greinder j iordum oc lausa peningum j sôgdu testamentum brefi. Jtem lituzt giafernar hafar. enn þo eigi hære en kristen riettur vottar ad med riettv mece gefa ef vid vttarfa erad skipta. Enn j annare grein þotte oss full von til standa ad margar skullder oc mikill reikningskapur mundu meca upp æ koma. æ þessa fyrr sagda peninga. þo þat kiæme eckj þar fram firir oss. oc þui kunnum vier eigi nu vm sinn henne frekazta alycktar dom til eignar æ ad leggja æ alla þessa fyr sagda testamentum gïof. opt nefndrar solveigar. Jtem j fyrstu dæmdum vær opt nefndvm sonum pals og solveigar jone oc þorleife vj. c. hundrada af sagdri testamentum gïof til fullrar oc allrar æfinligrar eignar. skulu þær jarder þar jreiknast sem opptnefnd solveig hefur þeim fýst anafnad j sinv testamentum brefe. suo huer sem stendur þar til ed er vj. c. hundrada. en þær giafer sem þratt nefnd solveig hefði meiri gefid titt skrifudvm sonvm sinvm oc pals oc anefndar erv j þessv hennar fyrr sogdv testamentum brefe. jarder oc lausagoz. þa dæmdvm vær alla(r) gudna jonssyne oc Ormi jonnssyne til hallz oc loglegrar medferdar þar til oc suo leinge sem þeir erv med lögvm oc dome af þeim setter.

Sambýgte þenna vorn dom med oss adurskrifadur herra stefann med gudz nad biskup j skalholte oc setti sitt jncigle med vorvm adur skrifadra domsmanna jnnsiglum firir þetta domsbref hvertt ed skrifad var á hialmstodvm j laugardal æ sama áre deige sidar enn fyrr seiger.

387.

30. Júní 1497.

á Öxarárþingi.

DÓMR, útnefndr á alþingi af Finnboga Jónssyni og Helga Oddssyni lögmönnum, um vig Páls Jónsonar á Skarði, er Eiríkr Haldórsson í hel sló á Öndverðareyri, og um vigsbætr eptir Pál, og dæmast þrenn manngjöld eptir hann af fé Eiríks.

Dómabók Jóns skrifstofustjóra Magnússonar, í Fol., bl. 224a—225b, skr. 1604, og við hana eru hér hafðar til samanburðar alla leið þrjár aðrar

afskriptir frá ýmsum tímum, en þær eru þessar: Landsbókasafn 789. 4to (dómabók að nokkru leyti með hendi Ara Magnússonar í Ögri um 1620); Ny kgl. saml. 1945. 4to bl. 48b—49b með hendi Hannesar Gunnlaugssonar í Reykjarfirði 1666, og afskrift í skjalabók séra Jóns Haldórssonar í Hitardal í Landsbókasafni 115. 4to I, 128—131, skr. c. 1730. Hér og hvar, einkum að upphafi, er og höfð til samanburðar afskrift í dómasyrpu Jóns dans Magnússonar í Landsbókasafni 65. 4to, skr. c. 1640, sem er ekki ómerk um sumt, þótt nokkuð sé hún afbökuð og misrituð (svipuð í flestu 1945. 4to). Ártal þessa dóms er skýrt og vafalaust (1497) í öllum handritum, og mun án alls efa vera eiga svo með réttu. En séra Jón Haldórsson eða séra Vigfús sonr hans hefir vakið nokkurn efa um ártal dómsins, og hafa þeir ætlað, að það mundi að réttu lagi eiga að vera 1499; er svo ritað á spássiu við afskrift séra Jóns af dóminum: „NB þetta datum sýnist eiga að vera heldr 1499, þar Solveig dó 1495 eptir annál Björns [á Skarðsá] og öðrum skrifum. Og *fimm* árum síðar er Páll maðr hennar drepinn. En hirðstjóraannállinn stendr þessu á móti í því, að Björn segir, að Benedict Hersten hafi verið hirðstjóri Anno 1499“. Það er víst af bréfum, að Solveig Björnsdóttir hefir dáið annaðhvort seinast í Janúar eða í Febrúar eða öndverðum Márs 1495 (Nr. 297 og 307). Það er og ljóst við hvað það á að styðjast, að Páll hafi verið veginn *fimm* árum síðar, en það er við dönsku þýðinguna af kærufkjali Eggerts Hannessonar í Vatnsfjarðarmálum 1544, því að þar stendr einmitt í skjalabókinni séra Jóns, að Páll hafi veginn verið „*femb*“ árum eptir lát Solveigar. En þegar að er gætt, verðr lítið á það að reiða sig, því að í íslenzka textanum stendr í sömu skjalabókinni „*fáum*“ árum síðar. Hefir því sá, er þýddi fyrir Eggert, annaðhvort misskilið — hafi það verið danskr maðr — eða mislesið — hafi það verið Íslendingr — „*fám*“ í íslenzka frumritinu, sem gæti auk þess hafa verið ógreinilega skrifað. Móti ártalinu 1499 standa eigi að eins afskriftir þessa dóms, heldr og alþingisdómur um vígsbætr eptir Pál af fylgjurum Eiríks, því að hann er alstaðar árssettr 1498.

Um víg Páls Jónssonar má lesa í Árbókum Espólins II, 130—132, og árfærir hann þann atburð til 1497—1498; mun hann mest fara þar eptir frásögnum Benedikts lögmanns Þorsteinssonar í ættatölubókum hans. Hjá Birni á Skarðsá er að eins drepit á víg Páls; og er það árfært þar til 1498, og þess getið að það ár hafi Finnþogi lögmaðr geingið dóm á alþingi um þetta mál (Annálar, Hrapsey 1774, I, 70). Er af því að ráða, að Björn hafi ekki þekt þenna dóm, heldr að eins síðari dóminn um fylgjara Eiríks Haldórssonar (1498). Í Íslenzkum Ártiðaskráum Kh. 1893—96, bls. 257, er og tekin upp lítil klausa um víg Páls eptir dómasyrpu Hannesar Gunnlaugssonar í Ny kgl. saml. 1945. 4to, sem fyrr var nefnd; er sú klausa dálítið einkennileg. en þó er í henni ranghermt — svo í handritinu, — að Páll væri veginn heima á Skarði, og annað það er rangt, að Páll hafi vegið *Gudlaug* Loptsson — þó að svo standi í handriti Hannesar, — því að Páll vó ekki hann, heldur Böðvar Loptsson

bróður hans, eins og sjá má framfar hér í safninu (Nr. 272). Annars er það víst, að víg Páls hefir orðið eptir alþingi sumarið 1496 eða að áliðnu sumri, því að dáiinn er Páll fyrir 12. Okt. það ár, eins og nóglega sést af Svínatvátisdómi frá 12. Okt. 1496 (Nr. 354). Að Eiríkr Haldórsson er í sumum ekki ómerkum handritum kallaðr „Eiríkr heitinn“ hér í dómminum (bls. 362), sýnist muni vera setning síðari afskrifara, en hafi varla staðið í frumriti dómsins, því að eptir niðrlagi hans virðist Eiríkr vera enn á lífi, þegar hér er dæmt.

Domur wm wíjg páls Jonssonar.

Ollum monnum þeim sem þetta Bref sia edur heyra senda einar oddzson. arnor finnsson. jon erlingsson. sigurdur dadason. Jon sigmundzson. Jon hrafsson. Jon Olafsson. Oddur Sigurdzson. Eyuindur Gudmundzson. helgi þorualldzson. Bardur¹⁾Jonsson. Brandur Olafsson. þoruardur Biornsson.²⁾[Olafur Gunnlaugsson³⁾][Olafur Asbiarnarson.⁴⁾Narfi Sigurdzson. hall-dor Bryniolfsson. Olafur kodransson. Asbiorn Signatzson. Pietur Sueinsson. Stephan Þorualldzson. Gysli Þorualldzson.⁵⁾ Jon walldason og Tumas Þorbiarnarson. laugriettumenn.⁶⁾ kuediu Gudz og sijna kunnigt giaurandi. þa er lidit war fra⁷⁾ hingatburd wors herra Jesu Christi M cccc xc og vij æ fostudaginn næstañ epter peturs messo og páls [wm sumared⁸⁾ æ almenniligu auxararþijngi worum wier j dom nefnder af ærligum mōnnum⁹⁾ finnþoga Jonssyni logmanni [nordañ og vestan¹⁰⁾ æ Jslandi [og¹¹⁾ Helga Oddssyne logmanne sunnañ og austan á Jslande.¹²⁾ ad skoda og dæma wm það vjgsmal sem Gudni B(ondi)Jonsson og [Ormur bonndi Jonsson¹³⁾ broder¹⁴⁾ hans baru þar fram og kiærdu æ Eirik halldorsson. ad hann hefði ofyrirsyniu¹⁵⁾ j hel sleigit Pal heitinn Jonsson brodur þeirra med fullum niðingskap. so og huersu hafar bætur epter hann skylldu koma.

¹⁾ 789, 1945, 65; Brandur JM., 115; ²⁾ Biarnason 789, 65; ³⁾ [sl. 65; ⁴⁾ [b. v. 65, og mun það rétt, því að þá verða dómsmenn tvær tyftir fullar; ⁵⁾ Valdason 789, 65; eptir Þorvarð Björnsson verðr nafnaröðin svo í 65: „Halldór Bryniolfsson. Olafur Asbiarnarson. Narffe Sigurdsson. Olafur Codransson. Asbiorn Signathason. Pietur Sueinsson. Stephan Þorvalldsson. Gijale Valldason o. s. frv.“ ⁶⁾ JM. 789; sl. hin; ⁷⁾ sl. JM.; b. v. hin; ⁸⁾ [b. v. 789, 65; ⁹⁾ 789, 65; manni, hin; ¹⁰⁾ fyrst skr. í JM.: „s. og a.“, en síðan leiðrétt á spássiu með fornri hendi; ¹¹⁾ suo og 789; ¹²⁾ [b. v. 789, 65; sl. hin. ¹³⁾ [789, 65; sl. JM.; Jonsson, sl. 115, 1945; ¹⁴⁾ Brædur JM; ¹⁵⁾ oforsyniu 65.

So og worum wier til nefnder ad dæma huerra suara edur segta [ad fyrrneffndur¹⁾] Eirekur yrði þar fyrir skylldugur vppa kongdómsins wegna og pietur Clauusson hirdstiori yfer allt Jsland beiddi og krafði dóms á.

J firstu grein²⁾ kom þar fram fyrir oss wijglysing Eiriks halldorssonar. er hann hafði á sig lyst [þad mannslag³⁾] epter bokarinnar⁴⁾ ordum. War hun þa suariñ þar af einum skilvijsum⁵⁾ manni. at Eirekur Halldorsson⁶⁾ hefði ad logum lyst þui mannslagi. Þui dæmdum wier wijglysingina logliga og hann⁷⁾ sannan banamann páls heitins Jonssonar.

Jtem kom þar og fram Þorleifur Ormsson⁸⁾ fodurbrodur Eiriks Halldorssonar.⁹⁾ er þa war hans logligur forsuarsmadur.¹⁰⁾ Og war hann af oss [krafður og spurður¹¹⁾] fram ad lata [ef hann¹²⁾] hefði nockur gogn edur witni þau ad pall heitinn jonsson hefði nockra sauk giort wid Eirek halldorsson¹³⁾. Enn hann sagði þar nei til ad hann hefði þar nein prof til. og þui dæmdum wier þennan sama mann pal Jonsson saklausan [i hel¹⁴⁾] sleiginn hafa werid¹⁵⁾ af eireke halldorssyni.

Jtem j annari grein dæmdum wier j bætur epter pal heitinn Jonsson af fie eireks halldorssonar lx^c. nema minn herra kongurin wilie meira lata wera fyrir þad nadarbrief sem hann hafði fyrr¹⁶⁾ greindum pali vtgefit. med so felldum fridleika og salastefnum xx malnitu kugilldi.¹⁷⁾ xx^c frijd. xx^c j ollum [fullgildis friduirdis¹⁸⁾] peningum.¹⁹⁾ Skulu hinu²⁰⁾ fyrstu sol lukast jnnañ mañadar heima á skardi á skard-

1) [b. v. 789, 1945; 2) b. v. 789; 3) [þvi mannslagi 1945, 789, 65; 4) lögbókarinnar 115; 5) b. v. 789, 1945; 6) b. v. 789, 1945, 65; 7) Eirek 115; 8) 789, 1945, 65, og er það rétt; „Tyrtingsson“ 115 og JM. á spássiu, en i texta „finnsson“; 9) b. v. 789, 1945, 65; 10) umboðsmaðr 1945, 65; 11) [spurður og krafður 789; 12) [sl. JM.; b. v. eptir hinum; 13) Hér er i JM. ritað á spássiu með fornri hendi (c. 1604), og einnig þar eptir tekið upp við afskript séra Jóns i Hitardal (115. 4^{to}): „Sakier woru nogar þo hann kynni ecki framm ad bera eda þyrði eigi fyrir menn-ingarleysi síns og maktar sakier þeirra sem wijgzmalid soku“. 14) [b.v. 115; 15) werinn JM. 16) b. v. 789; 17) med so felldum fridleika b. v. JM. (ranglega); 18) [fullgildum fridvirðis 115; 19) [þarflegum peningum fullgildum og fridvirðum 789, 65, 1945; 20) 789; hin, önnur hðrr.

strond. æ heimili Gudna og Orms. skulu það¹⁾ wera xx^c j aullum peningum suo logdum.²⁾ xij³⁾ [stikur klædis med⁴⁾ Eingelst klædi fyrir hundrad. iij tunnur malltz⁵⁾ fyrir j^c. [tuær woder wadmals⁶⁾ fyrir j^c. iij aurar silfurs [fyrir j^c osmijðad⁷⁾ edur adrer peningar þessum peningum jafnuirder. Aunnur 20^c skulu lukast j haust a mikilsmesso⁸⁾ heima æ skardi j so ordnum peningum iij sauder gamler fyrir⁹⁾ j^c. þrenett naut fyrir j^c. xij fiordungar smiors fyrir j^c og adrer peningar þessum¹⁰⁾ jafnvirder. [Hin¹¹⁾ þridiu saul skulu gialldast æ næstum fardaugum heima æ skardi [skulu það wera¹²⁾ xx malnytu kugillde nema hinn wilie eindælla¹³⁾ vm giora er taka a.¹⁴⁾ skyllði adurgreindur Þorleifur skylldur ad [taka alla þessa¹⁵⁾ peninga af fie Eiriks og allar adrar logligar skullder.

Jtem¹⁶⁾ j þridiu grein kom þar fram fyrir oss einn skialligur mann huer er¹⁷⁾ sor fullan bokareid þar þa fyrir finnoga logmanni ad hann hefði hia werid j litlustofunni¹⁸⁾ æ onduerdareiri. þa Eirikur [halldorsson weitti pali heitnum þau sðr¹⁹⁾ sem hann fieck bana af. sor hann þa²⁰⁾ ad adurgreindur²¹⁾ Eirikur hefði komid vppa greindan pal heitinn vm nott²²⁾ med flokk manna²³⁾ þa hann la j sinni sæng. war greindur Eirekur og hans menn altyader thil²⁴⁾ og med brugdnum wopnum. [braut Eirekur hejtinn vpp litlu stofuna²⁵⁾ og hans medfylgiarar. enn sumer foru [vt ad riufa²⁶⁾ hana og baru þar inn griot æ greindan²⁷⁾ pðl. Enn hann hliop vpp nakinn og²⁸⁾ greip eitt suerd og wardi sig. giordu þeir þa tvær²⁹⁾ skorpur og huijldu sig æ millum. komst Pall³⁰⁾

1) þá JM. 789; 2) JM., 789; sögðum(!), hin; 3) 12, JM.; 4) [JM., 789; sl. hin; 5) miols 789; 6) [viiij alner vadmals og xl, 789; wadmal JM.; 7) [ösmiðað fyrir j^c, 789; 8) Michaelismessu 789, 1945; 9) i 789, 1945; 10) þeim 1945; 11) [Í hin 115; Í hinu JM.; hin 789; 12) [sl. 115; 13) svo JM. = indælla (hin); 14) sl. JM.; b. v. hin; 15) [789, og að nokkru leyti 1945; gjalda áðurgreinda, hin; 16) sl. 115; 17) 789, JM.; eð, hin; 18) litlu baðstofunni 115; 19) [Páli heitnum veitti þau skemdarsár 1945; 20) það 789, 1945; 21) greindur 789, 1945; 22) nóttina 115; 23) [sl. 789; 24) b. v. 789; 25) [789 og 1945 (að mestu eins); brautz Eirekur upp í litlustofuna, hin; 26) [upp og rufu 789, 1965; 27) b. v. 789, 1945; 28) b. v. 789, 1945; 29) 2, JM.; 30) 789, 1945; hann 115; sl. JM.

j millum annarar¹⁾ j skyrtu. enn j millum annarar¹⁾ j hosur. war²⁾ þa so rofiñ stofaþ og borid jnn griotid ad pall gat þa ecki leingur³⁾ warist. komst Eirekur þa jnn j litlu stofuna og lagdi pal þa⁴⁾ mitt fyrir⁵⁾ lijfid. Snaradi pall þa suerdinu og greip af sier lægit og sagdist fanginn. fiell hann þa af mædi nidur æ golbid⁶⁾. settist þa⁷⁾ þessi sami madur vnder hofud honum. enn hann la þa æ gru(f)u. gieck eirekur þa j burtu og kom aptur þa⁸⁾ stund war lidiñ og spurdi [huert pall hefdi nockud⁹⁾ feingit. enn þessi madur suaradi ad¹⁰⁾ hann hefdi feingit sem¹¹⁾ dygdi. bad eirekur þa pal ad¹²⁾ standa vpp og weria sig. enn optgreindur pall suaradi ad hans worn wæri fariñ ad sinni. Stack Eirekur hann þa ij stijngi. og war annar [af þeim¹³⁾ hans banasðr.

Jtem¹⁴⁾ jiiij grein soru og þar iij skiluijser¹⁵⁾ menn fyrir lögmanninum sogn hins sðra. so latandi ord epter ord sem sa sor er hia war og hier fyrir framañ¹⁶⁾ skrifad stendur. Dæmdum wier þetta fullkomid¹⁷⁾ lagawitni vm lijflat pals Jonssonar.

Jtem¹⁸⁾ j fimtu grein kom þar og¹⁹⁾ frañ mijns herra kongsins bref med hans heilu og oskoddudu hanganda jnn-cigli so þydandi²⁰⁾ ad hann hefdi²¹⁾ tekid pal jonsson. hans hustru og alla hans peninga j sinn kongligan frid og biskerming. þui þotti oss mijns herra kongsins mann sleiginn hafa werid.²²⁾

Nu med þui so auijsar²³⁾ wor landzlaga bok ad huor sem drepur þann mann sem hann²⁴⁾ hefur kongsins bref fyrir sier til landzwistar edur annars rietts raunsaks og weit sa þad er hann tok af. þa er hann obotamadur. Þui fyrir þessar greiner og adrar fleiri þær oss leist hier ad luta dæmdum wier fyrrnefnder domsmenn med fullu doms atkuædi þennañ optnefnadan mann Eirik halldorsson obotamann og fullkomid nijdingzwerk vnnid hafa. og hann fyrir-

¹⁾ annara JM.; ²⁾ en 1945; ³⁾ b. v. 789, 1945; ⁴⁾ b. v. 115; ⁵⁾ í 1945; ⁶⁾ svo JM. = gólfid; ⁷⁾ b. v. 115; ⁸⁾ er 789; þegar 1945; ⁹⁾ [Pál að, hvort hann hefði mikið 1945; ¹⁰⁾ b. v. 789; ¹¹⁾ sl. 789; ¹²⁾ b. v. 789, 1945; ¹³⁾ [þeirra 1945; ¹⁴⁾ sl. 115; ¹⁵⁾ skilríkir 115; ¹⁶⁾ b. v. 789; ¹⁷⁾ fullkomin 1945; ¹⁸⁾ sl. 115; ¹⁹⁾ sl. 789; ²⁰⁾ hlýðandi 115; ²¹⁾ hafi 115; ²²⁾ werin JM.; ²³⁾ útvisar 789, 1945; ²⁴⁾ sl. 115.

giort hafa fie og fridi. landi og lausum eyri og riettfanginn vera huar [sem hann nðest¹⁾] vtan gridastada. enn allt hans goðz fast og laust. kuikt og daudt [dæmdum vier²⁾] fallit vnder kong halft enn halft vnder logliga erfingia sem seiger j odrum obotamalum. ad afluktum wjgsbotum og audrum logligum skulldum.

Samþykkti þennan worñ dom med oss greindur pietur klaufusson³⁾ hirdstiori og lögmennirner bader og settu sin jncigli [med vorum fyrrneffndra domsmanna junsiglum fyrir þetta Breff skriffad i sama stad. og sama aare sem fyrr seiger.⁴⁾].

388.

1. Júlí 1497.

í Skálholti.

VÍGSLUBRÉF Einars Benediktssonar ábóta á Munkaþverá, útgefið af Stepháni biskupi í Skálholti.

AM. Fasc. LXXIII, 11, skinnblað nokkuð skorið og illa máð; virðist vera úr bréfabók Stepháns biskups. Þó kynni þetta að vera úr bréfabók Einars ábóta. Árni segist hafa skrifað upp þetta skinnblað, en sú afskrift er nú ekki til.

Vniversis et singulis presentes literas uisuris uel audituris Stephanus dei gracia episcopus schalholtensis et cetera. Salutem in domino sempiternam.

Uacantem ecclesiam beate Marie virginis in monasterio thuer(a)ensi holensis dyocesis per mortem domini johannis predicti monasterij immediate abbatis. prelat[i] eiusdem dyocesis notifica(u)erant nobis. de remedio [con]gruo ac rectore jdoneo prouidere. assignantes nob[is] honorabilem virum dominum Einarum benedicti presbyterum antedictæ [dy]ocesis. Nos igitur considerantes dampnales esse plures vacaciones ecclesiarum omnipotentis dei nobis suffragare clemencia succedente tempore. cum se hora et locus congrue offerebant. predictum dominum Einarum professione rite fa[cta]

¹⁾ [789; hann náist 1945; næst, hin; ²⁾ [b. v. 789, 1945; ³⁾ Clafusson 1945; Clausson 115; ⁴⁾ [b. v. 789.

primo in priorem preterea in abbatem canonice ordinavimus cooperante nobis gracia salvatoris. et plenariam potestatem et a(d)ministracionem tam in corporalibus quam in spiritualibus. vt predicti monasterij abbati congrvit committantes. suam postulacionem officialium holensis ecclesie.

In quorum omnium et singulorum tes[timonium] sigill-
vm nostrvm presentibus est appensum.

Datum in r(e)sidencia nostra episcopali scalotensi in octava sancti johannis baptist[e]. anno domini M cd x(c) vij.

389.

2. Júlí 1497.

í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti fær Einari Benediktssyni ábóta á Munþapverá umboð um alla þá hluti, sem honum kunna til að falla í Hólabiskupsdæmi, bæði Þorlákspeninga og annað.

AM. Fasc. LXXIII, 11, skinnblað nokkuð [skorið; virðist vera úr bréfabók Stepháns biskups, nema það sé úr bréfabók Einars ábóta.

Vier Stephan med gudz naad biskup j skalholte. gior-
[um] godum monnum kunnigt med þessu woro opnu brefue
ath wier hofum bijfalad ærligri personv herra einare med
samre naad abota aa Munþapueraa j eyiafirdi. vort ful[lt]
og logligt vmbod vñ þa hlute sem oss kunna til ath fal[la]
þar hid nyrðra j hola biskupsdæme. og ecke er adr wt af
giort af vorum parte. vñ þær gíafuer og heit sem gefnar
eda lofadar hefuer uerid til sancti thorlaakz. Saumu-
leidis [e]f þar kunna nockrir vorir sokomenn ath hittazst. þa
hofu[m] v]ier honum bijfalt ath (sækia) edur seckta vnder hvoru
kirkiunnar uallde [sem] hann kann og suarliggt er firir logum
ath hafua. Suo og þa alla a[th le]ysa (sem) eigi kunna til wor
ath komast. og suo tilheyrelogar sk[ript]er ath setia sem
hverium hæfuer. Ok til sanninda hier vm [set]tum vier vortt

ncigle firir þetta bref Scrifad j skalholte jn f[esto] visitacionis beate Marie virginis gloriose. anno domini. M^o cd^o xc vij.

[V]ier hofum skipad og byfalad heidurligum manni worum brodur herra einare med [sam]ri nad abota auk kirkiunnar med sinum soknum hrafnagil. ki . . . og illugastade cum ritu canonum. Skulu honum og hans klaustur prestum veitazt og gialdast af fyr nefndri kirkiv og þingum sierdeilis prest tivnd og heytollar messu¹⁾

390.

4. Júlí 1497.

í Hafnarfirði.

Jón Snorrason selr Magnúsi Þorkelssyni fjórðunginn í jörðunni Svalbarði á Svalbarðsströnd.

AM. Apogr. 185 „Ex originali Svalbardensi accuraté“ (AM.). Ofrlitið brot af frumriti þessa bréfs er í frumbréfasafni Jóns Sigurðssonar Nr. 6 „Frá séra Daníel Haldórssyni 1849“. Er allr efri helmingr bréfsins skorinn af og stór spilda öðrumegin ofan af neðri hluta bréfsins, og sést ekki ártal né bréfaranföfn, en utan á skinnbleðlinum stendr með hendi Árna Magnússonar ártalið „1491“, sem annaðhvort er misskript eða þá efra haldið á 7 er máð af, svo að það lítr nú út sem 1 í tölu. Fyrir bréfinu hafa verið 3 innsigli.

[Kaupbref fyrir] einvm parte j [sualbard]e er
sellde jon snorrason.²⁾

Þat giorum uier Petur Tomasson halldor jonsson og eigill eigilsson godum monnum uiturligt med þessu uoru opnu brefi ath þa er lidid uar fra guds burd þusund fiogr hundrut niutigær og vij. ar a fimtudaginn nesta fyrir translatio thome episcopi³⁾ a þorisstaudem a Rosthualanesi uoru uier j hia saum og heýrdum a. ath jon snorrason sellde magnusi þorkelssyni med handabande til fullrar eignar fiordungin j jorduni sualbarde er liggur a sualbardzstraund j

¹⁾ Þessi klausa er rituð neðan við bréfið á skinnblaðinu með daufara bleki, en samtíða; er máð, og vantar niðrlag. ²⁾ Utan á frumritinu. ³⁾ 29. Júní.

þingeyiarþingi með aullum þeim gaugnum og gæðum sem greindum jardarparti hefer fylgt ath fornu og nýu og hann hafde fremzst eigande ath ordid j arf efter stein snorrason broður sinn. hier i moti gaf nefndr magnus þorkellsson saugdum joni snorrasýni tíu hundrud j fridum peningum og ofridum. skýlldu þau gialldazst optnefndum joni innan þrig(g)ja ara. lýsti greindr jon snorason þui fyrir oss at hann hefdi þenna nefndan jarda part aungum manni audrum fyr sellt edr gefid en nu. fýrnefndum magnusi. skýllde sa þeirra halda til laga er keypt hafde en sa suara laga Riptingum er sellt hafde. Og til sannenda hier um settu uier fýr nefnder menn uor incigli fyrir þetta iardarkaupss bref giort j hafnarfirde a sama ari. fimm nottum sidar en fýr seigir.

391.

21. Júlí 1497.

í Hvammi.

VITNISBURÐR, að Björn Guðnason hafi svarið þann eið á Alþingi 30. Júní fyrir Finnboga lögmanni, að Björn hafi þá eigi vitað annað sannara, er hann lýsti sig lögarfa eptir Solveigu Björnsdóttur, en að hann væri hennar lögarfi.

AM. Fasc. XXXIII, 18, frumritið á skinni. Öll (4) innsiglin eru dottin frá. Frumritið er með hendi Björns Guðnasonar sjálfs, og hefir hann því stýlað Torfa í Klofa og hinum vitnisburðinn. — Apogr. 786.

Vitnisburdur v̄m Ɔjrd Biorns Gudnasonar ad
hann hygdi sig vera Ɔrfingia et cetera.¹⁾

Þad giorv̄m wær torfi jonsson. bryniolfur sigurdzson. helgi sigurdzson og asmundr klemensson godv̄m monnum viturligt með þessv worv opnv brefi ad wær kennvntz wær worv̄m þar j hia og heyrdiv̄m a favstvdagin næsta epter petursmessv og pals.²⁾ a almenniligv avgxararþingi þa er lidit war fra hingadbvrd wors herra jesv christi þv̄vnd cccc niwtiger og vij ar ad einar odzson las þann dom vnder

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 16. öld. ²⁾ D. e. 30. Júní.

Þat giore ek bauðuar prestur jónsson godum monnum kunnigt með þessu minnu brefi at ek medkennunzt at ek hefi lýst j heilagri kirkiu þria drottinsdaga kaupum bardar jónssonar ok sigridar jónsdottur ok þar eptir festi fyr nefndr bardr jónsson adur nefnda sigridi jónsdottur epter þui sem heilagrar klrkiu log utvisa. Ok til sanninda hier um setta ek mitt jncigli fyrir þetta bref skrifat j gordum á alftanesi fimtudag næsta eptir jóns Messu baptiste. arum eptir³⁾ guds burd þusund flogur hundrvd niutigir ok niu ár.

445.

1. Júlí 1499.

á Oxarárþingi.

DÓMR tólf manna útnefndr á alþingi af Finnboga lögmanni Jónssyni um stefnu þá, er Brúmmann Thomasson í umboði Jóns bónda Björnssonar, vegna Kristínar Sumarliðadóttur, konu Jóns, stefndi Ara Andréssyni um hald á þeim peningum, sem Guðmundr Arason, föðurfaðir Ara, tók fyrir Þorgerði Ólafsdóttur.

AM. Fasc. XXXIV, 3, frumritið á skinni. Af 12 innsiglium eru nú 2 dottin frá. Sum hinna eru brákuð.

Þeim godum monnum sem þetta Bref síðá edr heyra senda añor finsson. jón olafson. oddr sygurdzson. sygurdr juarson. tumas jónson. eyuindr gudmundzson. Bardr jónson. jngimundr finson. bardr olafson. þorleifur orñolfsson. syg-

¹⁾ Svo. ²⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ³⁾ Tvískrifað.

urdr dadson¹⁾ og jon sigmundzson quediu guds og sina kunigt giorandi at þa er lidit war frá hingatburd uors herra jhesu christi þusund iij c^d ix tiger og ix ára¹⁾ manudagin næstan epter petursmesso og pals um sumarid a almenniligu auxaræþingi uoru uier j dom nefnder af ærligum dandimanni finboga jonsyni logmanni fyrir nordan og uestan a jslandi a sia yfer at lita og fullkomid doms atkuædi á at legia epter logum og uori samuitzku huert afl eda fulla magt ath hafa skyldi su stefna sem þar war birt bockud og fram borin fyrir oss. þar med eigi sidr synd suarin og sonn giorr med íi manna uitne ath áre andresson uar stefndr j sagdan stad og dag af brummanni tumassyni j logligu umbodi jons bonda biornsonar fyrir þa ækiæru er greindr jon biornson kiærði til ara andressonar a uegna hustru kristinar sumarlidadottur kuinu sinar at fyrrnefndr æri helldi at eign eda umbodi uegna solueigar gudmundardottur þa peninga sem gudmundr arason fodr fader ara tok fyrir þorgerdi olafsdottur og hun hafdi all dri aftur feingit en greindr jon biornson helldr sagdri kristiñu nu til eignar fallid hafa enn sier til socknar eignar og epter at kiæra epter þui sem bref og biuising godra manna þar um giorr uottar og nu sacker þess þat uar synt suarid af skiluisum uottum at greindr brummadur hafdi umbod tekit af jone biornsyne at stefna sogdum ara sem adr seiger og þui dæmdum wer umbodit logligt og suo stefnuna med ollum sinum greinum ordum atkuædum og aarticulis²⁾ jñne halldanda og ára rettliga fyrir kalladan. Enn saker þess at wer greinder domsmenn saum ei ne heyrðum þar neina biuising ara þar uppá at hann ætti neinar heimillder eda lagasuar at greida fyrir sogdu gozi epter gudmund arason og ei uissum uer hueriar heimilldar attek(t)er han hefer haft vppa þetta greint goz og peninga sem fyrr seiger. Og þui hofum wer dæmt med fullu doms atkuædi þessa bada fyrr skrifada menn jon bonda og ara og allan þenna þeirra askilnad og fiarskacka med ollum þeirra

¹⁾ tvískr. í frb. ²⁾ articulus, frbr.

skilrikium j þann stad og dag huern sem logmanen finbogi uill setia á mille þeirra og under þann dom sem logmanen þa þar ýfer nefner þessare sogdv ækiæru jons til adnrefnz arú og hann skyldugan og þa bada at koma j settan stad og dag sem logman tiluisar. hier med dæmdum wer med fullu doms athkuædi jon bonda med frialsu mega hafa og halda fyrir uttan [a]llt omack og hindran ára og allra þeirra honum jafnfram standa alla þa peninga sem sagdur jon biornson helldur under sinne uend og uardueizlu vtt af gudmundar gozi og peningum til þess at logmadur giorer hier lagaueg upp æ þeirra æ millum adr taldra manna fyrir næsta oxararþing nu epterkomanda. Suo og uirtiz oss son og loglig farheimta jons bonda upp æ sagt goz og peninga gudmundar ærasonar at Rettum adila og umbodsmanni huer hann kann fyrir at finazt med Rettu. Og til meiri stadfestw og audsyningar hier um þa settum wer fyrr greinder domsmenn wor jncigli fyrir þetta domsbref giort og skrifat j sama stad og ar deigi sidar enn fyr greiner¹⁾.

446.

1. Júlí 1499. á Öxarárþingi.

DÓMR tólf manna útnefndr á alþingi af Finnboga lögmanni Jónssyni milli þeirra Björns Guðnasonar og Björns Þorleifssonar um peninga og arf eptir Þorleif og Einar Björnssonu.

AM. Fasc. XXXIV, 1, frumrit á skinni. Öll innsigli eru dottin frá, en 13 innsiglaþveingir eru fyrir bréfinu.

Domr vīm peninga þolleifs heitens. biornsonar
j millvm þeirra nafna 1499²⁾.

Ollvm monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra senda Einar odzson. sigvrdvr dadason. arnor finnzson. fysi þordarson. magnus þorkelson. jngimundur finnzson. jon olaf-

¹⁾ D. e. 2. Júlí. ²⁾ Utan á bréfinu með sömu hendi og dómrinn sjálf.

son. Þolleifur avnólfson. jon magnússon. Þarðr jonson. hall-
 Þor sigvrðzson og stefan keelson. kveðiv gvdz og sína
 kvnngt giorandi að þá er lidit var frá gvdz þvrd Mcccc
 nívtiger og nív ar. æ manvðagin næsta eptur petr(s)messv
 og þals. æ almenniligv avgzararþingi worvm. vær j dom
 nefnder af ærligvm manni finboga jonsyni lavgmanni nord-
 an og vestan a jislandi að skoda og dæma j millvm Þiarn-
 ar gvdinasonar og Þiarnar Þolleifssonar wm þær saker og
 ækærv sem huor þeirra kærði til annars. og huor hafði
 þá andrum þangat fyrir stefnt. hvað fýst var vīm þá pen-
 inga sem fallner worv eptur Þolleif Þiornsson og einar
 Þiornsson og Þaðir Þottutz Ríett tiltal hafa sagðra peninga
 með avðrum þeim fleirum savkvvm sem þeirra var j millvm
 og j stefnvvm stovv. Reiknadi Þiorn Þolleifsson sier til
 Ríetta erfða fallna vera og sínum sykkenvm alla þá pen-
 inga Þolleifur heiten Þiornson atte þá hann and(ad)itz eptur
 þui leyfesbrefi sem hann Þottetz þar fyrir hafa. Enn Þiorn
 gvdinason hieilt alla þá peninga. sem Þolleifur Þiornsson og
 einar Þiornson haufðu ætt. sier fallna vera svma til eignar
 enn svma til vmbods. og þeim sem honum stæði jafnfrām
 eptur þeim brefum og Þivising sem hann hafði þar til. j
 fýstv kom þar frām fyrir oss transkriptarþref j norænv
 vnder goðra manna jnsiglvvm. hvert er skrifad var vthaf
 þui leyfesbrefi sem Þolleifur Þiornsson hafði feingid af
 Romverskv valldi. hvert svo var latanda að adr greindur
 maður Þolleifr Þiornsson og jngvellður helgadóttur skyllv
 mega binda sinn hiuskap lavgliga fyrir þav fiormennings
 mein sem æ være með þeim j svodan mata að þau skyllði
 taka lausn og skript af kirkivnnar valldi fyrir þat þav
 havfv advr likamliga saman Þvit og Ríetta dispenseran
 af heilagrar skalholz kirkiv formanni og þá skyllv þav
 með Ríettv þar eptur mega binda sinn hiuskap sín j milli
 eptur laugum og þav Þavrn sem þav ætte sín j millvm þar
 eptur skyllde skilgeten vera. j annare grein kom þar fram
 fyrir oss wors navgá herra kong kristierns Þref hvert svo
 var latanda að hans nað til gaf og skipaði af sínv kong-
 ligv valldi að sagðer menn Þolleifur og jnguellðr skyllv

med Ríettv mega binda sinn hivskap epter þui sem þat romverska brefid uthvisar. jtem j þridiv grein kom þar fram vors nadvga herra kong hans bref med gvds nad hvert svo hlíodanda war ad hann stadfeste sins forfavdvs bref epter þui sem þat Romverska brefit hlyddi wm sagt hionaband. Nv saker þess adh þat synditz ecki adh þetta hionaband sagdra manna j milli þolleifs og jngvelldar hefde giort vered sem leyft og skipad war med þat fysta j þvi leyfesbrefinv og bædi kongs brefin med hlyddu. þess annars ad vær. nissvm adh þolleifur og jnguelldur attv eingi bavrn sin i millum sidan hann feste hana. þess hins þridia adh wor lavg badi¹⁾ lavgbok og kristen Ríettv banna avllvm mavnnvm sinn hivskap saman adh binda med navckrvm meinvm eda sifskap. þui fyrir þessar greiner leitz oss optgreint hionaband þolleifs og jngvelldar eigi lavgligt vera adh þat war hvorke giort epter lavgvvm nie epter þui sem lofad war. þui kvnnvm uær ecki adh dæma birne þolleifs-syni þenna arf og peninga. Enn saker þess adh uær þeink(i)um. adh þessar greiner mvndu ecki suo fullkomliga hafa komid fyrir mins hera kongsins nader og hans nad mvndi suo flutt hafa verit adh þesser þrattskrifader menn þolleifur og jnguelldur mvndi sinn hivskap bvndit hafa og bavrn getid til þessa arfs. sem þat romuerska brefit hlyddi. og j sanna trv og j Ríetta hlydni sem oss ber alltid hans verdvga nad ad veita og fyrir þann skulld adh vær treýstum svo miced gott til hans verduga nadar. og svo audmiukliga bidivm adh hans nader mvni hallda oss med lavg og Ríett. og mvni avngvar skipaner giora upp a sitt land þegna og fatakan almvgga framar enn laug standa til. ef Ríetteliga er vnder hans verdvga nad flvtt. þui dæmdvm vær þetta sama bref og þetta mal aptur til mins hera kongsins nada og þenna sama domen med Rettri traktteran. og hirdstioran og lavgmanen skylldvga fram adh skrifa þar med Ríetta vndervisan landz laganna lavgbokar og kristen-Ríettz huort hans verdvga nad vill þa helldr giora þar fullan ueg og endiligan dom vppa. epter lavgum med sinv

¹⁾ Svo.

Rade, eda uill hans verdvga nad skipa það jnn hingad aptur j landit. suo hier megi þa giora endiligan dom uppá. Enn v̄m þa kugun sem biorn þolleifson klagadi til biarnaR gudinasonar. adh hann hefði giort honum j asgardi j huam-sveit þa leitz oss þat eingin kugun vid hann vera. eda navckvd afl hafa og biorn þolleifson þar ecki sakferli á eiga. saker þess adh þat war badi synt med bRefvm og svared af vitnym adh biorRn gvðinason hefði lyst þui adr hann kom heim j gardin og svo þa hann kom heim adh hann villdi birne þolleifssyni huorcke skaumm nie skada giora eda lata giora. og ecki syndetz þat adh hann hefði honum giort eda giora lated. Og til saninda hier v̄m samþyckte finbogi lavgmadur þenna worn dom og sette sitt jnsigli med worvm nefndra domsmanna jnnsiglium fyrir þetta domsbref hvert er skrifad war æ kirkinboli j langadal. æ faustudagin næsta fyrir wor frv messv sidare v̄m sumaret. æ sama are sem fyr seiger.¹⁾

447.

6. Júlí 14[9]9.

í Kálfanesi.

JÓN Jónsson prófastr á millum Geirhólms og Hrutafjarðar-ár kvittar Þorbjörn Jónsson af öllum brotum við heilaga kirkju, þeim er hann má, og leyfir, að hann láti þann prest leysa sig, er hann vill, ef hann verðr brotlegr í nokkru.

AM, Fasc. XXXIV, 16, frumritið á skinni, og er innsiglið fyrir. — Apogr. 777. — Í frumritinu hefir ártalið misskrifast 1409 (M^o cd^o nono). Hefir Árni séð, að það var rángt og ritað fyrst utan á bréfið 1489, en síðan 1499. Þorbjörn Jónsson er kunnr frá öðrum bréfum um þetta leyti.

Þat giorj. ec Jon prestur Jonsson profastur j millum geirholms ok hrutáfiardarár godum monnum kunnigt med þessu minu optnu brefi at ec medkennvmt at ec hefi kvittan gefit þorbiorn Jonson vm allar sekter ok sakferlli smá ok stor leýnelig og opinberlig sidan er hann kom fyrst j steingrimsfiord ok til þess sem nu er komit ok um allt þat

¹⁾ Þ. e. 6. September.

kuittan vera sem profasti, maa til heyra sem ero sex markæ mal ok þar fyrir jnnañ ok hann hefer brotligur at vordit vpp á heilagrar skalhollzkirkiv uegná. þui gefur ec hann aullungis kuittan ok akærulausan fyrir mier ok aullum miñum epterkomuñdum kirkiunar for monnum j skalholli. at aullum sinum brotum sem profastur ma yfer tacá. Jtem gef ec fyrskrifadur jon prestur adr greiñdum þorbirne jonsyne fullt ualld ok lof til þess at latá leysa sig þann prest sem hann vill til kiosá ok þá siná menn sem hann vill nær hann kann brotligur at verða edur hans menn at aullu jafñfullu sem ec sialfur medan ec er profastur. Ok til meirj sanninda hier um setta ek mitt jnsigle fyrir þetta kvittanarþref skrifad j kalfónesi j steingrimsfirði laugarðaginn næsta epter visitacio sancte marie anno domini 1499 cd^o (xc^o) nono.

448. 11. Júlí 1499. í Holti undir Eyjafjöllum.

VITNISBURÐR tveggja presta um testamentisþref Árna bónda Guðmundssonar.

AM. Apogr. 2055 „Ex orig. Originalenn eignadizt eg einhverstadar á Jslandi. og sendi hann Sira Þorsteine Oddzsyne i Holte. Enn hvert hann leggur hann medal kirkiu þrefanna eda eigi. er ovist. nec multum refert“. (AM.)

Þath giorum vid sira jon jonsson ok sira þorarin eyolfsson godum monnum vitanligt. med þessu ockru opnu þrefi. ath vid vorum j hia ok heyrdum vppá þa er arni bondi guðmundzson. sem gud hans sal maedi. giordi sitt testamentum. var hann heill ath samuizku ok vizmunum enn krankur j likama. Fyrst ath hann gáaf sig ok sina sal vnder valld ok vardveizlu almattigz gudz j himna riki. ok bæna fulltjng allra heilagra manna kiosanndi sinum likama legstad. ath kirkiunni j holli vnnder eyjafjöllum gefandi adur greindre kirkiu sier til saluhialpar ok sine kuinu steinunne sigurdardottur alla jordina halfa suartzbæli. er

liggur j steina kirkiu sokn vnndan sier ok sinum erfingium. enn kirkiune j holhti til æfinligrar eignar ok fullz forrædis. ok þær med fim kugilldi. med þeim skilmala. at kirkiutiund ok prestz tiund skýlði lukazt til kirkiunar j steinum. heyrðum vid ædur nefndan arna gudmundzson ecki til leggja þær vm fleire ord. edur leggja nockura þuingan vpp æ kirkiuna j holhti firir ædur greinda jord suartbæli. ok hier epter vilium vid sueria ef þurfa þickir.

Ok til sanninda hier vm settum vid fyrnefnder prestar ockur jnsigli firir þetta vitnisburðarbref huert er skrifad var j holhti vnder eyiafiollum in translacione sancti benedicti anno domini. M^o. cd^o. xc^o. nono.

449.

18. August 1499.

á Hoffelli.

KRISTÍN Þórarinsdóttir geldr Sigmundi Guðmundssyni syni sínum hált þrettánda hundrað í jörðunni Sólheimum ytri í Mýdal gegn tíu hundruðum í Yztaskála undir Eyjafjöllum, með þeim atriðisorðum, sem bréfið greinir.

AM. Fasc. XXXIV, 5, frumritið á skiuni. Af 4 innsiglium er eitt fyrir. — Apogr. 3381. — Sumstaðar í bréfabókum er bréf þetta ranglega árfært til 1459.

Gjafarbréf Christijnar Þorarens Dotter.¹⁾

Þat giorvm wier sæmundr jonsson. sigurdvr þiodolfsson. þorstein hallzson. olafur biarnarson godvm monnum kvnigt med þessv worv opnv brefe þæ er lidit war fra guds byrd þwssynd. cccc. ix^{er} ok ix^v ær j krosbæ j hornáfirdi svnnvdaginn næsta epter lorencivsmessv²⁾ worvm vier j hia saym ok heyrðvm æ ad kristin þorarensdotter gallt sigmvndi gvd-mvnzssýne sýne sinvm halft þrettanda hvndrad j jordinne ýtre solheimvnm j mýdal er henne fiell til erfda epter modur siña kristiñv jonsdottvr j þav fim hvndrvd sem ari heittinn kalfsson gaf honum æ deyañda deigi med henar

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ þ. e. 11. Aug.

sambvcki¹⁾ ok j sin þionstvavn er hann þionade henne ok fyrir hennar peningvm wppa sex ár. hier til lagdi fyr nefndur sigmvndvr aptvr. x. hvndrvt j yzsta skalæ er hvn hafdi golldit honvm ok gefit advr. skildi þrat nefndur sigmvndvr sier aptur tiv hvndrvd j yzta skala ef solheimar geingi af honvm med logvm. Ok til sanninda hier wm settvm ver fyrnefnder menn wor jncigli²⁾ fyrir þetta bref er skrifad var j hoffelle svnnvdaginn nesta epter assumcio sancte marie æ samā æri sem fyr seiger.

450.

27. August 1499.

á Kirkjubóli.

VÍGSLU og aflátsbréf Kirkjubólskirkju í Langadal, útgefið af Stepháni biskupi Jónssyni.

AM. Apogr. 2345 „Ex originali“ með hendi Árna Magnússonar. „Innsigled er nu i burtu. Eg eignadizt þetta bref af systlumannenum Einare Einarssyne, enn gaf það sidan og sende Eggert Snæbiörnssyne, eiganda Kirkiubols. Þad er öldungis med sömu hende sem Dispenserunarbref Stefans biskups um Hionaband þorleifs Biörnssonar og Yngvelldar Helgadottur dat. 1495 og stafagiörden allt eins, ad því frateknu, ad i þessu brefe eru nockur þ. enn i hinu alleina. f...“ (AM.).

Vigslu og aflatzbref kirkiubolskirkiu i Langadal.³⁾

Ver Steffan med Gudz nad biskup j Skalholti heilsum ollum godum monnum þeim sem þetta wort bref sia edr heyra. kiærliga med Gudz kuediu oc worri. kunnigt giorandi. ad j heidr wid allzmecktugann Gud jungfru sanctam mariam Guds modr oc hinn heilaga laurencium pijslarvott. hofum wer wigt kirkiuna a kirkiuboli j langadal med þeim maaldaga sem hvn hefer adr haft at fornv oc nýu. hier med hofvm wer j Guds trausti heilagra postula petri oc pauli oc modur worrar heilagrar kirkiu gefit ollum oc sierhuerium rettskriptudum monnum þeim sem vitia greindrar kirkiu med Godfyse fyrer bæna saker eda pilagrimferda. heyrandi þar messur eda nockur Gudlig embætti. Jtem þeim

¹⁾ Svo. ²⁾ jncilgi, frbr. ³⁾ Fyrirsögn Árna.

sem rietta sinar hialparhendr til gagns eda goda vm vpp-
 helldi edr efling. smide eda byggiugh. greindri kirkiu. vm
 messvklædi. skruda eda önnur ornamenta. lysingh. wax.
 vid. reykelse. eda adra nytsamliga hluti. xl. daga aflat j
 huert það sinn er þeir giora eitthuert aff fyrrnefdvm hlut-
 um eda ödrum þuilikum. Suo oc þeim sem ganga vm
 kirkiugardinn oc lesa pater noster eda aue maria firir
 kristnum salum. Jtem þeim sem fêra lios eda watn til
 messv eda þiona til Gudligs embéttis. Skipum wer ad
 kirkiudagurinn se halldinn drottinsdag hinn nêsta firir fest-
 um sancti Laurencij martiris. Oc til sannenda hier vm
 festvm wer wort jnnsigle firir þetta bref skrifad j sama
 stad feria terciã infra octauas assympcionis beate marie
 virginis anno domini. Mcdxcix.

451. 16. September. } 1499. í Ytri-Launguhlíð.
 21 Október. } á Grund.

ÚRSKURÐAR Finnþoga lögmanns Jónssonar um arf eptir Pál
 Brandsson, þar sem hann samkvæmt dómum, er áðr hafa
 þar um geingið, úrskurðar þeim Þorleifi og Benedikt Grims-
 sonum, sonarsonum Páls, allan arfinn.

AM. Fasc. XXXIV, 10, frumrit á skinni; öll innsigli (12) glöt-
 uð.¹⁾ — Afskriptir: í Landsbókasafni 115. 4^{to} I, 101—104 með hendi
 séra Jóns Haldórssonar í Hitardal. — MSteph. 27. 4^{to} bls. 415—421
 með hendi Benedikts lögmanns Þorsteinssonar. — *Analecta Juridica*
 Odds Jónssonar digra skr. 1668. — Landsbókasafn 63. 4^{to}, bl. 322b—
 325b, skr. c. 1640. — Landsbókasafn 69. 4^{to} bl. 146a—147 skr. c.
 1640. — AM. Apogr. 550 „ex pagina pergamenæ“. — Gömul afskript
 (frá c. 1604) er og í dómabók Jóns skrifstofustjóra Magnússonar.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia eda heyra
 señder finnþogi jónsson laugman nordan og uestan a jslande
 qvediu guds og sina kunnigt giorandi at þa er lidit var
 fra guds burd þusund cccc nivtiger og niv ar a manu-

¹⁾ Niðr í 6 síðustu innsiglaþveingina hefir verið rist eitthvert sam-
 tíða skjal, sem ekki sést glögt um hvað verið hefir.

dagi(n) næsta epter krossDesso um haustid j ytre laungu-
hlid j haurgardal æ almenniligu hieradspingi kom fyrir mig
grimur palsson beiddi mic og krafde optliga at skipa sinu
male til laga orskurd æ at leggja huort syner hans þor-
leifur og benedict skylldu at laugum þat godz eignaz fast
og laust sem þrennar tylfter manna haufdu dæmt þeim til
arfs og eignar efter pal heitin branzson faudrfaudr þeirra.
sagdizt grimur nu feingit hafa klagan og akall uppá þat
iardagodz sem pall bondi hafdi erft efter sonu sina biarna
og benedict en þeir adr epter modr sina jngebiaurgu þor-
uardzdottur og þat uæri saugd laug j noregi at suodan
fastagodz felle aptur under modrslegt at faudrnum fra
faullnum. tiede og birte grimur palsson fyrir mier og fleir-
um godum monnum þessa fyrr sagda doma og beid(d)i mic
og krafde þar laga orskurd yfer ath segja huort þessir
domar skyllde ath lögum halldazt eda ei og med godra
manna yfersyn æ leit skodan og rannsakan æ lagdi a fyrr
nefnda doma upp æ sierhueria grein sem þeir jnne hallda.
lituzt mier og þeim dandi monnum sem ec med mier
til kalladi domarner suarliger logliger og skialliger j allan
mata og epter fornum lanzins laugum dæmder giorder og
samsetter suo sem lögbookarinnar texti skipar og skyrer j
rettu erfdatale hefe eg og huorki sied nie heyrte frett ne
fundit doma ne orskurde þar uppa liggja at nauckur fie-
skipte og arftaukur hafe hier j lande geingit j laugum
huorke at fornu ne at nyiu utan suo at frænde hefer erft
frænda epter retrri erfdaskipan at faustu godze og lausu.
huern ueg sem under hann hefer borit suo j þessum erf-
um sem aullum audrum en alldri under oskyllda menn
geingit. huorke fyrr ne sidar. hefer eg og heyrte af skil-
rikra manna saugn mier elldrum og suo nauckur bref og
biuising þar til sied at meir enn fyrir hundrat ara hafe
suodan erfder fallit hier i landit at fader og moder hafa
erft sin börn. þat fasta godz er af faudrlegg og modrleg(g)
er med fystu af komit hafa þær fastaeigner fallit fram j
ætter og erfder epter gaumlum lanzins lögum til skipud-
um en aunguer adrer akæru ueitt ne feskipte af tekit helld-

ur hafa þeir sannliga grein æ giorfa at hustru kristin biórns-dotter hafi med þessare erfd eigandi ordid at þridiungi j iórðune maudruvaullum j eygiafirdi med audru godzi þar hun atte ath bonda jon guttormson og barn uit honum er þesse þridiungur fiell til arfs og suo hefir eg sied (og) yferlesit bref under dande manna jnciglum ath þolleifur arnason selde med upplagi greindrar kristinar adr nefndan þridiung j iórðinne maudruuðllum sem fyrr seiger. stendr suo skrifat j fyrsta capitula lögbookarinnar þa er uirduligr herra magnus kongr hakonarson sette og skipade laug og landz rett hjer j islande og þar epter uar suarit og samþykt af almuganum a alþinge þau laug obrigduliga at hallda hier j lande ath erfder þær sem til hefdi fallit og ðll aunnur lagamal skylldu suo uera sem þa geingi lög i landi er þau mal gerduzt. hefer ec og sannliga spurt at þesse adr nefnd erfdaskipan stendur skrifut j lögbookarinar texta j noregi og þar sie margar laugbækur jnan landz og halldi ecki allar eitt lögmal j maurgum hlutum helldr suo sem hueriu fylke til heyrer og lanzins nytsemd þiker þar til vera. true ec fullkomlega ath uor landzlaga bok eige ath stañda med sinum texta obrigduliga utan þar sem suo stendr skrifad at kongr skal um laug bæta med beztu manna rade og huortueggia samþycki sem landit byggia. veit ec aunga laugliga skipan hier i lande æ giorua med domum orskurdum eda almugans samþycke um titt nefnda erfd adra en forn texti bokarinar utuisar. Nu fyrir allar þessar fyr skrifadar greinar og at suo prouudu male sem fyrir mic hefer komit og med þeirra beztu manna radi og samþycki sem þa uoru hia mier. sagdi ec greindur finnboji jonsson lögman ju nomine domini amen med fullum laga orskurdi þessa adr nefnda doma upp æ arf epter pal heitinn branzson sem fyrr greint er og þetta mitt orskurdar-bref er medfest fasta og laugliga og obrigduliga med ðllum sinum greinum og articulis sem þar inne standa og adr nefnda brædr þorleif grimsson og benedict grimssyni laugliga erfingia og eignarmenn ath ðllum þeim peningum sem fellu epter pal heitinn branzson faustum og lausum. fridum

og ofridum epter þui sem þrattnefnder domar greina og utskyra epter rettum og settum suðrdum og samþyektum lanzins laga rettindum. Og til þess meire stadfestu sanninda og samþyektar hier um settu teitur þolleifsson. stulle magnusson. einar oddzson. hachon hallzson. grimur jousson. bardur jonsson. halldor jonsson. gudmundr þolleifsson. brandr olafsson. odde kolbeinsson. arnbiörn arnason og jon kolbeinsson sin jncigle med minu jncigli fyrir þetta orskurdarbref skrifat uar æ grund j eyiafirði in die undecim milium uirginum martirvm a saña are sem fyrr seger.

452.

19. September 1499.

á Helgafelli.

STÉPHÁN biskup í Skálholti skipar hálfkirkju á Fellsenda í Miðdölum.

Bisk. Skalh Fasc. XIII, 1, frumrit á skinni. — AM. Apogr. 2454 „accuraté“.

Maldage halfkirkiunnar á Fellzenda í Middaulum¹⁾

Vær stephan med guds nad biskup j skalhollthe giorum godum monnum uiturligt med þessu voro opnu brefi at uær haufum skipat at halfkirkia skal uera æ fellzenda j middaulum er ligr j saudafellz kirkiusokn eæuenliga hier efter med þeirre rentu at þar skal takast heima tollar og tiunder bonda og husfreyiu ok allra þeirra heimamanna er þav halda æ sinum kosti. skulu þar syngiazt fiorar messur og tuttugu en gialldazt presti j tidaoffor tolf aurar. Jtem skal þodr arnbiarnarson giallda kirkiune æ saudafelle fiogur malnytiu kugillde ok eitt hundrad j vadmalum at næstum fardaugum. fyrir sinar tiunder lagde greindr þodr kirkiune æ fellzenda tiu hundrud j heimalande ok fim hundrud j þarfligum peningvm j hennar heimanfyllgiu jatadi adr greindr þodr sik under at suara biskups gisting eitt sinn æ hvers biskups eæve fyrir adr nefnda halfkirkiu.

¹⁾ Framan á Apogr. með hendi Árna Magnússonar. „vm halfkirkiu æ fellzenda“, stendr utan á frbr.

Ok til sanninda hier vm settum vær uort jncigle fyrir þetta bref er skrifat var æ helgafelle feria quinta ante festum mathee apostoli et ewangeliste. anno domini M^o cccc^o nonagesimo nono.

453. 21. September 1499. í Miklagarði.
10. Apríl 1500. á Hólum.

ÓLAFR Bjarnason fær Gottskalki biskupi og heilagri Hóla-kirkju til fullrar eignar hálfra jörðina Hvassafell í Eyjafirði, en biskup kvittar Ólaf um grópt foreldra hans, Margrétar Ólafsdóttur og Bjarna Ólasonar, er Ólafr hafði grafið að kirkju í forboði biskups.

AM. Fasc. XXXIV, 8, frumrit á skinni. Öll (3) innsiglin eru dottin frá. — Apogr. 3379.

Vm myklagard. huassa(fell) kirkiunne giefed 1499.¹⁾

Þath giorvm vier jon prestur þorgilsson. jon þorgeirsson ok havskaulldr rvnulfsson leikmenn godvm monnum viturligt med þessv vorv opnv brefi ath vier uorum þar j hia saum ok heýrdvm æ. æ lavgardagenn j imbrvvikv vm havstid. þa er lidith var fra hingadbvrd vors herra jesv christi. M. cccc. xc. ok niv ar j mykklagarde j eyjafirde. ord ok handaband vors nædyga herra gottskalks med gvds næd biskups æ holvm ok olafs biarnasonar. ath svo fyrir skildv ath olafur biarnason fleck heilagre holakirkiv ok biskupenvm til fullrar eignar hálfra jordena hvassafell er liggur j eyjafirde j mykklagardz kirkiv sokn med ollvm þeim gognvm ok giædvm. jthavlv. hlvtvm ok hlvnndvm sem greindre halfre iordv fylger ok fylgt hefer ath fornv ok nýiv. ok hann vard fremzt eigande ath. vndan sier ok sinvm erfingivm enn heilagre hola kirkiv til ævenligrar eignar ok frials forrædiss. med svo vorndvm skildaga. ath bisk-

¹⁾ Utan á bréfinu, að sumu leyti með gamalli hendi.

up gotskalk gaf oláf biarnason kvittan ok ækærvlavsan fyrir sier ok ollvm sinvm epterkomendvm heilagrar hola kirkiv formonnum. vm þær saker sem hann kærði til oláfs biarnasonar ath hann hefði grafið modur sína margretv olafsdottur j forbóði j kirkivne j hvassafelle fyrir utan biskupsens orlof ok lavsn ok olafur kendezt þær sialfur fyrir oss ath hann hefði svo giort. ok beiddizt þær nadar og lavsnar fyrir sig ok svo fyrir kirkiuna j hvassafelli enn modur sinne margretv heitenne frials kirkivlegs ok lavsnar. j annari grein fyrir fodor sinn biarna heittin olason sem grafið enn var j banni j myklagardz kirkivgarde j eyiafirde fyrir vtan biskupsens vilia ok orlof. beiddizt olafur þær enn nadar. lausnar ok kirkivlegs fyrir fodor sinn biarna heitenn olason. enn kirkivgardinvm hreinsanar. huat biskupenn liett til fyrir gvðz skýlld ok hans mivkv bæna skvlld. því skýllde hálf jorden hvassafell gialldaz kirkivni æ holum ok biskupinvm fyrir þessar adurgreindar saker ok adrar fleire þær þær sie eigi hier skrifadar. sem biskup gotskalk hafði þær ath tala til oláfs biarnasonar. Ok til sannenda hier vm settvm vier fyrskrifader menn vor incigle fyrir þetta bref er skrifad var æ holvm j hialltadal fostudagenn næsta fyrir palmsunnudag ære síðdar enn fyrr seiger.

454.

13. Nóvember 1499.

á Ökrum.

LAGABOÐSBRÉF Arnórs Finnssonar til Kolbeins Þórðarsonar um öll mál Kolbeins og Ólafs Pálssonar, sem Arnór lýsir, að hann hafi tekið umboð á.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni (d. 1748), skr. c. 1608.

Æg Arnor Finnsson. Giori það aullum godum maunnum viturligt. þeim sem þetta mitt bref sia edur heyra lesit. að eg medkiennunst med þessu minu opnu brefi. at eg hef tekid med vottum og handabandi fullt og laugligt vmbod olafs pallsenar. til allz laugligs forsuars á þui sama mali

sem Colbeinn þordarson kiærði til adurgreinds olafs vm þad naut sem Colbeinn þordarson sagði ad olafur hefði feingit sier. Suo og hef eg tekid fullt og allt vmbod af greindum olafi palssýni vpp á Colbein þordarson vm þad sem olafur palsson ma til hans tala med laugum og Colbeinn þordarson hefur vid hann Brotligur ordit. huort helldur þad er j ordum edur verkum. Eða j huoriu helst þad kann finnast ad olafur ma vid hann sauð á gefa. Lysi eg þui adurskrifadur Arnor finnzson fyrer aullum godum monnum ad eg uil þetta mal huorki sækia nie veria. nema med riettum laugum. Þui fyrerbyð ec þier Colbeinn þordarson at klaga edur kiæra optskrifadañ mann olaf palsson edur nockut omaka vm þetta adurskrifad mal fyrr enn vid haufum reynt adur med ockur laug hier vm. huort þetta mitt vmbod verdur laugligt edur eij. Þui Bid ec adurskrifadur Arnor finnzson þier colbeinn þordarson. ad vitni allra godra manna sem þetta mitt bref heyra. sattsamliga vndir þann dom sem Ormur Jonsson kongs vmbodsmann j þornesþingi edur hanz vmbodsmadur yfer nefner þessu adurskrifudu mali. j vor eptir paskana. j moguligan tima. þa þu villt og eg ma. og suara þu mier þa hans vegna sem domur dæmir. Enn eg vil suara þier hans vegna j sama domi verd eg skyldugur gior. Jtem j þridiu grein fyrerbyð eg arnor finnzson aullum og sierhuorium leikum og lærdum. huorror stiettar edur virdingar huorier eru ad lata nockurn dom yfer nefna saugdu mali edur vm ad dæma. nema ec sie med laugum fyrer kalladur. þui ec vil sattsamliga til laga koma vm greint mal vid Colbein þordarson þegar hann vill ogeg er lydugur til. Og til sanninda hier vm setta eg mitt jnsigli fyrer þetta lagabodsbrief. Skrifad á aukrum j hraunhrepp á mirum miduikudæginn næstañ eptir marteinsmesso þa lidit uar fra hingadburd vors herra Jhesu christi. ☩
cccc lxxxx og ix ar.

455. 23. December 1499. í Sauðlauksdal.

JÓN Jónsson (Íslendingr) gefr kirkjunni í Sauðlauksdal í Patreksfirði skógarhögg í jörðina Torstansfjörð (Trostansfjörð).

AM. Apogr. 1326, eptir frumritinu meðal Sauðlauksdalsbréfa, „accurate collatum. Jnnsigled var fyrir briefinu heillt og læsilegt ad vopninu jnnan j Briefed sialft ospiallad. og ad öllu vel læsilegt“.

Þath giore eg jon jonsson godum monnum kunnegt med þessv mifnv opnv brefi. ath eg medkennvnt at eg hefi gefit bænhvsenv j savdlavksdal j patrefirde er liggur j saurbæiar kirkiu sokn á raudasande skogarhavgg j jörðena torstansfiord¹⁾ til æfuenligrar eignar. til allra nýtsemda þeirra sem greind jord saudlauksdalur þarf at hafa og þeir sem þar bva. Skulv þeir og havgva skog hvar þeir vilia j greindri jordv torstanfirde¹⁾. her med skulu og þeir menn sem j skogi vinna fyrir greinda jord at osekiu troda gras og hafa beit fyrir eyke síjna medan þeir þvrfa j skoge at vinna at vndan teknum taudum og eingivm og öllu skadaræde vid þa sem þar bva. Jtem skulv þeir og sem vinna j skogi j torstansfirde¹⁾ fra dal mega stinga eda raska jordu til kolabrennu at oseki j tittnefñdi jordv torstansfirði¹⁾ at skadalavsv þeim sem jordina eigur. Og til sanninda her vm setta eg míjt jnsigle fyrir þetta bref er skrifat var j saudlavksdal j patrefirde. á þorlaks Messo fyrir jol. þá er lidet var frá hingatburd vors herra jesv christi. M. cccc. nigivtiger og nigiu ár.

456. 23. December 1499. í Skálholti.

Þeir prestar transskribera Odda máldaga frá 1270 (Dipl. Isl. II, Nr. 34).

AM. Fasc XXXIV, 9, frumtransskriptarbréfið á skinni.

¹⁾ Svo.

Þad giorum ver asbiorn sygvrdzson. þordur gudmunzson. augmundur þalson prestar skalholtz biskupsdæmis godvm monnvm kunnigt med þessv vorv opuv brefi. at ver haufvm sied og yfer lesit gamallt maldaga kuer kyrkiunnar i skalholtti suo latanda ord eptir ord sem hier seiger.

[Hér kemr sjálfr máldaginn.]

Og til sannenda hier vm festur(!) ver firr skrifader prestar vor jnsiglile(!) fyrer þetta (transskriptar bref) skrifad j skalholtti proximam diem ante vigiliam nativitatis domini. anno domini Mcdxc nono.

457.

1499.

MÁLDAGI kirkjunnar á Gilsbakka í Hvítársíðu.

J.Sig. 143. 4^{to} bls. 328—29 á pappír skr. c. 1600 (Garðabók). — Landsbókasafn 108. 4^{to} bls. 422 (séra Jón í Hitardal).

Annar Gijlsbacka maldagi.¹⁾

Anno m^o. cd^o.²⁾ nonagesimo nono.

Jn primis var þesse m[alda]ge kirkiunnar æ gijlsbacka stadfestur oc samþycktur af [vi]rdulegum herra biskup stephane med gudz nad biskup j skalholte med rade oc samþycke presta oc annara dandismanna sem þa woru þar nær honum.

Jtem ad siera þordur jonsson er þa hieilt stadenn selde kirkiunne jordena alla kirkiubol er liggur [j Gilsbacka]³⁾ kirkiusokn oc er xijc ad dyrleika.

Jtem hier j mot skýl[ldi siera]⁴⁾ þordur hafa hier [j mot⁴⁾ xjc af instædu kirkiunnar j suo [virdum]⁵⁾ peningum. ij. kýr. ij. ausaudar⁶⁾ kugillde. vjc. j [giellðfie³⁾ j nautum oc saudum oc hest firir hundrad.

Jtem er nu jn[ntæda³⁾ kirkiunnar xi kýr. attatijger

¹⁾ Á undan er máldagi frá 1463; ²⁾ xl(!) hdr; ³⁾ [108; fúid úr 143. ⁴⁾ [sl. 143. ⁵⁾ þannig,

asaudar oc atta betur. iiij. hestar. forustusaudur oc grid-
ungur.

reiknadist i porcio iiij merkur vppá v áur er siera
þordur hefr halldid stadenn oc lagdi hann kirkiunne hialm
er giordur var firir iiij merkur.

458.

[1499—1508].

BRÉF þeirra lögmannanna Finnboga Jónssonar og Þor-
varðs Erlendssonar, þar sem þeir samþykkja og ítreka, að
fylgt sé Launguréttarbót Kristjáns konungs hins fyrsta
frá 28. Nóv. 1450 (DI, V, Nr. 55) um landsvist útlægra
manna, og banna að slíkir menn sé dæmdir ferjandi út af
landinu án náveru lögmanna, samkvæmt lögbók.

Add. British Museum 11, 242. to bl. 63b, „Dægradvöl“ síra Gott-
skálks Jónssonar í Glaumbæ, skr. 1543—1593. — MSteph. 60. 4^{to} bl.
81 með hendi síra Eyjólfis Jónssonar á Völlum (d. 1745).

Orskurdr lögmannanna finnboga jonssonar ok Þorvardar
Erlendssonar yfir kong Christierns riettarbota
brief. utan artals.¹⁾

Þeim godum monnum sem þetta brief sia edur heyra
sendvm vid finnbogi jonsson ok²⁾ Þorvardr erlenzson log-
menn yfer jslandi Q(vediu) G(uds) oc vora.³⁾

Witit þier goder menn at vit hofvm sied oc yfer lesit
vorz nadugazta herra kong kristiernz Rettarbota bref j
hueriu oss mætte stor nytsemd at vera ef þat væri svo
greint oc articvlerat sem logmonnum oc logrettomonnum
þætte landenu oc almvganvm nytsemd j vera [et cetera.⁴⁾

Fyrst þar [at⁴⁾ vor nadvg⁵⁾ herra kongren⁶⁾ fyrirbydr
[hirdstioranum. logmonnum⁷⁾ oc systlumonnum æ jslandi at
tilstedia at vtlæger menn gange [og fari⁸⁾ sem frialser

¹⁾ 60, og ritar síra Eyjólfur aptan við bréfið: „Requirit hæc decisio
accuratum examen ad stateram cronologicam“. Engin fyrirsögn í 11,
242. ²⁾ 60; sl. 11, 242. ³⁾ 60; sína 11, 242. ⁴⁾ [sl. 60. ⁵⁾ nadugasti
60. ⁶⁾ kongr 60. ⁷⁾ [lögmonnum. hirdstiorum 60. ⁸⁾ [b. v. 60.

menn j landit¹⁾ oc at þeir blive stavdvgt²⁾ æ kirkiunne til þess at þeir ero skipradner til noregz. Enn ef þeir finnaz vtan kirkiu þa³⁾ fare þeir sem logbok vottar oc svo (skyrer) nor landzlagabok. at huer sa madr sem mane verdr at skada skal vtan fara sem fyrst ma hann epter logmanz rade.⁴⁾

[Og þa sama articvloz samþycktum vid⁵⁾ fvllkomlega firir log at hallda oc firirbiodum [aullum systlumonnum⁶⁾] oc þeirra lenzmonnum nockrum vtlægum manne dag at gefa æ konvngdomzens vegna framar meir en⁷⁾ greind rettarbot vtvisar.⁸⁾

[Svo oc⁹⁾ somuleidiz forbiodum uid at eingen man¹⁰⁾ dæme vtlæga menn ferandi vt af landit¹¹⁾ vtan ockare¹²⁾ naueru [ok eptir því¹³⁾ sem logbok uottar.

459.

[um 1500].

SENDIBRÉF, er Hallr prestur Þórarinsson ritar Birni Guðnasyni í Ögri um Ásgrím frænda sinn.

AM. Fasc. LXIV, 8, frumrit á skinni, komið frá Látrum að gjöf síra Hjalta Þorsteinssyni. — Apogr. 953 eptir frumritinu.

Ærligum manni birne bonda gudinasyni er brefid sent.¹⁴⁾

Ærligum dandi manni birne bonda gudinasyni. heilsar ek hallur prestur þorarinsson med gudi ok worri fru.

Þackar ek ydr firir allt þat sem þier hafit mier wel giort. þikiunzt ec vita. at ydr mune sagt hafa werith. at steinvör frændkona mjn hafi giort bod epter asgrime frænda mjnum. hejm j huamm wm daginn. ok beitt ordlofs til þess. at hann mætti finna hana heima j hiardarholhti. ok ek senda hann ekki þui aftur til ydar. at nu war suo komit j far-

¹⁾ landinu 60. ²⁾ stodugir 60. ³⁾ [sl. 60. ⁴⁾ Sbr. Launguréttar-bót § 12. ⁵⁾ [Og þann sama articula samþykkium ver 60. ⁶⁾ [systlumonnum ollum 60. ⁷⁾ sem b. v. 60. ⁸⁾ aavisar. ⁹⁾ [sl. 60. ¹⁰⁾ madr 60. ¹¹⁾ landinu 60. ¹²⁾ ockar 60. ¹³⁾ [b. v. 60. ¹⁴⁾ Utanáskript bréfa-ins.

dogunum. at þær nitid at ek hafði ecki ydarta loford þar wpp a firir mæri at hann væri j ydarna gard at sinne. þo ek hefða þeinkt at þat munde hafa matt til ædra orða koma hier efter sem adr. uil ek giarna þacka ydr ok yduarre dandi kuinnu firir allt uel giort til hans. fra fyrsta er hann kom j ydarna gard ok til þess er hann for. þui þat hafi þið bæði giort med heidr ok æru ok suo þacka ek ollu dandi folki firir allt uel giort til hans. þui sem j ydarna gard er. bæði ord ok werk.

ei meira w m sinn. hier med geymi ydr gud ok hans modir maria.

460.

[um 1500].

SENDIBRÉF Guðna Jónssonar á Kirkjubóli til Jóns Sigmundssonar um viðgerð á söðli.

AM. Fasc. LXIV, 15, frumritið á skinni með hendi Guðna Jónssonar.

Jone sigmundzsyne ER brefit sent.¹⁾

Gud veri með þær minn godi vin jon sigmundzson.

eg gudine jonsson heilsar þig kærliga med gud og hans modr marie.

bidr eg þig v m kærliga ath þu sverfer upp saudulinn þann eg sendi ydr og siaer suo til ath ecki brotne jarnid vr. skal eg giarna giora þin vilia j gen huad þath er þu villt mic bidia þath eg ma med æru giora. vina uel og lat hann nu uel fara. þar þicki mæri æ liggia og lat hann snart buen og skila honum til biarnar gudinasonar. skal hann senda mæri hann. þui eg hefi aunguann annann saudulin.

hier med gefin þeim g[udi] og sancte petræ nu og alla tima.²⁾

¹⁾ Utanáskrift bréfsins með sömu hendi og bréfið. ²⁾ Í AM. Fasc. LXIV, 18 (frumrit á skinni, skorinn meira en helmingr af ofan frá

461. [um 1500].

MÁLDAGI kirkjunnar á Bessastöðum í Fljótsdal.

AM. 914. 4to, afskript Skriðuklaustraskjala staðfest á Bérufirði 28. Sept. 1697 af Guðmundi Árnasyni og Brynjólfi Halldórssyni, og segja þeir máldagann „á kálfskinn með gamla skriffit“. — AM. Apogr. 4441 (eptir 914. 4to). Sbr. eldri máldaga: Dipl. Isl. I, Nr. 92; IV, bls. 212. Stofn þessa máldaga er allr forn, en í heild sinni mun hann vera frá þeim tímum, sem hér er sett.

Bessastada kyrkiu Maaldage.

Þesse er maaldage á Bessastöðum að þar skal vera heimilis prestur¹⁾ ef saa vill sem þar byr. og hafa kiðred fiórda dag Pascha og taka heima tijund og allra heimanna og lysetolla. Reidu preste ijc. þar er skylt að syngia huðörn dag helgan og alla ýmbrudaga. midvikudaga alla og friaadaga alla aa lángeföstu og ij dimbildægur. palmsunnudag og paaskadag. allar tider. Þar skal annast hundrad alna omaga. edur laata syngia hundrad saalumessna. Reidu

og niðr úr, og neðan af er skorið óvist hvað mikið) er svo látandi brot af sendibréfi frá 16. öld, sem ekki verður glögt séð við hvað á:

Heidursamligum dandemanni og
 alla ydra dygd og velgiornin[ga]
 spurt hafa at taca vt peñ[inga]
 fiordungs giofna nær hu
 ofine elligar villda ec aunguan
 hia var: en ec nada aungum n
 nei firir. var mier eigi suo micill h
 [ha]fi brugdit af ydrum raa[dum]
 nadr vor at eg lofad
 og annad til . er ec nv ydur þ[ackande]
 hygg ydur j Rettri trv at segia
 kasti af þeim sem mier voru
 sa jngibiorgu dottur minni
 kote þar til er ydur þat nu j
 hafa þa ec vil afleggia
 og rettvissazt talad
 at mier lifandis at þav þ
 sem þau eru. er ek ydur bæ

¹⁾ heimupprestur(!) hdr.

vt ef vill þetta hundrad i vadmálum, mat. eda klædum¹⁾ þeim faatækum mönnum sem hann vill. og sie sú eige log-bodenn²⁾ á hañs fie.

Kyrkiañ á tuo³⁾ hundrud j heimalande og j^c.j metfie xij kugillde og enn v^c ofriyd.

Þar er skiltt ad veita hus öllum faatækum mönnum huadan sem ad koma huórt laugarkvelld. og fyrer postula messur allar og stærre hatijder.

Hun á tuo skogarparta j Hrafnkelstada jörd. mille buskulækjar og ad læk þeim sem fellur firer framañ Brattagerdeseyre og annan i Glumhofdum millum lækia tueggia. skogarteig millum Gilsórr og Budlungarvallar aar. vpp ad götum þeim sem liggia fyrer ofañ alla skóga. og þar med allur Skeggiastada huammur. þar med Kaarataanga.⁴⁾

Kyrckiañ er helgud Gude og S(ancte) Thorlace. Hun eigur káleik ock messuklæde sæmeleg. krossa ij. mariuskrifft. Thorlacks lykneske. ij^c j bookum og hundradz salltara. alltaress klæde tuð. og annad fornt og duukar tuejr. eitt steintialld j kór. kluckur iij. glódarkier. elldbere. merke. sacrarium munnlaug. ample med tin. paxblad. jarnstikur ij.

Medkienne eg Hañs Gerchen ad Jón Einarsson medtok þennañ maaldag(a) ad Vjydevollum laugardagenn næstañ firer Huijtasunnu Anno 1599 þessum mönnum hiðverande Biarna Einarssýne og arna Jonssýne. huorier ad skrifa sijnar handskriffter med minne hier nedañ vnder.

Hans Gerken Eh. Biarne Einarsson eigen hand.
arne Jonsson eigen hand.

462.

[um 1500].

AFHENDING Hálsstaðar i Hamarsfirði.

AM. 263. Fol. bls. 11, skr. 1598. — Máldagabók Biskupsskjalasafnsins hin gamla (= D 12.) bl. 134b, skr. 1601 (= b). Sbr. afhending 1524.

¹⁾ Svo; ekki: skædum, sem þó er fornara. ²⁾ Svo; ekki: logkominn. ³⁾ Svo. ⁴⁾ Svo; ekki: Kaaratwnga.

Háls [gamall maldage.¹⁾

Andres kirkia vnder halse: atte suo ordna peninga:
þa Eyolfur [Eyiolfsson etcetara.²⁾

jn primis : v kyr : og xl asavdar : viij sandi tuæ-
vetra : hestur tolf vetra : oc annar þrettan³⁾ vetra : hross
fullroskid : oc eirn fole tuævetur : ij hross veturgomvl : aller
fyrer iij^{c)} : þetta jnnan gatta : xxx. skiolna kerald : oc
annad xvj skiolur. og eij mathelltt. vj trog : oc vj. vppgiord-
ar kerolld : oc iij skaler : iij spæner : ij diskar : j. kanna :
ij borddiskar : eirn tueggia skiolna ketill bættur : ein sýgd
oc brýne : ein hrijfa : einn reidingur : oc ij einhogldvngar.

463.

[um 1500].

AFHENDING Hofsstaðar í Álptafirði.

AM. 263. Fol. bls. 11, skr. 1598. — Mál dagabók Biskupsskjalasafns-
ins hin gamla (= D 12) bl. 133a—34, skr. 1601 (= b).

Hof [gamall maldage.⁴⁾

Suo mykla peninga afhente Asmundur Gudmýndzson
sira Halli Sigurdzsyne : Enn þollakur prestur þorarinsson
medtok : a Hofvi j Álftafirdi.

jn primis ix kyr oc asaudar kugilldi : firir hina tývndv
: lxxx⁵⁾ asaudar : xij saude tuævetra : þrevett navt : iij
hesta vonda : iij hross : oc ij gellid : ij sængur med aklæd-
vm : oc ij dýnur ad avk : og einge rekivvod med : mvn-
laug oc vatzkall : dukur hringofinn half vij⁶⁾ alin : vij
vppgiordar kerolld vond : loggstockinn og giardlaus : xij
trog : og eckj mathelld⁷⁾ : ij stor kerold. oc er annad med
þremur giordvm : oc floar : ij skaler heilar. enn iiij rifnar
vi spæner : iij diskar vonder : strockur : tueggia fiord-
unga ketill vondur : vij fiordvnga ketill : ij skiolur vond-

¹⁾ [263; ²⁾ [þa eyiolfsson(!) b. ³⁾ fiortan b. ⁴⁾ [263; ⁵⁾ lxxxx b. ⁶⁾ vj
b. ⁷⁾ mathelltt b.

ar : kanna : tinfat lýtid : Brithogg : Bryne : jarnkall : smior
x. fiordungar oc einn hamar.

464.

[um 1500].

VIRÐINGARGERÐ á staðnum í Hoffelli í Hornafirði.

AM. 263. Fol. bls. 13, skr. 1598. — Máldagabók Biskupsskjala-
safnsins hin gamla (= D 12) bl. 132^b 133, skr. 1601 (= b).

Hoffell [gamall maldagi.¹⁾

Þetta greiddi þosteinn Biarnarson með stad j hoffelle:

j metfie ij^c. og xiiij aurar j tioldum : beckiar klædi
iij. j hundrad. kolar iij j xij aura. ij. merkur j Busgðgnum.
iiij kistur oc ij býrdur oc ij net fyrer xviiij aura. ix aura j
vidum : pundari fyrer vj aura. iiij merkur reykelis fyrer v
aura oc ij alner betur. vefære²⁾ j xij alner. ij. kamar j
v aura. hestur fyrer hundrad.

Þessir menn voru j virðingu. jlluge þoralfsson.³⁾ Grim-
ur jukunnsson.⁴⁾ Hildebrandur arnorsson prestar. þorarenn
Helgason. þorlakur Arnorsson. Beiner eyolfsson leikmenn.

465.

[um 1500].

AFHENDING staðarins í Einholti í Hornafirði, þegar síra Jón
garði lét lausan, en séra Magnús Jónsson tók við.

AM. 263. Fol. bl. 12—13, skr. 1598. — Máldagabók Biskupsskjala-
safnsins hin gamla (= D 12) bl. 133 a—b. skr. 1601 (= b). Síra
Magnús Jonsson í Einholti dó 1514; er því sít fjarri að setja þessa af-
hendingu að efni til um 1500.

Einholt [Gamall maldage.⁵⁾

So ordna peninga afhendti síra jon Garde stadnum j
einholte enn síra magnus medtok.

¹⁾ [263; ²⁾ vefære b; ³⁾ þoralfsson b; ⁴⁾ jukunnson (= jokkums-
son) b; 263: jukriñsson(!) ⁵⁾ [263.

jn primis xiiij kyr. v. asaudar kugillde oc xij saude gamla : sex vetra gamallt naut og [vetur gamallt naut¹⁾] fyrer ij. cc. iiij [veturgomul naut¹⁾] fyrer. c ij naut tuævetur fyrer c. iiij kaplar²⁾ oc veturgamallt naut fyrer c. fimm hestar og ij. hross virðingar goz.

Æpter frafall sira magnus heitins jonssonar tok vid oddur prestur þorsteinsson so mikla frijda peninga stadarins vegna j einhollte : jn primis viij kyr. vj veturgomul naut oc [veturgamallt naut²⁾] firir c. iiij veturgomul naut firir c. ij naut tuævetur fyrer c. þrevett naut firir³⁾ iiij kalfa oc veturgamallt. naut j. hundrad : jtem v. asaudar kugilldi oc xij sauder gamler : er þetta jnnstæda : jtem j kóplum v. hestar oc iiij hross : jtem portio Ecclesiæ sem sira magnus heitinn lysti a deyanda deigi voru ij^c oc xx er fallit hafdi oc batur ad auk : jn primis luckter xij sauder gamler oc iiij asaudar kugilldi. jtem lucktu erfingiar sira magnus heitins jordina haukafell er liggur j einholltz kirkiu sokn firir viij^c med ollum gógnum oc giædum. jtem lucktu þeir v^c j koplum. xij fiordvnga smiors firir c. iiij væt-ter fiska firir c. ij kier j jördu firir c. oc onnur ij. kier firir ij. c. kom oc eitt⁴⁾ kier firir batenn. Þetta j virðinga gozi sem hier seiger. ij pottar goder : eitt mortiel oc einn kietill steiktr. var þetta fyrer hundrad : jtem ij tinfót. iiij kónnur. einn kietill vondr. var þetta firir hundrad. xx vppgierda kieröld med fiorum skiolum. xx trediskar vonder. xx trog. xxij. sker-bord. xij. skaler oc viij spæner. v. snældur med snudum : j strockr. a vj hesta reip. einer torfkrokar⁵⁾ oc pundari. var þetta allt firir hundrat. jtem iiij bediar dynur. iiij hæginde. iiij reckiu voder. ij. aklæde fyrir c. jtem eitt tialld fyrer hundrad. jtem munnlaug oc vattnzkall firir hundrad.

466.

[um 1500].

VITNISBURÐAR Magnúsar prests Jónssonar um það, hverja peninga hann hafi meðtekið með Einholti í Hornafirði, þá er sira Jón Þórarinnsson afhenti.

¹⁾ v. g. n. b; ²⁾ kalfar b; ³⁾ þannig bæði hdr. ⁴⁾ ij b; ⁵⁾ torskrokar b.

AM. 259. 4^{to} bl. 40a, skr. um 1600 fyrir Odd biskup.

Einholt.¹⁾

Ég magnus prestur Jonsson medtok so mickla peninga sem hier seiger þá Sera Jon Þorariñsson afhenti kirkiuna j Einholttti og stadinn.

Jñprijmis 13 kyr. 7 ær og 20. 9 sauder veturgamler. tuæuetur brutur. 12 sauder gamler. sex uetra gamalt naut og veturgamalt fyrir 2^o. Tuo naut tuæuetur. og tuæuetran gradung. og 4 kalfa og veturgamalt naut fyrir j^o fiogra uetra gamalt naut fyrir 2 vet er smiors. Jtem 5 hundradz hesta og 3 hross med þui er Eijrekur Jonsson lagdi aptur til stadarins.

5 sængur uondar enn eingiñ abreyða. og eingiñ huijluvød. j pallklædi. og j muñlaug og vatzkall. 2 konnur. og konnubrot. 2 pottar. og var annar botnlaus. 2 katlar uonder og 5 tinfot. 2 sterk e(n) vond 3. 20 diskar. 20 skerbord. 5 spæner. 5 skaler. 5 snælldur med snudum. 20 trog og 20 kiorulld god og uond og aull minne enn mæler. Sexæringur uondur.

467.

[um 1500].

MÁLDAGI Olafskirkju á Kálfafelli í Fellshverfi.

AM. 259. 4^{to} a) bl. 7b—8a, skr. c. 1600; b) bl. 36a—37a, einnig skrifað c. 1600.

kalfafell [j Hornafirdi.²⁾ [Gamall maldagi.³⁾

Olafs kirkia á kalfafelli j fellshuerfi á heimaland alltt med gøgnum og giædum. skogum og rekum. hun á xvij^o fiору er liggur fyrir stadnum. hun á fiøru er liggur fyrir Steinajordu og eru reiknud fiорumorckin fyrir austan ad bera skýlldi tñndinn ýfer kalldardal j mitt skardit j Riupnnadal. Enn fyrir vestan stadarfiøruna⁴⁾ og steinafiøru rædur ur uestan verdri⁵⁾ nausttoptt

1) með hendi Odds biskups. 2) bætt við í a með hendi Odds biskups. 3) [b. v. í b með hendi Odds biskups. 4) b; fiорunu a. 5) vestri(!) a, b.

þeirri er stendur j Steina jordu og j vordu þá er stendur á [felsinu¹⁾] fyrir austan Steinagotu. er inn er ridid á dalinn. hun á x auxa²⁾ beit á borgarhafnnarheidi v̄m sumar. vidarhogg j holaland og³⁾ xxx hesta.

vij kýr og l asaudar. gelldfiar hundrad. halftt fimta hundrad j hrossum. vj^c j metfie og hundrad vadmala.

hun á fyrir innan sig ij^c j tiolldum. skrin og mariu-skriptt. krossar ij. glergluggi. brikyfer allttari. kluckur ij. kistur ij. kerttastikur ij fyrir hundrad og þar med glodarker. kaleikar tueir. fernn n. essuklædi. allttarisklædi iij. dukar iij. kapur ij. sloppar ij. messufatastóckur. fonz v̄m-buningur. mercki eitt. muñlaug.⁴⁾ lýsikola. lectarar tueir. elldberi og þelahogg. ij^c j bokum.

Þangat liggur tijund og lýsitollur af vij bæium.

Þangad liggur kirkian j borgarhófn og misser söngs hinn fiorda huernn helgann. þar skal sýngia þria ýmbrudaga. halfkirkia á breidabolstad .c. önnur á reinivellum⁵⁾ og iij bænhús. takast vj aurar af iij. Enn af einu v aurar. takast vj aurar og hundrad af borgarhofnn. enn hundrad af huorru hinna.

Þar er tueggia presta skýllda og diaknna.

Jtem lagdi herra Oddgeir⁶⁾ vj ær og kw

Jtem gaf hinrich Arnason⁷⁾ j Testamentisgjöf fiöru er att hafa vppsaler er liggur uid Smijrlabiargarfiöru sancti Olafi og kalfafells stad er liggur j fellshuerfi. er það fiordungur ur öllum rekum.

hun á skóg allann j breidabolstadarfialli er uid risa breckur. hun á skog allann j þui fialli er fyrir innan gia er og alltt ad steinbogagili sem kallad er. úrhalsa skog fyrir innan birnná. hun á laufatungur hinar innri sem standa i kalfafells landi hinu ytra.

þetta er maldagi greindrar kirkiu.

1) a, b. 2) uxa b. 3) Svo a, b; rétt mun: á. 4) b; munlug a. 5) a; Reinivollum b. 6) d. 1381. 7) Kemr vld bréf i Hornafródi 1480 og sýnist þá hafa verið gamall maðr (DI, VI, bls. 304).

468.

[um 1500].

AFHENDING staðarins í Kálfholti í Rangárþingi, þá er síra Þórðr Ólafsson afhenti, en síra Ásmundur Jónsson tók við.

Add. British Museum 11, 245. 4^{to} bl. 224b (FM. 402), tekið upp í máldagabók Odds biskups eptir mjög rotinni skrá kirkjunnar í Kálfholti

Kalfholt.¹⁾

Suo mikid gotz var lokid stadnum j kalfholtti er sera Asmundur jonsson med tok. enn sera þordur olafsson afhenti.

Jn primis tuenn messuklædi. sloppur .ij. alltarisklædi med tueiur dukum .ij. kaleikar .iij. kluckur .ij. biollur. fontz vmbunadur. Mariuskriptt. Olafs skriptt. kross yfer alltari med lijkneskium og brijk og ij krossar adrer. kanna. alltarisbok. glodaker. sacrarium. munnlaug. kista olæst. lectari. stoll. kirkiukola.

þá skal nu hier epter og hingad til gialldazt att hafa og gialldaz skulu nu upp hedan suo og um adra tolla og tiunder sem at kirkiune til greiner. Enn um askilnad þeirra adr greindra mana jons og grims wm audunarstada kirkiu sem domkirkiunar registrum oll greina ath heiti kirkia og jon gaf sock æ at grimur opt nefndr hefði og hans fader dregit under sig alla henar tolla og tiunder. þa war þat wor domur at hun skal nu sem registrum greiner heita og heitid hafua kirkia med slikri rentu sem biskupin uill ákueda og skipa wm henar tolla og tiunder. huad hun skal eiga eda att hafa sier til upphelldis. Enn um seekter og sackfelle sem oss leiz á grim og hans faudr fallid hafóu fyrer þetta þeirra rangligt halld. attekt og ofrickis medferder æ fasta eignum heilagrar tungu kirkiu þa dæmdum wer ei æ hæd ne seekt domkirkiunar og ei tungw kirkiu sem oss leizt til standa. sacker þess wor nadug herra biskupin fyrer bæna stad godra mana gaf þat til og suo jon slick(t) ed sama fyrer biskupsins skulld kirkiunar seekter j tungu sem hann mætti med logum giora. Og til meiri styrckingar stadfestu uitnesburdar og obrigidligar áhræringar þa styrcti stadfesti og fullkomliga samþyckte wor werdugi¹⁾ herra og ellskuligur fader biskup gottskalk med oss þenan worn dom. Og til meire audsyningar og sanrar medkeningar setti hann sitt incigli med uorum adur greindra abota og presta jnciglum fyrer þetta domsbref er gior(t) war j gellingaholli a sama æri deigi sidar Enn fyr seiger.²⁾

545.

30. Maí 1501.

í Viðey.

SIGURÐR Filippusson selr Árna ábóta og klaustrinu í Viðey alla jörðina Breiðagerði á Strönd fyrir lausafé.

AM. 238. 4^{to} bl. 6, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Bref fyrir Breidagerdi.

Þat giorv vier Jon Gellisson. Gissur Þolleifson. Arn-

¹⁾ w'ude, frb. ²⁾ þ. e. 15. Maí.

þor Olafsson ok Olafr Jonsson godvum monnvum vitvrligt med þessv vorv opnv brefi ad ver vorum þar j hia savm ok heyrðvum æ j klavstrinv j Videy med Svndvm manvdaginn næsta fyrir festvm Bonifacii episcopi þa er lidit var fra hingat býrd vors herra Jesv Christi m d j ar. ord ok handaband þessara manna broðvr Arna med gvdz nad abota j Videy af einne alfv en Sigvrðar Filipvssonar af annari. skilidizt þat ok falzt vnder þeirra handa bandi at fyr greindr Sigvrðr Filipsson selldi adr nefndvm herra Abota Arna j Videy jordena alla Breidagerdi x^o at dyrleika er liggr æ Strönd j Kalfatiarnar kirkiv sokn til æfinligrar eignar ok frials forrædis med ollvm þeim gognvm ok giæðvm sem greindre jordv fyllger ok fylgtt hefir at fornv ok nyiv ok hann vard fremst eigandi at til ytztv vmmerkia vid adrar jarder. Hier j mote skyllde abote Arne gefa ok giallda Sigvrðe Filipvssyni vj malnavtv¹⁾ kvgilde ok iiijc j²⁾ avllvm fridvirtvm peningvm. Skyllde optuefnðr Sigvrðr Filippvsson ok hanss erfingiar svara laga riptingv æ adr greindre jordv Breidagerdi en abote Arne hallda til laga. ok ef jordin geinge af honum med logvm þa skyllde han ganga domlavst aptr at sinvm penningvm med svo vordnvm fridleika sem jnn kvomv.

Ok til sanninda hier vm settvm vier fyrgreinder menn vor insiglle fyrir þetta jardarkavps bref skrifad j sama stad æ deige ok are sem fyr seigir.

546. 3. Júní 1501. í Breiðadal í Önundarfirði.

SAMTÖK og áskorun Vestfirðinga til Finnboga lögmans Jónssonar, að hann haldi gömul lög og islenzkan rétt, einkum í erfðamálinu eptir Þorleif Björnsson.

AM. Fasc. XXXV, 1, frumritið á skinni. Fyrir bréfinu hafa verið 24 innsigli, en nú eru þau öll dottin frá, nema níu, sem enn eru fyrir bréfinu. — Fasc. XXXV, 2, transskript á skinni frá 3. Maí 1559 gert í Saurbæ á Rauðasandi. Nokkrar afskriftir eru til af bréfi þessu á papp-

¹⁾svo ²⁾oc, hdr.

ir, svo sem í Bibl. Bodl. Oxford FMagn. Collect. 55. 4to bl. 223—29 með hendi Guðbrands prófests í Vatnsfirði c. 1680; Landsbókasafn 115. 4to I, 162—166 með hendi séra Jóns Halldórssonar í Hitardal c. 1730, og er ártalinu þar bætt við síðar, og því ritar séra Jón þetta um aldur skrárinnar: „Þetta er samantekið eptir að Stephán biskup útgaf sinn úrskurð um arftöku Björns Þorleifssonar og hans systra og eptir þann tólf manna dóm, sem Finnbogi lögmaður útnefndi á alþingi um það arftak hér um Anno“ (ártal vantar); IBfél. 126. 4to bls. 96—100. Skrá þessi er prentuð í morðbréfabæklingi Guðbrands biskups hinum fyrsta. (Apologia) Hólum 1592 bl. d2^b — d5 og útg. í Reykjavík 1902 bls 51—57 (eptir sama frumriti og hér. Sbr. morðbréfabæklinginn þriðja, Hólum 1608 bl. A5). Séra Guðbrandr kallar skrá þessa: „Supplicatia Vestfirðinga til Finnboga lögmans að halda gömul lög íslenzk“. Enn séra Jón kallar skrána „Supplicatia eður þó protestatia Vestfirðinga til Finnboga Jónssonar lögmans um arftöku Björns Þorleifssonar og systra hans“. Sumir kalla skrá þessa *Vestfirðingaskrá*. Frumrit skrárinnar er með hendi Björns Guðnasonar.

Motstandubref þeirra vestfirðinga til finnboga Laugmans vm skilgiettning Biorns Þorleifssonar og hans syskina.¹⁾

Ollum monnum þeim þetta bref sia edr heyra senda
 jon biorsson. Gvdini jonason.
 ormr jonsson. jon ellingsson.
 jon odzson. are gvdinason.
 þorolfur avgmvndzson. jon fvsason.
 jon jonsson. þolleifr avnnolfsson.
 tvmas jonsson. odr sigrdzson.
 jndridi jonsson. narfi jonsson.
 olafur gvdmvndzson. sigmvndur branzson.
 nikvlas jonsson. petur fvsason.
 þorbiorn nikvlasson. steinmodr konradsson.
 ketell þosteinnsson. jon þordarson.
 snorre helgason. og biorn gvdinason

kvediv gvds og sina kvnngt giorandi með þessv worv opnv brefe ath vær fyrrgreinder menn klavgvm og kærvm worra vegna og allz almyga a vestfiordvm firir gvdi og sancte olaf konvng. og ydr finbogi jonsson lavgman nordan og vest-

¹⁾ Utan á XXXV, 1, með hendi Eggerts Hannessonar, og utan á XXXV, 2, er nær orðrétt samhljóða áskript með sömu hendi.

an a jslandi. Er af gvdi er¹) til kioren oss ad hallda vnga og gamla j ydru lavgmanzdæmi med lavg og landzins riett þad lavgmal er wort forelldri hefer sig og oss vnder svar- ed og vær hyggivm adh þier mvnd med ydrvm svardaga sem ydr ber og lavgmanz eide til heyrer oss ydvr a hendi falit hafa til allra riettra mala. væntandi af ydr vmbota vm allt þad oss þicker afatt vera vppa laganna vegna og so til ad sia ad ver mættim fastliga a standa og notande verda voru gamla lavgmals sem sancte olafur og hans ept- erkomenr hafa oss adh avndverdv vth gefed oss til riett- inda styrks og frelsis og nada. Enn oss þiker nv wort lavg- mal fast rivfatz og til baka ganga. enn jnn leidatz j stadin nyvngar lavgleyvur og lavgvillvr. hvat oss þickir haskaligt bædi firir gvdi og monnum jnn ad leida j wort land vnder ath bva samþycker ad verda firir oss og wort afspringisod- an laga rof og riettinda ran og fottroda svo og nidr briota wort gamla lavgmal lavgbok og kristen riett. so sem vñ xij mana dom sem vpp æ hlyder arftak biarnar þolleifsson- ar og systra hans epter þolleif þiorsson favdr sinn og alla adra sina frændr so sem skilgetenar²) eiginar konv bavn. En vær vitum aller. ad fyrrnefnd sysken þior og hans svatr allar erv getnar j frillvlifi og frændsemiþpellvm. hvat vær þeink(i)vm adh navckvr vanga og vmhugsvnar- leyse hafe þeim dandimavnnvm til handa komed. er sodan menn hafa med dome jnnsett j vort erfdatall fram firir skil- getna þa sem j lavgligvm hivskap erv getner. þvert j mote worum landz lavgvm sem med marghattudvm greinum j mote talar. stendr so j vorre landz lagabok ad þad uarde miclv þeim til arfana kalla ad þeir sie j lavgligvm hivskap getn- er. þad annat er so seiger j worvm lavgvm. hvervetna þar er madur fester sier mey eda konv ad gvds lavgvm og samþykt beggia þeirra þa erv þeirra bavn lavgliga til arfs komen hvort þav erv geten firir festing eda epter. wtan þad stædi þa navckud firir þav gatv þav bavn ad hann mætte þa konv ecke med lavgvm eiga. þad þridia er so mæler. ad sv er ein lavglig festing enn eingin avnur epter

¹) b. v. 115 og Apol. ²) skilgetner XXX, 2.

þvi sem forn lag seigia er madur tekvr j havnd mey eda konv nær verande skilrikvm vitnvm og fester hann hana med þeim ordvm er þar til heyra. (enn hver¹) sem annann veg binda sinn hiuskap þa skvlv þeirra bavnr eigi lavglig til arfs. þad hid fiorda er so hlyder. Nv leikur a tveim tvngvm. hvort madur er arfgeingr eda eigi. stefni þeim þing er honvm stendr firir arfe þa skal niota votta sinna ad hann stefndi honvm þangad. nv skvlv vottar hans þad bera so mælandi. wer vorvm þar j hia er moder hans var lavgliga fest og anefni stadin þa eigv þingmenn honvm arf ad dæma. j fimtv grein er so seiger. h̄vervetna þar sem madur vill sig til arfs færa leidi hann votta sina til og stefni þeim til avdrvm er arfve er nærstr. enn ef hann stefner eigi til. þa er vottvm hans fyrer skoted. þicker oss þad avdsyneligatz ad ef sodan nyungar lavgmal skal hier vid gangatz og jnnleidatz j landid verdi helldr til bvlldrs og osamþyckis landinv til avdnar og nidrfallz. enn þeim dandimonnum sem landid byggia til marghattadra vandræda og meingiorda og rangsnva so og vmtvrna avllv worv gamla lavgmali ad skafa vth ena skilgetnv enn leida jnn hinv meingetnv. hvat vær vilvm avngaleidis vid lata gangatz vpp adh gefa vora arfva þa vnder oss eda wort afspringi kynnv ad falla fyrer þeim monnum sem so eru til komner og jnn leiddir o-lavgliga j wort erfdatai. stendur j þessvm fyrr nefndvm xij manna dome þessar greiner sem þeir hafa sinn dom epter tracterad. þan fyrsta ad þeir. savgdv ad fram̄ hefdi komed fyrer sig bref af pavaligv valldi vthgefit ad torleifur biornson og jngvelldr helgadotter. skyllde lavgliga binda sinn hivskap og sidan rettliga mega saman blifa og þeirra bavnr lavgliga til arfs komin epter þav ad tekinni dispenseran. af kirkivnnar formanni sem skipad var j savgdv brefi. so og j annare grein savgdv þeir fram̄ hafa komed wors kære nadyga herra kong kristens bref fyrer sig hvers sal gvd nadi. j hveriv hans nad hefdi skylldvliga skipad og tilgef-it sinna vegna og kravnar j noregi ad avll bavnr fyrr greindra manna torleifs og jngvelldar skylldv skilgeten til

¹)þannig bæði; huerier, Apolog.

allz arfs epter favdr sinn og modr. wænditz þeir og j sinvm dome adh fram hefdi komed wors kæra nadvga herra kong hans bref. erkibiskupsens bref j nidarose og mavrg bref avnnr. stravffvm vær j avngan mata fyrrnef. dra verdvgra herra bref. havlldvm vær þav j allan mata ærlig ef þav erv riетtiliga vndirstadin. þavfvm vær og sialfer lesed og yfer fared og heyrт yfer lesen þesse adr skrifvd bref og vitvm vær vel og vndirstavndvm. hvat þav jnni hallda. erv þav avll epter env romverska brefinv þvi samþyckiandi ecki annat frekara nie fvllara enn so sem þad vt visar. þavfvm vær og sied þetta adrskrifad bref hid romverska vnder godra manna jnsiglvм vth þytt j norænv mali j hveriv sv grein stendr adh sidan þesser adr greinder menn torleifvr biornsson og jngvelldr helgadotter þav erv afleyst af brotvīm og frændsemes spellvm og þar epter setetz hvoru þeirra epter hafum brotvм theirres heilsamligv bod og annat hvat þeim ber epter lavgvм setiandi vm sider. ei forhindrandi eda fortreyfandi fyrr sagt¹⁾ frændsemis meinbvgi ad þav megi hionalag frialsliga sin j millvm ad samanteingia og thei sidaan thaz er saman teingt loffiga j blifa steder til epter lavg og riетт so ad hvn fyrrnefnd kvinna er ecki hier fyrer af navckrvм valld takan. Bavrn þav hier epter fædatz dæmanditz lavgliga og ekta vera. þicker oss þav bavrn ecki hægt adh setia jnn j erfdennar sem hvorcke erv geten nie fædd. wituīm vær til sanz ad optnefnder menn torleifur og jngvelldr hafa eingin bavrn att sin j milli sidan þav worv leyst fyrer oleyfiliga sambvd j frillylifnade og frændsemes spellvm. vnderstavndvn²⁾ vær adh þesse domr hefir meir vered trakteradr og samsettur firir unskap mvtvr og peninga enn fyrer riетта vndirstadning lagana. wivm vær þar eingi ravk til eda lavgmal ad navckur madur leikvr eda lærdr megi navckud nyngar lavgmal jnn leida j wort land þad sem eigi hefer adr vered og vid geingitz einvm manni til bata. enn avllv landinv til skada vtan þess sie med skynseme beitz adr j burtt af landinv med allz almvganss samþyckt avllv landinv til nytsemda og almvganvm til bata adh avka wor lavg

¹⁾ Svo, frumritið; fyr sagda, Apologia. ²⁾ Svo.

herda eda lina wort gamla lavgmal efter landzins navd-synivm. og því fyrer allar þessar greiner og þær fleire adr-ar sem vær vitvm hier til lvta j worvm lavgum oss til stodar og styrkingar enn ecki j mote mæla. þa samþycki-vm vær greinder menn og almvgi þessa savmv fyrr skrif-ada nyvng lagaleyse og riettinda ran onytt ecki afl hafa. og ver all dri vnder ganga hvorcke med blidv nie stridv. og því bidiu vær ydr herra lavgman finnbogi jonsson upp a guds uegna og suo lagana vegna adh þier fastliga standit æ woru gamla lavgmali med fvlle uizkv einaurd og havrku og nidr þryckit med fvlkomnvm laga vrskvrði og allz al-mvgans samþycke þeim sem ydr vilia samþycker verda þessa nyung og allar adrar þær sem med olaugum eru jnn-leiddar j wortt land og wor laug og landzins riett rvglar og nidr brytr so hun fai all dri vppreist eda vidgang j woru landi.

Wilivm vær giarna ydr styrkia til allra laga og riett-inda epter því sem uær framatz formegvm. epter worre formagan.

Og til sanninda hier um settum vær fyrrskrifader menn wor jnnsigli fyrer þetta samþyktar bref hvert er skrifad war j stærra breidadal j avnvndarfirde fimtvdagin næsta epter hvitasunnu vīm wored. þa lidit war fra hingad-burd wora herra jesv christi. M og w. c og eitt ar. anno et cetera.

547.

26. Júní 1501.

í Skálholti.

ÚRSKURÐARBREF Stepháns biskups í Skálholti um guðtolla til Staðarkirkju á Reykjanesi.

AM. Apogr. 2306 „Ex originali fra Stad á Reykianesi. accura-tissimé“ (AM.) með hendi Árna Magnússonar. Árni lýsir innsigliinu. — Afskript stafrétt frá 18. öld í Landskjalasafninu (= b), en þá hefir bréfið verið orðið skemt.

Dómsbref Biskups Stepháns um Guðtolla
til Staðarkirkio.¹⁾

Ver steffan med gudz nad biskup j skalholtti giorum god-

¹⁾ b.

um monnum kunnigt með þessv vorv¹) opnv brefi ath ver haufum fulla uissv af feingit ath biskup magnus godrar minningar vor næsti forverare hafdi skipað til sancti Olafs kirkiv. æ stad. æ reykianesi tiunder og alla gudtolla af þessvm iordum. hofstaudum kinnarstaudum. skogum. kolla- budum. mula og halft midianes er adur liggia i reykhola kirkiu sokn. litz oas og vorum prestvm og prelatum með þeirra radi j almenniligri prestastefnv. þat j allan mata skiallegt og suarlegt fyrir sæker²) þess' o jafns skiptis. sem verit hefur i millum kirknanna vm langan tima. þui samþikivm ver og stadfestum þennan giörning með ollu kirkiunar radi og skipum vnder krapt heilagrar hlydni ath luk- azt skule tiunder og aller gudtollar af greindum bægium²). þeir sem adur hafa golldizt til reykhola kirkiu. efenliga hier epter til kirkiu ens heilaga olafs konvngs. a stad æ reykianesi. Ok til sannenda hier vm. festvm ver vort in- sigle fyrir þetta bref skrifad j skalholti. in festo sanctorum martirum johannis et pavli. anno domini. Mddj.

548.

30. Júní 1501.

í Skálholti.

Dómr klerka og leikmanna útnefndr af Stepháni biskupi í Skálholti um reikning kirkjunnar í Arnarbæli í Ölvisi, og dæma þeir jörðina Arnarbæli, að fráteknum fimm hundraða parti kongsins í greindri jörðu, fallna vera kirkjunni og biskupinum í reikningsskap.

Bisk. Skalh. Fasc. XI, 14, frumrit á skinni skemt af fúa. — AM. Apogr. 2441 „accuraté“. Fyrir bréfinu hafa verið átta innsigli.

Arnarbælisbref.

Ollum Monnum þetta bref sia edur heýra senda einar jngimundarson. auzor biornson. jolfur pälson. kenek þorsteinson. pall olafsson og jon eireksson klerkar skalholltz

¹) „I originalnum stendur: þessv o vorv. Það er manifeste error librarii. sem hefur haft in animo það ord opnv sem efter fylger“ (AM.) ²)Svo.

biskups dæmis. halldor bryniolfson. þorsteirn stephanson. gudmundur einarson. sthephan þorsteinson. nikulas þorgilsson og asbiörn þorbiarnarson leikmenn. Q. G. og sina kunnegt giorandi at þa er lidit uar fra gudz burd .M^o. og fim hundrut og eitt ðr a þridia dag uiko hinn næsta epter krossmessu um uorit¹) j arnarbæli j auluðsi worum uer til nefnder af ærligum herra og andaligum faudur herra stheffani med gudz nðd biskupi j skðlholhti at skoda rannsaka og dæma um jnstædu porcionem og mortuarium kirkiu hins heilaga nikolai biskups j greindo arnarbæli og um þann reikningskap annan fleira sem þar hafdi upp a fallith um kirkiuspell. tiunder og afgiðlld. taulldum uær peninga uðxt j kirkiusokninni. nu um nalægan ðrgang og reiknadizt upp a atian aura kirkiunnar porcio þetta arit.

Jtem kuomu fyrir os þessar menn sem suo heita. kolbeirn biarnarson og bergsteirn oddzson og saugduzt hafa ut lukt og afhent kirkiunar peninga j arnarbæli epter odd oddzson. xxx. hundrada j kum og ðum. nautum og saudum. suo at j þessum. xxx. hundrada uoro ecki meir enn .iij. hestar. uoru til uitnis um þenna peninga lyktning gudbrandr sygurdzson og gudmundr þorsteinsson og handfestu biskupinum at sueria hier epter fullan bokareid nær sem þurfa þiker.

Jtem litu uær a kirkiu uidin þann sem nu er til og giordu uær hann fyrir cccc. Enn ef kirkian uæri suo upp giord sem henni somdi strafanarlaust þa leitz oss hun mundi verd. xv. hundrut.

Jtem hafdi og fallit j plaguni. cccc. j mortuarium.

Jtem reiknadiz porcio uppa summeran um .xxx. ðra og vj ar. tolf hundrut og. xx. og vi aurar betur. Enn jnstæðan syndizt eingin suo sem til stod og adur hafdi med kirkiuni golldit uerit.

Jtem j reikningskap biskupsens j tiunder og sækter einfalldar. uoro reiknut .xx. hundrut og halfri maurk midr. Enn allur saman talin reikningskapur kirkiunar og biskups-

1) þ. e. 4. Mai.

en(s) upp a arnarbæli reiknadizt .xvi. hundrut og .lxxx. hundrada og er þa þo oreiknut biskups afgiðlld um .x. ðr. Og at heilax anda nad til kalladri og suo proffudu og fyrir oss komnu dæmdum uær jordina arnarbæli j auluose alla at frateknum. v. hundrada parti kongsins j greindri jordu.¹⁾ fallna uera kirkiuni og biskupinum j reikningskap. og .xvi^c. meir en jordin er dyr til. með þeim skilmala at þeir sem eigendur uerda jardarenar leysi hana til sin með þrennum saulum hin fystu j næstum fardaugum komendum aunnr at mikaels messo. hin þridiu at andrum fardaugum. og skal gialldazt j kugillda uirdum peningum heima j arnarbæli jnnan greindz tima. Enn þat æfinlig eign kirkiunar og biskupsens sem eigi er leyst at siduztum saulum. og eignazt svo micit j jordo huort fyrir sig sem tala rennur til epter fiarmagni.

Samþykkti þenna uorn dom með os greindr herra biskup stefán. setiandi sitt jnsigli með uorum fyrnefndra manna jnsiglum fyrir þetta domsbref skrifat j skalholhti jn commoracio pauli apostoli a sama ari sem fyrr seger.

549. 30. Júní 1501. á Öxarárþingi.

TYLFTARDÓMR útnefndr á alþingi af Finnboga lögmanni Jóns-syni, þar sem Solveig Guðmundardóttir er dæmd löglegr erfingi eptir Helgu Þorleifsdóttur móður sína, og Andrési Guðmundssyni og sonum hans er dæmd til halds og aðtöku jörðin Saurbær á Rauðasandi með þeim jörðum, er þar fylgja.

Dómabók Jóns skrifstofustjóra Magnússonar í Fol. bl. 210^b — 211^b, skr. um 1604, eptir transskripti gerðu í Saurbæ á Rauðasandi 25. September 1501 (=a). — Ny kgl. saml. 1945. 4^{to} bl. 120^c — 121^a með hendi Hannesar Gunnlaugssonar í Reykjarfirði 1666 (eptir sama transskripti). — Landsbókasafn 115. 4^{to} I. bls. 135—137 með hendi síra Jóns Haldórssonar í Hitardal c. 1730. — Lök og stytt afskrift er í AM. Fasc. LXXVI, C 3, frá c. 1670. Sbr. Dipl. Isl. IV, Nr. 370, og VI, Nr. 262.

1) „Af þessu Arnarbælisbrefi 1501 siest, ad Arnarbæli var þá allz ad dyrleika 80^c. atti kongur þar í 5^c enn bondinn 75^c“ (AM.)

Domur um arf þess Barns sem gietid
er j vtlegd.¹⁾

Aullum maunnum þeim sem þetta Brief sia edur heyra senda einar oddzson. [Jngimundur finnsson.²⁾ gijale philiphusson. wigfus Þordarson. Salamon Þordarson.³⁾ halldor Þorgeirsson.⁴⁾ Sigurdr dadason. jon hrafnsen. helgi Þorualldzson. Biarni Andriesson. Oddur Sigurdzson. og Arnor finnsson. Quædiu gudz og sijna kunnigt giaurandi. ad þa lidit war fra [Gudz burd⁵⁾ m d og j ðr. miduikudaginn næstan eptir⁶⁾ pieturs messo og pals a almenniligu auxarðrþijngi worum wier j dom nefnder af ærligum⁷⁾ manni finboga⁸⁾ jonsyni laugmanni fyrir nordan og westan a jslandi. ad skoda og dæma um þa akiæru sem Andries Bondi [Gudmundarson⁹⁾ og synir hans gudmundur og ari beiddu¹⁰⁾ og kraufdu nefndan¹¹⁾ finnþoga ad nefna dom yfer huert Solueig Gudmundardotter skyldi vera¹²⁾ laugligur erfinge helgu heitinnar Þorleifsdottur modur sinnar edur eij.¹³⁾

J fyrstu grein syndist þad þar. ad greind solueig hefði selst laugligu arfsali greindum brædrum Gudmundi og ara og þeim til fullrar eignar og allrar soknar gefit alla þa peninga sem hun ætti edur mætti eigandi ad werða edur ordit hefði med erfðum edur andrum hlutum.

J annari grein kom þar fram fyrir oss af hendi fyrrnefndra brædra Gudmundar og Ara festing¹⁴⁾ og kaupmala-bref Gudmundar heitins Arasonar og helgu Þorleifsdottur vndir godra manna jnciglum so latandi: ad Gudmundur Arason hafði lagt¹⁵⁾ til kaups wid helgu Þorleifsdottur konu

1) Alþingisdomur Finnþoga Jonssonar lögmanns um arftöku Solveigar Gudmundardottur epter modursijna Helgu Þorleifsdottur Anno 1501, 115. Dómur um arf eptir Helgu sáluðu Þorleifsdottur M. D. I., 1945. 2)[sl. 1945. 3) Oddsson 1945. 4)Þorbergsson (!) 1945. 5)[hingaðburð vors herra Jesu Christi 1945. 6) eptir, 115, 1955; fyrir (=23. Júní!) a. 7)dandi b. v. 1945. 8) bónda b. v. 1945. 9)[1945; sl. a, 115. 10) beiddust 115. 11) 115; greindan 1945; al. a. 12) b. v. 1945. 13)„Solveig Guðmundardóttir var kvinna Bjarna Þórarinssonar (góða manns), hvern sveinar Einars Þorleifssonar [rétt: Björnssonar] drápu á Brjámslæk Anno 1482. Bjarni og Helga [rétt: Solveig] áttu ekki börn eptir sig“. Athugasemd síra Jóns á spásálu í 115. 14) festu 1945. 15) 1945; sl. a, 115.

sijna. æ þeirra brudkaupsdeigi xij^o hundrada. og gaf henni þar wr fiordungsglauf. Enn greind helga hafði til kaups wit Gudmund Arason iij^o hundrada. var til greindur Gardurinn Bær æ Raudasandi fyrir hundrad huðrada og þar til j^o hundrada j óðrum¹⁾ jaurdum þeim sem þar fylgdu med. og j^o hundrada j lausum peningum. hier med kiori kristin biornsdotter²⁾ helgv dottur sijna helmingakonu j gard Gudmundar Arasonar æ þeirra brudkaupsdeige. feingins fiar og ofeingins. med samþycki sialfs Gudmundar og handabandi so³⁾ og samþycki Rafns Gudmundssonar faundur brodur Gudmundar er honum war þa skylldastr. Reiknast⁴⁾ þessi arfur sem j brefinu stendur vj^o hundrada og 40^o betur.

J þridiu⁵⁾ grein kom þar og fram fyrir oss. ad Biorn Bondi Þorleifsson og Einar broder hans hefdu reiknad sig og halldit erfingia greindrar helgu systur sinnar. og þeim þætti hun⁶⁾ huerki taka eiga arf eptir faundur sinn nie modur fyrir þann skulld. hun [skyllði j vtlegd hafa gietin werid⁷⁾] [og fædd. af verkum Gudmundar fôdur hennar. er hann skyllði glôrt hafa. en þo hvorki synt nie svarid fyrir oss. ad greindur Gudmundur Arason hefði utlægur dæmdur verit.⁸⁾ og þottust hafa þar vppa R(ettar) B(ot) ad það barn skyllði huerki taka arf eptir faundur nie modur sem so wæri gietid.

Nu af þui ad oss lijst það eij skynsamligt ad kunnna⁹⁾ gialldi þess edur hennar borñ. sem [bondinn¹⁰⁾ brýtur. þess annars ad wær wissu mpessa R(ettar) B(ot) all dri fyrir laug geingid hafa hier j landit. edur eptir henni hafa dæmt werid. þess þridia. ad þar kom fram vtskript¹¹⁾ af kongu kristierns brefi. ad hann fulluliga skipadi med [þessu sijnú brefi¹²⁾] Solueigu Gudmundardottur allan þann sinn modurarf. war

1) 1945; sl. a, 115. 2) „Vatnsfjarðar-Kristin, dóttir Björns Einarssonar“, síra Jón á spássu á 115. 3) b. v. 115, 1945. 4) Reiknaðist 1945. 5) annari, öll hðrr. 6) Solveig, setr síra Jón á spássu í 115. 7) [1945; være i utlegd geten 115; skyllði j vtlegd gietin wera a. 8) [b. v. 1945; sl. a og 115. 9) konan 115. 10) bondi hennar 1945. 11) útskriptun 1945. 12) [þessare brefigre skript, Magnús Ketilsson á spássu í a.

fyrirskrifad bref med heilum og oskoddum godra manna junciglum. þui leist¹⁾ oss²⁾ minn herra kongurinn sialfur hafa³⁾ giaurt onýta fyrirskrifada R(ettar) B(ot) E(f hun hefur nockur werid.⁴⁾

[Þui fyrir þessar greinir⁵⁾ dæmdum wær med fullu doms atkuædi adur greinda Solueigu Gudmundardottur laugligan, erfingia helgu þorleifsdottur modur sinnar til alls sjns modurarfs sem sagt kaupmalabref vtuijsar. Enn sakir þess ad nu hielldu þessa peninga ymsir menn. þeir sem til kaulludu sagdra peninga til eignar edur vmbodz. enn þeir woru aunguum laugliga dæmdir. [þa⁶⁾ wissum wær eij huerñ sækia atti. þui dæmdum wier greindri Solueigu Gudmundardottur til fullrar eignar. enn greindum Andriesi og sonum hans Gudmundi og ara til halldz og adtauku hennar wegna ættiliga jordina saurbæ æ raudasandi. og allar þær jardir sem þar med fylgia og helga hafdi heiman. So og allar þær jardir sem Gudmundur atti þar jnnañ þingår og andries hefur nu ad hallda. Skal andries oc hans optnefndir synir Gudmundur og Ari þessa adurgreinda peninga frialsliga hallda mega. Enn Solueig eiga ðn nockurar afhendingar af þeim audrum sem til kalla greindra peninga. so micid sem þeir hallda [nu ðdur.⁷⁾ Enn þad meira⁸⁾ er og a brestur wid þad sem kaupmalabref⁹⁾ Gudmundar og helgu vtuijsar. sem adur er dæmt. þa skulu þeir sækia med laugum. af þeim sem laugligt halld hafa æ [ðdur greindum¹⁰⁾ peningum.

Samþykkti þennan vorñ dom med oss greindur finnbogi jonsson¹¹⁾ laugmann. [og setti¹²⁾ sitt juncigli med worum fyrirskrifadra domsmanna junciglum fyrir þetta domsbref skrifad j sama stad og ðri deigi sýdar enn fyrr seiger.¹³⁾

1)115; liest a; lizt 1945. 2)sem b. v. 115. 3)hafi 115. 4)sem fyrr greinir b. v. 1945. 5)[þar fyrir 1945. 6)[þar með 115. 7)[sl. 115. 8)svo öll, en með hendi Magnúsar Ketilssonar er ritað „minna“ í a. 9)— bréfið 1945. 10)[þrátt nefndum 1945. 11)sl. 1945. 12)1945 þrýtur hér. 13)[et cetera 115. Dagsetningin hér er 1. Júlí.

550. 1. Júlí 1501. á Alþingi.

ALÞINGISSAMÞYKT um þingkost lögmannna og nefndarmanna um alþingistímamann og um vetrsetu útlendinga á Íslandi (Sbr. alþingissamþykt 1502).

Add. British Museum 11, 242. 4to bl. 64a (= FMagn. 206), Söpdyngja séra Gottskálks í Glanmbæ skrifuð 1543—1590, og er samþyktin hér langfylst og bezt. — AM. 242. 4to bl. 35a með hendi Guðbrands biskups c. 1570. — AM. 199. 4to bls. 103—104 skr. c. 1600. — Ny kgl. saml. 1945. 4to bl. 196b, skr. 1666 af Hannesi Gunnlaugssyni. — MSteph. 61. 4to bls. 91, skr. c. 1670. — Dómabók úr safni Jóns Pétrssonar, í 4to bls. 75—76, skr. c. 1630—40, nær samhljóða við Söpdyngju. Samþykt þessi er prentuð í Safni til sögu Íslands II, 189—190 eptir AM. 199. 4to, samanborin við danska þýðingu í Gl. kgl. saml. 1160 og 1161. Fol. Auk þess er samþyktin til í fjölda afskrípta og ágrípa, en danska þýðingin er eptir stutta textanum.

Alþingissamþykt.¹⁾

Anno domini. M. d. oc eitt ar. war þetta dæmt oc samþyckt vtan vebanda oc jnnan fimtudagen næsta epter peturzmesso oc palz af hirdstiora²⁾ logmonnum oc logrettonnum oc ollum³⁾ almuga med lofatake.

Fyrst at sa domr sem dæmdr var⁴⁾ æ alþingi um sumarit. at hver systumadr skylldi hallda sinum nefndarmonnum [þingkost epter skiallegheit⁵⁾ oc hafa þar fyrer halfan skattenn þan meira⁶⁾ er en nefndarmennerner⁷⁾ taka j sitt nefndarkaup.⁸⁾

Svo oc dæmdum vier at hirdstioren⁹⁾ sa sem med logum æ at uera skal¹⁰⁾ hallda badum logmonnum þingkost [huorum um sig¹¹⁾ uid .x. mann. enn¹²⁾ hafe þeir fleire menn [med sier¹³⁾ halldi¹⁴⁾ vpp æ sinn pvng.¹⁵⁾ Enn sa hirdstiore er at logum samþycktr sem hefur [minz herra kongz ins bref¹⁶⁾ firir sier oc helldr oss vid log oc [landz rett

1) b. v. JP. 2) hirdstiorum JP. 3) JP. 199; sl. Gottsk. 4) hafði uerid JP. 5) [Gottsk.; skiallegheit JP.; þingkost Epter Erlegum heitum 199; þingkost epter skiallegheitum 61; danska þýðingin hefir: „til derra Nødtørft.“ 6) Gottsk.; hin: meiri. 7) þingmenn 199, 61. 8) þingfararkaup JP., 199, 61. 9) Gottsk. JP.; hirdstiori, hin; 10) tilskyldr, Gottsk. (l) 11) [b. v. Gottsk. 12) sl. Gottsk. 13) [b. v. Gottsk. 14) sialfir b. v. JP. 199 ofl. 15) Gottsk.; kost JP. 199 ofl. 16) [Gottsk. JP.; kongsbref, hin.

hier j landit¹⁾ oc samþycktr er af badum logmonnum oc logrettomonnum oc ollvm almvgæ²⁾ vtan logretto oc jnnan.

Jtem samþycktum vier þann sama³⁾ dom stodvgan [oc obrigdiligen sem dæmdr er adur vm vtlenzka menn⁴⁾ at þeir skulu ongva vetrsetv hafa hier nema firir fvlla navd-syn sem domr [gior þar vm⁵⁾ vtvisar oc þeir vtlenzku skula huorki giora hier menn ne skip til sios.⁶⁾

Var þat oc enn samþycktt ef syslumenner hieiddu ecki sinum nefndarmonnum þingkost þa skylldi hirdstioeren hallda þeim þingkost, oc logmonnum med.

Samþyckti ærligr herra stefan med gudz nad biskup j skalholti allar þessar fyrskrifadar samþyckter oc articulos med oss adrnefndum monnum.

[Er þat gamallt at hirdstioeren skal hallda logmonnum badum þingkost oc ollum logrettomonnum.⁷⁾

551.

1501.

á Alþingi.

ALÞINGISSAMÞYCKT UM EIDÁ.

Landsbókasafn 812. 4to bl. 56 með hendi Hannesar Gunnlaugsson-
i Reykjarfirði c. 1660. — Ny kgl. saml. 1945. 4to bl. 152b 153a með
hendi sama manns 1666. Sbr. ljóstollasamþyktina 1265 (Dipl. Isl. II,
Nr. 4 E). Það er grunsamlegt, að þetta sé alþingissamþykt út af
fyrir sig.

Alþingis samþycktt um Eijda 1501.

Yngre madur enn xvj⁸⁾ vetra skal ej eyd vinna ðn
frænda ædds. og⁹⁾ Eingen hwsfrw. nema med bönda ædde.
Eingenn lærdur madur utan formadur hañs lofe. Eingenn
nema fastande. Eige j svijvirdelegum stöðum. Eige hrap-
arlega.¹⁰⁾ nie med ordkrökum. Eige frð 9 vikna fõstu fram

1) 1)[rett 199, 61 ofl.; rettindi hier j landid JP. 2) hér hættu
öll, nema Gottak. JP. 3)sl. JP. 4)[sem dæmdur var adr vm vtlenzka.
og obrigdalegan JP. 5)[þar vm dæmdur JP. 6)hér þrýtr JP. Sbr. Pin-
ingadóms 1490. 7)[stendr nokkru síðar á sömu bls. i handritinu. 8)18,
1945. 9)sl. 1945. 10)svó bæði.

vīm þáscha. Eige frđ [Adventu um¹) jólaföstu fram um
göisladag. Eige á ymbrudögum. Eige á Gagndögum. Einn
ef sver rangañ eijð svare sem fyrer einfaldañ hördóm.

552. 1. Júlí 1501. á Öxarárþingi.
ALÞINGISDÓMA um bréf og skilríki Teits Þorleifssonar fyrir
Bjarnanesi og Bjarnanesseignum.

Bisk. Skalh. Fasc. III, 4, frumrit á skinni. Af 14 innsiglium eru
nú 4 fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 2526.

breff fyrir bjarnanesi 1501.²)

Ollum monnum þeim sem þetta brief sia eda heyra
senda grimur pallsson. einar oddsson. stulli magnusson. jon
þorarinsson. hakon hallsson. jon olafsson. halldor bryniolfs-
son. gudmundr einarsson. pall teitzson. jon oddsson. olafur
oddsson og narfi ellendzson kvediu guds og sína kunnigt
giorandi at þa lidit nar fra guds burd þusund fimm hund-
vt og eitt ær æ fimtudagin næsta efter peturs messu og
pals á almennilegu auxararþingi uoru nær til doms nefnd-
er af ærlegum dandi monnum finnboga jonsyni lögmanni
nordan og uestan á jslandi og þoruardi ellendzsyni lög-
manni austan og sunnan á islandi til at skoda ok rann-
saka og fullnadardom á at leggja huert afl eda fullkom-
lega magt hafa skyldi þav bref og skilríki er teitur bondi
þorleifsson tedi þar og birti fyrir greindum lögmönnum og
allre lögrettanni. um bjarnanes og bjarnanes eigner. beiddi
greindr teitur þorleifsson lögmennina bada og hein full
greifa hirdstjora og hofudsmann yfer allt island hier doms
upp á huort hann mætti med lögum bihalda sagdar eign-
er efter sinum brefum eda eigi. kom þar fram bref med
innsigli arnors finnssonar so latanda at hann hefði sed og
yferleset uors naduga herra kong kristierns bref med heilu
og oskaudu hanganda innsigli suo latanda at fyrnefndr

1)[sl, 1945 2)Utan á bréfinu með hendi Teits Þorleifssonar, nema ártalið er með hendi Árna Magnússonar.

kong kristiern gaf birni þorleifssyni fulla magt og ualld til af konunglegu ualldi at gefa teit gunnlaugsson kuittan og akærvlausan fyrir sier og ollum sinum löglegum efterkomendum um aull þav mal stæri og smærri sem adr greindr teitur gunnlaugsson hefði brotlegur ordet med kongdominn ok sig. kom þar og fram bref med innsigli narfa þoruallzsonar eins latanda og adr seiger um bref arnors. Og at suo prouðu mali dæmdvm uær arnor finnzson skylldugan at uinna eid efter innsigli sinu og brefi og hann sor fullan bokar eid þar strags æ þinginu fyrir finnþoga jonssyni lögmanni. enn uær dæmdum bref narfa þoruallzsonar med heilv og oskauddu hans innsigli fullt lagavitni fyrir þa grein at hann uar fram lidinn. enn uer uissum fyrir full sannindi at hann hafði skiluisð dandi mann verit. kom þar ok fram transkriptarbrief med dandimanna innsiglum suo bliodañda j milli annara orða og greina sem hier seiger.

þui gefur eg adr greindr biorn þorleifsson fyrr greindan teit gunnlaugsson aullungis kuittan og akærvlausan fyrir mier og ollum minum löglegum efterkomendum af ollum þeim sektum stærum og smærum sem hann uard brotlegur uid konginn epter þui brefi sem minn nadug herra kong kristiern gaf mic ut hans vegna. þat fysta hann villdi til hans nada snuazt. enn huer andrv uis uill giora briota bod edr bref mins herra kongsins suari slikv fyrir sem landzins lög ut uisa.

dæmdum uær adr greinder domsmenn med fyllv doms atkuædi aull þessi bref med til greindri kuittan og sættargjörd er þar vt j stendr vegna teitz gunnlaugssonar fyllmectug j allan mata. og fyrr greinda iord biarnanes og þær eigner sem þar til heyra skylldu uera obrigdiligiga eign teitz þorleifssonar æfinliga hier eppter fra þui fysta er hun uar honum skipt. og fyllkomlega lavs og lidvg af allri akærv kongdömsins uegna.

samþyktv þenna vorn dom fyr nefnder lögmennt og logrettumenn setiandi sin innsigli med uorum fyrgreindra manna insiglum fyrir þetta domsbref skrifat j sama stad deigi og ari sem fyrr seiger.

553.

11. Júlí 1501.

í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti afleysir Jón Helgason af því misferli, sem hann í féll, þá er hann í hel sló Þorleif Þórólfs-son.

AM. Fasc. XXXV, 4, frumrit á skinni. Innsiglið er dottið frá.

kuittun vīm mannslag 1501.¹⁾

Ver steffan með gudz náð biskup j skalholhti giorum godum monnum kunnigt með þessu vorv opnv brefi ath ver haufum afleyst jon helgason af þui misferli sem hann [j fiell þa hann oforersyniu²⁾] j hel sló þolleif heitin þorolfsson. sem gud hans sal nade. suo og haufum ver sett adur skrifud-vm ione skripter fyrir sitt brot ok fiesegt vpp borit suo oss vel anæger vppa heilagrar kirkiu vegna ok vora. þui giorum ver þratt skrifadan ion helgason kuittan ok akæru- lausan fyrir oss ok ollum vorum epterkomendum kirkiun- ar formonnum vm adur skrifad brot³⁾. Ok til sannenda hier vm festvm ver vort jnsigle fyrir þetta kvittanarbrief skrif- ad j skalholhti. jn translacione sancti benedicti abbatis et confessoris. anno domini m̄dj.

554.

25. Júlí 1501.

10. August 1503.

á Flugumýri.

BRÉF að síra Hallvarðr Bjarnason hafi gefið Marteini Þor- varðssyni og Sigríði konu hans hálfa jörðina Villinganes í Goðdalakirkjusókn.

AM. Fasc. XXXV, 10, frumrit á skinni. Tvö inusigli af 4 eru dott- in frá. — AM. Apogr. 306.

vm villinganes.⁴⁾

Það giorvm vier bodvar svartson þorolbur þorgilsson

1) Utan á bréfinu með hendi frá c. 1600. 2)[tvískrifað, og strykað út á síðari staðnum. 3)Hér er skafinn svo sem $\frac{1}{4}$ úr línu, og hefir það verið gert í öndverðu, því að eitthvað hefir ofskrifast. 4) Utan á bréfi- nu með hendi frá 16. öld.

gudmundur þorsteinsson þordur þordarson godvm monnvm kynnigtt med þessv vorv oppnv brefi ad þa lidet var fra gvds býrd. M. d. og eitt ar æ jacobsmessv vorv ver j hia savm og heyrðvm a ad sira hallvardvr biarnason afventi marteine þorvardzsyne halfa jordina villinganes er ligur j gvddala kirkivsockn eptter því brefi sem marteinn las þar fyrir oss so latandi ad sira hallvardur hefði gefit sier og sigríde konv sinne adur greinda jord halftt villinganes. logfesti og lagði dom fyrir þar þa stragx adur greint halftt villinganes títt nefndur marteinn. og til sannenda hier vm settvm vær fyrr skrifader menn vor juncigle fyrir þetta bref er giortt var æ lavrencivsmessv æ flvgomyre j skaga-firdi tveimvr arum sidar en fyrr seiger.

555.

26. Júlí 1501. á Höfðadalseyri.

HANNES Etars Henriksson kaupmaðr og Reineki Grette Henriksson skipherra selja Andrési Arasyni og Guðrúnu Klemensdóttur konu hans fimtán hundruð í jörðunni Örlygshnjót í Patreksfirði fyrir þrjátíu vættir skreiðar.

Eptir afskrípt gerðri á Hólum í Hjaltadal 11. Júlí 1704 eptir frumritinu, staðfestri af Haldóri Þorbergssyni og Jóni Jónssyni. Var frumritið „med tveimur innsiglium“.

Þat giorum uier hannes etars henricksson kaupmann og Reineki grette henricksson skipherra godum monnum viturlekt med þessu ockru opnu brefi. at vit medkiennuzt þat vit hofum seltt Andresi arasini og gudrunu klemensdottur hans kuinnu þann fim hundrada partt annaþ sem ockur til fiell epter sira filpus heitinn jonsson. sem gud hanz sál nddi. i jordunni aurligshniot¹⁾ er liggur i patreksfirði i saudlasdals²⁾ kirkiu sockn. med ollum þeim gognum og gædum sem greindum jardar partti fylger og filgt hefer ad fornu og nju og vit urdum fremst eigandi ad epter logum i ockar skullder vndan ockur og ockar erfingum og epterkom-

1) = nú: Hnjótr. 2) Svo.

endum. enn undir þau og þeirra Erfingia og epterkomendur til frials forrædis og fullrar Eignar. medkiennuzt vit fyr nefnder menn hannes etars og Reineki grætte at vit hofum fulla og alla peninga vppborit af adurskrifudum monnum Andrese og Gudrunu sem ockur vel hjkadi. huad er uoru xxx vætter med hardan fisk. þui giorum vit og giefum þratt skrifud hion Andres arason og gudrunu Biorns-dottur¹⁾ ollungis kuitt og akiærulaus fyrir ockur og ollum o(c)kar. Erfingium og epterkomendum um adur greinda jord og jardar uerd.

til meiri audsyningar og stadfestu hier um heingium uit fyr nefnder menn hannes etars og Reineke gretti ockar inzigli fyrir þetta ockart giornings og kuittanar Bref. huort er skrifad uar a haufdadalseyri um sumarit manudaginn næstan fyrir Olafsmesso enu firri arum epter gudz burd 0 d og j dr.

556.

6. August 1501.

á Skarði.

ORMR Jónsson fær Guðmundi Loftssyni til æfinlegrar eignar jörðina Bólstað í Kaldaðarnesskirkjusókn, en gefr Guðmund kvittan um það tilkall, er „Jón bóndi“ átti á jörðunni Bassastöðum.

AM. Fasc. XXXV, 11, frumrit á skinni „fra Eggert Snæbiornssyne á Kirkiuboli 1708“ (AM.). Innsiglið er enn fyrir bréfinu.

Þat giori eg Ormur jonson godvm monnvm uiturligt med þessu mínv opnu brefe at eg kenuzt at eg hefi fengit gudmunde lopssyni jordina bolstad er ligur j kalldadarnes kirkiu sokn til æuenligrar eignar (og) frials forrædis epter þui sem eg uard fremst eigandi af gydmundi andressyni undan mier og mínum erfingium og under adur nefndan gudmund og hans erfingia. So hefi eg gefit titt nefndan gudmund kuittan um það tilkall sem jon bondi atti a jordunni bassastodum j somu kirkiusokn eptir þui sem hann

1) Svo hér.

matti mier þat framazt gefa. Og til sanenda hier um set ec mitt incigli fyrir þetta bref huert ed skrifat var a skarde a skardstrond fostudaginn næsta epter Olafsmesso seinni arum eptir gudz burd 00 d og eitt ar.

557.

10. August 1501.

á Ásgeirsá.

EINAR Þórolfsson selr Halli Sigurðssyni alla jörðina minni Dal í Blönduhlíð („Ceciliu-Dal“) fyrir jörðina Einholt í Biskupstungum með fjórum kúgildum, en þaðan gyldist sauðargjald til Haukadals í gamla rentu.

AM. Fasc. XXXV, 9, frumrit á skinni. Af 6 innsiglium er að eins 1 fyrir bréfinu nú. — AM. Apogr. 3390.

1501.

Bref vm cesseliu Dal.¹⁾

Þat (giorum) uær teitur þorleifsson narfe sigurdzson jon þordarson odde kolbeinsson og gudmundr loptzson ualrianus biarnarson godum monnum kunnigt með þessu uoro opnu brefi midvikudagin næsta epter peturs messu og pals²⁾ á þinguelle. þa lidit var fra hingatburd vorss herra jhesu christi þusund. og. v. c. og eitt ar vorum uer j hia saum og heyrðum á ord og hañdabañd þessara 00anna einars þorolfssonar af einne alfu og ballz sigurdzsonar af annari at suo fyrir skildu að greiudr einar þorolfsson selldi að greindum halli sigurdzsýni jordina alla minna dal j blauñduhlid er liggr j mycklabæiar kirkiu sokñ með aullum þeim gaugnum og giædum sem greindri jordu fylgir og fylgt hefir at fornu og nyiu og hann uard fremzt eigandi at fyrir fioritigir huñdrada at griota enn ef hun ætti leingra eda hefði att þa selldi hann þat til fvllrar eignar. Hier j mot gaf optt nefndr hallur sigurdzsson jordina alla einholt er liggr j biskupstungum j haukadals kirkiu sokñ með aullum þeim gaug(n)um og gædum sem greindri jordu fylgir og fylgt hefir at fornu og niu³⁾ og hann uard fremz eigandi

1) Utan á bréfinu með fornri hendi. 2) þ. e. 30. Júní. 3) Svo.

kalla jon sigmundzson þar vt j, kirkiugardinn og spurde biskupinn¹⁾ þa jon sigmundzson²⁾ huert hann hefði knyttun af heilagre hola domkirkiu edur³⁾ hennar formonnum fyrer þau misferle er hann hefde⁴⁾ verid [henne⁵⁾ skyllidugur fyrir það barn sem hann liet farga j gliufura [a mulavatnsheide suo oc⁶⁾ fyrir það barn tæuett [sem jon⁷⁾ hefde⁸⁾ latid dreckia j sodketilin⁹⁾ fyrir nockrum arum forlidnum og hann hafde¹⁰⁾ sialfur att vid gudruno gunlogsdotter kuinno¹¹⁾ sinne epter þui það hafde [adur¹²⁾ verit sannprofat vppa jon¹³⁾ med suordum eidum adur fyrre. enn jon sagdist það ecki bætt hafa og aungua knyttan hefde hann þar fyrer af andlegu valde. medgieck titt sagdur jon [sigmundsson¹²⁾ þetta oneyddur¹⁴⁾ oss hiaverande¹⁵⁾. og til sanninda [hier v̄m setium vier adur skrifader menn vor jncigle fyrer þetta vort vitnisburdar bref skrifat a Þingeyraklaustre¹⁶⁾ þremur dogum sidar enn fyrr seiger.

559.

18. September 1501. á Möðruvöllum.

JARÐASKIPTABRÉF Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms bónda Pálssonar á Möðruvöllum.

AM. Apogr. 717 „Ex originali“ með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna. Sbr. ríkisráðsdóm 9. Dec. 1510. — Afskrift af þessu bréfi er og í „Iclis“ séra Eyjólfis á Völlum í IBfél. 67. 4^{to} bl. 60^b 61^b. — AM Apogr. 5789 (eptir einhverri pappírsafskript).

Það giðrum uier finbogi jonsson laugmadur nordan og vestan æ jslande. sira sigurdur Runolfsson. stulle magnusson. petur loptzson og ketill arnason suarner laugrettumenn godum monnum uiturligt med þessu uoru opnu brefi j Maudrufelle j eyiafirdi miduikudagin næstan epter krossmessu um haustit¹⁷⁾ arum epter guds burd þusund fim hundrut og eitt ær vorum uier i hia saum og heyrdum æ ord og handaband þessarra manna þoruardz elleñdzsonar laugmanz sunnan og austan æ jslande af einne alfu en grims pälssonar

1) biskup c. 2) ad, b. v. 3959, b. 3) og 3959, b, c. 4) hafði c. 5) [med henni 3659; honum, c. 6) [og so c. 7) [hann 3959; sem sem s. (!) c. 8) hafde c. 9) sodkatlinum 3959. 10) hefde b, c. 11) konu c. 12) [sl. c. 13) Sigmundsson b. v. 3959. 14) og 694 (!) 15) hiaveranda c. 16) [et cetera c. 17) p. e. 15. Sept.

af annarre ath suo firir skildu. ath grimur og þoruadr keyptu og skiptu med handabañdi og fullu jayrde þessum eignum er suo heita. jn primis holar j eyiafirði firir hundrad hundrada. arnarstader firir fimtigi. c. uazender xx. c. jökull xx. c. tiarner fiorotige c. ulua xvj. c. torfufell fimtigi .c. villingadalerner bader xx. c. med aullum þeim gaugnum og gædum sem greindum jördum fylger og fylgt hefer att fornu og nyiu og þoruadr uard fremzt eigande ath ordinn. hier i mot gaf grimir palsson þoruarde ellendzsyne þessar jarder er sua heita. med aullum þeim gaugnum og gædum sem þessum jördum fylgia og fylgt hafa og grimur palsson og syner hans wrdu fremzt eigandi ad epter sinn faudr-faudr pal brandzson og hustru jngibiörgu þoruardzdottur. med suadan dyrleika. breidabolstad j auluese firir fiðretigi. c. auxnalækur x. c. j þufu lande iij. c. grimslækur x. c. hraun xxx. c. biarnastader fiðretige. c. gata x. c. eymu x. c. hlid x. c. liggia þessar iarder j auluese og seluogi. hof æ kialarnesi firir lx. c. arnarholtt. xl. c. skrautholar xx. c. aufugskellda x hundrut. jörd æ akranese er heiter galltaruik xx. c. skylldu þeir kaupa og skipta fyrnefnder menn þessum jördum ath hundrada tale ath til tauldu (þvi) sem huor-ar jardernar reiknuduzt um sig at rettum dyrleika skyllði þat huor audrum uid leggja sem æ brysti. sua og um frida peninga og ofrida skylldu þeir og skipta adh rettum reikningi huor uid annan. sua og lofadi grimur palsson j samã handabandi adh bitala fyr nefndum þoruardi ellendzsyne atta c og xl j kugilldum og aullum þarfligum peningum firir þann peninga skacka er hann reiknadi firir oss ath hann ætte upp æ arf hustru jngibiargar heitenar þoruardzdottur og opt nefndr grimur uard jatza ath bitala honum sem lauglig bref þar um giðr uttuisa. ath þessu luktu og hauuldnu sem fyr skrifad stendr þa skyllde grimr palsson og syner hans aullungis knitter og akærulauser um alla klagan og akæru upp æ þat godz fast og laust sem att hafði jngibiörg þoruardzdotter jördina fyrst Maudrunaullu og alla peninga adra huort þad hefde verit kart edr klagat epter rett-arbot edr audrum fleskacka upp æ fyr sagda peninga. Suo

og giorde þessar fyr skrifader dandimenn þoruadr og grimur fullkomna satt si(n)j mille um [aull hugmod¹⁾ og askilnat er þeirra hafdi hier til j mille farith. lofadi grimur palsson ath þesse peningaskipte skyllde standa obrigdelega af sinne hende sua lengi sem hann hefði umbod sona sinna þolleifs og benediktz. En uillde þeir brædur þolleifur og benedikt ecki hallda. þa þeir uæri af omaga alldri þetta peningaskipte. þa skyllði optnefndur þoruadr elleñdzson edr hans laugliger erfingiar mega ef þeir uillde uppi hafa sínar malakærur æ þa brædr þolleif og benedikt sem hann hafdi adr haft at skulldunum fra skildum. En ef þeir brædr þolleifur og benedikt uilldu hallda og ei brigda þesse peninga skipte j faustu og lausu sem adr er greint og þeir höfdu giórt þoruadr og grimur. þa skyllde allur fyrr sagdr skilmale og skildagi standa æuinliga og obrigduliga af huorum tueggium og þeirra epterkomendum. og til saniñda hier um heing(i)um uier fyrnefnder menn uor jncigle firir þetta bref skrifat æ maudruuóllum j eyiafirði æ samã are þrimur dógum sidar skrifat en fyr seiger. Setti grimur og þoruadr sin jncigle med uorum jnciglum til meiri audsyningar og stadfestu um þennan giorning.

260.

25. September 1501.

í Saurbæ.

TRANSSKRÍPTARBRÉF.

Dómabók Jóns skrifstofustjóra Magnússonar í Fol. bl. 210—211, skr. c. 1604. — Ny kgl. saml. 1945. 4^{to} bl. 120^c og 121^a með hendi Hannesar Gunnlaugssonar í Reykjarfirði 1666.

Þad giaurum wier hallur prestur augmundzson og gudmundur einundzson²⁾ leikmann godum monnum kunnigt med þessu ockru opnu brefe ad wid haufum sied og yferlesid þann dom. sem æ almenniligu auxarðrþingji war utnefndur af ærligum dande³⁾manni finnþoga jonssyni laugmanni n(ordan) og westan æ Jslandi. og af laugriettumonnum war

1) [allan hugmod 67. 2) Eyfundsson 1945. 3) b. v. 1945.

dæmdur þeim sem hier jnni standa skrifader med þeirra hangandi¹⁾ [og oskæddudum²⁾] jnciglum so latandi. sem³⁾ ord eptir ord [hier epter skrifad⁴⁾] stendur.

[Hér kemr alþingisdómr frá 30 Júní 1501, Nr. 549]

Og til sanninda hier vm settum⁵⁾ wid fyrr skrifader menn ockar jncigli fyrir þetta transskriptarbrief. Skrifad j saurbæ a raudasandi laugardaginn næstañ fyrir⁶⁾ festum Michaelis Arcangeli æ sama ari sem fyrr seiger⁷⁾.

561.

11. Oktober 1501.

í Viðey.

Jón Sigurðsson og Solveig systir hans selja Árna ábóta (og klaustrinu) í Viðey alla jörðina Þormóðsdal í Mosfellssveit fyrir tólf hundruð í lausafé, en jörðin var blásin og hafði leingi verið í eyði.

AM. 238. 4^{to} bl. 11—12, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Bref fyrir Þormóðsdal.

Þat giorvm vier Jon Gellisson. Jon Sigvrðsson. Grimr Karason ok Olafur Jonsson godvm monnvm kunnigt med þessv vorv opnv brefi þa er lidit var fra hingatbyrd vors herra Jesv christi m d ok j ar j Videy med Videyarsvndvm in festo Gereonis sociorvm ejvs⁸⁾ vorvm vier j hia savm ok heyrðvm æ ord ok handaband þessara manna broðvr Arna med gvðz nad abota j Videy af eine alfv en af annarri Solveigar Sigvrðardottvr ok Jons Sigvrðssonar broðvr hennar er þa hafði hennar logligt vmbod og barna hennar. skilldizt þat ok falzt vnder þeirra handabandi at fyrgreind Solveig ok Jon selldv advr nefndvm abota Arna jordena alla Þormóðsdal xvje at dyrleika er ligr j mosfelltz kirkiv sokn med Videyarsvndvm til afinligrar⁹⁾. eign-

1) hangendum 1945. 2) [b. v. 1945. 3) sl. 1945 (hér). 4) [sem eftter 1945. 5) setium 1945. 6) eftter 1945, sem yrði 2. Okt. 1501. 7) [p. e. 1501, eins og í dómium, s m iunau í transskriptiuu cr. 8) þ. e. 10. Oktober. 9) Svo.

ar ok frials forrædis med ollvm þeim gognvm og giædvm sem greindri jordv fyllgir ok fyllgitt hefir at fornv ok nyiv ok Solveig hafdi fremst eigandi at ordit til yztv vmmerkia j motz vid adrar jardir. var jordin adr blasin ok langa tima i eyde. sa þar litil merki til tvna ok tofta oc spiltt at ollv. atti Solveig halfa jordina en börnin halfa. var þat eytzlveyrir fyrir bornvnm. því selldi hvn hverntveggia hlvtan sier til framfæris ok bornvm sinvm med godra manna yfirsyn. Hier j mote skyllde opt nefndr abote Arne gefa ok giallda adr greindre Solveigv xij^c med svo vordnvm frid-leika sem hier seigir. vj malnytv kvigilldi. vj fiordvnga smiors ok xxiiij alner valmals j hvndrad. xij stikvr klædis j hvndrad. hest j hvndrad ok iije j avllvm þarfligvm frid-virtvm peningvm. skylldi optnefnd solveig svara lagarptingv æ adr greindre jordv Þormodzdal en abote Arne hallda til laga en ef Þormodzdalr kynni af at ganga þa skylldi abote Arne ganga domlavst aprt at jördvne Stravme xe at dyrleika er liggr vt j Hravnmv j Bessastada kirkiv sokn med Videyarsvndvm (!) ok at sier taka til æfinligrar eignar ok frials forrædis.

Ok til sanninda hier vm settvm vier fyrnefndir menn vor insigle fyrir þetta jardarkavpsbref skrifad j sama stad ok æ sama ari deigi sidar enn fyr seigir.

562.

26. Oktober 1501.

undir Felli.

ÞAU hjón Andrés Guðmundsson og Þorbjörg Ólafsdóttir leggja aprt hvort í annars vald þær fjórðungsgjafir og tíundargjafir, sem hvort sagðist áðr öðru gefið hafa, og hvort skyldi mega gefa sína fjórðungsgjöf og löggjafir hverjum, sem þau vildu þar eptir, og gefa þau nú Guðmundi syni sínum þessar sínar fjórðungsgjafir og löggjafir og ágreindu þar í jörðina Saurbæ á Rauðasandi.

AM. Apogr. 1357, eftir frumriti, sem 3 innsigli höfðu verið fyrir, en 2 af þeim voru dottin frá.

Þat giorum uit gudmundur eyuinsson og gudmundur

jonsson godum monnum kunnegt með þessu ockru opnu
 brefue at þar uorum vid j hia j litlustofunne j saurbæ á
 raudasandj laugardægin næstan epter mikaelsmessu um haust-
 it saum og heyrðum æ ord og handaband þessara manna
 af eirne alfu andres gudmunszon. enn af annare alfu þor-
 biorg olafsdotter hans eigiñkuinna at so fyrir skildu at
 greind hion andres og þorbiorg laugdu aptur með handa-
 bandi huort j annars ualld þær fiordungsgiafuer og tiund-
 argiafuer sem huort sagdezt adur audru gefit hafua. og
 huort um sig skylldu mega gefua sina fiordungsgiof og all-
 ar lauggiafuer huerium sem þau uillde þar epter. Hier
 epter gafu fyrgreind hion andres gudmunszson og þorbiorg
 olafsdotter gudmundj syne sinum með fullu handabande
 þessar sinar fiordungsgiafuer og allar lauggiafuer þær þau
 mætti framazt með laugum gefua. huert ur sinum pening-
 um. þeim sem þau hefde att og eigande at yrde. Hier með
 skildu til og á greindu opt nefnd hion andres og Þorbiorg
 þessar sinar lauggiafuer upp j jordena saurbæ á rauda-
 sande til æfuenligrar eignar og undan sier og sinum erbing-
 ium. enn under þrattnefndan gudmund og hans erbingia.
 Lýstv þau þui tittnefnd hion andres gudmunszson og þor-
 biorg olafsdotter at þau hefde aungar giafuer fyrru gefit
 enn þessa og þau yntte honum sinna lauggiafua best at
 niota. Og til meire stadfeste og sannenda hier (um) setur
 andres gudmunszson sitt jnsigle með fyr greindra manna
 jnsiglum fyrir þetta uittnesburðarbrief er skrifat uar under
 felle j kollafirde þridiudægin næstan fyrir simonsmessu um
 ueturinn. þæ er lidit uar fra hingadburde uorss herra jhesu
 kristi .M. fim hundrud og eitt ár.

563.

30. Oktober 1501. undir Staðarfelli.

STURLA Þórðarson selr Narfa Jónssyni jörðina alla Kirkju-
 ból i Skutilsfirði, með samþykki Guðlaugar Finnbogadóttur
 konu sinnar, fyrir Þorsteinsstaði i Breiðafjarðardölum með
 þeim tunguspotti, er Þorsteinn bóndi Guðmundsson lagði til
 greindrar jarðar.

AM. Fasc. XXXV, 12, frumrit á skinni, og eru öll (3) innsiglin frá. — AM. Apogr. 865.

kirkivols bref.¹⁾

Þat giorum uær jon asmundzson vk þordur uermundzson ok sveinn buason godum monnum kvnighth med þessu uoru opnv brefe þa er lidit var frá hingadbvrd vors herra jhesv christi þvsvnd ok fimm hvndrud ara ok eitt ar æ leugardaginn næsta fyrir allra heilagra messo vnder stadarfelle á medalfellzstrond vorvm vær j hia s. um ok heyrdvm á ord ok handaband þessara manna. sturlla þordarsonar. ok narfa jonssonar at suo fyrir skildu at fyrr nefndur stvrllr þordarson selde adr greindum narfva jonssýne. jordina alla kirkivbol er liggur j skutvlsfirde. j eyrar kirkiu sokn med jayrde ok samþycki gudlaugar finnboogadottur eigin konu sinnar. ok suo jafnvel med jayrde modur sinnar gudfinnv jonsdottur vndan sier og²⁾ sinum erfing(i)um. Enn vnder fyrr greindan narfua jonsson ok hans erfingia. med avllum þeim gognum ok²⁾ giædum sem greindre jordu fylger ok fylth²⁾ hefer ad fornu ok nyu. epter þui fremsta sem hann var eigande at ordinn. hjier j moti selde opt nefndur narfe jonsson þrattnefndvm stvrlla þordarsýne. jardernar þorsteinsstade j breidafiardardolvum er liggr j kuennabreckv kirkiu sokn ok jordina kolldukinn er liggur á finn-mork j stadarfellz kirkiu sokn med aullum þeim gognum og giædum sem greindvm jordum fylgir ok²⁾ fylt²⁾ hefer at fornu ok nyu ok adr greindr narfi jonsson hafdi fremst eigande at ordid. suo ok med þeim tungu-potti er þorst-inn bonde gudmvndzson lagde til fyr nefndrar jardar kaulldukinnar med jayrde ok samþycki sesceliu gvnnssteinsdottur ein²⁾ konv tittz²⁾ nefnz narfa jonssonar. Ok²⁾ þar til fimm malnytu kugillde ok²⁾ tau²⁾ hundrud j fridvird(u) at fra teknum kauplum. skyllde hvor vm sig at sier taka fyrr nefndar jarder at næstvm fardaygam ok fyrr greinda peninga. Enn huor um sig sturllr ok narfi sværa lagariptingum á fyr greindum (jordum) ok halde til laga. Ok²⁾ til

1) Utan á bréfinu með gamalli hendi. 2) Svo hér fullum stöfum.

sanninda hier um settum vær fyr nefnder menn uor jnsigle fyrir þetta jardakaupsbref skrifad j sama stad dári ok¹⁾ deigi sem fyr seiger.

564.

1501.

á Reykhólum.

TRANSSKRIFTABRÉF.

AM. Fasc. XXXV, 3, frumrit á skinni, og er skorið utan af rönd bréfsins hægra megin og þar með aptan af öllum línunum. Fjögur innsigli hafa verið fyrir því, sem eptir er af bréfinu, en þau eru öll dottin frá.

Þath giðrvm vær eyvindr gvdmvndzson endride svarthzson jon jonsson og snorre hafidason godvm monnum kynningth med þessv v[orv opnv brefi at vier hofvm] yferlesit og heyrth yfer lesith opit bref med heilum og oskavddvm hangande jnsiglv m svo lathanda ord efter ord sem hier [after skrifath stendur].

[Hér kemr dómr Finnboga lögmans geinginn á alþingi 1. Júlí 1500 um erfðarétt Björns Þorleifssonar og systkina hans eptir Þorleif Björnsson föður þeirra, Nr. 498].

[Og til sanninda] hier v m settvm vær fyr nefnder menn vor jngsigle²⁾ fyrir þetta thranskriphar bref er giortth var æ reykiaholvm a reykianese arvm efter gvdz byrd þvævd fim hvndrvth og j. ar.

565.

1501.

á Kirkjubóll.

GUÐNI Jónsson gefr Páli Aronssyni frið og félegan dag fyrir sér og öllum sínum eptirkomendum og hefir gert við hann fulla sátt fyrir atvist að vígi Páls Jónssonar bróður Guðna, þegar Páll var ófyrirsynju í hel sleginn á Öndverðareyri(1496), og kveðat fésekt og „nægilse“ hafa uppborið sín vegna og Orms bróður sins.

1) Svo hér fullum stöfum. 2) Svo

AM. Fasc. LXVI, 23, frumrit á skinni. Innsiglið er dottið frá. Frumrit þetta kom frá Bæ á Rauðasandi. — Apogr. 1175.

Þetta bref heyrer til latrum j adalvik¹⁾

Dat giori eg gudine jonson godum monnum viturligt ath eg medkennuntz med þessu minu opnu brefi ath eg hefi j heidr vid gud og firir godra manna bænar stad gefit pal aronson frid og fielegan dag firir mier og aullum minum epterkomendum og fulla satt vid hann giort firir þa athvistar sauk sem hann med var æ aundverdareyri j eýrar-sueit þa minn broder pall jonson var þar ofiriresyniu j hel sleginn. hefi eg fiesekt vppborit og fullt nægiltse feingit minna vegna og mins brodr vegna orms jonssonar suo sem mier vel anæger epter þui sem vor sætt var gior. þui giorer eg greindr gudine jonsson adrnefndañ pal aronson aullungis kuittan og akærulausan vm adr greinda athuistar sauk og uigsmal. Og til sannenda hier vñ sette eg optnefndr gudine jonson mitt jnnsigle firir þetta kuittunarbref skrifat æ kirkivbole j langadal arum epter guds burd .∞. cd. og eitt²⁾ ar.

566.

1501.

MÁLDAGI Lundarkirkju í Lundarreykjadal.

AM. 257. 4^{to} skb. samtíða. — AM. Apogr. 2663 með hendi Árna.

Anno domini. ∞ ð j. atti kirkia sancti laurencij a lvndi. v. kyr. oc .v. asaudar kvgilldi. cc. i gellde. fimm hundrvd i koplvm. porcio ecclesie vm vj. aar. vc. oc .xx. alner.

var kirkian gior fyrir .vijc. oc stadurinn fyrir. ccc.

Geck sira þodr i borgvn vid kirkiuna oc biskupinn vm peningana.

1) Utan á bréfinu með fornri hendi. 2) „corrigé 1501“ (AM).

567. 4. Janúar 1502. á Kirkjubóli.

GUDNI JÓNSSON gefr Helgu dóttur sinni til fullrar eignar jörðina Bræðratungu í Biskupstungum með þeim greinum, er bréfið hermir.

AM. Apogr. 1939 með hendi Árna Magnússonar. „Þetta fyrerfarandi bref hefi eg Arne Magnusson uppskrifad í Kaupmannahöfn 1727. in Martio. epter copiu ritadri á kalfskinn. Var su copia. og hafdi alltid vered ä innsigla edur vidisse. Skriften ä sagdri kalfskinns-copiu virdt-est mier vera hier um af anno 1640 eða 50. eða kannske litlu elldre. Literatura var miög raung i copiuinne. og umbreitte eg henne inter scribendum. Copiuna liede mier lögmadrinn Oddr Sigurdzson“. Á miða, sem liggur hjá afskript bréfsins, lætr Árni Grunnavikur-Jón rita: „Höndin a Copiuene gjafabrefs Gudna 1502. er rett hin sama sem ä kalfskinns Copiu af kaupbrete Gisla lögmans Hakonarsonar fyrir Bræðratungu af þeim Þormóðssonum sira Asmunde og sira Jone 1617. Er Hönden ä badum þessum brefum vidvæningsleg[og] bokstöfunen vija raung“.

Þat giori eg Gudni Jonsson godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefi. at eg medkennizt. at eg hefi gefit Helgu gudnadottur. dottur minni iordina Bræðratungu. er liggur i Biskupstungum i Skalholtzsueit. i minar loggiafer. fiordungsgiof og tiundargiof. med ollum þeim gognum og giæðum. sem greindri iordu Tungu fylger og fylgt hefer at fornu og nyiu. og eg vard framazt eigandi at i erfd eptir minn brodur Pal Jonsson. Enn honum fell til erfdar epter Jon Palsson son sinn. epter þeirri giöf. er Solveig Biornsdotter. moder hans. gaf honum i sitt testamentum. epter þui sem bref þar um giort utvisar. Gef eg greindri Helgu gudnadottur þessa fyrrnefnda iord Tungu. med þeirri Ey er þar fylger. til fullrar eignar. henne og hennar erfingium fyrir utan allan reikningskap vid hennar syskin i arftoku epter mig. med ollu þui sem optnefn dri iordu fylger uti og inni. ollu tilteknu. enn ongu fra. med husum og herbergium. hurdum hiarafostum. vidum naglfostum. hvert sem helldur er bialki edur bite. og ollu þvi fie. er þar kann at finnazt i iordu edur á. nema logligur kennandi verdi til at logum. Reikna eg mina eigin peninga vera og verit hafa sex hundrud hundrada. og mala Þoru Biarnardottur. kvinnu

minnar at auki. Enn aunguar giafer gefit adrar. utan þa eg gaf henni a ockar giptingardegi fiordung ur [tvo hundrud¹⁾ hundrada. sem eg hafdi til kaups vid hana. Og til meiri sanninda hier um. setta eg mitt insigli fyrer þetta iardarbref. skrifat a kirkiuboli i Langadal. ellefta dag i jol-um. þa er lidit var fra hingatburdi vors Herra Jesu Christi þusund fimm hundrud og tuo ðr.

568.

8. Janúar 1502.

á Hólum.

DÓMR klerka útnefndr af Gottskalk biskupi á Hólum, þar sem þeir dæma jörðina Þverá hina syðri í Vestrhópi af Sigurði bónda Daðasyni og eign heilagrar Hólakirkju.

AM. Fasc. XXXVI, 2, frumrit á skinni. Af 10 innsiglium eru nú 2 fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 3391. — Á bleðli með frumritinu ritar Árni: „Einars abota er klárt“.

Domur um syðri þverá í vesturhópi 1502.²⁾

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra. senda Broder einar benedikzson abote æ mwnkapuera Broder Hikulæs prior æ maudrunollum. eirekur sumarlidason radzmadur á holum. finnboege einarsson kirkiuprestr sama stadar. Gudmundr jonsson. Gunnar þordarson. halluardr biarnarson. oddr einarsson. petur pælsson ok gudmundur olafsson prestar holabiskupsdæmis. kuediu gudz ok sína. kunnigt giorande. ath sub anno gracie. Millesimo quingentesimo 2^o. faustudagin næstan eptir þrettanda dag iola³⁾. Í viduifk i viduifkarsueit worum vier i dom nefnder. af worum andligum faudur ok uerdugum herra. herra Godskalk med gudz nad biskupe æ holum í hialltadal ath dæma vñ þa akiæru er biskupinn kiærde til sygurdar bonda dadasonar. vñ jorðina þverá hina syðre er liggur í vesturhoope í hwnauatzþinge. þui jñ nomine domini amen. dæmdum uier logliga stefnvna ok nefndan sygurd þa þar laugliga fyrir kalladañ.

1) [Svo; „*corrig.* tveim hundrudum“ (AM.) 2) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld öndverðri. 3) þ. e. 7. Janúar.

fyrir þa fyrstu grein ath hann sialfur medkendizt stefnuna. Enn j annare grein vñ biskupsins akiæru til fyrr nefnz sygurdar. dæmdum vier jordina þuera enu sydre uera ok uerit hafua eign heilagrar holakirk(iu) vpp fra þeim þrimur ærum lidnum sem hvn uar til panta sett. biskup olafue heitnum godrar minningar. af einare biornssyue epter þui sem stendur j þeirre skra sem thomas hrafsson sor ath fullan bokareid heima a holum fyrir biskupinum morgum godum monnum hiauerandum. Suo ok eigi síjdur dæmdum vier opt nefnda jord sydre þuera kirkiunnar eign a holum eptir þeirre medkenning sem einar heitinn biornson medkendizt med sínu brefue ok incigle at hann hefde þraett nefnda jord þuera til panta sett ok eptir þui sem fyrr skrifuat stendur. nema opt nefndr sygurdr bonde dadason leidde. ij. loglig vitne. at einar biornson hefdi luckt ok goll-dit. xl. hundrada biskupe olafue suo at honum uel líjkade. komu þar ij. loglig uitne fram fyrir oss i dominn. at biskup olafur hefdi afskilit uid einar biornson. at hann uilddi ongua eydijord hafua j þessa sina skulld. Ok til sanninda hier vñ settum vier fyrr nefnder lærder menn wor jncigle fyrir þetta bref. skrifuat æ holum j hialtadal æ sama are. deige síjdar enn fyrr seigir.

569.

22 Febrúar 1502.

í Viðey.

BRÉF, að Sigurðr Filipusson kvittaði Árna ábóta í Viðey fyrir andvirði jarðarinnar Breiðagerðis.

AM. 238. 4^{to} bl. 6. skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

kvittan fyrir Breiðagerði.

Þat giorvm vier Gvdlavgr Sigvrðzson. Lytingr Jngimvndarson. Gissvr þolleifsson oc Jon Brandzson godvm monnvm kvnngitt med þessv vorv opav brefi at ver vorvm þar j hia æ Vtskalvm æ Rosthvalanesi sancte Blasivs dag oc heyrdvm æ at Sigvrdr Filippvsson gaf oc giorde brodrv Arna med gvdz nad abota j Videy med fvlly jayrde oc

handabande avllvngis kvittan oc akiærvlavsan vm þa alla peninga sem hann var honvm skyldvgr fyrir jordena Breidagerdi eptir því sem þeirra kavpbref þar vm giortt vtvisar fyrir sier oc ollvm sinvm erfingivm oc epterkomendvm.

Oc til sanninda hier vm settvm vier fyrnefndir menn vor insigle fyrir þetta kvittvnnarbrief skrifad j Videy med Svndvm a þridivdagin jn festo chatedra Petri apostoli anno M^o. d. ij. ar.

570.

16. Apríl 1502.

í Viðey.

SOLVEIG Sigurðardóttir kvittar Árna ábóta í Viðey um andvirði jardarinnar Þormóðsdals í Mosfellssveit.

AM. 288. 4^{to} bl. 12, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Bref um Þormodzdal.

Þat giorvm vier Jon Gellisson. Gissur þolleifsson oc Olafr Jonsson godvm monnvm kvnngitt med þessv vorv opv brefi at Solveig Sigvrdardotter medkiendizt at hvn hefde vpp borit heilan penning oc halfan oc alla þar j milli fyrir jordina alla þormodzdal eptir því sem þeirra kavpbref þar vm giort vtvisar. því gaf oc giordi fyrgreind solveig med fvlly jayrði oc handabandi herra Arna med gvdz nad abota j Videy ollvngis kvittan oc akiærvlavsan vm fyrsagth jardar verd fyrir sier oc ollvm sinvm erfingivm oc epterkomendvm.

Oc til sannenda hier vm settv vier fyrnefnder menn vor insigle fyrir þetta kvittvnnarbrief skrifad oc giorningrinn giordr j Videy in festo sancti Magni martiris anno domini M. d. ij. ar.

571.

29. Apríl 1502.

á Kirkjubóli.

DÓMR útnefndr af Guðna Jónssyni kongs umboðsmanni milli Geirhólms og Langaness um umboð Björns Þorleifssonar af Ólöfu Aradóttur og um arf eptir Solveigu Björnsdóttur.

AM. Fasc. XXXVI, 9, frumrit á skinni. Af 6 innsiglium eru nú 3 fyrir bréfinu. Dómr þessi er til í mörgum pappírsafskriptum.

Domur Gúdna að vmbod Biornz ríka af Olófu Aradottúr skule onytt fyrst hann sókhte ecki hennar arf að logum helldur með gripdeilldum og að Einar Olafson sje ríettur erfinge Solweigar Biornsdottr af huoríum Biorn Gudnafson tok vmbodit til allra (goza) solueigar¹).

Oallum²) monnum þeim sem þetta bref sja edr heýra sender þorleifur aurnolfsson. thaomas²) jonsson laugrettumenn. þorolfur augmundzson. jon vigfusson. þostein palsson ok kettel þosteinsson. kuediv gudz ok sína kvnngt giorandi með þessu voro opnu brefi faustudagin a³) ffestum magne duces et martiris⁴). þa er lidit var fra hingatburd vors herra jesv christi. M^o. v. hundrud ok íj ar. a mýrum j dyrafirdi. worum ver til nefnder af ærligvm manni gvdna jonssyne er þa hafdi mins herra kongsins syslv ok vmbod j millum geirholms og lañganes a ath lita rannsaka skoda ok dæma wm þann askilnad. er þeirra for j millum jons boñda biornssonar ok biarnar gudnasonar. hverer þar vnder laugdu með hañdabañdi sin askilnad. oss fyrr nefndvm monnum asiaeñdum. ath hallda sem laugliga stefnder þann dom sem gudne jonsson kongs umbodsmann j savgdu takmarcki þar yfer nefndi þeirra j milli. hvad afl ath hafa skýlledi þad vmbod er leingi hefer rýckettat verith ath biorn heitin þoll-eifsson gud hans sal nadi skuli tecit hafa vmbod af olofu arradottur til soknar. wpp a gudmund heitin arason fyrir rangliga peninga attavku ok olaugligt fíarhalld. er greindr gudmundr arason olavgliga heltt wpp a lañga tíma peninga þorgerdar olafsdottur ok olofar aradottur dottur hennar. eptter þui sem bref vnder godra manna junciglum. þar vm gior utvisa. ok adrnefndur jon bondi biornsson hefer nu með domi sott eptter nefndum brefum. vnder sig ok sína kúinu hustru kristínu svmarlídadottur. vpp a goz gudmvndar ara-

1) Utan á bréfinu með hendi, sem líkist hendi Eggerts lögmanns Hannessonar. 2) Svo. 3) Svo = ante (*fyrir* stendr og í pappírsafskrr. dómsins) 4) þ. e. 16. Apr.

sonar. fyrr greindan reikningsskapp. med avllum abata ok avexti. er a matti falla fyrrgreindvm peningum. so leingi sem opttnefndr gvdmyndur arason rangliga hellt adr skrifat goz ok peninga eptter þui sem dandimanna domur þar vm gior vtvisar. Enn adr greindr biorn gudnason reiknadi sier adr skrifadan abata ok rettarfar eptter vmbodi sinu. vegna einars olafssonar dot(t)ursonar solveigar heitinar biornsdottr epter þui sem erfder hafa til fallith. sem domar ok laugmanz orskurdr þar vm gior vtvisar hverr so jne helldr ath einari var dæmdr allur arfur. eptter modr modur sina solueigu biornsdottur. enn opttnefndr biorn gudnason reiknar ok helldr opttnefndvm einari olafsýne til erfda fállit hafa tittnefndañ abata med audrvm peningum. eptter modurmodr sina solueigu biornsdottr. Enn henne eptter faudr sinn biorn ok adra sina frændr sem erfder hafa til fallith ok tittnefndr biorn þorleifsson hafi j fýstu audlazt allan opttnefndan abata ok rettarfar. eptter sokn sine ok vmbodi. Enn ver höfvm heýrt af oss ellrvm monnum ok worum foreldrvm ath peningar guðmundar arasonar hafi verit teknar med gripdeilldvm. magtt ok ofricki. enn ecki sotter med domi. edr nokrvm laga soknvm. hvad lavgin forbioda j aullvm staudvm. ath nockur madur sæki sina sokn med rani edr hernadi. edr nockurskonar gripdeilldum. vtan hver sem þad giorer fyrirfer sine sokn ok suari sidan fesektum ok likamligri nefst¹⁾ og laga refsing eptter landz laugum. Ok virdiz oss sem þat muni eingi med rettu giora mega fyrir annars sokn ok vmbod. sem hann ma eigi giora fyrir sialfs sins sauk ok sokn. þott hann eigi fe ath manni. ath gripa edr taca nockurs manz goz med gripdeilldvm laust edr fast. vtan hver sæki sina sokn. frialls madur ok fulltida. jnañ landz ok vtan. sem lavg giora rad fyrir. Enn saker þess ath vær vilvm hvorecki nie megum forskiota j worum domi nockurs manz skiali edr skilrikivm domum edr vitnum. þui þad hefer margt matth hafa umgeingit fyrir vortt minne sem ver vitvm ecki vtaf. Ok ver hofum eiaki²⁾ heýrt ok þui hofvm ver dæmt med fullu doms atquædi þrattnefndan

1) Svo = refst. 2) Svo.

biorn gudnason sem sakaraberi er adr greindrar sakar giptar vm tittnefndañ abata ok reikningsskap skýlldugan ath sýna fyrir næsta auxararþing nu j sumar med xij manna domi. af laugligum kongs vmbodsmanni vt nefndum ath biorn heitin þolleifsson hafi med domi ok landzlaugum rettum vnder sig sott eptter vmbodi sinu tittnefndan reikningsskap ok abata af gudmundi arasýne adur enn hann toc hans peninga. eda leida ij lauglig lagavitne tauo valenkuna menn. ef hann gettur eigi domin sýnth jnan tiltekens tima fyrir gvdna jonssyni kongs vmbodsmanni. þa at það villdv bera ok sueria med suordvm bokar eidi ath þeir hefde sied ok ýfer lesit adr skrifadañ dom. vnder jnciglum godra manna. þann ath þrattnefndvm birne þolleifssyni hefði dæmdur verith tittnefndr abati ok reikningsskapr af peningum gudmvndar sem fyrr skrifat stendr. Enn ef tittnefndr biorn gudnason gettur ecki þennan fyrr skrifadañ dom sýnt edur leitt þessi adr greind vitne sem dæmt var. þa dæmdvm ver hans sökñ forskotit ok það sama vmbod sem tittnefndr biorn þolleifsson skyllði tekit hafa af olofu aradottr þott það kýne ath synazth med brefi edr vitnum onytt ok ecki afl hafa ok ath aunguu halldanda. Ok þrattnefndan abata med öllum reikningsskap ok rettarfari apttur fallin vnder erfingia olofar aradottur ok tittnefndan jon biornson rettiliga mega fram fyllgia sinum domi sem hann hefer fyrrer sier vm þratt nefndan reikningsskap.

Samþýkkti med oss þenañ vorn dom gudne jonsson kongs vmbodsman j greindv takmarki ok aller þingmenn er a þui þingi voro ok setti sitt jncigle med vorum fyrrnefndra manna jnciglum fyrir þetta doms bref skrifat a kirkiuboli j langadal. faustudagin næsta fyrir fest(um) philipi et jacobi a sama ari sem fyrr seiger.

572.

2. Maí 1502.

á Breiðabólstað.

VITNISBURÐARBRETF um biskupstiundagreiðslu Jóns Sigmundssonar.

Eptir Morðbréfabæklingi Guðbrands biskups hinum fyrsta (Apologia), Hólum 1592 og Reykjavík 1902. bls. 22, og þar tekið eptir afbötunarskrá Jóns Sigmundssonar (Nr. 1) frá 1506. — AM. Apogr. 3961.

Það giðrum við Sugurdur Juarsson. og¹⁾ Þorkell Olafsson. godum Mönnum vitanligt²⁾ með þessu ockar³⁾ opnu Briefe. að við vissum fyrer full Sanninde. að í þann tíjma. sem Jon Sigmundzson bio a Breida Bolstad. epter Sera Sigmund Föður sinn fra fallenn. þa lukte Jon Sigmundzson í bysk-(ups) Tiunder tuiærdar halfa⁴⁾ siöundu Vod Vadmals. og at auke lagdur Þumlungur Vadmals fyrer huðria stiku. Énn við greinder Menn. Sugurdur og Þorkell færðum heim til Mels í Midfiörð. og afgreiddum sera Jone Gijslasyne. er þa var Profastur í Hunavatzþinge. og greindur Jon Prestur gaf og gjorde með handabande fyrrgreindañ Jon Sigmundzson ölldungis kuittañ og akiærulausan vñ fyrr sagdar byskups tiunder og slijkar Sekter sem æ hefde falled. af so myklu sem lukt var og nu greiner. af slijku Fie sem Jon a. edur Vmbod yfer hefur. Og til sanninda hier vñ setium við fyr skrifader menn ockar Jnsigle fyrer þetta Vitnisburðar Brief. er giört var a Breidabolstad. í vestara Hoope. næsta dag fyrer Krossmessu vñ Vored. þa lidit var fra hingad Burde vors Herra Jhesu Christi. M. D. og ij. Ar.

573.

10. Maí 1502.

í Berufirði.

Jón Björnsson fær Ormi Jónssyni til fullrar eignar jörðina Bólstað í Steingrímsfirði.

AM. Fasc. LXVI, 24, frumrit á skiinni. Iunsiglið er dottið frá.

Þat gioreg⁵⁾ jon björnsson godum monnum vitrligt ath eg medkennvmtz með þessu minv opnu brefi ath eg hefe feingit ormi jonsyne til frials torædiss og fullrar eignar jordina bolstad j steingrímsfirde er liggr j kalldadarness kirkiu sokn með aullvm þeim gaugnum og gæðum sem

1) sl. 3961; 2) viturligt 4961; 3) ockru 3961; 4) half 3961. 5) Svo.

greindre jaurdu bolstad fylger og fylgt hefer ath fornu og nyu og eg hefi fremst eigande ath ordit. heimale¹⁾ eg greindvm orme fle þat allt er finnatz kann j optnefndri jaurdv og æ nema laugliger kennendr verde til ath laugum. skal optnefndr ormr jonson frialsliga mega taka optnefnda jaurd bolstad nær hann vill. Og til sannenda hier v̄m sette eg adrnefndr jon biornson mitt jnnsigle firir þetta opit bref skrifat j berufirde j krokxfirde þridiudaginn næsta firir festvm neri et akillæj arum epter guds burd. M. cd. og ij ar²⁾

574.

14. Maí 1502.

á Reykhólum.

JÓN Björnsson ann Birni Þorleifssyni „garðinn Reykhóla“ gegn því að Björn og mágar hans veiti Jóni aungva mótstöðu um þá peninga, er Jón þóttist eiga, og Björn komi til Hrafnseyrar í haust til fullra sáttu, en hafi ekki aðra mága sína með sér en Pál Jónsson.

Kriegers safn 2. 4to, bls. 269—272, með hendi Styrz Þorvaldssonar c. 1700.

Giörningsbref j millum Jons dans og Biörns
Þorleifssonar um Reykhola.

Það giörum vid Þorolfur Ögmundzson og Olafur Jons-son godum mönnum kunnigt med þessu ockru opnu brefi að vid kennunst. [að vid höfum. medkiennunst³⁾ at vid vorum þar i hið. sðum og heyrðum á Reykholum á Reykianese föstudaginn næsta fyrir Hallvarðsmessu⁴⁾. þa er lidit var frá hingadburd vors herra Jhesu Christi. M. v. hundrud og .ij. ðr ord og handaband þessara manna [Jon Bondi Biörnsson af annari ðlfu enn Biarnar bonda Þorleifssonar³⁾ af annari. að svo undirtöluðu og fyrir skildu að greindur Jon Biörnsson unti greindum Bjrni Þorleifssyni frænda sijn-um Gardinn Reykhola med þeim jörðum sem Biörn hafdi

1) Svo. 2) Svo stendr í frumritinu, en utan á bréfinu leiðréttir Árni það í „1502“. 3) [Svo. 4) þ. e. 13. Maí, en Hallvarðsmessa er á hvítasunnu sjálfa 1502.

áður þar með haft til meðferdar um næstu xij. mánuði þar eptir. Hier í mot lofadi áður greindur Biörn Joni Bonda. at veita honum aungva motstöðu edur mottraust með ord edur verk með sínum mágum edur öðrum þeim mönnum sem þessa peninga hielldi. er hann þóttist eiga. so og lofadi optnefndur Biörn að ríjða vestur til Hrafnseyrar nu j sumar eda í haust ef hann væri í landid og þeir godgiarnustu¹⁾ menn með honum sem hann kynni til að fá. að frá skildum öllum hans magum nema Páli Jonssyni í sagðan mæta. að hann villdi þá fulliga¹⁾ forlíkast með Jon Bonda til endilegra lykta með godra manna tillögum. enn ef tíjtnefndur Biörn sigldi út af landinu. þá lofadi hann að skrifa Joni Bonda bref til. að hann skyldi að sier taka gardinn Reykhola. og alla þa peninga sem þratnefndur Jon Bondi Biörnsson sagdist þar með eiga. Og að öllum þessum skilmála hölldnum skyldu þeir sattir með brodurligre ást. Og til sanninda hier um settu vær¹⁾ fyrnefndir menn ockur Jnsigli fyrir þetta giörningsbref. hvert er skrifad var á sama ári og stad. deige s'jdar Enn fyr seigir.

575.

8. Júní 1502.

á Hólum.

Dómr klerka útnefndr af Gottskalk biskupi á Hólum um kúgildahald Sveins Jónssonar fyrir biskupsstólnum á Hólum.

Bisk. 2. Fol. bls. 16—17, bréfabók frá Hólum, skr. c. 1693.

Domur Vm sera Peturs Akiæru til Sveijns
Jónssonar vm ranglegt Halld á tveimur
kugilldum stólsens dat. m. d. tvö ar
A vjðevöllum j Blonduhljð. midvikudagenn
nærstañ fyrir Hallvardsmessu.

Jnncigle 2.

Það giörum vier Brooder Einar með Guds nad aböte

1) Svo.

a Mukapvera. Brodir Nicholas med sömu nad prior a Mödruvollu. Jon arason. Nicholas Vilhialmsson. Gunnar Þordarson. Haldan narfason. Kietell Jonsson. Magnus Gudmundsson. Hallur asgrijmsson. Stejrn Marchusson. Þorgils Gudmundsson og Hallvardur (Biarnason) prestar Hoola Bischupsdæmes. goodum mönnum kunnigt med þessu voru opnu Brefe. ad arum epter Guds burd M. d. tvo ár a vjdevollum j Blondublyd i Skagafyrde a almennelegre prestastefnu. a midvikudagenn næstann fyrer Hallwardsmessu¹⁾ vórum vier i doom nefnder af vorum vir duglegum Herra og andlegum fodur Gottskalk med Guds naad Bischup ad Hoolum. ad meta skoda og rannsaka og fullt doms atkvæde a ad leggja um þá ákiæru er síra Petur²⁾ kiærde til Sveyns Jonssonar j umbode Bischupsens ad hann hefde og hielde tuau kugillde er Þorkiell Sigurdsson hefur fyrer morgum arum gollded heilagre Hoola kyrkiu og Bischupenum i sijnar skulder. Hefur Biskupenn og grejndur Þorkiell openberad og lated Bejldast þess(a)ra kugillda og feinged ecki. hafa þesse kuillde hia honum vered uppá þriu ár og tuttugu. er þesse skuld og svarenn af tveymur lögligum vottum j þeirra gard. þvi dæmdum vier Heilagre Hoola kyrkiu og Bischupenum þesse tvö kugillde med øllum laga avexte um allañ tijma ad jafnfullu. sem Þorkiele Sigurdsyne sialfum kann ad hafa ad lögum (borid) ok sagdañ Sæmund³⁾ skylldugañ ad giallda grejnda peninga juañ fiortan nåtta ad heyrdum doomenum. Bischupenum edur hanz umbodsmanne.

Samþyckte þennañ vorñ doom vor Andlegur fader Biskup Gottskalk.

Ok til sannenda hier um setium vier fyrr nefnder kiennemenn vor Jncigle fyrir þetta (bref) skrifad a hólum j hialltadal jn die Medardi et Gillardi episcoporum et confessorum enn sama are sem fyrr seiger.

1) þ. e. 11. Maí. 2) Petur, tvískrifað; mun eiga að vera: Petur Pálsson. 3) Svo, og tvítekið.

576.

15. Júní 1502.

á Skarði.

Dómr útnefndr af Einari Oddssyni, kongs umboðsmanni í Húnavatnsþingi, um það, hvort Einar skyldi með lögum halda þeim umboðum, sem Gottskálf Þorvaldsson og Illugi Þorsteinsson vegna Þóru Gottskálksdóttur höfðu feingið honum á arfi Guðrúnar Jónsdóttur eftir foreldra sína.

AM. Fasc. XXXVI, 7, frumrit á skinni, melétið og götugt. Fyrir bréfið hafa aldrei komið nema 5 innsigli, og er eitt af þeim dottið frá.

Ollvm monnvm þeim sem þetta bref síð edr heyra sända Marteinn jonsson. arngrimur liotzson. bodvar ingimundarson. gudmundr gudmundzson. brandr atlason. oddr þorualldzson. bjarne bjornsson. einar bardarson. halluard eireksson. helgi ellendzson. einar eyuindzson ok eyiolfur þosteinson. kuediu gudz ok [si]na kunnigt giorande at arvm efter gudz býrd M d ok ij vetur þridivdaginn næsta fyrir festvm barnabe apostoli¹⁾ á vindæle a skagastrond. a þingstad rettvvm uorum uær j dom nefnder af ærligvm manni einare oddzsyne kongs vmbodzmanni j hunavatzþingi at skoda rannsaka ok d[æm]a hvort fyrnefndur einar skyllde med logum hallda mega þeim umbodvm sem gotskalk þorualldzson hafde honum feing[it] ok illugi þosteinson uegna þoru þorualldzdóttur konu sinnar yfer þeim peningvm sem gudrunu jonsdóttur hafde til erfda fallit efter fodr sinn ok modr ok syskin sin sem voro iardernar vindæle a skagastrond ok iordin enne er liggrj hoskulldzstada þingum med vi kugilldum ok þar til so mi[klu] lavsagoze [sem h]onum bar at hallda. Nv saker þess at fyrrnefndr einar leidde ij lagavitne vm vmbodztokuna ok hins annars at þar var ok synt at gotskalk hafde adr dæmt uerit vmbod yfer jordunne vindæle ok so landskulld med. þess hiñs þridia at adr nefndr einar setti fulla borgun fyrir þeim lx hvndrada j iordum ok anefnde jordina sydre ey á skagastrond. enn þar kom einginn sa er til kallade þessara vmboda. þui at so profudu male dæmdv vær med fullu doms atkvæde þetta

1) þ. e. 7. Júní.

vm bod lavgligt ok einar oddsson skylldugañ at ser taka adr greindar jarder vindæle ok enni med vi [kugil]ldum byggia ok landskyllder upp bera so ok ei síjdr dæmdum vær hann lavgligan soknara þeirra peninga sem adrer menn hellde [af þeim¹] arfe so mikkla sem honum berr at hallda at tiltavlv a uegna gotskalks ok þorv. Ok til sanninda [hier] vm settvm ver fyrrnefnder menn vor junsigle fyrir þetta domsbref skrifat æ skardi j langadal vpp æ vitusmessv dag vm vorit æ sama úre ok fyrr segir.

577.

27. Júní. 1502.

í Miðdal.

Dómr útnefnder af Stepháni biskupi í Skálholti um hjónaband og festing Daða Arasonar og Þóru Þórarinsdóttur.

Landsbókasafn 788. 4^{to} bl. 46^b — 48^a, skr. c. 1640, með hendi keimlikri hendi Hákonar Ormssonar. — Landsbókasafn 65. 4^{to} I, bl. 40—41 með hendi Jóns dans Magnússonar c. 1640. — Handritasafn Jóns skjala- varðar Þorkelssonar (nú í Landsbókasafni) 155. 4^{to} bl. 26 með hendi Haldórs Guðmundssonar c. 1640. — Ny kgl. saml. 1847. 4^{to} C 39—42, með hendi Guðbrands prófests Jónssonar í Vatnsfirði 1669. — Landsbókasafn 101. 4^{to} bls. 172—173, með hendi Jóns prófests Haldórssonar í Hitardal c. 1730. — ÍBfél. Khd. 67. 4^{to} bl. 61^b—62 með hendi síra Eyjólfis Jónssonar á Völlum (d. 1745).

Domur vm Hionaband Dada Arasonar²) 1502.

Auollum³) monnum þeim⁴) sem þetta brieff sia edur heyra senda broder⁵) Halldor med gudz naad aabote⁶) á Helgafelli. Sigurdur Jonsson. Helgi Jonsson. officialis heilagrar skalhollzkýrkiu. Þordur Jonsson. Einar Snorrason⁷) Einar Jngemundarson⁸). Teitur Jonsson. Þorkiell Þorsteinsson. Kienek⁹) Þorsteinsson. Jsolfur¹⁰) Palsson¹¹). Andries Gudmundsson¹²) og¹³) Jon Jonsson prestar Skalholltz Biskupz

1) tvískrifað. 2) Arnason 788; hin leiðréttta. 3) Svo 788. 4) b. v. 65, 1847. 5) b. v. 67, 101 (sem hefir „Haldór bróðir“). 6) aabota 788; leiðréttta hin. 7) Einarsson (!) 65, 1847. 8) 65, 67, 101, 1847; Sigmundsson 788. 9) 67, 101; Hinrik 788, 65, 1847. 10) 101; Jaleiffur 788, 65, 67, 1847. 11) Þorsteinsson 67. 12) Gvöndsson 101. 13) sl. 788, 65.

dæmess kuediu gudz og sina kunnigt giorande sub Anno Gratia [M D og ij¹) manudagenn næstañ firir Petturs Messo och Pallz vm sumared j middal j Laugardal á almennelegre prestasteffnu vorum wier j dom neffnder aff erlegum herra²) og vorum andligum³) fodur Stephan med Guds naad Biskupe j Skalhollte ad skoda och dæma vm þad hionaband og festijng. sem Dade Arason⁴) hafde⁵) giortt vid Þoru Þorarensdottur.

J firstu kom fram̄ firir oss vitnesburdur Jonz prestz Kolbeinzsonar med sodann⁶) Bokar Gide ad⁷) sera Helge officialis haffde teked aff honum effter [Biskups⁸) skipan⁹) sem¹⁰) bar vitne vm [ad hann¹¹) heyrde [[talenn vera¹²) ad [þridia og fiorda mægda mein¹³) á voru¹⁴) med dada arasyne⁴) og sagdre þoru þorarensdottur. [er til komu af þeirre konu. er Sigridur hiet. og var kóllud langhryggia. er Dade Arason hafde ádur likamliga leged¹⁵) enn hann fleck þoru þorarinsdottur¹⁶). og þesse mein voru sogd suo ad Dade heyrde adur enn hann feste sier þoru þorarinsdottur¹⁷).

Suo og kom þar fram̄ annar vitnesburdur suarenn ad¹⁸) teked haffde sera Jon helgason aff [Vigdise Jllugadottur¹⁹) j vmbode sera Halldors tiffingssonar sem var profastur²⁰) mille Gjlsfiardar og Gliuffrar. huor och sor somu meinbauge sagdra manna j mille Dada Arasonar²¹) og þoru þorarinsdottur²²). ad þeir voru suo [talder og²³) halldner aff hinum²⁴) elldre monnum. ad þær²⁵) være ad þridia og fiorda manne ad skilldugleika [greind²⁶) Sigrijdur og optnefnd þora²⁷).

1) [67; 1502, 65, 101, 1847; sl. 788 (hér). 2) 65. 3) 65, 67, 101, 1847; naduga 788. 4) Arna- 788; hin leiðréttá. 5) 65, 67, 101, 1847; haffe 788. 6) svörðum 101. 7) er 101. 8) biskupsins 101, ofl. 9) [Biskup Stefane 788 (!), 10) hann b. v. (hér) 788. 11) [sl. 788; b. v. hin. 12) [ad talen voru 65, 101. 13) meine 788; hin: mein; frá [þridja manni og fjórða 101; [[talinn vera mægdir ad þridia manne og fiorda mægda meine 788. 14) væru 67. 15) hjá, b. v. 67. 16) [101, 67; sl. hin. 17) b. v. 101, 67. 18) er 101; 19) [155, 101, 67; Vigfuse Jllugasynne 788, 65 1847. 20) prestur 788; hin leiðréttá. 21) b. v. 101, 67. 22) b. v. 67. 23) [b. v. 155, 101, 67. 24) 788, 155, 67; henni 101; sl. 65, 1847. 25) þad 788, hin leiðréttá. 26) b. v. 101. 27) [greindra manna a mille. Sigrijdur og Þora 788.

[Jtem j þridiu grein¹) kom þar fráð vitnesburdur [þor-allffz Ollafssonar²). ad hann sagdest oft haffa hið vered [og heyr³) ad Dada Arasyne⁴) voru sogd þesse somu mein. suo hann heyrði adur hann festi greinda Þoru.

Jtem j fiordu grein kom þar fráð full Bjvjsing. ad Dade Arason⁵) heffde att viij⁶) born j frillulijffe med⁷) þoru þorarinsdottur⁸). og tok ongua afflausn. nema j siottu Barneign.

Jtem⁹) j fimtu grein syndist¹⁰) þar Bevijsligt¹¹) ad Dadi Arason¹²) heffdi alldri lysa lated j heilagre kirkiu. sem honum Bar ad logum adur enn hann giorde sitt hionaband vid sagda Þoru.

Nu aff þuij so stendur j heilagrar kirkiu logmðle ad huor sem Biñdur [sitt hionaband¹³) an loglegra lýsijnga og koma sydan mein vpp j þeim hiuskap. þá skulu þeirra born ecke arffæk vera. þuij þeir meigu eij meinbauge vita er eij villdu lysa lata. Suo og þeir sem meinbauge vita adur enn þau [koma saman og hiuskapenn samañ Binda¹⁴) eda dirffast¹⁵) sijdan samañ ad Binda er þeir heira meinbauge sagda. þo þeir vite eij huortt sanner eru edur eij. þá firerbydst þeim¹⁶) samann ad Binda firr en rannsakah er aff¹⁷) kirkiunnar valde. huortt þau eru sønn¹⁸) edur eige, enn eff samañ [verdur bundid¹⁹). þá skulu þeirra Born ologleg thil arffz vera.

Jtem j annare²⁰) grein stendur so skrifad endelega²¹) j þeim sattmala sem giordur var mille lærðra og leikra aff Magnuse konge og Jone ErckeBiskupe og suared var Bæde aft lærðum og leikum ad standa skillde obrigðannlega firer logmðl ad Biskup skillde dæma vm hionaband og huorsu logliga huor [gietenn er²²)

1) [101; aa þridiudægenn (!) 788, 65. 2) [788; Þorleijfs Olafssonar 65, 1847; Þórðar Ólafssonar 67; Þorodds Alfiadssonar 155, 101. 3) [sl. 788; b. v. hin. 4) Arnasyne 788; hin leiðréttu. 5) Arnason 788; hin leiðréttu. 6) 155; átta 101; sl. hin. 7) vid 155. 8) b. v. 101 ofl. 9) b. v. 65, 155, 101 ofl. 10) 155, 65, 101 ofl.; fildist (!) 788. 11) b. v. 155. 12) b. v. 101 ofl. 13) [sinn hjúskap 155, 65, 101. 14) [binda sinn hjúskap 101. 15) dirfir 101. 16) b. v. 65, 67, 1847. 17) fyrir 65, 101 ofl. 18) 65, 101 ofl.; saman (!) 788. 19) [65, 101 ofl.; Bindast 788. 20) 788; þridiu 65, 101 ofl. 21) andlega (!) 101. 22) [er getinn 155, 101 ofl.

Þvíj ljóst¹⁾ oss eingenn [valldzmannanna nie leikmanna²⁾ nockra magt edur valld til³⁾ haffa jffer ad dæma edur dæma lúta sagdri⁴⁾ festing edur þeirra born logleg⁵⁾ thil arffs ad dæma firr enn þad være adur loglega rannsakað aff⁶⁾ Biskupe edur hanns loglegum vmbodzmanni. och sá domur ologlegur j allann mótta eff hann hefur aff nockrum leikmanne dæmdur vered. Nu firer þessar allar adur skriffadar greiner sem ad⁷⁾ luta ad þessu hionabande leist oss þad j allañ mótta mote heilagrar kirkiu logum och skipann giortt haffa vered og med fullum meinum och sønnum vera Bunded. Þvíj ad heilags anda nad tilkalladri ad so proffudu og firir oss komnu dæmdum vier firrneffnder dómsmenn⁸⁾ med fullu dóms atkuædi þessa firrskriffada festing och hionaband. sem Dadi Arason⁹⁾ haffde giortt vid Þoru Þorarinsdottur j allañ mótta laust og olögligt og ad¹⁰⁾ onguo halldande. og aull þeirra born j frillulijffe gieten haffa vered og huorke arftæk¹¹⁾ effter faudur nie modur

Sambickte þennañ vorn dóm [med oss adur greindur herra Stephan stóðugan og löglegan i¹²⁾ ollum sinum greinum¹³⁾ [og articulis. og sette sitt Jnnsigli fyrir þetta donsbrief et cetera¹⁴⁾].

578.

30. Júní 1502.

* Öxarárþingi.

TYLFTARDÓMR útnefndr á alþingi af Finnboga lögmanni Jóns-syni um skilríki Grims Pálssonar fyrir skóginum í Skógar-tungum, er fylgt hefði Silfrastöðum í Blönduhlíð.

AM. Apogr. 1263 „Ex originali Transcripto fra Ara Þorkels-syni“ frá 16. Nóv. 1607. Árni lýsir innsiglium og segir, að í innsigli séra Ólafs sé „falke a scuto snuande höfðinu til vinstre handar“.

1) leizt 155, 65, 101 of. 2) [788; veralldligur valldsmadar 155; valldsmadur leikmanna 101, 65 of. 3) b. v. 155, 101 of. 4) 101 of.; sagda 788. 5) 101 of.; loglega 788. 6) fyrir 65, 101 of. 7) 788; sl. hin. 8) prestar 101. 9) Arnason 788; leiðréttá hin. 10) 65, 101 of.; med 788. 11) mega vera b. v. 101; vera b. v. 67. 12) 67; med 101. 13) [b. v. 101, 67. 14) [b. v. 101.

Ollum monnum sem þetta Bref sia edur heýra senda **Ein**ar Oddzson. sigjurdur dadason. Arnor finnson. Jngimundur finnson. halldor þorgeirsson. Brandur **Ein**arsson. Jon Olafsson. Brandur Olafsson. Gudlogur loptsson. Sigjurdur Jvarsson. Helge þor-ualldsson og Biarne andriesson. kuEDIu Guds og sijna. kunnugt giðrande ad þá er lidet var fra hingatburd vorz herra jhesu christi M d og ij. á. fimtudagen næsta epter pieturzmessu og palz á almenneligu oxarúrþinge. vorum vier j dom nefnd-er af ærligum manne Finnboga bonda Jonsýne logmanne. nordan og vestan á Jslande. ad skoda og dæma huðrtt afl hafa skýlldo þau bref og skilríkie. **E**r Grimur bonde þáls-son Bar þar fram fyrir oss. og beidde og krafde doms á. huðr vottudu vñ skogen j skogartungum fyrir ofan Reidgotu og nedan. Nu af þui ad þesse fýrgreind Breff og vitnisburder so vt visudu og jone hielldu ad þesse fýrr-greindur skogur hefde fýlft jordunne silfrastodum j skaga-firde og hennar eign halden verit. fýrst af Sigmunde **Ein**-arssyni. sem atte sagda jord Silfrastade. átolulaust vñ xx vetur edur leingur. og so hustru Margriet medan hun atte. Somuleidis þáll Bonde Brandsson. medan hann hiellt opt-skrifada jord Silfrastáde. og sakier þess ad so stendur j vorre landz laga bok. ad ef madur hefur og helldur **Ein**g edur skog. akur edur haga edur adrar landsnyttiar xx vet-ur edur leingur atolulaust. þá á sa er haft hefur. nema annar sýne med logligum vitnum. ad þat er hanz eign ef hann skal orænttur vera. Nu ad þessum vitnum leiddum. **E**pter þui sem Breffen hliodutu og vottudu. dæmdu vier fýrr nefndan Grim Palson rettelega hallda meiga optgreindan skog. þar til hann er med logum af honum sogttur nema annar hafe og sýne logligrá lagahalld edur eignar fyrir greindum skogarpartte. þad framar geingur enn þetta. Sam-þycktte þenna vorn dom med oss adur greindur finnboge logmann og sette sitt jnnsigle med vorum adur greindra manna jnnsiglum fyrir þetta domsbref skrifat j sama stad deige og are sem fýr seigier.

Þad giðrum vier Olafur Jonsson prestur. kolbeinn hialmsson. og Stulle Biarnason godum monnum kunn-

ugt. ad vier hófum. sied og ýfer lesit so latande domsbref med heilum hañgande godra manna jnsiglum sem hier fyrir ofan skrifat stendur. Og ad so j sannleika er setium vier vor jnsigle fyrir þetta bref skrifat æ holum þann xvj. dag Nouembris. þa lidet var fra Guds burd m. dc vij ðr.

579.

1502.

á Alþingi.

ALÞINGISSAMÞYKT um kaupskap.

Add. British Museum 11, 242. 4^{to} bl. 64^a. Sópdyngja séra Gottskálks í Glaumbæ, skr. 1543—1590.

anno domini M. dc. ij. ar.

Worv þesser fyrskrifader¹⁾ articulis samþyckter vpp æ nytt af logmonnum badum oc ollvm logrettomonnum oc ollvm almýga vm kaupskap. iiij marka fiskr gilldr. iij atta fiordunga vætter firir c. half fiorda vætt þa hardaz er oc skal madr þa fa j einkavpi þat er hann vill. en huer odrunis kavper edr selr sekr iiij morkum sem firir annat domrof.

580.

1502.

ÁGRIP af konungsbréfi, að Íslendingar skyldi réttast eptir Norega lögum og íslenzkum lögum.

Add. British Museum 11, 242. 4^{to} bl. 64^a. Sópdyngja séra Gottskálks í Glaumbæ, skr. 1543—90.

anno domini M. dc. iij. ðá sama are²⁾.

Skipade minn herra kongren oc baud j sinu brefi at nier skyllidum rettaz epter noregz logum og epter vorvm jslenskum logum hvad vær giordum vanrettaz.

1) & undan er alþingissamþykt 1. Júlí 1501 um nefndarmanna kost og vetrsetu útlandinga á Íslandi (Nr. 550). 2) & undan er alþingssamþykt frá 1502 um kaupskap (Nr. 579).

581. 18. Júlí 1502. á Bessastöðum.

BENEDIKT hirðstjóri Histen kvittar Vigfús Erlendsson um það tilræði, er hann veitti Þórði Brynjólfssyni í kirkjudyrnum eða kirkjugarðinum á Krossi í Landeyjum.

AM. Fasc. XXXVI, 1, frumrit á skinni, og er innsiglið fyrir bréfinu. Læst saman við bréf Kristjáns konungs annars gert á Akrhúsi 28. Maí 1510.

Þat giori ec benedict histen hirstiori ogh hofvdsman yfer alt island godum monnum kunigt med þessu minv opnu brefui at egh medkenuzt at eg hefi giefit uigfvs Ellendzson aulldungis kuitan og akiæru(a)usan fyrir þat hogg eda blak eda tilrædi sem hann veitte þorde brýn(i)olfssýne j kirk(i)udýrvnm eda kirk(i)vgardinvn æ krosse j landeyvm¹) Olafsmessv hina fyrre. hef eg fyrr greindur benedict gefit fyrr skrifadan vigfus ellendzson avldvngis kuittan og akiærvl(a)usan fyrir mier og aullum kongsens vmbodsmonnum epter þui kongsens brefi sem minn herra kong hans gaf mier framazt vm obotamal og utlegder. hef ec og fvlla og alla peninga upp borid af adur greindum uigfuse ellendssýne so mier likar fyrir þetta hogg. þui gef ec benedict histen fyrr greindan uigfus under kongsens frid og kuitan og akæru(a)usan fyrir mier og aullum hirstiorvm Epter komendum hier epter. Og til sanninda hier um þa set ec mitt jnnsigle fyrir þetta kvittvnarbrief hvort er skrifad var á beszastodum manudagen næstan fyrir þollaksmessv vm sumarid arum epter gvds byrd þushundrud v hundrud og tuo ar.

582. 1. September 1502. á Reynivöllum.

VIGSLUMÁLDAGI Stepháns biskups í Skálholti um kirkjuna í Hvammi í Kjós.

Eptir afskrípt frá 1715 í vísitaziubók Borgarfjarðarprófastsdæmis

1) Hér hefir fyrst verið skrifað „næsta dag“, en það svo dregið út apr.

1705—1730 eptir transskripti gerðu á Reynivöllum í Kjós, 31. Marts 1670, og staðfesta þá Þóroðr Ormsson, Nafri Guðmundsson, Einar Egilsson, Haldór Sighvatsson, Jón Eingilbertsson og Jón Guðmundsson, og segjast þeir hafa fyrir sér „gamallt brief a pergament skrifad með hänganda skiertu Jnnsigli“, sem án efa hefir verið frumritið sjálf. — Landsbókasafn 107. 4^{to} bls. 401—402 með hendi séra Jóns Haldórssonar í Hitardal. — Í máldagabók Biskupsskjalasafnsins er örstutt ágrip máldagans (eptir bréfabók Sigurðar lögmanns Jónssonar).

Máldage Hvamskyrkiu í Kiós.

Vær Stefan með gudz náð biskup í skalholhti giorum godum monnum kunnigt með þessu voru öppu brefi. at í heidur við Gud fodr og¹⁾ son og helgan anda. sanctam Dei genitricem Mariam og hin heilaga Lucam evangelistam höfum vier vigt kirkiuna í Hvamme í Kiós með þeim maldaga at hún á vj kugilldi og¹⁾ Hvamsey með öllum gögnum og giædum. þar með skogartungu í Skorradal er liggr næst Reynevalla skógi upp fra. so og hofum vier leifi til gefit at þar se saman vígd hiön og born skird og konur í kirkiu leidlar þeirra manna sem þar eru heimilisfaster. þar skulu og takast heima tíunder og lysetollar bónda og²⁾ husfreyiu og allra þeirra manna sem þau halda á sinn kost. þar skal syngia annað hvern sunnudag þa at prestar fiolgaz og mögullig kennimanna skipun verður at forfallalæsu og giallda presti xij aura í kaupit. hofum vier skipat at kirkiudagurinn þar [skal vera halldinn³⁾ uppa sancte Lucas dag en syngia af honum næsta daginn⁴⁾ epter. hier með hofum vier⁵⁾ vigt þar likneski sancte⁶⁾ Luce evangeliste og gefum hverium xl daga aflåt skriptborina synda þa er þat er borit í processionem. edur í gagndogum. og þeim⁷⁾ goda hluti giora kirkiunne og í hvert sinn sem þeir fremia sína godgiorninga vit greinda kirkiu. Og til meirj sænninda hier um festum vier vort innsigli fyrir þetta bref er skrifat var a Reynevöllum í Kiós in festum⁸⁾ sancte⁹⁾ Egidij¹⁰⁾ abbatis a no domini M. v hundrud og ij ár.

1) sl. 107. 2) b. v. 107. 3) [skule halldast 107. 4) deige 107. 5) b. v. 107. 6) sancti 107. 7) þeir 107 8) festo 107. 9) sancti 107. 10) fyrir þessu nafni er eyða í 107.

583.

16. September 1502. í Miklagarði.

GRÍMR bóndi Pálsson geldr og lykr Gottskalk biskupi á Hólum tuttugu hundruð í jörðunni Hreiðarsstöðum í Svarfaðardal fyrir tuttugu og eitt hundruð, er hann varð biskupi skyldugr í útlausnir.

AM. Fasc. XXXVI, 5, frumrit á skinni. Öll (4) inusiglia eru dotta frá. — AM. Apogr. 3394.

Brief um xx^c i jorðunne reidarstodum.¹⁾

Þat giorum wier ion finbogason. oddur einarsson prestar holabiscupsdæmis. Magnus arnason. sæmundur simonarson leikmenn godum monnum kunnigt med þessu worv opau brefi at wier worum j hia saum oc heyrðum æ ord oc handaband þessara manna. wirduligs herra oc andaligx fodurs herra gotskalks med gudz nad biscups a holum af einne hallfu. en af annare grimss bonda pallsouar at suo firir skilldu ad nefndur grimur bonde pallsson galt oc luckte adur nefndum herra biscup gotskalke til fullrar eignar .xx. hundrud i iordunne reidarstodum er liggur i vrda kirkiu sokn j suarfadardæl. firir eitt hundrat oc xx^c betur er han vard honum skyllidugur j vtlausner. galt oc lukte adurnefndur grimur bonde pallsson wirduligum herra biscup gotskalke adurnefndan jardar part j reidarstodum med ollum gognum oc gædum hlutum oc hlunnendum sem fyr nefndre jorðu fyllger oc fyllgt hefer at fornu oc nyiu oc optnefndur grimur bonde pallsson oc jon willhialmsson er honum selde vrðu fremst eigande at. skall þratnefndur grimur bonde suara laga riptingum a fyr greindum jardar parte en optnefndur herra biscup gotskalk hallda honum til laga. Oc til sanninda hier vm heingium wier fyrnefnder prestar oc leikmenn wor insigle fyrir þetta bref er skrifat war j mycklagarde j eyiafirde fostudagin næstan epter krossmessu vm haustid anno domini M quingentesimo secundo.

1) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

584. 17. September 1502. á Kirkjubóll.

SÁTTARBRÉF Stepháns biskups í Skálholti og Björns Guðnasonar um garðinn Vatnsfjörð.

AM. Fasc. XXXVI, 8, frumrit á skinni með hendi Björns Guðnasonar í Ögri, og hefir aldrei verið innsiglað, hvernig sem á því stendr um svo áriðandi bréf.

Forlykunarbref Biskup Stephans og Biorns
Guðnasonar¹⁾

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra senda jon jonsson. kodran jonsson. ketell bavduarsson prestar. gvdini jonsson. uigfus ellendzson. jon ellingsson. loptr eyolfsson og arnor finnzson leikmenn. kuediu guds og sina kunnigt giorande. ad sub anno domini M d ii^o. faustudagin næsta fyrir krossmessu um hausted²⁾ under mula æ skalmarnesi. worum uær j hia saum og heyrdum æ ord og handaband þessara manna. herra stefans med guds nad biskup(s) j skalhollte af einre alfv. enn biarnar gudinasonar af annare. Faldetz það og skildetz vnder þeirra handabande adh greindur biorn gudinason giorde það j hlydni og audmykt uid biskupin og danda³⁾ manna tillavgr adh hann lofadi adh skilia sig uid gardenn allan vazfiord j jsafirde adh næstum fardavgum er kæme fyrir utan alla afending uid nauckrn mann huorcke lærdan edr leikan. suo og vnder saumu grein lofadi hann adh skilia sig uid aull kirkiufie þau sem kirkian þar ætte so mikil sem hann hafde heima æ gardenum teked og med þeim fridleika sem j kirkiunar maldaga stæde. so og uid kirk(i)unnar jarder. og alt annat það kirkian ætte jnañ sig og vtan. og skæl og skilrice være til ad hennar eign uære med brefum eða maldavgum. utan þau bref sem biorn hafde a gardenum feingit. sagdetz hann aungum afenda eða uid nauckurn mann sleppa nema uid olaf filpusson. skyllde greindr biorn gudinason huorcke taka nie taka lata þar epter nauckra þa tolla sem sagdri kirkiu tilheyra og eigi helldr landskyllder af kirk(i)unar jordum þar. Hier

1) Utan á bréfinu með hendi Eggerts lögmanns Hannessonar. 2) þ e. 9. Sept. 3) Svo.

med skyllde biorn gudinason fa biskupinum .lx. hundrada fyrir þær sekter sem biskupinum þotte hann uid sig brotligr ordit hafa. suo og heyrdu uær fyrr skrifader menn það vnder þeirra handaband skilit og biskupin lofa og samþykkañ verda ath optnefndr biorn gudinason skyllde mega hallda alla adra peninga þa hann hafde vmbod yfer teked af olafe filpussyne fyrir utan allt omak hindran edr nauckra þuingan af biskupinum til. suo skyllde sa reikningskapr ecki afl hafa. sem greindr biorn gudinason hafde adr giort sera grimi þosteinsyne kirkiunar uegna j uazfirde. so mætte hann ecki garden hallda og biorn gvdinason frialsliga mega aptur adh sier taka alla þa peninga sem hann hafde fyrir kirkiunar reikningskap sett. Hier med skylldu þeir alsattum satter. leyste biskupin biorn gudinason og kuittan gaf hann og hans menn og medfylgiara razmenn sueina og þionutzumenn og alla adra huerer helltz sem þeir være adh med honum hefde vered til nauckurs styrks rada eda hollutzu og af avllum þeim sektum og sakferlum sem þa woru til komnar med þeim og biskupinum þotte biorn og hans menn brotliger ordit hafa uid heilaga kirkiu og sig sierliga til greint v̄m adtavku halld og medferd a fyrrgreindum garde uazfirde kirk(i)unni og kirk(i)unar peningum þar. fra fysta er tittgreindr biorn gudinason gjorde þar nauckud med og til þess adh nu er. Og til sanninda hier v̄m settum uær fyrr nefnder menn wor jnsigli fyrir þetta sættargiordarbref skrifad á kirkiuboli j langadal á festum lanberti episcopi. á sama ære sem fyrr seiger.

585.

8. Oktober 1502. á Munkaþverá.

FINNBOGI lögmaðr Jónsson fær Gottskalk biskupi á Hólum til fullrar eignar jarðirnar Ásgeirsár og Lækjamót í Víðidal med þriðjungi af þeim peningum, sem stóðu med jörðunum, þá er Narfi Sigurðsson og Sigurðr Narfason luktu Finnboga þær, — gegn tilkalli og eignarorði biskups til Lögmannshlíðar í Kræklingahlíð.

AM. Fasc. XXXVI, 6, frumrit á skinni. Af 4 innsiglum er nú eitt fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 3395. — Í bréfabókum er þetta bréf sumstaðar ranglega árfært til 1506.

asgeirsaar bref¹⁾.

Þath giorum vier brodir Ğinar med gudz naad abbote a mwncapueraa. Guttormur nichulaasson og Magnus arnason godum monnum viturligt med þessu woro opnv brefe ath sub anno gracie millesimo quingentesimo secundo þridiudagin næsta fyrir mikelsmessu²⁾. a grvnd i eýafirde worum (vier) i hia saaum og heyrðum aa ath finnboge ionsson laugmann fleck verdugum herra biskup gottskaalke med handabande til fullrar eignar. friaals forrædis og laugligrar attecktar þridiungin i iordunum asgeirsaam og lækiamote er liggia i víjðedal í hwnauatzþinge med ollum þeim gaugnum og giædum eignum og itokum sem greindum iardar paurtum fylger og fylgt hefuer at fornu og nyu og hann war fremzt eigande ath og suo þridiunginn af ollum peningum fríjðum og ofridum sem stodu med greindum iordum þa narfe sygurðsson og sygurður narfuasson lucktu nefndum finboga laugmanni og teite þorleifs-syne greindar iarder og peninga epter þui sem þat bref wtvisar þar vñ giort er og teitur hefuer ath sier tekít. Þier i mot i sama handabande fleck og upplagde nefndur biskup gottskaalk finboga ionssyne laugmanni til fullrar eignar og friaals forrædis allt þat tilkall og eignarord er biskupina aatte edur eignazt maatte i iordunne laugmanzhlíð epter þui sem sira eireknr sumarlidasson hafde honum luckt og feingit og þau bref wt visa sem þar til heyra. Skillde biskupinn at sier taka greinda iardar parta. og suo wt heimta og til sin taka þa lausa peninga sem þar til heyra og fyrr skrifat er. Saumuleið³⁾ skillde og finboge laugman halda og at sier taka iordina laugmanzhlíð sem fyrr skrifat stendr. skillde huor halda til laga þeim iordum keypt hefde enn saa suara lagaríptingum er sellt hefde. Og til sanninda hier vñ settum vier fyrr nefnder menn vor jncigle fyrir þetta bref skrifuat aa munk-

1) Utan á bréfinu með gamalli hendi. 2) þ. e. 27. Sept. 3) Svo.

þueraa j eyafirde laugardaginn næstan fyrir dionisiþ episcopi et martiris gloriosi a sama aare sem fyrr seigir.

586. 9. Október 1502. í Stafholti.

STEPHÁN JÓNSSON biskup í Skálholti staðfestir skipan Vermundar ábóta frá 18. Marts 1406 og Jóns biskups frá 10. Marts 1410 um sóknaskipti milli Akra og Krossholts.

AM. Fasc. LXV, 17, transskript á skinni frá 1. April 1513. — JSig. 143. 4^{te} bls. 315—317 á pappir, skr. c. 1600. — AM. Apogr. 1671 (eptir LXV, 17). Sbr. DI, III, Nr. 585 og 608.

Domur og Bref fyrer krossholtz kirkiu þingum¹⁾.

Wier biskup stephan med gudz nad biskup j skalholtti giore²⁾ godum monnum kunnugt med þessu voru opnu brefi ad sub anno gratie [M. D. ij^o ³⁾ midukudaginn fyrir dionicio sociosque ⁴⁾ j hijtardal kom firir oss arnor finsson oc þorarinn stephansson med þaug bref oc maldaga sem þeir hefdu oc vottudu vm maldaga millum krossholtz kirkiu oc akra. beiddu þeir oss oc krofdu ad giora endilegann veg á j millum greindra kirkna vm þann skilnad sem þeirra var a millum vm þat huat huor þeirra skyldi taca til rentu af þeim bæum sem fyrir sunnan hijtaræ eru oc til krossholtz kirkiu liggia til tijunda. lögdu þeir fyrr greindir menn vndir vorn dom edur skipan ad hafa þat oc hallda. huor firir sijna kirkiu æfinliga sem vier dæmdum edur giordum hier vm greindra kirkna j millum bædi vm renttu af søgdum bæum oc suo vm afgialld fra økrum til krossholtz huorsu mikit þat skyldi giælldast arliga. Hofum vær jnnuirduliga skodat oc ransakat fyrr sagt bref oc maldaga sem þeir þar fram bæru huor fyrir sijna kirkiv. oc leist oss oc odrum prestum oc prelatum þeim sem vier til kølludum med oss bædi þau bref oc maldaga(r) s em þar voru vm giordir j morg-

1) Aptaú á transskr., og á við öll bréfin, sem í því eru. „Gamall domur vm maldaga milli Krossholtz og Akra Anno 1502“, 143. 2) Svo. 3) [M. D. ij^o, transskr. 4) þ. e. 5. Oktober.

um greinum oskialligir oc ei halldast mega vppa akra kirkiu huorki bref nie maldagar vtan þat bref sem giort hefur ver-
mundur aboti æ helgafelli þa hann var officialis heilagrar
skalholttz kirkiu huort ad greinir vm giord oc skipan eyrdz
biskups j skalholtti vors forverara oc flejri annara skalholttz
kirkiu formanna giordir oc skipaner huor epttir annann hef-
ur stadfest oc skipat vegna akra kirkiu sem sagt bref vtar-
meir innehelldur oc wtuijsar. suo oc bref biskups jonz skal-
holttz biskups þar med festu brefi vermundar abota. huer
allar adurgreindar skipaner oc giorder heilagrar skalholttz-
kirkiu formanna hier vm giordar sem j greindu brefi standa.
skipati oc giordi lögligar med sijnu brefi. ad þær skylldu
æfinlega standa oc obigduliga halldast sagdra kirkna j mille.
vndir wtsetnijng heilagrar kirkiu oc hennar sacramenta sem
sagt bref wtuijsar. Nu æ þvi ad oss leijst þesse bref skial-
lig og riettuiselega gior verit¹). giorum vier þau endiliga lög-
leg oc stødug oc obrygdiliga halldast skulu med ollum sijn-
um greinum oc articulis. þvi ad heilags anda nad til kall-
adri giordum vier þa skipan æ med fullum lagawrskurdi ad
af øllum þeim bæum sem fyrir sunnan kallfalæk eru oc til
krossholttz kirkiu liggia oc suo heita kalfalækur. skjydzholtt.
hamrar. laxarholtt. skutilsey. vogur. hualseyar. oc eyriks-
stadir. jsleifarhus skal af øllum þessum fyrr skrifudum bæum
gialldast allir lysitollar til akra kirkiu æfinliga hier epttir.
enn af øllum bæum fyrir sunnan hijtara þeir sem til kross-
holttz kirkiu liggia skal jafnan færa lijk til krossholttz þa
þangat er vel færtt ad frá teknum eiriksstodum. jsleifarhus-
um oc hua(l)seyum. ef þar er bued. enn þa til akra ef þang-
at er ecki vel færtt. skal helmijngur af þeim hlunnindum sem
lijkunum fylgia. gialldast til akra æfinliga hier epttir huortt
sem færd eru oc suo skal alldri gialldast fra økrum til kross-
holttz meira en vj aurar arliga. skulu bændr af greindum
bæum fyrir sunnan kalfalæk hallda kirkiugardi vm akra
kirkiu. skal þeim oc rett ad sækia tijdir til akra æ ollum
helgum dogum vndan teknum enum stæstum hætijdum. skal

1) vera 143.

Þesse vor giord oc wrskurdur æfinliga standa hier eptir vm alldur oc æfi greindra kirkna j millum fastur oc stödugur enn huerr hann ryfur eda hier j moti giorir. þa skal hann falla j bann oc vera vtsettur af heilagri kirkiu oc hennar sacramenttis oc allir þeir er þa skipan hallda oc hylla er hier æ mote wottar. Suo oc hefum vier dæmtt oc wrskurdad oll þau bref oc maldaga sem hier æ moti votta onýt oc ad øngu halldandi. huortt það er vm sagda liostolla eda meira afgialld en fyrr skrifat er.

var þessi vor domur oc wrskurdur af oss sialfum innsigliadur oc jnn scriptis fram borinn j greindri hijtardals kirkiu. oss j domz sæti sitiandi morgum godum monnum nærverandi oc oz samþýckiandi. sigurdi jonssyne oc helga jonssyne officialis. Einare snorrasyne. magnuse bardarsyne. Einare jonssyne oc katli bøduarssyne prestar. huorir sin jnnsigli med voru jnnsigli settu fyrir þetta domzbref oc wrskurd. skrifat j stafholhti j borgarfirdi sunnudaginn næstan fyrir calixtusmesso á sama duri oc fyrr seiger.

587.

11. Oktober 1502. undir Staðarfelli.

28. Janúar 1503. á Staðarhóli.

GUÐLAUG Finnbogadóttir selr Sturlu Þórðarsyni bónda sínum jarðirnar Ingvildarstaði, Reyki og Daðastaði á Reykjaströnd við Skagafjörð fyrir hálf Staðarfell á Meðalfellsströnd með fleirum atriðum, er bréfið greinir.

AM. Fasc. XXXVI, 10, frumrit á skinni með öllum (4) innsiglium.

Felzstrandar bref.

fyrer Jngvalldarstodum og Dadastodum.

Þath gerum uær halldor prestr týrfingsson sigurdr narfa-
son biorn jonsson ok gudmundr þolleifson godum monnum
uiturligt med þessu uoro opno brefi at arum epter guds burd
.M. d. ok ij. ar þridiudaginn næsta epter fides uirginis et
martiris¹⁾ j badstofunne under stadarfelle a medalfellzstrond

1) þ. e. 11. Okt.

uorum nær j hia saum ok heýrdum á ord ok handaband þessara manna af einne alfu ærligs dandimanz stulla bonda þordarsonar. enn af annare hans dandi kinnu gudlaugar husfreyio finnbogadóttir at suo fyrir skildu at fyr greind gudlaug husfreyia selde stulla bonda sinum. þriar jarðer er hun atte á reykiastrand j¹⁾ kirkiv sokn ok suo heita jnguelldarstader reyker ok dadastader med ollum þeim gögnum ok gædum sem greindum jörðum fylger ok fylgkt hefer at forno ok nýio ok greind gudlög husfreyia vard fremst eigandi at. hier j moth gaf fyrr skrifadr stulli bondi halfa jordina stadarfell á medalfelzströnd med sama skilordi. en þat sem fyrr skrifadar jarðer ero dýrre enn halft stadarfell skýlði gud'aug husfreyia eignast sma jarðer af bondans jörðum þeim sem hier ligia á felzströnd. Enn ef gud kalladi stulla bonda fyrr af veröldinne enn optskrifada gudlögu husfreyio þa skyldu hun hafa uald yfer ollom gardinvm ok jorðunne stadarfelli suo leingi sem hun lifer leigulaust. jtem skildi bondin stul'i suo fyrir j fyrr skrifudu jarda-kaupi. ef gud uildi suo skipa at ecki være hiner some beggia þeirra erfingiar stulla bonda ok gudlaugar husfreyio þa skyldu hans erfingiar aptr leysa alla fyrr skrifada jörd stadarfell vnder sig epter hana davda enn g'iallda hennar erfingium adrar jarðer jafndýrar. jtem lýsti stulli bondi mala gudlaugar husfreyio sinar j sín gard. ccc. hundrada ef hvn lifer honum leingur. Enn halft þridia hundrat hundrada ef hann lifer henne leingr.

for allr fyrr sagdr gerningr fram med fullv handabandi.

Ok til sanninda hier vm festum vær fyrr skrifader menn var jnsigle fyrir þetta bref skrifat a stadarholi j saurbæ festum agnetis secundo are sidar enn fyrr seiger.

588.

16. Oktober 1502. á Skinnastöðum.

MAGNÚS JÓNSSON selr Gottskalk biskupi og heilagri Hóla-

1) eyða fyrir nafninu í frbr.

kirkju til fullrar eignar jörðina Sveinungsvík í Þistilsfirði og þar með tíu hundruð, gegn því, að biskup taki Jón son Magnúsar níu vetra gamlan til uppfæðis og lærdóms með því skilordí, er bréfið hermir.

AM. Fasc. XXXVI, 4 frumrit á skinni. Af 5 innsiglium eru nú tvö fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 3393.

Brief um Sveinungsvíkj¹⁾.

Þath giorum vier gudmundr prestr olafsson. magnus arnason. narfi benedictzson. jon andresson. og asgrimr hallsson godvm monnum kvnnigt med þessv vorv brefi. at svb anno gracie M^o d^o ij^o. a skinnastodvm j auxarfirdi. a fimta daginn næsta epter bartholomeusmessv²⁾ vorum vier hia. söðvm og heýrdvm æ ord og handabard. virduligs herra biskups godskalks og magnvsar jonssonar. at sua fyrir skildu. j fýstu at magnus jonsson selldi med handabandi biskup godskalk og heilagri hoola kirkiv til fvllrar eignar og frials forrædis jordina sveinvngsvíjk er liggr j svalbardz kirkiv sokn j þistilsfirði. med ollvm þeim gögnvm og giædvm. sem greindri jordv fylger og fylgt hefer at fornv og nyiv og hann hafdi fremzt eigandi at ordith. og þar med .x. hvndrvth. hier j mot lofadi biskup godskalk at taka til sín son magnusar jonssonar. er jon heiter. ix. vetra gamlañ. til vppfædis og lærdoms og at fa fyrir hann leyfi af pafaligv valldi til at verda prestr og þar epter lofadi hann at vigia hann til prestz og veita honum eitthvert beneficvm. skýlldi þessi giorningr og lofan standa obrigidiliga fyrir hvorra tveggia hond hverr sem kirkivnnar formann kýnne at verda. at sveinninn skýlldi sitt frialsmannligt vppfædi fa matar og klæda. þar med lærdom og vigslvr. ef hann endiz til. en ef hans kynne vid at missa þa skýlldi þo kirkivnnar eign jordin og peningarner. lofadi biskupinn ogh at giefa sitt bref og junscigli vpp æ vm sveinsins framfæri. lærdom og vigslvr. sva at þat mætti sýnazt at biskupsstolnvm ef biskupsins kýnne vid at missa. Skyllði þessi greind jord sveinvngsvíjk greidazt og gialldazt þa biskupinn villdi og piltr-

1) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. 2) þ. e. 25. Aug.

inn er æ framfærid kominn. en þav .x. hvndrvd sem þeim fylgia. skyldi magnus giallda þa hann mætte vel vid kom-
 azt og hvorvm tveggivm væri hentiligt. at af skildvm koppl-
 vm. þier til lofadi greindr magnus enn .x. hvndrodvm. og
 giallda þa vt er honum veri hægt vm. en ef magnus kÿnne
 fyrr fra at falla en þessir peningar væri gollðner edr greidd-
 er. þa lofadi hann at lýsa fyrir vottum hvad epter stædi
 ogollðith af greindvm peningvm. Skyldi títt nefndr magn-
 us svara lagariptingv æ opt nefndri jordv sveinvngsvík.
 en biskup edr kirkivnnar vmbodsmadur hallda til laga.

Ogh til sanninda hier vm settum vier fyrr nefnder menn
 vór jnnscigli fyrir þetta bref giort æ skinnastodvm j oxar-
 firdi. æ svnnvdaginn næsta epter calixtusmessv. æ sama dÿri
 sem fyrr segir.

589. 31. Oktober 1502. í Steinsholti.

ÁREIÐARGERÐ og landamerkjaskipan Þorvarðs lögmanns Er-
 lendssonar milli jarðarinnar Nups í Eystrahrepp og jarða
 staðarins í Skálholti (*varhugavert bréf*).

AM. Apogr. 1967 „epter transcripto æ pappir hia Vigfuse Jonssyne
 æ Leyrá. Eg efast um þessa brefs rigtugheit. Það synest vera smid-
 ad ur öðru areidarbreffe. sem öðruvis hafe vered“ (Árni Magnússon).

Þeim góðum mönnum sem þetta brief sia edur heýra
 sende eg Þorvardur Erlendszson lögmann sunnañ og aust-
 añ á Jslande kvediu Gudz og sijna¹⁾. kunnugt giðrande ad
 þa lided var frá hingadburd vors herra Jesu Christi M. d.
 og ij dÿr laugardægenn næstañ fyrer allra heijlagra messu
 vñ hausted²⁾ i Skalhollte i biskupstungum kom Stephan
 med Gudz ráðd biskup i Skalhollte fyrer mig og beidde mig
 og krafde vppa laganna vegna ad rida á landamerke j mill-
 um Nups i austrahrepp og staðarjardanna i Skalhollte. suo
 sem logboken giðrer ráðd fyrer. giorda eg og so ad eg reid

1) Svo. 2) þ. e. 29. Okt. (1502).

á þesse somu landamerke med morgum gödum mönnum med mior tilkolludum s(ira) Einare Jngemundarsyne er þa var ráðzmadur i Skalhollte. Gudmunde Einarssyne suðrnum logriettumanne. S(ira) Teite Þorsteinssyne. Blasius Ormssyne og þessum bændum og gödum mönnum med ríjdande Erlende Sigvatssyne er so latande eid só: fyrer mior i Steinshollte J eystra hrepp manudægenn næstañ fyrer allra heilagra messu um hausted¹⁾ er eg beidda hann og krafde ad bera riett vitne og satt sem hann vilde sveria effter. er hann giörde so ad hann firnefndur Erlendur var þar nær og heirde sira andres arnason þui lisa fyrer sier ad þau landamerkia bref sem hann hafde i mille Nups adurnefndz og stadarens jarda skyllde hann brenna og þau være betur brend og frelsa so sál födurs sins. Soru og þriyr bændur þeir er þar voru Ellster menn og leingst vered og þar leingst bued. so latande bokareid Gunnar Biarnarson er sig reiknade siötugur mann ad alldre edur betur. Þorkiell Sigvatsson lx. vetra edur betur og Marckus magnusson. ad þeir vissu ej annad sannara fyrer Gude (enn) ad stadur enn i Skalhollte og stadarens jarder ætte ur Hellnahollte og ofañ i Kietelhól. og so sionhending i Diaknastein fyrer nordañ Diaknapoll og riett-syne i Þiörsaa. Skipade og firnefndur þorvardur logmann so felld landamerke Effter þad vestur i lækenn er fellur fyrer austañ tuned á hamarsheide. skipade eg firnefndur þorvardur lögmann so felld landamerke effter þrattnefndra manna sögn er á ridu med mior millum Nups og ása ur vordunum og nordur i lækenn ur vordunne og fram i Sigmundarskard ur Sigmundarskarde og fram i Steinkiered og ofañ i Steinkiered annad og rettsine ut i kaldá. So og var eg þar nær þorvardur lögmadur i Skalhollte og fleijre menn adrer ad sira Einar Jngemundarson handfeste biskup Stephane so felldañ vitnesburd ad hann hefde heyrt goda menn seigia fyrer sier ad nupur ætte ej leingra enn ur steinkierinu og i grafernar fyrer nordañ Skafft. ur grofunum og i skogar-götu fyrer austañ Skafft. Ad so prófudu og fyrer mig komnu

1) p. e. 31. Okt. (1502)

og tilkolludum þeim bestu dandismönnum er hið mier voru og mier samþickiundum i dömsæte sitiande sagda eg i Gudz nafne dö^m¹⁾ med fullum laga urskurde þau sömu landamerkiabrief er Páll Teitsson synde mier og þar vöru lesiñ ð landamerkiastefnunne önytt og ad aungvu halldast eige. þui þar briefeñ hallda sogn enn aungvum²⁾ swardaga nema firnefndur Páll Teitsson láte sveria innöñ tueggia manada ad heyrdum urskurdenum fyrer lögmannenum Þorvarde Erlendzsyne tuð lögleg vitne ad Nupur hafi átt þesse þrattnefnd itok i stadarens jarder.

Samþickte þennañ minn urskurd adurskrifadur biskup Stephan og sette sitt Jnsigle med minu Jnnsigle fyrer þetta urskurdarbrief skrifad sama stad og dag sem fir seiger.

Þetta firskrifad brief er riett coperad og samañlesed effter þeirre logmans áreid sem Erlendur biarnason i asum hafde. og til merkis setium vid ockar handskriffter hier vnder. ásum 1665. 2. Jan.

Thordur Sturlason Ellendur biarnason
Eh. meh.

590. 3. Nóvember 1502. í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti selr Þorvarði lögmanni Erlendzsyni jarðirnar Árbæ, Fossnes og Þórisstaði í Ölvesi fyrir jarðirnar Traðarholt og hált Langholt í Flóa.

AM. 232. 8vo bl. 119 a—b (Bréfabók Gizurar biskups í frumriti 1540—1547). — AM. 266. Fol. bls. 109—110. — AM. Apogr. 2794.

gamallt kaupbref fyrir jordum minum³⁾ j auluesi.

Þad giaurum uier arne snæbiarnarson abote j vider. sira Çinar ingemundarson radzmadur j skalholhti. sira augmundr Palsson kirkiuprestr j Schalholhti godum monnum viturligt med þessu voru opnu brefi at þa er lidit uar fra gudz burd .O. d. og ij ár j Skalholhti j biskupstungum j skrudhusino fimtudaginn næstan epter allra heilagra messo vm veturinn uorum uier i hia saum og heyrdum á ord og

1) Svo; rétt: amen. 2) Svo. 3) þ. e. Gizurar biskups.

og handaband þessara mauna ærlegs herra Stephans med gudz nad biskup j schalholhti. og þoruads Erlendssonar laugmannz sunnan og austan á jslandi at suo fyrir skilldu at greindr biskup Stephan selldi þorvarde erlendssyni arbæ og fossnes fyrir .xxx. c. þorestade þar næsta .xc. er liggia j auluesi j arnarbælis kirkiusokn. til fullrar eignar og frials forrædis med aullum þeim gaugnum og gædum sem greindum jordum fylgia og fylgt hefir ad fornu og nyio og hann vard fremst eigandi at bædi sinna uegna og stadarens j schalholhti j mid merki edr garda til motz uid þa sem laund eiga utan og sunnan næst greindum jordum. Hier j mot gaf fyrr greindr þoruadr Ellendzson adr greindum biskup stephane jordina tradarholtt fyrer xxxc. er liggr j stockseyrar kirkiusokn og .xx. c. j halfu langholttino j floa. er liggr j hraungerdis kirkiusokn til fullrar eignar og frials forrædis med aullum þeim gaugnum og giædum. sem greindum jordum fylger og fylgt hefir at fornu og nyiu. oc hann vard fremzt eigandi ath. Hier til fyrr nefndra jarda skylldi biskup Stephan gefa þoruardi Ellendzsyni .x. malnytu kugillde edur aunnur .xc. þau þeim semði. rida æ landamerki jnnan xij manada sem laugbok giorer ræd fyrir. Suo og skylldi huor þeirra eignast fe það allt er þar finzt j iordu edr á. og ecki yrði laugligir eigendr at. skyllde huor hallda þeirre iordu til laga er keypti enn suaræ lagariptingum á þeirri er selldi.

Samþykte med jayrði og fullu handabandi þessir fyrnefndir menn abote arne. sira Einar og sira augmundur þetta jardakaup vpp á kirkiunnar vegna. staudugt og obrigdulegt. það fremzta þeir mattu med laugum giora. og settu sitt juncigle med þrattnefndz biskup stephans juncigle fyrir þetta jardakaupsbref. er giort var j sama stad. deigi og áre sem fyr seiger.

591.

5. Nóvember 1502.

í Skálholhti.

STÉPHÁN biskup í Skálholhti gefr Þorvarði lögmanni Erlends

syni fult umboð til þess að ríða á rekamörk og landamerki milli kirkjueigna Viðeyjarklaustrs og Staðarstaðar í Grindavík.

AM. 238. 4^{to} bl. 16—17, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Vær steffan með gydz nad biskup j skalholli giore¹⁾ godvm monnvm vitvrligtt með þessv vorv opnv brefi at vier hofvm gefid Þorvarde Ellendzsyni logmanne sunnan oc avst- an æ Jslandi fvlitt oc allt vmbod til at rida æ rekamork oc landamerki æ millvm kirkiv eigna klavstrsins j Videy oc Stadar stadar j Grindavik með þeim godvm monnvm sem hann vill til kalla með sier oc giora orvgtt skiptti j mill- vm sagdra kirkna epter því sem þeim synizt riettazt fyrir gyde oc monnvm oc maldagabækurnar æ greina.

Oc til sanninda hier vm settvm vær vortt insiglle fyr- ir þetta bref skrifad j skalholli in profesto sancti Leonardi abbatis et confessoris anno domini M. d. ij. ar.

592.

29. Nóvember 1502.

á Hólum.

Dómr klerka útnefndr af síra Eiriki Sumarliðasyni í umboði Gottskálks biskups um kærur biskups til Þórðar Þórðar- sonar, Hallvarðs Jónssonar og Auðunar Sigurðssonar.

AM. Fasc. XXXVI, 3, frumrit á skinni. Af 7 innsiglum eru nú 2 fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 3392.

Domur B(iskups) Gottskalks um Þord Þordarson Hallvard Jonsson og Aunund(!) Sigurdzson²⁾.

Þat giorvm wer hallvardur biarnarson þessi jonsson petur palason þorsteinn ketelsson steingrimur þessason prest- ar holabiskupsdæmis ok jon þorvardzson messvdiackn [ens sama stadar³⁾] godvm monnum viturligtt með þessv vorv opnv brefi þa er lidet var fra hingatbvrð vors herra jhesv christi þvsvnd fimm hvndrvd ok tvo ar j vidvik j vidvikar-

1) Svo. 2) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. 3) með morauð- ara bleki, en álika gamalli hendi og hitt.

sveit manvdagenn næstan fyrir marteinsmessv vñ havsted¹⁾ vorvm vær j dom nefnder af eirike preste svmarlid^ssyne er virðvligur ok vor andalegur fader herra gottskalk med guds nad biskup æ holvm hafde sitt vmbod feinget at dæma vñ þær ækiærvr sem biskupenn kærði til þeirra þordar þordarsonar ok hallvardz jonssonar avdvær sygurdssonar ok stefnvær jñne hallda. j fyrstv dæmdum vær allar stefnvær logligar ok þær riðtilega fyrir kallada. kendvst þeir avdvñ ok hallvardur sinar stefnur þær fyrir oss enn stefnan þordar þordarsonar var þær svariñ af tveimur skialligvm vottvm. j annare grein dæmdvm vær af fyrr nefndvm þordi þordarsyne mork j stefnvfall nema hann syne loglig forfall at hann matte ecke koma eda hans logligur vmbodsmadur. enn j þriðiv grein dæmdum vær oll þessi mal j næstv presta-stefnv til biskupsins vnder þann dom sem hann þær yfer seiger eda vt nefner nema biskupin vile þordi þordarsyne aunan dag tilsetia ok alla þessa adurgreinda menn skylliduga þær ad sværa sem logliga stefnda. enn þvi dæmdvm vær so ad oss litvz ðll þessi mal hæri ok meiri enn vær treystvñzst yfer at tacka ok svmeleg nokvd so faheyrd. enn vñ þord þordarson leizst oss þat nærri logvñvm ad hans profum væri ollum fyrirskotted nema biskupenn vile meire nad til gefa vpp fra þvi hann kom eki j sagdan stefnudag an forfalla.

Var þessi vor domvr vpp sagdur j sama stad ok ar sem fyr seiger.

Ok til sanneñda hier vñ settvm vær fyrr skrifader prestar vor jncigle fyrir þetta domsbref skrifat æ holvm j hialttadal þriðivdaginn næstan fyrir andrieassmessv æ sama are sem fyrr skifat stendvr.

593.

[1502].

BRÉF Stepháns biskups Jónssonar til ónafngreinds frænda

1) þ. e. 7. Nóv.

Lénarðs fógeta um gjöld og aflausn og kirkjuleg fyrir „svodan stórbrotamann“ sem Lénarðr var.

AM. Fasc. LXIV, 24. Það, sem stendr hinumegin á skinnblaðinu, er frá 1497; frá því ári getr þetta þá ekki verið, en alt er þetta úr bréfabók Stepháns biskups. Espólin árfærir dráp Lénarðs fógeta til 1502, og önnur hönd er á þessu en því, sem stendr hinumegin á blaðinu. Lénarðr hafði gert ýms spellvirki og sezt á Arnþæli í Ölfusi, en Torfi í Klofa fór að honum og drap hann.

Enn af því að oss oc morgum godum monnum er kun[igt] j hver[su] morg brot greindur lienard hefer fallit vid eud heilaga kirkiu oc oss epter því sem vær sialfer sogdum honum j vor.

jn primis um vid oc adra þa hluti sem hann hefer halldit fyrir heilagri kirkiu oc oss þvert j moti vorum vilia. jtem um mannslagit j vetur.

jtem um misþyrming vid brodur arna slaandi hann til mikilla meizdzla a sialfan paschadagin j vor. oc hefer hier j avngva lausn fyrir tekit sem honum ber oc vm þat fleira sem vær kvnnvm icki¹⁾ j þessv sinni allt ad greina. Enn saker þess ad þer ervd nv hier j landit hans nanaztur frændi þa vilium vær vita vt af ydur hvor[t] þier vilit giora nægiv heilagri kirkiu oc oss j bot oc betran fyrir brot adr nefnds lienardz vt af þeim peningum sem hann hafði medferdiss epter því sem dandi monnum þikir möguligt. en vær giorvm þa af vorum parti vm lavsn oc adra hluti sem til standa epter því sem skialigt þikir. sierlega vm kirkiuleg kvnnvm vær icki¹⁾ minni tænad²⁾ ad taka uppa heilagrar kirkiu vegna en þriatigi c j betran fyrir svodan storbrotamann. til þess ad hann fai kirkiuleg.

594.

1502.

VÆDMÁLAREIKNINGR Skálholtsstaðar.

AM. Fasc. LXIV, 25, minnisblöð Stepháns biskups á skinni.

1) Svo. 2) mjög óljóst; kynni og að mega les: „giolld uid“.

Datum et cetera Ɔ d. ij. ár.

Jtem Ragneide j hofda. viij. alnar vadmóals.

Jtem joni austfirding. viij. alnar.

Jtem magnusi þordarsyni. iij. alnar.

Guttormi narfasyni. v. alnar.

þorkele vilialmssyni. iij. alnar.

joni diakna sigurdssyni. iij. alnar.

Fataekum. ij. alnar.

Joni gudmundzsyni. viij. alnar.

Matteus. vij. alnar.

Jtem Oddi brandzsyni uod.

þorleifi hafidasyni broka uadmal.

þorlaki brokauadmal.

Br. nde jonssyni brokauadmal. oc iiij. alnar til hempu.

Joni þoruallzsyni til broka.

Joni jonssyni til broka.

ix. monnum ileguvadmal. vij. alnar. huerium ij^{ur}.

Kautlu skalakonv iiij. alnar.

þorsteine þorl(e)ifssyni. ij. alnar.

fiorar alnar joni tumasyni.

Hóalfa fiordu alin sigurdi henrekssyni.

Siguate þordarsyni. xij. alner vadmals.

Jtem vod uadmals logmanninum.

Jtem joni eirekssyni. viij. alnar.

Jtem olafi mikelssyni. viij. alnar vadmals.

Godmundi a spoastodum. vj. alnar uadmals.

Helga jonssyni halfa. vj. aliñ vadmals.

Jtem hafde biskupinn. vij. alner uadmals.

Sera augmundi. xij. alner uadmals.

gudrunu olóúfsdottur. vij. alnar.

Matteus þoruardssyni halfa adra alin.

Sera katle. viij. alnar.

Sera augmundi xvj. alnar.

Sera joni. viij. alnar.

Jtem iij. messudiaknum sinum. iiij. alnar huerium.

Joni austfirding brokauadmal.

Halldori litla. iiij. alnar vadmals.

Steini halfa fimtu alin oc ellende litla halfa. v. aliñ.
 helgu asmundzdottur. vj. alnar vadmals.
 þorsteini þorleikssyni brokauadmal.
 Joni kalek brokauadmal.
 þorleifi snorrasyni [vj. alnar¹⁾
 þoruarde diakna iiij. alnar.
 valgerde. tæpar. ij. alnaralna.²⁾
 helga. v. alnar.
 Jtem þorsteini diakna. brokauadmal.
 þorleifi diakna. vij. alnar vel.
 Margretu systur biskupsins. v. alnar.
 vij. alnar grimi.
 Brokauadmal þordi hestamanne.
 þorsteini j botni. vvj.³⁾ alnar.
 arngrimi .viiij. alnar.
 Helgu⁴⁾ guttormssyni. vj. alnar.
 gudlaugi .vj. alnar.

595.

1502.

MÁLDAGI Norðtungukirkju í Þverárhlið. -

JSig. 143. 4^{to} bls. 330 á pappir skr. c. 1600 (Garðabók)

nordtunga aptur.

Anno domini M^o. d^o. ij. var kirkian j nordtungu gjaurd
 firir xiiij^e suo sem asmundur jonsson hafdi latid giora hana
 vpp enn adur hafde hinn forne kirkiuidurinn verid gjaur
 firir iij merkur.

596.

27. Marts 1503.

á Munkaþverá.

EINAR ábóti á Munkaþverá selr Guðmundi Þorleifssyni jörð-
 ina Ásgeirsvöllu í Skagafirði fyrir jörðina Tjarnir í Ljósa-
 vátNSSkarði.

AM. Fasc. XXXVI, 15, frumrit á skinni, og hafa aldrei fyrir því

1) [tvískrifað. 2) ala, hdr. 3) þannig. 4) þannig.

verið fleiri en fimm innsigli, sem nú eru öll dottin frá. — AM. Fasc. XXXVI, 16, annað frumrit á skinni, og hafa fyrir því verið átta innsigli, sem nú eru öll dottin frá. — AM. Apogr. 3030.

jardakaupsbref fyrir tiornum¹).

Þath giorum wier finboge prestur einarsson. Stulle magnusson. jon finbogason. hallr ellendzson²). hallr asgrimsson. einar olafsson ok sueinn³) eiriksson godum monnum viturligt med þessu woro opnv brefe sunnudagin næsta epter anuñci(aci)onem sancte marie a munkapueraa j eyafirde þa er lidit war fra hingadburd wors herra ihesu christi þushund⁴). v. hundrut og iij aar worum wier i hia. saaum ok heyrdum aa ord ok handaband herra einars abota a munkapueraa med samþycki sina conventubrædra af einne alfw ok gudmundar þorleifssonar af annare. at suo fyrir skilldu at herra einar abote selde gudmunde þorleifssyne iordina aarsgeiruollu⁵) i skagafirde er ligger i reykia kirkiu sookn til fullrar eignar ok frials forrædis. med ollum þeim⁶) gaugnum ok giædum eignum ok itaulum sem greindri iordu fylgir ok fylgt hefer at fornu ok nyu ok klaustrid a mwnkapveraa ward fremzt eigande ath. þier imot gaf aadr nefndr gudmundr iordina vestri tiarner j liosavatzskarde er liggur i haals kirkiu sokn. med ollum þeim gognum ok giædum sem fyr greindri iordu fylger ok fylgt hefuer at fornu ok nyu ok hann [oc hans fader⁷) ward fremzt eigande ath. til fullrar eignar ok friaals forrædis abotanum ok klaustrinu a munkapueraa ok þar til iiii malnytu kwgillde ok iiii hundrut i þarfigum peningum. skilldu⁸) huoru tueggju⁹) hallda til laga þeirre jordv¹⁰) er keypte. enn suara laga riptingu¹¹) aa þeirre er selde.

Ok til saninda hier wm settum wier fyrr nefnder menn wor incigle med conuentubrædra incigle fyrir þetta

1) Utan á XXXVI, 16, með gamalli hendi. 2) ok, b. v. XXXVI, 16. 3) sueinn (!) XXXVI, 16. 4) þvshvndrat XXXVI, 16. 5) XXXVI, 15; asgeirsvöllu XXXVI, 16. 6) sl. XXXVI, 16. 7) [sl. XXXVI, 16. 8) XXXVI, 15; skyllði XXXVI, 16; 9) tveigiv XXXVI, 16. 10) b. v. XXXVI, 16. 11) riptingvm XXXVI, 16.

breff. Skrifuaf j sama stad [ok aare degi sidar enn¹) fyrr
seigir.

597. 17. Apríl 1503. í Skálholti.

STEFHÁN biskup í Skálholti samþykkir og staðfestir mál-
daga Ásskirkju í Borgarfirði, er Sigvarðr biskup hefir gert,
og Goðsvin biskup og Sveinn biskup höfðu áðr samþykkt.
(Nr. 2).

Eptir afskript í visitaziubók Borgarfjarðarprófastsdæmis 1705—
1730, staðfestri eptir frumritinu á skinni 23. Nóv. 1710 í Reykholti af
Hannesi prófasti Halldórssyni og þremur öðrum. Sbr. Nr. 2 að framan.

Vier stephan med guds nad biskup i skalholtti giorum
góðum monnum kunnugt med þessu voru opnu breff ath
vær samþykkium. stirkium og staðfestum þann sama mal-
daga kyrkiunnar i asi i borgarfirde sem sigvardur biskup
vor forverari i skalholtti hefur giort um ádnr greinda kirkiu
i ase og suo er latandi sem þessi skrd. ut visar er hier er
med fest þessu voru breff og foruerarar vorer i skalholtti
biskup gotsuin og biskup sueiH godrar minningar hafa skip-
at stirket og staðfest. epter þui sem þeirra breff þar um
giórd ut uisa. og hier er somuleidis med fest þessu voru
breff. Og til sanninda hier um settum vær vort insigle fyr-
ir þetta breff skrifat i skalholtti hinn v dag paska anno
domini M^o d^o tertio.

598. 29. Apríl 1503. á Helgastöðum.

DÓMR útnefndr af Finnboga lögmanni Jónssyni um ferjan
og félegheit Torfa Finnbogasonar fyrir það, er hann varð
að skaða Þórði heitnum Brynjólfssyni.

AM. Fasc. XXXVI, 11, frumrit á skinni. Af 13 innsiglum eru 5
fyrir bréfinn. Bréfið er með hendi Finnboga lögmanns.

1) [XXXVI, 15; deige ok aare sem XXXVI, 16.

Um Torba Finnbogason

hann dæmdur fridhelgur til kongsins nada.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra senda magnus þorkelsson. einar einarsson. biorn einarsson. petur thomasson. hauskuldr runolfsson. gamli þorsteinsson. eirekur juarsson. sigurdur sueinbiarnarson. audun sigurdzson. ion þorlaksson. jon magnusson og biarni jonsson. Q. G. og sina¹⁾ ad sub anno gracie .M^o. d^o. terció a laugardagin nesta fyrir festum philipi et iacobi a helgastaudum j reykiadal a þingstad rettum norum uier j dom nefnder af erligum manni finboga ionssýni laugmanni nordan og uestan á islande ath rannzsaka skoda og dom á ath leggja um þau bref og skilriki er þar fram̄ kuomu a uegna torfua finbogasonar ok²⁾ um hans ferian og feligheit fyrir það sakfelle. er greindr torfui hafde oforsýniu j fallit. þa hann uard ath skada þorde heitnum brýniolfssyne. kom þar fram̄ j fyrstu tolf manna doms bref suo hliodanda ath á laugligu aurfarþingi hafde fram̄ komit med suaurdum bokar eidum uiglysing og nattstadr fyrnefnzs torfua upp á adrnefnt sakferli og mannskada og þessi sama viglysing uar dæmd med aullum sinum greinum lauglig og fullmeztug efter laugbokarennar ordum bædi utan landz og innan. kuomu þar fram̄ aunnur bref under godra manna inciglum ath erfingiar og eftermalmenn þordar brýniolfssonar haufdu giort fullkomna satt med þrattnefnadan torfua upp a þetta fyrnefnt manslag og sakfelle med akuednum botum og borgan fyrir settum luktum og afhentum giolldum og gridasaulum efter skrifudum skildaugum med gefnum gridum og handselldum af erfingium og eftermalmonnum titnefnzs þordar sem fyr skrifath er med aullum þeim greinum og skildaga sem laugmalid skipar og skýrer ath grid eigu fyrir manslag ath gefazst og giorazst efter laugum. kom og fyrir oss ath þrattnefndr torfui hafde komizst a kirkiunnar nader lausn tekid skript halldit fyrir tittnefnt sakferlli. suo og hafde torfi feligan dag af kongsins uallde. og suo full borgan sett

1) Svo. 2) Svo fullum stöfum hér.

fyrir kongsins þegnillde og kirkiunnar sakeyre. birtizst og fyrir oss huer uorkunn nefndum¹⁾ torfua dro til þessa uerks. Nu fyrir þan skulld ath þrattnefndr torfui hafdi a kirkiunar nader komizst lausn tekit satt giorfua grid þegith þetur golldit dag feingit og bodum milli komit badi uit kongdominn og erfingiana efter þui sem fyr greind bref og skilriki þar um giord ut uisa. þui dæmdum uier fyrnefnder domsmenn med fullu doms atkuæde opptnefndan torfua finbogason fyrer þetta tittnef(n)t mannslag og sakfelli feligan og fridhelgan fyrir huerium manni huar hann kann fram koma. flytianda og feriana ut af landet under uors nadig herra kongsins landzsustar giof efter þui sem laugin utuisa. Og til sannenda hier um settum uier fyrrgreinder domsmenn uor incigli fyrir þetta domsbref giort²⁾ var i sama stad deige og are sem fyr seiger.

599.

29. Apríl 1503.

á Helgastöðum.

FINNBOGI lögmaðr Jónsson samþykkir og staðfestir dóminn um Torfa Finnbogason (Nr. 598).

AM. Fasc. XXXVI, 12, frumritið á skirni með hendi Finnboga lögmanns, og er bréfið læst saman við dóm hans um þetta mál (XXXVI, 11).

Ek finbogi jonsson laugmann nordan og vestan a jalande giorer þad godum monnum viturligt med þessu minu opnu brefi ath ek hefui séd og alitid skodath og ranzsakath þann sama tolf manna dom sem dæmdr uar um frid felegheit og ferian torfua finbogasonar upp a þath sakferlle og mannskada er greindr torfui hafde oforsyniu j fallith þa er hann uard ath skada þorde heitnum brýniolfssyne. leizst mier domurinn i allan handa mata skialigur og suarligur og ath rettu laugmali giorr dæmdr og upp sagdr. þui med þeirra bezstu manna rade og laugrettumanna samþýcki og annarra godra manna er þa voru hia mier. sagda ek fyrrnefndr finbogi jonsson laugmann. ju nomine domini amen

1) Svo. 2) tvískrifað í frb.

Med fullum laga vrskurde þenna fyrnefndan dom og nu er hier med festur þessu minv orskurdarbrefi laugligan fullmektugañ obrigdeligan med aullum sinum greinum og articuliss og hier efter þratnefndan torfua finbogason fyrir þetta optnef(n)t sakfelli og mannskada feligan og fridheilagan fyrir huerium manne og j kongsins gridum flytianda¹⁾ og ferienda a mins herra kongsins nader og under hans landzuistar gíof efter þui sem landzs laga bokin utuisar og til skipar. Og til sannenda og fullrar stadfestu hier um setta ek mitt incigli fyrir þenna minn urskurd. huer af mier var vpp sagdr og in scriptis fram borinn a helgastandum j reykiadal laugardagin næsta fyrir tueggia postula messu um vorit maurgum godum monnum næruerandum og þenna minn vrskvrd samþýckiandum. anno domini millesimo quingentesimo tencio.

600.

1. Mai. 1503.

á Sjávarborg.

BRÉF, að Nikulás Jússason og Vigdís Árnadóttir sværi bókkareid um útlúkningar Ingvildar Helgadóttur til hústrú Kristínar Þorsteinsdóttur (móður sinnar) fyrir Stærriakra í Blönduhlíð.

AM. Apogr. 4111 með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna „Ex originali“ á kálfskinni.

Það giorum uid jon þorgeirsson og jon þorarinsson godum monnum uiturligt med þessu ockru brefi at uit uorum j hia saum og heyrðum a at þau nikulas jussason og uigdiís arnadotter sóru fullan bokareid og sua felldan fyrir eikle grimssyni kongs umbodsmanni j hegranesþingi. að ýnguolldur helgadóttur og hennar umbodsmenn hefði lukt hustru kristinu þorsteinsdóttur og hennar umbodsmonnum halfan atta tug hundrada. j fridum peningum og ofridum. j malnytu kugill lum og audrum peningum þarfligum er þau reikūdu þar fram fyrir honum og ockur og audrum dandu-

1) flytiandanda, frbr.

Önnun nærveraundum: sua og eigi sidur laugdu þau j sama eidstaf ad hustruen kristin hefði lýst þui fyrir þeim ad þessa saumo peninga tæki hun j jardarverdit fyrir stære akra. Ok til sanenda hier um settum uid fyrnefndir menn ockur jncigle fyrir þetta uitnesburðarþref skrifat a siofarborg j skagafirdi æ tueggia postula Messo um uorid filipi et jakobbi. arum epter guds burd. Ö. d. og iij. ær.

601.

9. Maí 1503.

í Snóksdal.

DÓMR útnefndr af Sigurði bónda Dadasyni kongs umbóðsmanni milli Gilsfjarðar og Gljúfrár um kæru Arnórs Finnsónar til Hákonar Björgólfssonar, að hann hefði hvorki nefnt sig til þings meðan hann var sýslumaðr í greindri sýslu né goldið sér þingfararþaup, og aungvan nefnt í sinn stað.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni í 4to bls. 84, skr. c. 1608.

DOMUR VM NEFND ARNORS.

Ollum monnum þeim sem þetta þref sia edur heyra. senda Ari Andriesson. Gudmundur Finnsson. Ormur Jllugason. Jon Suarþofdason. Þordur Arnþiarnarson og Helgi Jonsón. Kuediu Gudz og sijna kunnigt Giorandi Ad þa lidit uar fra hingadburd vors herra Jhesu Christi Ö d og iij ar Manudæginu næstañ eptir Jons mессo Ante portam Latinam¹⁾ a Saudafelli j Middaulum æ þingstad riettum vorum vær j dom nefndir af ærligum manni Sigurdi Bonda Dadasyni. er þa hafði mins herra kongsins sýslu j millum Gilsfjarðar og Gliufurar ad skoda og dæma vm þa akiæru. sem Arnor finnzson kiærði til Hakonar Biorgulfssonar. at hann hefði huorki nefnt sig til þings meðan hann var sýslumaður j greindri sýslu og eigi helldur golldit sier sitt þingfararþaup og aunguañ helldur nefnt j hans stad. Nu af því at vær vissum ad greindur Arnor finnzson reid j sagdri nefnd. huort sumar til alþingis og gieck þar þa doma. sem laug-

1) þ. e. 8. Maí.

madurinn Finnbogi Jonsson nefndi hann til. sem adra nefndarmenn. þess annars ad laugin suo ut greina at aunguan skal til lausnar nefna. og þui ad eins vmskipti á giora at þeim gangi lauglig forfaull til. sem adur var j nefndinne. þess þridia at huor systlumadur skal giallda nefndarmonnum j godum greidskap sitt þingfarar kaup adur enn menn aida til þings huor j sinne systlu. Ella sekur .vj. aurum Enn .xij. aurum fyrir huorn þann sem onefndur er edur rangnefndur.

Þui dæmdum vier Hakon Biorgulfsson skyldugan ad giallda adur nefndum arnori finnsyni heima j liarskogum j laxardal jnnan halfs manadar ad heyrðum dominum. allt sitt þingfarar kaup. sem greindur Arnor atti ad hafa og Hakoni bar honum ad giallda vpp á huort ar medan hann hafdi adur sagda systlu. og þar med suo miclar sektir. sem laugin vtuijsa bædi fyrir það ad hann hafdi ecki golldit sagt þingfarar kaup og suo það ad hann hefði ecki nefnt þann sem honum bar.

Samþyckti med os þennañ vorn dom adur sagður Sigurdur dadason kongs vmbodsmadur og setti sitt jnnsigli med vorvm jnnsiglum fyrir þetta domsbref skrifat j snoksdal j middaulum á sama ari deigi syðdar enn fyrir seigir.

602. 25. Maí 1503. í Saurbæ á Kjalarnesi.

ÞORVARÐER lögmaðr Erlendsson selr Árna ábóta í Viðey jörðina Ölvatnsholt í Holtum fyrir tuttugu hundruð i lausafé.

AM. 238. 4to bl. 66b 67, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Kaupbref fyrir Olvasholtti.

Þat giorum vier Eigill Jonson. Þolleifvr Jonsson. Gissvr Þolleifsson ok Jon Þorfinsson godvm monnvm kvnnigt med þessv vorv opnv brefi. arvm epter gvðz byrd m. d. iij ar j Saurbæ á Kjalarnesi fimtvdagenn næsta fyrir festvm Augvstini angelorvm vorvm vier j hia savm ok heyrðvm æ ord ok handaband þessara manna. broðvr Arna med gvðz

nad abota j Videy af einne alfv en Þorvardar logmanz Ellendzsonar af annare. skilddizt þat ok falzt vnder þeirra handabandi at fvrgreindvr Þorvardvr logmadvr selldi advr nefndvm herra Arna abota j Videy jordena alla Olvassholtt xv^o at dyrleika med vpplagi handabandi ok fvlv jayrde margretar Jonsdottvr kvinnv sinnar er þar var þa hia stodd er liggvr j Holttvm j Marteinstvngv kirkiv sokn j Holttamanna hrepp til æfinligrar eignar ok frials forrædis med ollvm þeim gognvm ok gædvvm sem greindre jordv fyllger ok fyllgtt hefer at fornv ok nyiv ok hann vard fremst eigandi at til yztv vmmerkia vid adrar jarder. Hier j mote skyllde optt nefndvr abote Arne gefa ok giallda titt nefndvm Þorvarde lavgmanne xx^o j fridvm ok fridvirtvm peningvm svo sem honvm likade vt at taka en abota Arna bihagade vell vte at lata. skyllde þratt greindvr Þorvardvr svara laga riptingv æ advr greindre jordv en abote Arne hallda til laga. Ok til sanninda hier vm settvm vier fyrnefnder menn vor insiglle fyrir þetta jardar kaups bref. skrifat j sama stad deige ok ari sem fvr seiger.

603.

26. Maf 1503.

í Vatnsfirði.

SKRÁ um eignir Vatnsfjarðarkirkju, þegar Björn Guðnason tók við (1499) og afhenti, og um þá muni, er hann hafði burt úr Vatnsfirði, enn fremr um eignir Kirkjubólskirkju í Langadal.

AM. Fasc. LXIV, 7, skinnrolla með hendi Björns Guðnasonar. — AM. Apogr. 952 (eptir frumrollunni).

Anno domini M qvingentissimo tercio.

Medkennvntz vær þolleifur avrnolfsson. snorre helgason. einar þolleifson. þosteinn olafsson. sigvatur jonsson og jon sveinsson adh vær worum j uazfirde j jsafirde favstvdaginn j fardavgum savm vær þa og heyrdivm ad biorn gvðinason las þar þa þann Reikningskap er þar hafde vered j fridum peningvm þa greindur biorn gvðinason kom þar. hvat er þar jnne stod.

fiortan kyr med kvigvm og einne fatt j fimtigi asavd-

ar. þriv hvndrvt j gelldvm navtvm. reiknvdv vær þetta ad fram tavldv fimm hvndrvt og xx j malnyt v og gelldvm peningvm. jtem vi kaplar.

Bad greindr biorn gvdinason oss þa til ad ganga og sia þa peninga er hann skildetz þar vid. hvat er war segxtigir asavdar med lavmbvm vngr og gilldr og vel fær. xij kyr med kvigvm og bygde hann þar af þriar til leigv nidr med kirkiv jordvnm. tvær med halshusvm og eina med svansvik. reiknatz þa malnytun jafnmikel og hann tok. Enn firir þav gelldfiar hvndrvden er þar worv j navtvnm reiknade hann tvo asavdar kvillde j wogvm og eitt j svansvik og þesse w. hvndrvd og xx lyste hann kirkivnar eign j vazfirde og sagdetz henni giallda firir þav .w. hvndrvd og xx er þar worv j fridvm peningvm þa hann kom þar. Enn þeir wij kaplarner þar havfdu vered (þa) hann kom þar. sagde hann biorn þolleifsson hefde bvrttv haft flora af þeim. so sagde hann biorn þolleifsson hefde haft þadan fiðgra vetra gamlan vgxa. tvævetra kvigv og tvævetran gridvng og þetta vissv hvortveggia satt vera og hvorceke kom aptr kaplarner nie navten. sagdetz biorn gvdinason setia þav tvo hvndrvd j navtvm j staden þeirra tveggia hestanna er hann sagdetz j bvrttv hafa haft. enn firir þa flora kaplana greindr biorn þolleifsson hafde j bvrttv haft sagdetz hann avnga peninga setia. Enn þær landskyllder. er biorn gvdinason sagditz hafa tekit þetta arit af kirkiv jordvnm sagdetz hann hafa bygt nidr med þeim eitt kvillde med halshvsvm hier med eyre j miovafirde. Enn j þat porcio sem falled hafde þetta arit sagditz hann giallda tvo tre segx alna lavng hvort vm sig og hespvmælingr god ad koste vtan þeir villde adra peninga hafa sem kirkivna hellde vtan vadmal. Svo synde hann oss vid er hann hafde latid vinna til vtbrozens vm korenn avdrv megin allan sem til heyrde og fimtan hvndrvd sponn hann hafde latid leggja æ kirkivna og hvndrad sponslavt ecki war a lagt. sagdetz hann þetta lysa og giallda heilagre kirkiv j porcio a medan hann hefde halldit kirkivna fyst vpp a þav fiogr ar er hann hafde halldet so hann hafde ecki reikningskap giort og þat leingr sem dande monnum

þætte þat meira vert ef vmbodsmádur einars olafssonar ætte kost adh halda gardenn enn annars ecki.

Jtem medkennvntz vær fyrrgreinder menn ad vær worum til nefnder af greindum birne gvdinasyne ad sia og skoda og lagvirðing a leggja þat virðingagoz er biorn gvdenson skildetz (vid) j vazfirde og hann reiknad(e) eign einars olafssonar. j fystv vij storkeravlld j bvrenv og erv fimm af þeim god og mathelld. tvo liettare og þo mathelld. tvo faneyt j skemmvne. eitt mathelld j selenv. skreidarstockur j stofvne. tvær kiotkistur j bvrenv. lavsa vætte yfer avllvm. smiorflote j bvrenv og vj fialer lavsar. stor byrda j bvrenv miog gavmul. avnnvr j skemmvne. v fiordvnga ketell og mæles ketell bætt. þriv og xx trog. tvo og xx vppgiordar keravlld med þrimr favtvm. j kanna loklaus. forn vlldvkr. v. spæner. þretan skaler. fiortan diskar. þriv koppaflotar. tvo orb. tvær hrifur. torfskere. ein hrip. pvdare. ein reka. þriar skygrindr. Wirttv vær þetta allt firir ellefv hvndrvd og ad avke so ecke war verðlagt vj storastofv bord avll god og sterk. storer flotar sterker firir beckiarbordvnm. tvo breidastofv bord og forsæte. eitt prytz bord. ein avrk stor j kirkivnni. ein sæng alfær. dvn vr annari. palreka. svdpvare. torfkrokar. broddstafur. tveir heylavpar. sledi.

Svo miced bvsgagn burtt haft vr vazfirde sem hier seger. fimtan trog. fimtan vppgiordarkeravlld med favtvm og tveimr dryckiar avsvm. seytian skaler. v favt og xx jslenzk. þriv vtlenzk. eitt tinfat. eitt sallzsier med tin. annad vtlenzkt med tre. siav bordiskar vtlenzker. xj jslenzker. j strockur. ij grindur. þriv pottar. atian fiordvnga ketell og x fiordvnga ketell og tveggia fiordvnga ketell. þriar alkavnnr gamlar og en fiorda halfkanna vppgefen. hverfvstein og og tveir flavskvlasar. einn hestlas. einer krokar. einn pall. tve(i)r nafrar storer og enn þridie hrifnafar. einn hardsteinn. smidiv belger. stedie. tvær teingr avnnr j svndr. hamar og sleggia. romet og stappa. bor og lavd. ij orb. fiorar hrifur. torfliar. jarnpvdare. einar sokner. þriar sager. einer kamb-ar. malltkvern. mvstardzkvern. tvær pipars kvennar. tvær

avgjar miog faneytar. vij kvfar. solva ponta. vefstadir og skak. kista og stoll.

Jtem j sangar klæðvm .x. beder. xi. hæginde huortveggia miog dvnlted fangaliett og allt bætt. atta hvilvoder. tvo aklæde jslenzk og tvo vtlenzk avll gavmvl og miog sliten. einn miog gamall vavndr. linda slitur faneytt og litlv hæft.

Jtem vard þetta epter j bvsagagni a kirkivbole. þriv og og xx trog. segxtan vppgiordar keravlld og tregtarkeralld og dryckiaraskur. fiorar favtr. solva ponta. vigxlvkaggr litell. einn stafaskr litell og annar skindaskur¹⁾. seytian skal-er. og erv fiorar faneytar og litlv hæfar. vij trediskar sterker og adrer vij miog faneyter. einn seliakaggr. vj spæner. einn strockur. þriar trekavnnr. ein tinkanna. ein mvnnlavg. lindvkr med bordhandklæde miog sliten. vlldvkr. segx hrifur. einn klar. fiogr orb. ein varreka med þrimur sinklvm. tvær skyrgrindr. ein seliakista. niv kvfar og niv kostrar. ketell og panna hvortveggia gamallt og bætt. mælesketell godr. tveir flotar. einn eysell. vefstadr. flavskvlas og ein skak. einer torfkrokar.

Jtem tvær dvnsængr alfærar. fimm beder og fimm hæinde med klyppvr allar bættar og faneytar. þar til tvær hvilvoder.

604. 16. Júní 1503. á Ingjaldshvoli.

ORMR Nikulásson selr Halldóri ábóta og klaustrinu á Helgafelli þá eign, rétt og tiltölu, sem hann hefði til jarðanna Máfahlíðar, Holts og Tungu milli Ennis og Höfða.

Eptir skjalabók í Landsskjalasafni 94. 4to, með hendi Jóns lögmans Sigurðssonar c. 1600. — Ágrip af þessu bréfi með ártali 1503 er í AM. 252. 4to bls. 47; AM. 430. 4to bls. 7; AM. Apogr. 1596 og 1651.

Mavahlíð. Holtt og Tunga²⁾.

Það giorum vier Pietur prestur Þordarson. Einar Þor-

1) = skiðaskr 2) 430; sl. hin.

olfsson. Jon Þordarson og Jon Gijslason godum monnum kunnugt með þessu voru opnu briefi að á föstudaginn næsta-
 ðan eftir dyradag Anno 1503 á Jngialldzhuoli á Snæfells-
 nese vorum vier j hia saum oc heyrðum ð ord og handa-
 band Halldorz abota á Helgafelle og Orms Nichulassonar að
 so fyrir skildu að Ormur Nichulasson feck og selde adur-
 nefndum abota Halldore og klaustrinu á Helgafelli alla þá
 eign. riett og tiltolu sem hann ma edur matti eigandi að
 verða Jordunum Maahljð. Holtti og Thungu og honum hafði
 thil erfða fallid eftir fodor sinn og modur er liggia mill-
 um hofða og Eunniss j froðr kirkiusochn er hann reiknadi
 rangliga keyptar edur selldar hafa verid og ecki peningar
 fyrir hafa komid sem lofat var. Hier j mot gaf fyrrskrifad-
 ur Aboti Ormi Nichulassone vð j kugilldum og þarfligum
 peningum. Jtem feck Ormur Nichulasson Halldore abota
 alla sochn og akiæru vppa þá sem adurgreindum Jordum
 hofdu rangliga halldit og þeim peningum er fir voro lofad-
 er Nichulase fodor hanz fra þeim fyrsta tijma þær voro af
 honum hefdadar.

og til sanninda hier vm et cetera.

605.

1. Júlí 1503.

á Alþingi.

ALÞINGISSAMÞYKT um það, að lögmönnum megi ekki stefna,
 heldr skuli þeir bjóða sig undir lög.

Add. British Museum 11,242. 4^{to} bl. 67^b, Söpdýngja séra Gottskálks
 í Glanmbæ, skr. 1543—90. — AM. 199. 4^{to} bls. 103, skr. c. 1600 (ártal
 rangt 1530). — Gl. kgl. saml. 1159. Fol. bls. 624, skr. c. 1640 (ártal
 rangt 1530). — IBfél. 125A. 4^{to} bl. 66^b, skr. c. 1680. — IBfél. 125B.
 4^{to} nr. 66 (ártalslaust), skr. c. 1680. — IBfél. 215. 4^{to} bl. 46^a (ártals
 laust). — AM. 211.c 4^{to} bls. 142, skr. c. 1700. — Advocates Library
 Edinb. F. Magn. 25. 4^{to} bls. 77 (= 21, 3, 10), bók Jóns Hjaltalíns á
 Rauðará frá c. 1750. Samþykt þessi er fjölviða til framars í handritum.
 Prentuð í Safni til sögu Íslands II, 190 (eftir AM. 199, 4^{to}).

Alþingis samþykt að lögmenn
 stefnest ecke¹)

1) Adv. Libr. 25; sl. Gottsk.

Anno domini M. d. iij.

Var þessi¹⁾ samþykkt giord²⁾ af badum logmonnum [Þoruarde Erlindssyne og Finnboga Jonssyne³⁾] [oc ollum logrettomonnum⁴⁾] lavgardagen næstan epter peturzmesse oc palz á almenniligu⁵⁾ avxararþingi.

At logmennerner hvor vm sig skulu ecki stefnaz⁶⁾ hvorcki af kirkiunnar valde ne leikmanna. vtan þeir skulu bida sig vnder lavg æ alþingi vid þa menn⁷⁾ sem med logum mega til þeirra tala. [þo so ad hvor sækest fyrer odrum⁸⁾.

[Þetta samþykkt aff Þorvardi Erlendssyne og finnboga Jonssyni⁹⁾].

606.

1. Júlí 1503.

á Þingvelli.

BREFF Sigurðar Narfasonar um útlúkning Ásgeirsáa og Lækjamóts og fjögurra jarða á Ströndum til Finnboga lögmans Jónssonar og Teits Þorleifssonar.

AM. Fasc. XXXVI, 13, frumrit á skinni. Brot af innsiglinu er eun fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 3396.

1503 brief um Asgeirsá og Lækiamót¹⁰⁾.

Þat giore ek sygurdur narfason godum monnum uiturligt med þessu minu oppnu brefi at ek ok fader minn haufum lagt finnboga jonssyne logmanne ok teiti þorleifssyni jardernar asgeirsar og lækiamot ok fiorar jarder a ströndum med aullum þeim skildaga ok skilmala sem þat bref inne helldur ok ut uisar sem finnboge jonson logman liet fyrir mier upp lesa ok fyrir eru skrifader grimur bonde palson jon asgrimsson magnus þorkelson petur tumasson og fleire annara manna jncigle eru med fest. Og til sanninnda hier vm setta ek sygurdur narfason mitt jusigle fyrir þetta medkenningarbref er giort var a þinguelle lavgar-

sem mîer vel anægîer. og j kaupi ockar var skiltt. og þuî gîef ec adurgreindañ abota Halldor olldungiss knuttañ og akîærulausan fyrir mîer og ollum mîjnum epterkomendum.

Og til sanninda hier vîm.

682. [1504].

BRÉFSÁGRIP um kaup Helgafellsklausrs á jörðunni Húsavík í Steingrímsfirði.

AMagn. 252 4^{to} bls. 48, skr. c. 1660. — AM. 430. 4^{to} bls. 7—8, séra Jón í Hitardal c. 1720. — AM. Apogr. 1598. Ártal þessa bréfa-ágrîps er 1504 hjá Finni biskupi (Hist. Eccl. Isl. II, 72). Þetta bréf stendr ekki í Helgafellsskjalabók Landskjalasafnsins (94) með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar.

Húsavíkj.¹⁾

Þordur Jonsson og Gunnhildur Tumasdotter selldu abota Halldore og klöstrinu a Helgafelle atta hundradá partt j jordunne Husavíkj j Steingrímsfirde firir víijc j lðsafie.

683. 14. Janúar 1505. í Galtardalstungu.

KAUPMÁLABRÉF Sumarliða Bjarnasonar og Agnesar Hallbjarnardóttur, er tilgreinir landamerki Arnarbælis og Dögurðar-ness á Fellsströnd.

Eptir afskript Magnúsar Einarssonar á Jörfa c. 1730—1740 meðal Dögurðar-ness og Dimonarklakka skjala (hjá mér) eptir afskript staðfestri 16. Nov. 1662 í Haga á Barðaströnd af Þorleifi Magnússyni og Jóhanni Jónssyni.

Þad giorum vær Pall Klemensson. Þordur Vermundsson og Pall Jonsson godum monnum viturlegtt med þessu voru opnu brieft. ad þar vorum vær i hia a aundurdu Eyre j Eyarsveit ad Sumarlîde biarnason fieck Agnesar hallbiarnardottur. sier til loglegrar eigiñkonu med so felldum skilmala ad biarne biarnason gaf sumarlîd. syne sinum til æfiñ-

1) 430.

legrar eignar jordina arnarbæle er liggur i Stadarfellz kirkiusokn fyrir xlc med þessum landamerk(i)um. Marklækur er fellur ur Ormstadavatne rædur til siofar. enn bruarkellda rædur fyrir utañ er fellur j Ormstadavatn. kellda su sem fellur ur Damminum rædur upp j Ormstadavatn hid ýtra enn kellda rædur ur damme og ofañ j alttatiorn. rennur kellda þesse fyrir utañ holltid er stendur a midre mýrinne a mille Dogurdarness selz og hraunfialla. enn raudalækur rædur þadañ til sioar. hier til gaf Biarne fyr greindum syne sinum x malnytu kugilldi og .x.c i ollum þarflegum peningum. medkiendist Sumarlide ad hann hefði þessa peninga uttekid af fodur sinum. hier a moti gaf sira Hallbiörn Agnesu dottur sinne þriatyge hundrada. jördina gróf er liggur i Eyarsueit j ondurdu Eyrar kirkiusokn fyrir. xxc. og v malnytu kugilldi og v. c. j ollum þarflegum peningum. skylde sira hallbiörn¹⁾ dottur sina Agnesu malakonuj gard Sumarlida. Og til sanninda hier um settum vær fyrnefndir menn vor jncigle fyrir þetta vitnisburdarbrief er skrifad var j gallttardalztungu þridudæginn næstañ epter geisladag þa er lidid var fra Gudz burd xv. c. ara og .v. ar.

684.

21. Janúar 1505.

í Flensborg.

HANS Dana og Norðmanna konungr gefr Vigfúsi Erlendsyni landsvistarbréf fyrir handarafhögg á Halli Brandsyni.

AM. Fasc. XXXVII, 17, frumrit á skinni, og er innsigli konungs dottið frá.

landsvistar Bref fusa Ellendz onar f(ore) hallur
hands(!).

Wii Hanss met gudz nade Danmarcks Norgis Suerigs Uendis oc gotes konnynggh Hertugh vdi Slesuigh hollzsten stormarin oc dytmersken Greffue i oldenborgh oc Delmenhorst Giore alle viterligt at thenne breffuiss er oss elskelige wiigffus edlansen aff wort oc norgis kronens landt jsland vor

1) leiddrett. Handritið hefir hér ranglega: halldor.

mann oc tiener haffuer nw bereth oc oss til kende giffuet at hann kom fore skade oc hwgh haunden aff hadler brands-son oc mæsthe ther fore sijn fridht Tha haffue wii nw aff wor sônderlige gunsth oc nade vnth oc¹⁾ giffuet oc nw met tetthe wort obne breff vnde och giffue hannom sijn fridht ighen fore then sagh Oc epter thy at han segh for- centh oc fordraget haffuer meth forschreffune hadler brands-son fore then skade hann giorde hannom vdi tess han han- nom syn hand affhwgh Tha wille wii ath then sagh trett- he oc ovillige som them paa badte süder ther om emellom waare kunde skall i alle mothe waare en afftaladht oc dod- er sagh Oc skall ey forschreffune vygfuse eller nogre hanss arffwinge slectinge eller venner ther fore eptther thenne dag arges hindres eller i nokre modte feides eller oc ther fore nogen skade eller hinder skee eller vederfares paa noket hanss eller hanss arffwingis gotz waare seg enthen losth eller fastt Thii forbiwde wii allom ehwo the helst ere eller waare künde oc serdeles wor foget ther paa forne vort land jslandt oc alle andre som fore wore sküldh ville oc skulle giore och lathæ forschreffune wiigffus etlandsson ell- er hanss arffwinge slectinge eller venner ther fore Emott thenne wor gunst nade och thette wort opne breff ath hindre eller hindre lathe mothe qwellie omake eller noget forfangh ath giore. Vnder wor konnynglike heffan oc wrethe.

Giffuet paa wort slott flensborgh sancte agnetis virgi- nis et martiris dag aar et cetera mdquinto.

Vnder worth Secret

Relator magister clemet armiger.

685.

21. Janúar 1505.

í Flensborg.

HANS Dana og Norðmanna konungr veitir Vigfúsi Erlends- syni að léni Skóga og Skógaeignir, Mörk og Merkreignir undir Eyjafjöllum.

1) tvískrifað og ritað „och“ á fyrra staðnum.

AM. 191. 4^{to} bls. 15—16 (bréfabók Jóns Hallssonar í Næfrholti í frumriti á skiini 1520—1538). — AM. Apogr. 5516 með hendi Árna Magnússonar.

Vij hans med gudz nad danmarks suiarikis uendis og gotis konung. hertug utt j slesuik og utti j holsten störmaren og ditmerskin. greifi utt j oldenborg og delmenhorst giore alle uiturligt ad uij af worre senderlige gunst og nadi hofum untt og tillatid og med thetta uortt opni bref unna og tillata ad þesse brefuisare uigfus erlendzson vor elskulige mann og tenare ma og skal hafa nyta bruka og bijhallda uor og norigis gard skogagard og skogagardz eign-er suo leingi sem hann lifer j suo mata ad hann skal hallda fyrr nefndan gard utt j suo mata bygt og forbetret uid sin hefd og magt og giora og gefa oss og krununne þar arliga oss til goda reidi. u. epter landzuisu. Somuleidis af thena uorre somu gunst og nad hafi uij untt og til latid fyr nefndur vigfus ma og skal upp byggia og hus ad setia upp á thenne uor og krununar jord og grund upp æ jsland ligi- andis sem kallazt merk og merkur eign-er nu strax sem hann fyrst heim komendis uerdur og þad sidan ad nyta og bruka utt sin lifs tid. og nu fyrir þau fyrstu .u. ar skal hann þær hafa og bijhallda frij og kuit vtan alla afgipt þær af ad gefa j nockurn mata. Og sidan þær epter med¹⁾ þau .u. ar forlidin og forgeingen eru skal hann giefa oss iije epter landzuisu. Nær hann deyr og afgeingen er þa skal sidan fyr nefnd jord og grund med allre sinne bygg- ing þær þa uppsmidut koma og i gien uera under oss og krununn(i) frij og kuit og obijhindrud j allan mata. þui forbiudum uier aller edur (ehuo) the hellzt eru edur uera kunu besenderliga uorum²⁾ fouita og umbodsmann og log- mann fornefn(d)e vigfus hier j mot hindra lata. mæda. plaza. qvelia edr oforrietta utt j nockurn mata under uora kong- liga hefnd og reidi.

Gift vpp á vort slot flensborg sancte agnetis uirginis dag. arum epter gudz burd ☉. d. quinto.

1) AM. vill leiðrétta „med“ i „ad“. 2) uorum, hdr.

686. 25. Janúar 1505. í Óslo.

HANS Dana og Norðmanna konungr gefr Birni Þorleifssyni landsvistar og gridabréf um atvist hans með Eiriki Halldórssyni að vígi Páls Jónssonar (1496).

AM. Fasc. XXXVII, 16, frumrit á skinni, og er innsiglið dottið frá.

Vii þans met gudz nad Norigis Danmarks Swerigs Wendis och Gotis Konungh hertugh j Sleszwigh och j holzstzen Stormaran och Dytmersken Greffwe j Oldenborgh och Delmenhorsth sendher ollom monnom them som thette breff sea ædher høyrer Q. G. och sine. Weer williom ath theer widher ath weer haffwom j heidher widdher gudh saker gode manne bønistader giffuit biörn torleiffson som j flock ok følghe war met erick haldorsson then thiid paoll jonsson war j hellslaghen oforsynio gridh och fridh forer oss och hwaríom manne met them hette ath han bøther widder gudh. kronen ock erffwingie hins dawda Nar som han haffwer thet fulkomneth och giort epther norigis lag som j iisslandh pleigher epther gamall sydwane och haffwer ther vppa wor ombotzmanzss och erffwingens hins dawdhe quittencier tha haffuer han landzwisth och fulle quittañ aff oss Swa ath han skall forer then sak ware qwitt. frii. ledugh och lawss och allwngis aakerelawss forer oss och hwaríom manne Swa ath jnghen fødd ædher ofødd skall hafwe mackt førscreffne biörn torleiffson ath hindre ædher hindre latha. platze. mødhe. reke. quellie eller j noget mathe omaghe vppa persone. thenere. godz ædher penninge hedhen aff om thette maall Nema hwar som thet gørar willi haffwa forgiorth ffee och fridi och wordh aldre bothamadher sidhen.

war thette breff giort j Oslo Die conuersionis sancti pauli apostoli anno domini M d quinto aa anneth och twttughe aare Rigis warss Norigis.

þerr jon polsson proosther ath mariekirkio j Oslo canceller war jncigladhe.

687. 29. Janúar 1505. í Hjarðarholti.

DÓMR útnefndr af Arnóri Finnssyni, í umboði Finnþoga lögmanns Jónsonar, um sýslumensku Runólfs Höskuldssonar milli Hvitár í Borgarfirði og Hítarár, og dæma þeir hann frá sýslunni.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni (d. 1748) í 4to bls. 90—91, skr. c. 1608.

Domur vm Runolf Hoskuldzson. af honum var
dæmd sýslan.

Ollum monnum þeim sem þetta Brief sia edur heyra senda vigfus þordarson. Jon Þordarson. Salamon Einarsson. Brandur einarsson. Halldor þorgeirsson og Jon Hrafnsson. kuediu Gudz og sijnna kunnigt giorandi. ad þa er lidit var fra hingadburd vors herra jehsu christi. M. d. og .v. ar miduikudæginn næstañ fyrir purificatio Sancte Marie j hiardarholti j Stafholtstvangum á þingstad riettum vorum vier j dom nefndir af arnori finnzsyni. Er þa hafdi laugligt vmbod af fimþoga Bonda Jonssyni Laugmanni nordan og vestan á Jslandi. at nefna dom yfer huort Runolfur Hauskuldsson skyldi fullmectvgur og Laugligur sýslumadur vera j sýslunni millum huitar j Borgarfirdi og hitarar edur eigi. Og huort hann mætti med laugum hafa og hallda fyrr skrifada sýslu. Edur med domi vera vid skjlldur fyrir þeirra storsaka skulld. sem til hans hafa sagdar verid og greindur Finnþogi laugmann sagdi med sijnnu brefi fyrir sig komnar vera med godra manna Bivising. er það saugdu nefndan Runolf sialfan vid hafa geingid og þeir dandi menn sem Byggia og Bua j greindri sýslu villdu þar fyrir ecki taka yfir sig sagdan Runolf Hauskuldsson. nie hallda hann fyrir kongs vmbodsmann. og hier fyrir giorist eingin riettur á kongsdomsins vegna j optskrifadri sýslu. Sagdi og optnefndur fimþogi laugmann j sinu Brefi ad uors naduga herra kongs hirdstjori¹⁾ hefdi sier fulla mact og

1) eyða ætluð fyrir nafni hirdstjórans í handritinu, og hefir afskrifarinn, sem annars hefir verið nákvæmr, ekki getað lesið það. En hirdstjórinn hefir verið Kai van Ánefell.

valld til gefit, ad huar sem syslumennirner kynne fra ad falla. Edur eigi geingi laug og riettur j syslunum sem til ber eptir laugum, skylldi hann setia adra syslumenn i nefndar syslur og þui sagdist hann j aunguañ mata vilia for-soma þessa mins¹⁾ herra kongsins skylldu og almenningsins naudþurft og þui gaf hann arnori Finnzsyni fullt ualld og vmbod ad nefna hier dom yfir.

J fyrstu komu þar fram þeir menn sem þar baru vitni vm. Ad Runolfur Hoskulldzson hefði vid geingit fyrir þeim ad hann hefði gripit og tekid annara manna peninga vr heilagri kirkiu og hann hefði med verid ad locka menn vt af Stadar kirkiu á Reykianesi til þess ad lata liflata, huat oss leust fullt vtlegdarverk vera, og þurfa fulla landzvist fyrir ad fa, huor sem slikt giorer. Enn oss leyst sem huor mundi j þeirri sauk bliffa sem hann sialfur vid geingur naudsynialaust viligungur.

J annari Grein visum vær ad optnefndur Runolfur var ecki suo fiadur sem honum bar og laugin skipa ef hann skal kongs vmbodsmann vera.

Jtem j þridiu Grein atti optskrifadur Runolfur Hoskulldzson huorki þu nie heimili j þrattnefndri syslu.

Þui fyrir þessar allar sakir og adrar fleiri sem hier ad luta med laugum, dæmdum vier fyrrnefndir domsmenn med fullu doms atkuædi. Titt skrifadañ Runolf Hauskulldzson med aullu lausan og vid skildañ optskrifada syslu, og hann hana med aunguo moti hafa meiga med laugum, og aunguañ mann sem heimilisfastur er j sagdri syslu honum mins herra kongsins skulld giallda meiga, edur nockra adra skvlld ad giora kongsdomsins vëgna og þrattnefndañ Runolf Hoskulldzson aungua heimta med riettu meiga.

Og til sanninda hier vm setium vier fyrrnefndir domsmenn vor junsigli fyrir þetta domsbref skrifat á aukrum j hraunhrepp á Mirum þridia dag paska²⁾ á sama ari og fyr seigir.

1) leiðr.; mina hdr. 2) D. e. 25. Marts.

688. 3. Febrúar 1505. í Vík á Seltjarnarnesi.
MÁLDAGI Jóns kirkju postula í Vík (Reykjavík) á Seltjarnarnesi, er Stephán biskup setti Jónsson.

AM. Apogr. 2211 „Um Vikurkirkiu á Seltjarnarnesi. komid til min fra monsr. Odde Sigurdzsyne“. Aftan við stendr: „þennann maldaga hef eg Oddur Einarsson S. S. S. lated skrifa ordriett eptter gomlu Briefe sem Jon Narfason á langarvatne hafde Anno 1617“.

Vm Vjukurkirkiu.

Vier stephan med gudz nad biskup j Skalhollte giorum godum monnum kunnugt med þessu voru opnu brefe ad vier vorum j vorre visitatione. komum vier til vjukur a Seltjarnarnese og vigdum þar kirkiu og gafum þar til aflat so sem kirkiu vigslu tilheyrde oc vor biskupleg magtt vtvijsar. Bio þar Olafur bonde Olafsson. krodum vier hann reikningsskapar kirkiunnar. Enn hann beiddde oss ad lata giöra kirkiuna. hafde hann lated giöra adur kirkiuvidenn firir þriu hundrud. so var hann skylldugur kirkiunne halftt þridia hundrad. enn kirkiann var þa giord firir tiu hundrud. var kirkiann honum þa skylldug halftt fimta hundrad. voru þar xij kugilldi med kirkiunne. skipudum vier honum tuo kugilldi j botena. var kirkiann honum þa skylldug halftt þridia hundrad. feck fyrr greindur Olafur kirkiunne jarnkall firir x aura. var kirkiann honum þa skylldug vmm þriu hundrud. þui gaf herra stephan opttgreindann Olaf Olafsson oлдungis kuittann vmm allann reikningsskap kirkiunnar sýdann fyrst hann kom þar. og til þess þa var komit. Eru þar nu x kugilldi med kirkiunne. skipade opttgreindur herra stephan ad kirkiudagurinn skyllde halldast æfennliga ä vor-ed jn festo sancti Johannis evangelistæ ante portam latinam. enn singia postulanum tyder næsta dag eptter. og til sannenda hier vm settum vier vortt jnnsigle firir þetta bref skrifad j vjyk jn festo sancti Blasij Episcopi et martyris anno Domini M^o. D^o. qvinto.

689.

1505.

í Klofa.

24. Júní 1524.

á Grund.

BRÉF um kaupmála Þorsteins Finnbogasonar og Ceciliu Torfadóttur.

AM. Fasc. XXXVII, 33, frumrit á skinni. Bæði innsiglin eru fyrir bréfinu.

Það giorum vit sæmundr jónsson ok biorn jónsson god-vm monnum kunigt med þessu ockru opnv brefe. þa er lid-it var fra guds burd. M. d. ok. v.¹⁾ ar j klofa æ land-mannahrepp. þar j stofvne for svo felldr giorningr fram j mille þessara dandi manna torfa jónssonar ok helgu gudna-dottur. af einne alfu. en þorsteins finbogasonar ok cezceliv torfadottur af anare. at adr enn fyr nefndr þorsteinn keypte adur nefnda cezceliu geck hann til handsala vit adur nefnda menn torfa og helgv ok gafu²⁾ tittnefndre cezceliu j heim-anfýlgju .cc. hvndrada. enn þratt nefndr þorsteinn talde sier. cccc. hvndrva²⁾ ok gaf tit nefndur þorsteinn cezceliu koñv sinne allar sinar lavggjæfer²⁾ vr þessvm peningum. Ok til sanenda hier vm settvm vid ockar jnsigle fyrir þetta vitnisburdar bref skrifad æ grund j eýjafirde jónsmessu baptista. XIX arvm sidar enn fyr seiger.

690.

11. Febrúar 1505. á Breiðabólstað.

VITNISBURÐR, að Torfi heitinn Jónsson (í Klofa), sem þá (1504) hafði kongs umboð á Rangárvöllum, tók þann eið af Þorsteini Magnússyni, að Einar heitinn Björnsson hefði feing-ið Halldóru Guðmundsdóttur jörðina Þorkelshvol til æfin-legrar eignar.

AM. Fasc. XXXVI, 22, frumrit á skinni. Bæði innsiglin eru dott-in frá. — AM. Apogr. 3397.

Vitnisburdur um Eýjdtoku Þorsteins magnus-sonar 1503.³⁾

1) Svo. 2) Svo stendr það skýrt. 3) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

Það¹⁾ giorum vid jon biornson ok magnus Gunnlaugson godvm monnum kvnnigt med þessv okru opnu brefi. ath vid vorum þar nærr stadder aa stora huoli aa þingstad riettum anno domini M d (i)ij²⁾ vm svmarit ath Torfi heitinn ionsson sem gud hans sal nadi hver ed þa hafdi kongs vmbod aa rangarvolum ath hann tok eid af þorsteini heitnum magnussyni vm iordina þorkelshvol. ath einar heitinn biornson hefdi feingit halldorv gudmundardottur greinda iord til ævenligrar eignar ok frials forrædis hver eidur honum hafdi adur dæmdur verit aa alþingi af laugriettvmonnum fimboga laugmannz. Ok til sanenda hier vm festum vid okkur jnsigli fyrir þetta bref Skrifad aa breidabolstad j fliozhlid in crastino sancte scolastice virginis ari sidar enn fyrr seiger.

691.

15. Marts 1505.

á Urðum.

LÖGGJAFARBRÉF Jóns Sigmundssonar til dætra sinna Guðrúnar, Vilborgar og Helgu, Bjargar konu sinnar og annara.

A.

AM. Apogr. 384 „Ex transsumto facto 1562“.

Það giore eg jon sigmundzson.³⁾ godum monnum vitrligt med þessu minu opnu brefe. ad eg medkennunzt ad eg hefe giort so fellt fleskipte nu med dætrum minum j þad arfskipte edr löggiifer huert sem helldr kann nu hier eptor ad verda og þad bref vtuisar sem eg giorda j tungu ad nærueranda þessa preste Jonssyne. Þorde klemenssyne. og fleirum monnum ødrum sem bref vm giort þeirra vottar. og saker þess eg veit ogrant huersu lösafie kunnu ad halldast edr vtgialldazt. sem eg hefe adr agreint med hæd eda

1) Þag, frbr. 2) Í frumritinu stendr „iij“, sem hlýtr að vera misritan fyrir „iiij“, því að Torfi er enn á lífi 25. Júní og 2. Júlí 1504, og er því ekki dáinn 11. Febr. 1504. Öndvert ár 1505 sýnist hann og enn vera á lífi, og þó dáinn fyrir 11. Febr. það ár. 3) „er sa sidan vard lögmadir“ (AM.).

skjællegru borgan þui skipa eg nu med samþycke biargar konu minnar.

J fyrstu Gudrunu dottr minne jordina alla audunarstade til fullrar eignar.

Vilborgu dottr minne huol j vestrhope og klombr til fullrar eignar.

Helgu dottr minne krossanes a vaznese og myre j vestra hope til æfnligrar eignar. huerre vm sig med ollum þeim gognum. gædum. eignum og jtokum sem sierhuerre jordunne fylger og fylgt hefr ad fornu og nyiu.

Hier med skipa eg biorgu kuinnu minne j giafer sinar jordina fitiar og þar med sex malnytu kugillde og þar til frida peninga sem brestr a mala hennar. og jardirnar hol og bessasta(de) j skagafirde og þar med xij kugillde.

En gudrun jonsdottr skal hafa kugillde med jordum sinum og kapla og gellðie sem til vintz. þar til hun hefr .xl^o. med þeim v kugilldum sem med enne standa og inne helldr¹). Enn biorg skal hallda hana og hennar fe þar til spyrst j landit huert eg er lifs edr daudur. Og til sans vilia mins bid eg vinliga Enar son minn hann hallda þessa mina skipun j ast vid gud og hlydne vid mig. Enn heidr og hialp vid syskin sin. Og til sanninda hier vm setta eg mitt jnsigle fyrir þetta giorningsbref er giort var a Vrðum j suarfadardal lögardaginn fyrir palmsunnudag anno domini millesimo qvingentesimo quinto.

Jn dorso hujus transsumti aliquis. mig minner það være hönd herra Gudbrandz. annotavit.²)

Enpter Jon Sigmundsson³) af geingin tok teitr þorleifsson vmbod þeirra systra. enn þa teitr misti sitt godz tok biskup Jon ad sier þessar jarder med fleirum odrum an doms. og fleck sinum syne sera birne og med sera biarnar godze hafa þær verid halldnar vnder konginn.

B.

AM. Apogr. 3967 með hendi Páls Hákonarsonar eptir transskripti á skinni frá 11. Aug. 1592.

Það giore eg Jon Sýgmundsson godum monnum vitur-

1) Svo. 2) Orð Árna. 3) lögmann, b. v. AM.

ligt með þessu minnu opnu brefi að eg meðkiennust að eg hefði gíort suo fellt fleskipte nu með dætrum minum j þáð arfskipte eða lauggiafer huert sem helldur kann nu hier epter að verða. og þáð Bref utvisar sem eg gíorda j tungu. að nærverańða Bessa presti Jonssýne. Þordi Kliemussýne og fleirum monnum audrum sem bref um gíort þeirra vottar. og sakier þess eg veit ogrant huersu lausafie kunna að halldast eður utgíaldast sem eg hefði adur ágreint að hæð eður skíallegre Þorgan þui skipa eg nu með samþýcki konu minnar biargar.

j fyrstu Guðrunu dottur minne jordina alla áudunarstadi til fullrar eignar.

Helgu dottur minne Krossanes að vatnznese og myre í vestarahope til æfinligrar eignar

Vilborgu dottur minne hól og Klombur j vesturhópi til fullrar eignar hveriu um sig með aullum þeim gaugnum og gíæðum. eignum og jtaukum sem sierhverz jorðum fylgier og fylgt hefur að fornu og nyu. hier með skipa eg Þiorgu kúinnu minne j gíaffer sínar jordina Fitíar og þar með sex malnytu kugilldi og þar til fríjða peninga sem brestur a mála hennar. og jardernar hól og Bessastadi j Skagafírdi. og þar með tolf kugillde. Enn Guðrun Jonsdóttur skal hafa kugilldi með jorðum sínum og kapla og gíellt fie sem til vinst þar til hun hefr. xl. tíger hundrud með þeim v. kugilldum sem með enne standa. og Einar helldur. en Þiorg skal hallda hana og hennar fie. þar til sem spýrst j landid. huert eg er lífs eða dauður. og til sanns vilia mins bíð eg vinlega Einar son minn hann halldi þessa mína skipun j ast víð Guð og hlydni víð mig enn heyður og híalp víð syskin sín. Og til saninda hier um setta eg mítt Jnnsigli fyrer þetta gíornings Bref er gíort var að Urdum j Suarfadardal laugardaginn fyrer þalmsunnudag Anno Domini millesimo quingentesimo quinto.

arásum á Skarðsströnd i tíð hústrú Olöfar, þegar faðir hans bjó á Kvennahvoli í þrjú ár og hann sjálf tuttugu og eitt ár í Langeyjarnesi.

Eptir afskrípt Magnúsar Einarssonar á Jörfa c. 1730—1740 meðal Dagverðarness og Dimonarklakkabréfa (há mér), stafréttir eptir frumriti.

Þat geri ec jon þorlakson godum monnum viturligt med þessu minu opnu brefi at ec uissa fyrir uist at fader minn þorlacr heitinn olafson bio a kuennahuoli þrenna .xij. manudu. og hafde skogarhogg j sledmeidarasa atólolaust at skipan hustru olofar allan þann tima. So medkennumzt eg fyr nefndr jon þorlakson at ec bio j langeyiarnesi einn uetur og .xx. og hafda eg skogarhaugg j sledmeidarasa allan þann tima atólulaust at skipan hustru olofar þui eg uissa fyrir full sannendi at hun¹⁾ lysti og hieilt þa sina eign um alldur og æfi. bædi adr og sidan. og hier epter uil eg sueria ef þurfa þicker.

693. 26. Marts 1505. í Fagradal.

VITNISBURÐR Jóns Björnssonar um skógarhögg í Sleðmeiðarásam, þegar faðir hans bjó í Dögurðarnesi um sjö ár.

Þad giorer eg jon biornsson godum monnum uiturligt med þessu minu opnu brefi ad ec medkennumzt ad fader minn bio j dögurðarnesi upp a sið tolfmanude. ad ec wissa fyrir full sanninde ad hann hafdi sledmeidarasa til hriss-högs og allrar nautnar suo leingi sem hann bio a fyrr greindri jordu ataululaust og einginn fann ad suo ec wissa. Og til sanninda hier wm setta ec jon biorns(son) mitt jnn-sigli fyrir þetta uitnisburdarbref skrifad j ytra fagradal fiorda dag paska ærwm epter guds burd. M. d. og .v. ar.

„Þessar 2 ofanskrifader vitnisburder [Nr: 692 og 693] voru bader a heilu og órotnu Pergamentzbrefe med einu óbrakudu Hängande Jnnsigli, so hliodande ord fyrer ord sem hier er ritad“.

1) hñ, hdr.

694. 27. Marts 1505. í Vatnsfirði.

GUÐNI og Ormr Jónssynir handleggja Narfa Jónssyni jörðina Dynjandi í Grunnavík.

AM. Apogr. 837 „Ex originali frá sira Hannese á Snæfjöllum. Þetta bref er með sömu hendi sem leidarholmskrá er eg feck af Magnuse Magnussyne. Jnnsigle Biarnar Gudinaonar er eigi stærra enn 2 sk. Danske. Júnan í því er hundur. sem setur rófunu uppi loft. og beyger hana fram á hryggenn. sier so með höfðenu tilbaka eins og hann ætla að bita í spordenn á rófunne. Þesse hundur snyr fremra hlutanum að vinstre hendirne . . .“ (AM.)

Þath giorvm vier biorn gvðinason. þorolfr avgmundzson og þolleifur avrnolfson godum monnum kvnigt með þessv voru opnv brefi að þa er lidit war fra guds burð 10 cccc niwtiger¹⁾ og xv ar a fimtudagin j paskavikv vorum vær j hia saum og heyrdum æ i breidastofvnni j vazfirði j jsafirði ord og handaband þessara manna af einne alfv gudina jonssonar. og orms brodur hans enn af annare narfva jonssonar. að svo fyrir skildu að fyr skrifader brædr gvðini og ormr handlaugdu adr nefndvm narfva jordina dyniandi er liggr j grunnavikur kirkiu sokn með þeim skil-daga að hvn skyllði hans ævenlig eign svo framarlīga sem hvn mætte þeirra eign verða. til arfs eða vmbods sinna vegna eða þolleifs þalssonar. fyrir þa peninga sem þall heiten jonson broder þeirra var skylldugr adr greindvm narfva sinna vegna og solveigar biornsdottur. og narfva

1) „NB. fyrste stafurinn í *tiv* (o: t) — því að Árni hefir fyrst lesið *tivtiger* — synest að hafa vered settur (þó með sömu hende og sama bleke sem hitt. so mikid sem siást kann) í stadenn eins hvers þess sem ut hafe vered skafed: Kannske þar hafe í fyrstu óvarlega skrifast *niv*. þó á það óefad að heita *tiv*. so sem það nu er. — Nu tek eg mig aptur um þetta ofan skrifad. því Jon lögmædur Sigmundzson allegerar þetta bref í sinum urskurde pro Narfa Jónssyne 1514. Verdur það so að vera elldra. Mun því eiga að heita *niwtiger oc xv* (o: 1505) hversu barbarum sem það nu er. Annars hefi eg sied transcriptum af þessu brefe giört 1573. Þar stod í M. cccc. LL. og xv. ar“. (AM.). Samkvæmt þessu hefir Árni leiðrétt ártalið 1515, sem hann fyrst hefir skrifad efst í horn bréfsins, og hefir gert úr því 1505, enda hlýtr ártalið að vera það, því að Guðni Jónsson dó 1507.

mega með riettu að sýri taka þessv samvum jörð að næst-
vum fardavgyvm. samþykktu þeir biörn og æri þenna giorning
fyrir sinn partt ef þeir mætte eigandi verða þeirra peninga
sem solveig hafði att. Og til sanninda hier vmm settvm
vær fyr nefnder menn vor jnsigli fyrir þetta opit bref
hvert er giort var j sama stad dag og ar sem fyr seiger.

695.

8. Apríl 1505.

á Hólum.

GOTTSKALK biskup á Hólum kvittar bróður Jón Þorvaldsson
um útlúkning á öllu því, er hann varð honum skyldugr á
meðan hann var officialis heilagrar Hólakirkju.

AM. Apogr. 3878 með hendi Árna Magnússonar eptir frumritinu.
„Jnsigle gotskalks biskups (híð minna) hanger við brefed“ (AM.)

Vier godskalk með gudznad biskup a holum giorum
godum monnum kunnigt með þessu voru brefue ath vor
brodir Jon Þorualdzson með samre nad abote a þyngeyr-
um. hefuir anefnt golldit ok wtluçkt alla þa peninga sem
hann lofuade oss fyrer þær allar sakir ok reikningzskap
sem hann brotligur vard við oss meðann hann var vor ok
heilagrar holakirkju officialis. suo ath oss vel líjkar ok
anægir. þui gefvm vier adrnefndann abota Jon aullvngis
kuittann og akiærulausann fyrer oss ok ollum vorum riett-
um eptirkomendum heilagrar holakirkju formonnum. ok til
sanninda hier vmm heingium wier vort secretum fyrer þetta
kuittunarbref er skrifuat var æ holum j hialtadal. þridiu-
daginn næstann epter festum sancti ambrosij episcopi et
confessoris anno domini millesimo quingentesimo quinto.

696.

15. Apríl 1505.

á Hólum.

EINAR Hálfánarson selr Pétri bónda Loftssyni hálfu jörðina
Ytradal í Eyjafirði og hálfu Kambfell fyrir alls fjóra tigi
hundraða og jörðina Geldingsá á Svalbarðsströnd með þeirri
grein, er bréfið hermir.

AM. Fæc. XXXVII, 19, trumrit á skiinni. Af 6 innsiglium er nú eitt fyrir.

Þat giörvm ver gotskalk med guds nad biskup a hol-um. magnus arnason. sæmvndur simvnrason. ion finbogason. helge sigurdsson. ion sigvalldason leikmenn godvm monnum viturligt med þessu vorv opnv brefe at ver vorvm j hia savm og heyrdvm a ord og handaband þessara manna af einne halfu peturs bonda lopzsonar en annare einars bonda haldanarsonar at svo fyrir skildv at einar selldu ad-ur greindvm petre lopzssyni jordena ýtradal halfa er ligur ur i eyiafirde og¹⁾ halft kamfell. hier i mot gaf opt nefnd-ur petur lopzsson sextan hvndrod og. xx. er biskupin reikn-ade at einar haldanarson være skylldvgur kirkivnne i dal og iordena gelldingsfa er ligvr a svalbardsstrond og .ii. kv-gillde og .ii. hvndrod i þarfligum peningvm. skyllde hvor vm sig svvara laga riptingvm a þeire (jordv) er selldu en hallda til laga þeire er keypti.

for þesse giörningur fram j stoplinvm a holvm þridiv-dagin næsta fyrir magnus dag vm vorit. arvm epter gvds bvrð þvsvnd fim hvndrod og fim ar. Og til sanenda hier vm setivm ver vor insigle fyrir þetta kavpbref er skrifat var a holvm i hialltadal a sama are og deige sem fyrr seier.

697.

1. Maí 1505.

á Hólum.

BRÉF, að Gottskalk biskup á Hólum lýsti því, að Jón Finn-bogason ætti hjá sér eitt hundrað hundraða og tuttugu hundruð betur, að hann hefði lént sér jörðina Grund í Svarfaðardal og Ósland með kotunum báðum Hóli og Brekkum, og að Jón hefði lofað að selja sér jörðina Ósland (Falsbréf).

Skjalabók 94. 4^{to} í Landsekkjalasafni með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600, bl. 20—21. Þetta bréf n un án efa vera falsbréf, gert í Barðsmálum um 1590. Sbr. bréf frá 18. Jan. 1506.

1) efst á spássiu, og boðað inn.

Brief fyrer Barde w̄m reikningskap.

Þad Giorum wid Jon prestur palsson og Jon Hallgrimsson godum monnum vitanligt med þessu voru opnu Briefe ad vid worum hia staddir æ holum j hialltadal at þa lidit var fra Guds burd $\text{O d v ar æ vpstigningardag vors herra Jesu Christi og heyrðum þar æ ad Gottskalk med gudz nad biskup ad Holum lyste þui fyrir ockur og morgum odrum godum monnum ad Jon Finnbogason ætti hia sier jcc og xx^c Betur. Somuleidis lyste og fyrir ockur fyr greindur Biskup Gottskalk ad Jon Finnbogason hefde lient sier jordina grund j Suarfadardal og jordina Osland med kotunum Badum hole og Breckum vpa xj ar. sierdeilis lyste optnefndur Biskup Gottskalk þui fyrir ockur ad Jon finnbogason hefde sier lofad ad selia jordina osland j oslandshlid sem hann war eigande ad fyrir adra lxxx^c fasta eign. Og til sanninda hier vm setium vid ockar Jnncigle fyrir þetta ockar vitnisburðarbrief huortt skrifad var et cetera.$

698.

12. Maí 1505.

á Mosvöllum.

14. Apríl 1506.

í Ögri.

DÓMR útnefndr af Birni Guðnasyni, kongs umboðsmanni milli Geirhólms og Langaness, um áskilnað Guðna Jónssonar og Tumasar Jónssonar út af hval, sem rak á Kirkjubóli í Skutilsfirði, þá er Tumas hafði jörðina á leigu, en Tumas hafði tekið hvalinn að sér.

AM. Fasc. XXXVII, 80, frumrit á skinni. Fyrir bréfið hafa aldrei komið nema 4 innsigli, og eru 2 af þeim dottin frá.

Doms bref v̄m hvalinn þann tvm̄as jonsson tok ad sier a kirkivboli j skutvlsfirde.¹⁾

Ollum monnum þeim þetta bref sia edur heyra sender þorleifur aurnolfson. ketill þosteinson. jon þosteinson. þorgautur olafson. sigmundr brandzson. jon ionson kuediu gvds og sina kunnigt giorandi med þessu uoru opnu brefi á

1) Utan á bréfinu með gamalli hendi (Björns Guðnasonar).

manvdagen næsta fyrir halluardznesso¹⁾ þá er lidet uar (fra) hingadburd uors herra jhesu christi. O. uc og u ar á mosuollum j aunundarfirdi á almenniligu hieradsþinge uorum uær til nefnder af ærligum manni birne gudinasyni er þá hafdi mins herra kongsins sýslu og umbod j millvm geirholms og langanes at skoda og dæma j millum gudina jonsonar og tumas jonsonar um þann askilnad er þeirra for j millvm fyrir hueriar saker greindr tumass var þangat stefndr j nefndan stad og dag. kiærde greindr gudine jonson þat til adr nefndz tumass. at hann hefde olaugliga med faret [og rangliga under sic dreigit med heipt og ofund²⁾] þann sama hval sem kom æ kirkibole j skutilsfirde þá greindr tumas ionson hafde adurnefnda jaurd til leigu af halldore hakonarsyni er þá uar eignarmadur adr greindrar jardar kirkiubols. Enn greind sakar gipt er nu komin vnder adur greindan gvdina og hans syskin orm og gvdfinnv. epter kristinu gudinadottur modur þeirra Epter þui sem erfder hafa til geingid um adra peninga halldors hakonar(sonar).

J fyrstu grein dæmdum vær opt nefndum tvmasi lyrittareid hin minna huersu miced hann hefde under sig dreigid af adur greindum hval. hvern er hann sor oss a heyravndum at þat hefde verid. xij. uættir af feitahual og allt þuest og reingi at auke. Quat uær gjaurdum honum fyrir sitt starf og arbide fyrr skrifat þuest og reinge. bein og seyme. en bitala half mork greindvm halldore fyrir hueria uætt af feitahual. epter þui sem hann selldizt. þar j sueitenne fyrir vadmal og smiðr og frida peninga. Vt uisar suo uor landzlaga bok at huervetna þar sem madur giorer manni fiarskada med heipt og ófund til halfrar merkur. þá skal fullriette uppe eda aufvndarbot epter dome. Þui dæmdvm uær greindum halldore hakonarsyni. fimm merkur j fullriette af opt nefndum tumase fyrir rangligt halld og at-tanku á adr nefndum hual. fiell þá adr greint sakferli og riettarfar under kristinu gudinadottur med audrvm arfi og peningum epter uigdisi halldorsdottur. dottur dottur sina

1) D. e. 12. Mai, sem þá var annar í hvítasunnu. 2) [á spássiu og vísað inn.

sem fyrr skrifad stendur. og með þui at opt nefndr tumas uillde aungua midlung eda forsuar á giora með adr nefnda kristinu um adur greint hualuerd og riettarfar. þui dæmdvm uær henne fimm merkur j fullriette á opt nefndri sakargipt. fiell þa þessi bædi fyrr skrifud fullriette og hualuerd epter optnefnda kristinu baurnum hennar til arfs epter hana Gudina jonsyni. Orme og gudfiunv. En saker þess at opt nefndur gudine jonson amalgade uid títt nefndan tumas vm opt nefnda akæru og beiddezt apturlags á fyrrgreindum peningum enn hann villdi eigi. Þess og annars at uær uissum at hans partur var suo uicill at riettu sundrskipte og alnataulu til arfs vid sín syskiñ. vr þessu riettarfare og hualuerde. at honum uard halfrar merkur skade á huerium xij manudum. Og þui dæmdum uær adrskrifader domsmenn með fullu doms atkuædi. títt nefndum gudina jonsyni vj merkur j fullriette af opt nefndum tumase. á huerium xij manudum sidan honum fiell þesse sakargipt og riettarfar til arfs epter modur sina kristinu gudinadottur [en konginum iii aura með hueriv fullriette a huerium halfrar merkur skada.¹⁾ Skulu þesser peningar gialldazt j aullum laugligum sakeyri sem boc giorer rad fyrir með þrimur saulum at næstum fardaugum og at micelsmesso. en allt golldit at næstum fardaugum epterkomandum og gialldizt heim(a) j augri at heimile opt nefndz gudina nema hann uili indælla um giora og suo kongsins sakeyrer heima at laugheimile biarna(r) gudinasonar kirkinboli j langadal.

Samþykkti þenna vorn dom með oss adr greindur Biorn gudinason kongs umbodsmann og sette sitt jnsigli með norum fyrr nefndra domsmanna jnsiglum fyrir þetta domsbref huert skrifad var j augri j isafirdi þridia dag paska are sidar enn fyrr seiger.

699.

19. Maí 1505.

á Hólum.

DÓMR klerka útnefndr af Gottskalk biskupi á Hólum, þar sem þeir dæma jörðina Skeggjastaði á Ströndum fullkom-

1). [á spássiu og vísað inn.

lega eign Hóladómkirkju, síðan Jón djákni priórsbróðir galt biskupinum hana í sektir, skuldir og reikningsskap.

AM. Fasc. XXXVII, 20, frumrit á skiini. För eptir 5 innsigli eru í bréfinu, en innsigliu eru öll dottin frá. — AM. Apogr. 3402.

Domur vm skeggiastadi 1505.¹⁾

Þath giorum wier. Broder einar abote a munkapuera. brodir Nikulaas prior a maudruuallum. jon giislasou radzmann heilagrar holakirkju. eirikr einarsson. gudmundr jonsson. jon finbogason olafur klængxson. jon finbogason. helge ionsson. nikulas þormodzson. besse ionsson. þorstein ketilsson. petur paalsson. þorbiorn ionsson. jon ionsson. jon þornardzson. jon andresson. steingrimur bessason. haluardr biarnason ok finboge einarsson. prestar hola biskupsdæmis godum monnum viturligt med þesso woro opnv brefe at sub anno gracie millesimo quingentesimo quinto. a vijdeuallum i skagafirde jn die halluardi martiris²⁾ vorum vier i dom nefndir af vorum verdugum herra ok andaligum fedur Godskalk med gudz rad biskup a holum. ath dæma. skoda ok rannsaka. wm iordina skeggiastade er liggur a straundum fyrir austan lauganes i skaalaholtz biskupsdæme. hueria er ion ionsson diakne sem kalladur er priorsbrodir. hafde golldit ok feingit biskup godskalke ok heilagre hola kirkiu med vottum ok handabaude til fullrar eignar fyrir þær sektir. sakfelle ok reikningzskap sem hann var skyllidugur heilagre holakirkju ok biskupinum a holum fyrst af vmbodum þeim hann hafde hola kirkiu vegna. ok reikningzbrest af instædum landzskyllidum ok kvgillda leigum. huad reiknadizst tuttuugu hundrut i landskyllidur ok þar til leigur eptir tiutige kugillda. a huert ar medan hann hafde vmbodin. ok fimm malnytu kwgillde ath auk wr jnstædu. Suo ok lyste biskup godskalk fyrir oss at aadr nefndr ion ionsson hefde lofuat sier med handabande ath vijgiazst vndir hola kirkiu. prestr ef þath mætte med riettu verda. edur brodir i einhueriu klaustre sama biskupsdæmis. vm vorit sem hann var fyrst samþyektúr af prestum ok bedinn ath vera biskup a hol-

1) Utan á bréfinu með gamalli hendi. 2) þ. e. 15. Mai. 3) Svo.

um aadr hann siglde. lyste ok biskup gvðskalk¹⁾ fyrir oss at biskup stephan hefde at sier tekit ok hielde greinda iord skeggiastade ok kallade jon diakna gefuit hafua til beneficium vndir skaalholtz kirkiu. enn ion diakne seigir nei til at hann hafue nefnda iord gefuit. huorke vndir skaalholtz kirkiu nie til beneficium. framar enn hann vijgdizt prestur vndir skaalholtz kirkiu. Nu sakir þess at vier vissum fyrir full sanninde at opt nefndur ion jonsson sem nu er diakne ok kalladr er priorsfrænde. var j opinberum sankum vid heilaga hola kirkiu ok hennar formenn. af hordomum. frændsemispiellum ok mægdum ok þær med var hann tuikuæntur ok hliop suo af biskupsdæminu ordlofslaust an laugligrar lausnar. skripta ok yfuirbota. þui fyrir þa fyrstu grein. at ion ionsson hafde sik fyrr lofuat til viigxlu vndir hola domkirkiu enn skaalholz kirkiu. ok fyrir þær allar greindar saker er hier standa ok adrar fleire. leistz oss hann eigi mega viigxlur taka edur votum seigia j odrv biskupsdæme vtan hann hefde þar til sierligt ordlof haft af biskupinum a holum. Ok at suo profudu sem nu er hier fram komit. dæmdum vier allir fyrr nefndir prestúr tijtt nefnda iord skeggiastade vera ok verit hafua sannliga ok fullkømliga eign hola domkirkiu ok biskupsins a holum sidan ion diakne gallt hana ok luckte biskup godskalk i sinar sektir. skuldir og reikningzskap. at þeim vitnum feingnum at jon diakne fiækk biskupinum ok holadomkirkiu þessa saumu jord j aadr greint sakfelle ok reikningzskáp. Ok til sanninda hier vm heingium vier optt nefndir prestúr vör jncigle fyrir þetta domsbref. er skrifuat var a holum i hialta(dal). Manudaginn næstan fyrir ffestum corporis christi a sama are sem fyrr seigir.

700.

28. Maí 1505.

á Hólum.

STEFNA Gottskálks biskups Nikulássonar til Jóns Sigmundssonar um kúgildahald, útlausnir, biskupstíundahald, samningsrof og hjónabandsmein.

AM. Apogr. 3962 eptir transskripti frá 9. Aug. 1592.

Wier Goskalk med gudz nad Biskup á Holum stefnum

1) Svo.

yður Jon Bondi Sigmundsson stundarstefnu fyrer oss til Hóla j Híalltadal j Skagafirði fimtudaginn næstann epter sancti botolfs dag nu næst er kemur¹⁾ fyrer þær sakir er vier kíærum til yðar.

J fyrstu grein. ad þier hafid ad hallda .v. edur vj. malnytu kvgilldi. sem voru med jordinne kviijvm j nordurárdal j borgarfirði. og hofum vier huórki feingid leigur edur avoxtu af upp a fimm árr.

J annari grein stefnum vier yður fyrer vj kvgilldi er sijra Sigmundur Steindorsson fader yðar var oss skyllidugur j vorum reikningskap. og hefur stadith vpp a þriu ár.

J þridiu grein fyrer vorar vtlausner sem er eina af vididalstungu. Tvær af mårstodum. Tvær fyrer nupin. Tvær fyrer vrdar kirkiu og fyrer gamlann vxa.

J fiordu grein fyrer tijundargiord. ad þier hafid alldrei giort ydra Biskupstijund rietta sijdann vier vorum Biskup. og vier komum til Jslandz. Reiknum vier það sierdeilis fyrer hundrad hundrada j jardagotzi eda meir og olukt af ollu lausagotzi.

J fimtu grein ad þier hafid ad yður tekid vegna kirkiunnar j Vijdidalstungu Biskupstijvnder þær er minne eru enn eyrer. af þeim bæium sem þar til eru nefnder. og alla þa tijund sem eigi er skiptitijund. og allt pietursfie og eigi golldit þann eyrer søluvodar. sem þar skylldi fyrer koma.

J siettu grein fyrer þa sauk ad þier hafid rofid þann sama. sem fader yðar sijra Sigmundur Steindorsson jatadi fyrer yður á almennelegre prestastefnu. heima æ holum fyrer þær saker sem þier voru brotleger vid heilaga kirkiu og forbod sem þier voruth j settir. ad su sátt og same skylldi suo framt halldazt sem þier væruth alldri j moti heilagri kirkiu. og hennar formanne huorki med ord edur verk. Enn þier skyllduth j sama forbodi ef þier býfid. og hieildedith ecki þa jatañ og sátt sem greindur fader yðar sijra Sigmundur giordi fyrer yður.

J siöundu grein kíærum vier til yðar Jon Sigmundsson heilagrar kirkiu vegna ad þier hafid samañ byndith yd-

1) p. e 19. Júní.

vart hionalag vid biorgv þorvalldzdottur. sem sögd er ydar fiormeningur ad frændsemi jamlant ad telia j badar ættir. keypt hana og fest ologliga j moti heilagrar kirkiu rietti ðn orlofi vors helgasta faudurs pavans. visvitandi þennann skulldugleika eptir ættartali frænda ydvara og hennar. Enn einginn skyllði heyrazt hver sem vm taladi þenna skylldeika. hvorki j lysingv hionalagsins fyrer edur eptir ad ydar forlagi.

Stefnum vier ydur fyrer allar þær sakir sem vier kunn- um þar til ydar ad tala med lögum þo þær standi ecki hier j stefnunne.

Stefnum vier ydur vnder þann dom sem vier þar yfer nefnum hvera svara edur sekta þier verdit oss og heilagri kirkiu skyllduger hier vm.

Stefnum vier ydur j fyrrsägdann stad og dag med ollu ydru profi og skiliriki sem ydur ma til bata verda j greindu mali og verid komenn fyrer háðdeigi og sitied so leingi stefnunar¹⁾ sem endilegur vegur geingur á þetta ydvert mal.

biodum vier þier sijra Steingrimur bessason vnder hlydne og afsetning þins Embættis ad lesa þetta vort bref fyrer adurgreindum Jone bonda Sigmundssyni suo hatt hann meige vel heyra. ef hann vill.

Og til sanninda hier um heingium vier vort secretum fyrer þetta bref skrifath a holum j hjalltadal föstudaginn næstann fyrer petronillæ virginis Anno Domini M.^o D.^o qvinto.

701.

30. Maí 1505.

í Björgvin.

Björn Þorleifsson selr Hans Kruckugh og Sunnifu hústrú konu hans jarðirnar Stað í Aðalvík, Skáladal, Reykjarfjörð, Hesteyri og tvær eyðijarðir á Ströndum hjá Draungum fyrir sex hundruð berena gyllini, með öðrum greinum, er bréf- ið hermir.

AM. Fasc. XXXVII, 29, frumrit á skinni. Öll 6 innsiglin eru dottin frá. Aptan á bréfið ritar Árni ártalið „1505“ og er það rétt.

1) Dannig.

Kaupbref á millum Biarnar Thorleifssonar og
hans krukúv.¹⁾

Thath giorer egh biorn thorleffson godhvm monnum kvneckth medh thessv mínv opnv breffe thet egh medh-konvntzth ath egh haffur selltth velbvrdhigh mann hans krvcvgh och hans ærlighre kvinnu hvsthrv svnniffv thessar mínar jardher j jslandhe er so heitha fyrst Stbadh j adhalvíjk ock er femthighe hvndhrvdvm. Skaladalvr .xij. c och then er thar ligghur næsth ogh er .xvi. c reykiarfiordh .xx.c. hestheyr fjíra .c. ogh .xx. och thvo eydhegardha er ligghr nordhr vpp aa strandher hws drangha medh ollvm theim hlvthvm och blvnnendhvm sem thessvm jordhvm fylgher och fylgth haffur ath fornv och nyiv thil ytharstu endhemarcka epter thy sem miner foreldhrar ogh egh epther theim haffu fframasth eighandhe ath ordhit thil fialz ogh fiörv [thil sios²⁾] och landhz. medh thollvm och thivndvm skoghvm och rekvm. vothvm och veidhestodhvm einghivm och vthhoghvm. och ollvm avdrvm gædhvm sem tbessvm fyr greindhvm jardhvm sierdhelis thil heyrer. ffyrer sex hvndrvdh berena gyllene och skvlv bythalazth j thessvm næstvm thrimur aarvm. thvav j aar. ij. ath aare næsth komandha. och ij eth thridhie areth. Och tha j svodhan matha ath egh edr mín retthe sysken en einghen annaþ skvlv megha leysa thil oss j gien junaþ næsta aar och dagh er gvdh vill ath eegh kann komasth heim j gien thil jslandhz. edr mín syschyþ kvnnv her faa bod edr breff vth aff. ogh skvlv thesser peninghar sendhasth thil beren ogh thar byth alasth. Enn vþ the vilie enthet leysa godhzeth thil segh innaþ thenna forneffadha thidh for sodhaþ peningha sem egh ber her vpp. tha skal skriffen hans krvcvgh och hans kvinna hvsthrv svnniffa eighnasth oph nefntth godhz thil æwinlighrar eignar med fríj och frelse. vndhaþ megh och mínv erfinghivm. enn vnder them och therass erfinghia. Er ogh so ath thar kann seinna meir nockvr klaghaþ edhr aakæraþ vppaa koma so ath thet gaar vth aff them medh loghvm och retthe tha

1) Utan á bréfinu með hendi frá 16. öld. 2) [á spássiu og vísað innu.

byplícthar [egh¹) megh edhr mína erfíngíia ath bythala oþh nefndh hans krvcvgh og h hvstrv svnnífv edhr theírass erfíngíia jafntth gotth godbz sem thetha j avdrvm stadh sem them edhr therass loghlíghvm vmbodzmanne vel aa neygher ath thacka. Och genghr vth aff thessv godhze j landhskyllldh ein vætth mína enn. xl. med fisk. Her medh kennesth och²) fyr nefndh bíorn thorleffson j thessv mínv opívv brefe ath egh haffur vpp boreth [thann fyrsta¹) sal af thítht nefndhvm hans krvcvgh och hans dandekvinnv hvsthrv svnnífv thuav hvndrudh gyllene so ath megh vel aa neygher thy gyffhr egh them thar forer kvíth och frý og h allzthinghís aakærvlavv for megh och alla mína eþther komandha och thíl ythar meire víssv og h sanninde her vñ tha bídhr egh thessa dandhe (menn) sem so heítha. herra círeck sumarlídhason. níchl chlavysson. thordh mathzson. asmvndh salamvnsón. gíarth breídhc. ath sethía sín jnsíghle medh mínv fyrer nedhañ thetha kavpsbrofh er gíorth var j bereñ frydaghen næstha eþther avghvstíní epíscopí. anno domíní. M^o. d. v.

702.

31. Maí 1505.

á Hólum.

GOTTSKALK biskup á Hólum gefr síra Hálfðani Narfasyni umboð til að lögfesta hálfu jörðina Lögmanshlíð í Kræklingahlíð, og leggri erkibiskupsdóm með hans capitulo og alls ríkisins ráðs í Noregi fyrir norðan fjall fyrir greinda jörð.

AM. Fasc. XXXVII, 21, frumrit á skinni, og er innsiglið fyrir. — AM. Apogr. 3403.

Wmbod ad lögfesta hálfa Logmanshlíð
Doomkirkiunar Wegna.³)

Vier godskalk med gudz nad biskup a holum giorum godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefui at vier hofum feingit vorum kæra syni sira halfdane narfuasyni

1) [tvískrifað í frbr. 2) Svo. 3) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

vortt fullt og logligtt vmbod og heilagrar holakirkju till at logfesta halfua iordina logmanzhlid sem liggur i kræklingahlid i eyiafirði og sira eirikur sumarlidason galt oss og heilagre holakirkju i sin reikningskap epter þui sem hans bref þar vm giord vtvisa og honum fell till erídar og eignar epter faudur sin sumarlida erikzson þui fyrirbiodum vier vnder forbod og bann heilagrar kirkju þessa vora logfesting at riáfua þui at vier leggium heilagrar kirkju dom og vors andaligs faudurs erchibiskupsins i þrandheime med sinu capitulo og alltz rikissens radz i norige nordan fiallz fyrir greinda iord halfua logmanzhlid ef nokur vil hena¹⁾ ahræra eda kæra suo framt sem vier naum eigi riettum logum hier i islandi vm þetta vortt mal edur annat þui at vier biodum oss og aull vor mal vnder ransak og skodan vors kæra faudurs erchibiskups og rikissens radz i norige þui fyrirbiodum vier huerium manne greinda iord halfua logmanzhlid logfesta yrkia i at vinna sier at nyta karli edur konú huat þeir heita. biodum vier og greinda iord til logligra skipta finboga logmanni eda hans logligum vmbodzmanne eda þeim aúdrum sem greinda halfua iord þickiazt eiga. Og til sanenda hier vm heingium vier vort secretum fyrir þetta logfestingar vmbodz bref skrifuat a holum i hialtadal a sancte petronille dag arum epter gudz burd 00 d og fim ar.

703.

1505.

FINNBOGI lögmaðr Jónsson selr Gottskalk biskupi á Hólum jörðina Seylu í Skagafirði, en biskup leggr aptr þriðjunginn í Ásgeirsá og Lækjamóti í Víðidal og gaf upp alt tilkall og ákæru til Lögmanshliðar, og sættust þeir að því.

Biskupeskjalasafn, Pappírsbréf Fasc. V, 1, afskript á pappír frá c. 1613, og er bréfið hér heilt að efni en ekki formi. Sbr. bréf frá 8. Okt. 1502, Nr. 585.

1) Svo.

Kuittantia Biskupz Gottskalks vppa kirkiu

Reikning j Logmanshljíd Anno 1505.

Seldi Fimboge Logmadur jordina Seylu liggiande j skagafirde biskup gottskalk. fyrir hana gaf biskup gottskalk og aptur lagdi fimboga logmanne þridiunginn vr ásgæirsð og Lækiamote er liggur j Hunavatsþinge og þa lausa aura sem þeim þridiungzporttum fylgde. Eirnin var og so til skilid j þessu þeirra handsoludu kaupe. ad allt það tilkall og akiæra sem þratt nefndur biskup gottskalk hafdi adur haftt vpp a jordina Logmannshljíd ad fornu edur nyiu huortt sem það væri fyrir dom eda adra akiæru. skilldi vera oлдungiss kuitt og akiæruleast og titt nefnd jord Logmannshljíd oll skilldi vera æfinlig Eign Fimboga Logmanns. og hann kuittur og akiæruleaus v̄m allt halld og medferd a þeim peningum fostum edur lausum. og vppa þessi þeirra skipti skilldi biskup og Logmadur vera oлдungiss satter huor vid annan og vppa þenna skilmala og giorning fieck logmadur biskupe alla jordina Seylu.

704.

8. Júní 1505. á Skarði í Langadal.

VITNISBURÐR Einars Oddssonar, að Björn Jónsson sór svo felda bókareid, að hann hefði aldrei útgefið Jóni Sigmundssyni vitnisburð né heldr sitt innsigli um kaup þeirra Jóns og Guðmundar Ólafssonar á Reykjum, Aðalbóli og tólf hundruð í Hreiðarsstöðum, sem bréf þar um gerð útvísa, með öðru, er bréfið hermir.

AM. 240. 4^{to} bls. 10, með hendi Jóns lögmans Jónssonar c. 1592. — Skjalabók Landsskjalafnsins 94 4^{to} bl. 34 a—b. með hendi Jóns lögmans Sigurðssonar c. 1600 (með ártali 1504). — MSteph. 56. 4^{to} bls. 270, með hendi Snæbjarnar Torfasonar 1646.

secundus.

er hond biskupz olafs hi(allta)s(onar) á þui ordi
skrifat.

Það [giorum uier¹) einar oddsson godum monnum vit-

1) [giore eg 94.

urligt med þessu mijnu opnu brefi að a torfustodum j midfirdi á almenniligu hieradzþingi sor biorn jonsson suo felldan bokareid að hann hefði allðri sinn uitnisburd utgefð og ecki helldur sitt jncigli joni sigmundssyni vm það jarda-kaup sem jon s(igmunds)son og gudmundur olafsson haufdu uid keypst [þrimur¹) adalboli og reykiu og xije j jordunni hreidarstodum epter þui sem bref þar vm [gior vtuijsa²). oc það lagði hann j sinn eid að hann hefði aldri sitt jncigli vt gefð joni sigmundssyni huorki vm þennan vitnisburd ne anan þessum monnum hiaverondum

grijmi jonssyni

asgrimi þorbiarnarsyni

biorgolfi magnussyni

og morgum odrum godum monnum.

Og til saninda hier vm sette eg mitt jncigli med fyrr greindra manna jnciglum firir þetta vitnisburðarbref skrifað á skardi j langadal sunudaginn næstann firir festum barna-be apostoli anno domini millesimo quingentesimo quinto³)`

705.

9. Júní 1505.

í Hjarðarholti.

DÓMR sex manna útnefndr af Arnóri Finnssyni, kongs umboðsmanni milli Hvítár og Hítarár, um framfæri Atla Atlasonar.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni (d. 1748) skr. c 1608. — Afskrípt frá c. 1700 er í AM. 211c 4to b's. 115—116.

Ómagadómur.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra senda Salamon Einarsson. Brandur Einarsson. Oblaudur Grimsson. Oddur Magnusson. Gudlaugr Jonsson og þorsteinn þorlaksson. kuediu Gudz (og) sijnna kunnigt giorandi at þa er lidit var fra hingad burd vors herra Jehsu christi .M. d og v ar manudæginn næstañ fyrir festum Sancte Barnabe Apostuli j hiardarholli j stafhollzstungum a þingstad riett-

1) 94; j 240. 2) [giortt vtuijsar 94. 3) quarto 94.

um vorum vær j dom nefndir af Arnori finnzsyni kongs vmbodsmanni j millum huitar j borgarfirdi og hitarar at skoda og dæma vm þann omaga sem atli heitir atlason og Gisli palsson sagdi sier olaugligañ(a) settañ vera. og beiddi og krafði nefndañ Arnor ad nefna dom yfir. huad hann skyldi af giora greindum omaga. Nu af þui ad það syndist þar fyrir oss. og suo vissum vier sialfir fyrir full sannindi. ad adurnefndur Gisli atti ecki suo micid fie ad hann ætti med laugum frañ ad færa þennañ fyrrsagdañ omaga. þo ad hann væri honum nockud skylldur. Þui leyst oss honum þessi omagi olaugliga færður verid hafa j allañ mata. J annari grein stendur suo j laugum. ad ef omagie kemur á hendur manni vtan laugmannz vrskurd edur þingmanna-dom. giori huort er hann vill lati fara á hæl aptur. ella til þings. og meti þingmenn huort færa skal. þui ad suo profudu og fyrir oss komnu dæmdum vier opt nefndañ Gisla palsson med riettu mega flytia þennañ adurskrifadañ omaga á þann sem á hann flutti. og þar vid skiliast. Enn ef ofriki bannar honum eptir ad lata greindañ omaga. þa dæmdum vær hann med riettu mega nidur setia þennañ tittskrifadañ omaga hia þeim manni skylltum omaganum sem med var þa þessi omagi var honum færður. og seigia af sjna abyrgd og hann þar uid skylldañ. Og til sanninda hier um setium vier fyrnefndir domsmenn vor Jnnsigli fyrir þetta doms brief. Skrijfad á aukrum j hraunhrepp á Mirum fimtudæginu næsta fyrir jonsmesso baptiste a sama ari sem fyrr seigir.

706.

11. Júní 1505. á Mel í Miðfirði.

VITNISBURÐR um skyldleika þeirra hjóna Jóns Sigmundssonar og Bjargar Þorvaldsdóttur frá Grundar-Helgu.

AM. 240. 4^{to} bls. 14—15, með hendi Jóns lögmanns Jónssonar c. 1592 — MSteph. 56. 4^{to} bls. 272—73, með hendi Snæbjarnar Torfasonar 1646.

Það giorum uier Þorsteinn gudmundsson, helgi jónsson, prestar, asgrijmur Þorbiarnarson og helgi sigurdsson, leikmenn, godum monnum kunigt með þessu voro opnu brefi að bergliot sigmundardóttir sagði þar fyrir oss að gyriðjur steindor(s)dotter faðursyster síjn hefði reiknad og talid ætt þeirra biarnar og Jngigerdar. Sagði gyriðjur odrumeginn biorn einarsson.

þá kristínu biornzdóttur.

þá solue(i)g dotter kristinar.

þá jón s(igmunds)son sonur solueigar.

enn audru megin.

Jngigerdur Þorsteinzdóttur sem halldin var og saugd syster biarnar einarsonar.

enn sonur Jngigerdar Jón

fader þorualldz. enn þorualldur fader

biargar.

Og reiknadi þessa somu ætt fyrir mér broder asgrijmur sem aboti var á þingeyrum og sagði þessa ættsanna og suo skyllða vera epter þú sem áður er reiknad og suo þetta folk skyllt hafa kallaz huort uid annað. sagði bergliot þar fyrir oss þessu að allðri tuijmælis orkad hafa nema það væri talad epter vplesning Jóns S(igmunds)sonar broður síjnz. Sagdist hun sagt hafa Jóni S(igmunds)syni og Solueigarsyni broður síjnnum áður hionskaparkaup þeirra biargar gieck fram að hann mætti hana ecki eiga þú þau væri skyllð. spurdi hann mig hueria hann skyllði eiga. enn eg sagði honum það mér þótti líjkast. nu að þessu vndertauludu sem áður er skrifad sor bergliot sigmundardóttir fullan bokar eid fyrir síra Jóni Þorgilssyni sem þá var profastur j hunavatzþingi. Sagði bergliot j síjnnum eidstaf og sor að þesse ætt hefði suo verid reiknud og halldiñ af síer elldri monnum og allðri tuijmæli a leikid fyrr enn Jón Sigmunds-son hefði þar vñ talad seirna enn þau biorg bundu sinn hiuskap. lagði bergliot það j sinn eidstaf að hun suæri þann eid huorki til aufundar vid Jón broður sinn. eigi fyrir peninga edur venskap edur hrædslu. helldur fyrir full sanindi og þessi ætt hefur suo verid halldiñ. og fyrir ætt heilagrar

kirkiu. og moder þeirra Jonz og bergliotar hefði sagt þessa ætt suo skyllða vera epter þessu ollu sor bergliot fullann bokar eid sem adur er skrifad.

Og til saninda hier vm setium vier fyrr skrifader menn vor Jncigli fyrir þetta bref er skrifad var j mel j mid-firdi jn festo barnabe apostoli anno domini m d v.

707.

16. Júní 1505.

á Hólum.

VITNISBURÐER Einars Oddssonar, að Illugi Guðmundsson sör þess fullan bókaræið, að hann hefði aldrei sitt bréf eða innsigli útgefið Jóni Sigmundssyni fyrir neinn vitnisburð á æfi sinni, og aldrei hefði hann innsigli átt og eigi heldr leyft Jóni Sigmundssyni að grafa undir sínu nafni.

AM. 240. 4^{to} bls. 10—11, með hendi Jóns lögmanns Jónssonar c. 1592. — Skjalabók Landaskjalasafnsins 94. 4^{to} bl. 34a, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600 (með ártali 1510). — MSteph. 56. 4^{to} bls. 270, með hendi Snæbjarnar Torfasonar 1646.

Tertius.

á þui ordi er handskrift biskup olafz.

Eg einar oddsson kongz vmbodzmadr¹⁾ j hunauatz-þingi giore godum monnum viturligt med þessu mijnu opnu brefe ad arum epter gudz burd [m d og v²⁾] áur á manu-daginn næstan firir festum barnabe apostoli³⁾ á hofi j vatzdal sor Jllugie⁴⁾ Gudmundsson firir mier suo latandi bokar eid ad hann hefði alldri sitt bref eda jncigli vt gefid joni s(igmunds)syne firir neirn vitnisburd á æfi sinni og alldri hefði hann jncigli att og eigi helldur leyft joni sigmunds syne ad grafa jncigli vnder sijnu nafni þessum monnum nærverundum⁵⁾ er hann sor þennann eid [brandur þorlaks-son og sigurdur hallkielsson.⁶⁾

Og til sanninda hier v̄m setti eg mitt jncigli med fyrr

1) — man 94. 2) [1510, 94. 3) p. e. 9. Júní 1505. 4) 94; langi (!) 240. Sbr. Morðbréfabækling 1592. 5) 94; nærverandi 240. 6) [Brandur Þorlaks-son og Sigurður hallkielsson 94.

greindra manna þinglum fyrir þetta vitnisburðarbref skrifad á holum j hialltadal viku sijdar en fyrr seger.

708. 19. og 20. Júní 1505. á Hólum.

Dómr tólf klerka útnefndr af Gottskalk biskupi á Hólum um sakir þær, sem hann bar á Jón Sigmundsson.

AM. Apogr. 3879 „Ex originali lögmanssens Pals Jonssonar Widalin“ (AM.). 12 innsiglagöt voru á frumritinu. „En um 4 þau sidarstu göten synest sem alldrei muni þar i hafa þveinger dregner vered. þó er það eigi ölldungis vist“ (AM.). Öll innsiglin, nema 3. og 6., voru dottin frá. — Meðal Apogr. 3963 er afskrípt af dómi þessum eptir transskripti á pappír 9. Aug. 1592. — Enn fremr eru afskríptir af þessum dómi í AM. 240. 4to bls. 1—7, með hendi Jóns lögmans Jónssonar c. 1592; í Landeskjalasafni 94. 4to bls. 37—41 með hendi Jóns lögmans Sigurðssonar c. 1600, — og MSteph. 56. 4to bls. 265—269, með hendi Snæbjarnar Torfasonar á Kirkjubóli 1646. Sbr. Nr. 700, 704, 706 og 707.

Þath giorum uier broder nichulas prior a modruvöllvm. jon þorgilsson. gvdmundr jonsson. jon finnbogason. olafur klængsson. jon jonsson. gunnar þordarson. hallvardr biarnarson. steingrimr bessason. halfdán narfbason. hallr gudvarðsson og hallr hallvarðsson. prestar hola biskupsdæmis godvm monnum uiturligt med þessv voro opnv brefi. at þa er lidit var fra hingatburd vors herra jesv christi 00^o. d. og fimm ær æ holvm j hialltadal. fimtvdagenn næsta fyrir jonsmessv baptiste vm svmaret vorum vier j dom nefnder af uorvm nadvgum herra og andaligvm faudur herra gotskalk med guds næd biskup æ holvm. ath dæma vm þa akærv er biskupenn kærde til jons sigmundzsonar ok j stefninni stod. þui jn nomine domini amen dæmdvm vier stefnvna logliga og jon sigmundzson logliga fyrir kalladañ hier j dag. var og stefnan svarin og þat at jon sigmundzson var svo nærr ath hann matti heýra ef hann villdi. Enn fyrir fýstv grein er j stefnvnni stod og biskupenn kærði til jons sigmundzsonar at hann hefði at hallda fimm eda sex malþýtv kugillde er hann hafði eda let hafa fra jorðvnni kuivm j nord-

urærdal j borgarfirdi og biskupenn sagdi hann j ongv frelsi haft hafa greind kugilldi vpp æ fimm ár enn biskupen sagdizt heimt hafa at jone og feingit ecki. þui dæmdum vier fyr skrifader prestar jon sigmundzson skýlldugañ at luka aptur fyrrsavgd kugilldi med laga avexti biskup gotskalk eda hans logligvm vmbodsmanni at næstum fardogvm epter komanda. nema jon sigmundzson leidi .ij. loglig uitni jnnan manadar at heyrðum dominvm. at hann hafi fyrsogd kugilldi aptur lvkt þeim sem med logvm atti at taka.

J annarri grein kærði biskupen til jons sigmundzsonar at hann hefði halldit sex kvgilldvm vpp æ þriv ár. er sira sigmundr fader jons var biskupenum skýlldvgur j reikningsskap og hafði lofat at lvka biskupenvm. þui dæmdvm vier jon sigmundzson skýlldugañ at luka aptur kugilldin med leigvburdi jnnan halfs manadar at heyrðvm dominvm biskupinvm eda hans vmbodsmanni. nema jon leidi .ij. loglig uitni jnnan halfs manadar at heyrðvm dominvm. at hann hafi avngva peninga tekít epter fodur sinn sira sigmund davdan.

J þridiu grein er biskupinn kærði til jons sigmundzsonar vm vtlavsner af þeim alkirkiv jordvm sem jon sigmundzson hafði halld æ. var þat ein nott fyrir vididaltvngv. ij fyrir nwp. ij fyrir mærsstadi. og .ij. fyrir vrder. reiknadizt þetta fiortan hvndrvt og gamall vxi at avk er biskupinn sagdiz feingit hafa jone. enn fyrir þessa akærv biskupsins til jons sigmundzsonar dæmdvm vier jon skýlldvgañ at lvka biskupinvm eda hans vmbodsmanni adr nefndar vtlavsner og vxaverd jnnan xiiij. daga at heyrðvm dominvm. nema jon syni med logligvm vitnvm. at gistingarnar hafi verit til reidu at hverri þeirri kirkiv sem biskupinvm bar at gista enn jone sigmundzsyni bar at svara fyrir eda svara lata. eda peningarner upp bodner at logvm æ hverri þeirri kirkiv jordv sem adr erv nefndar og jon sigmundzson atti fyrir at svara þa biskup gotskalk hefer ridit j sina visitacione. enn ef honum fallazt vitni þa dæmdvm uier biskupinum. xv. merkur j sitt fullretti af sierhverri greindri

kirkiv jorðv sem greindr jón sigmundzson hefer eigi vtlavsnernar lukt. eða gistingarnar halldit. fyrir rangligt halld á vtlavsnunvm. eða fyrir missin gistinganna.

J fiordu grein er biskupinn kærði til jóns sigmundzsonar at hann hefði ecki lukt biskupstivnd sína rétta vpp á sex ár at til greindu hvndrad hundrada j iardagozi og at auki otivndat allt lavsa goz. þui dæmdvm vier fyrir fyrrgreind tivndarhavlld. þriggia marka sekt vpp á eð fyrsta áred og tvigillda tivndina. enn vpp á annat áred sex merkur og tuigillda tivndina. enn fyrir þat þridia áred sem jón sigmundzson lukti eigi greinda biskupstivnd af adur nefndv gozi favstv og lavsv. dæmdum uier epter þui sem kristiñ rettur vt visar. fallit under kong og biskup adr greint goz j favstv og lavsv. nema jón sigmundzson leidi .ij. logliga hreppstiornarmenn j hverivm hrepp þar sem hans goz liggia faust og laus. og sveri þat med fyllvm bokareidi at greindr jón sigmundzson hafi vpp sagt eða upp lated segia á hreppstiornarþingi á hausten sína rétta tiundargiord og hann hafi logliga latid á lita sína peninga epter þui sem login skipa. skal og jón leida þav avnnvr .ij. loglig vitni at hann hafi meta lated. lukt eða upp bodit med logvm greinda biskupstivnd af adrnefn dri peningahæd j rettan eindaga epter þui sem kristifrettur vtvisar þeim sem taka hefer átt at logvm. og at þessvm vitnvm leiddvm fyrir biskupinvm eða haus vmbodsmanni jnnan. xiiij. daga at heyrðvm dominvm. dæmdvm vier jón sigmundzson vidskilin greinda tivndarsok.

J fimtu grein kærði biskupinn til opt nefndz jóns sigmundzsonar at hann hefði at ser tek't kirkivnar vegna j vididalstungu biskupstivnder þær sem minne erv enn eýrer og alla þa tivnd sem minne er enn skiptitivnd og fallit hefer i vididalstungu kirkivsokn og allt petursfe j savmv kirkiv sokn. enn eigi golldit þann eýri solvuodar. sem koma skýlði fyrir greint petursfe og biskupstivnd. og eigi halldit þann skilmala sem giordr hefer verit vm greinda tivnd og petursfe og registrvm þar vm giort vt visar. nv saker þess at þessi solvodareýrer hefer eigi golldinn verit. dæmdvm vier tit nefndañ jón sigmundzson skýlldvgañ at tvigillda aptur

þann solvodar eyre fyrir hvert þat ær sem honum hefer borit at svara fyrir kirkivna j vididalstvingv fyrir suo morg ær sem hann hefer at sier tekit eda taka latid greinda tivnd og petursfie. hier med dæmdvm vier sina¹⁾ þriggia marka sekt fyrir þann solvodoreyre vppá hvert ær sem hann hefer eigi lvktur verit sidan jon sigmundzson atti at svara þessvm eyre. hvorv. adra²⁾ romakirkiv fyrir þann hluta sem koma skýlidi fyrir petursfie j greindvm eyre. enn adrar .iij. merkurnar fyrir biskupstivndarhlutan j sama eyre. og jon sigmundzson fallinn j bann fyrir rangligt halld æ þui fie sem koma skýlidi fyrir romaskattinn. og skýlldugañ at taka skript og lavsn af biskup gottskalk eda þeim hann til skipar.

J settv grein er biskupinn kærði til jons sigmundzsonar at hann hefði eigi halldit þa satt og sama er vm var talat og samþýkt af ollvm prestvm æ almenniligri presta-stefnv heima æ holvm epter biskup olaf latinn sem gud hans sóul nædi vid sira sigmund favdur opt nefndz jons vm þat forbod er hann var j settur fyrir sin brot af biskup olafi. var sv lofan sira sigmundar vegna jons sonar hans at jon skýlidi alldri motstadligur vera heilagri holakirkiv eda hennar formonnum huorke med ord ne verk opinberliga eda leýniliga. enn ef jon helldi eigi þenna sama eda satt þo þat veri eigi med handsolvvm giort vid sira sigmund fodur hans. þa skýlidi hann vera j sama forbodi sem biskup olaf hafði hann adur j sett. kom fram fyrir oss j domenn opid bref skrifad vnder nafni jons sigmundzsonar at hann medkendizt hann hefði lofad sira jone þorvalldzsyni er þa var officialis holakirkiv at vera henne hlydenn og hennar formonnum og j ongvvm hlvtvm ne greinvvm henne motstadigur vera. enn saker þess jnciglis sem þar var fyrir heingt og os leizt vnder nafni jons vilhialmssonar enn eigi sigmundzsonar. kvomv þar og tvav opin bref med heilvm og hangavndvm jnciglvvm er suo voro latandi. at þesser tveir menn er suo heita jllhugi gudmundzson enn annar biorn jonsson. hefði

1) 3963; siga 3879 (!). 2) adrar 3963.

svarit fullań bokareid hvorr þeirra j moti sinv incigli sem jon sigmundzson skýlldi vpp a þa junciglad hafa. at þeir hefði þav allðri vt gefit og allðri lofa(t) jone sigmundzsyni þav at grafa eda grafa lata. þui dæmdvm uier þat bref sem skrifat var vnder nafni ions sigmundzsonar eń annars manns jncigli var fyrir heingt fullt falsbref og ongva magt hafa og eińgi onnvr hans þref þav sem hann hefer og kirkivna ahrærer hvort þav erv moti eda med hvort sem þau hafa fram at bera leiker eda lærder. nema þav ein sem skilviser menn sveria epter sinvm junciglym eingin onnvr hvorki forn nie ný þui hann ma ongra vitna nie brefa notandi verda. sem nockvt falsbref giorer. nv saker tveggia falsbrefa sem vpp æ hann hafa verit svarin og þess ens þridia sem vier sialfer savm og yferlasvm sem j dominvm voro. kom þar og ecki þat fram fyrir oss at jon sigmundzson hefði logliga leystr verit af fyrsskrifvðv forbodi. lýsti og biskupinn þar fyrir oss at jon sigmundzson hefði ecki halldit þa satt og sama sem adr er skrifvð. þui dæmdvm vier hann fallenn aptur j sama forbod sem hann var adr j settur af biskup olafi og skýlldvgań at taka skript og lavsn af biskupinum jnan sioyndar at hejrdvm dominvm.

J sioyndv grein er biskupinn kærði til tit nefndz jons sigmundzsonar. at hann hefði kejpt og fest viðsvitandi biorgv þorvalldzdottur fiormenning sinn at frændsemi. kom fyrir oss opid bref med junciglym suo latanda at berliot sigmundardotter hefði talit ætt þeirra biarnar einarssonar og jngigerdar systur hans. hafði bergliot talit odrv megin biorn einarsson. þa kristinv biornsdottur. þa solveigv dottur kristinar. þa jon sigmundzson son solveigar. enn odrv megin jngigerdr þosteinsdotter¹⁾ syster biarnar einarssonar. þa jon sonr jngigerdar. þa þorvalldur sonr jons. þa biorg dotter þorvalldz. hafði bergliot sagt at gýridr fodursyster sin og jons sigmundzsonar hefði þessa somu ætt suo talit og reiknat fyrir sier. suo og hafði bergliot sagt at broder

1) „Þetta þosteins. er ritad med ödru bleki gulara enn því sem ä brefenu er. Enn hönden virdest mier vera hin sama. Er audsýnelega utskafed ord. sem staded hefur þar sem þetta þosteins. nu stendr“ (AM.).

asgrimr sem varð aboti a þingeyrvm hefdi þessa somv ætt sagt og talit sanna og svo skýllda vera epter þui sem adr er reiknat. og suo þetta folk skýllt hafa kallazt hvert vid annat og alldri tvimælis okat. hafdi bergliot sagt jone sigmundzsyni brodur sinvm. adr hann keypti biorgv þorvalldz-dottur at hann mætte hana alldri eiga þui þav veri skýlld. hafdi bergliot sigmundardotter svarit hier at fullan bokar-eid fyrir jone þorgilssyni er þa var profastur j hvnavatz-þingi. hafdi bergliot sagt og svaret at þessi ætt hefdi svo verit reiknyt og hallden af sier elldrvm monnum og alldri tvimæli a leikit fyrr en jon sigmundzson hefdi þar vm tal-at seinna enn þav bvdv sitt hionalag. kom þar og j dom-en fyrir oss tveggia manna vitne med sverdnvm eidvm at þav jon sigmundzson og biorg þorvalldzdottur hefdi lyst fyrir sier adr þav bvdv sitt hionalag at þav veri skýlld og mætti ecki eigazt. þui dæmdvm vier med fvlv doms atkvædi sanna og logliga frændsemi þeirra j millvm jons sigmundzsonar og biargar þorvalldzdottur epter þui sem þav hafa medkendz og vitne hafa vm svarit sem adr er skrifat. Nv fyrir þetta þeirra ologligt hivskaparband sem þav hafa bvdvit sin j mille j meinbvgvm adr greinder menn jon og biorg viðsvitandi j moti heilagrar kirkiv logvm og rette og an lofi vors helgazta fodur þafans j rom. þui dæmdvm vier þav atskilin þui hivskaparbandi sem med þeim hefer giort verit þui þat matti alldri med logvm saman bindazt. enn fyrir þa ofdirf(d) og lagabrot sem optnefndr jon sigmundzson hefer gert viðsvitand(i) j fyrr skrifdv hivskaparbandi og nidrat suo kirkivnar logmali. og vier vitvm ongvn fyrr dirfzt hafa j moti vors helgazta fodur þafans orlofi. þui dæmdvm vier jon sigmundzson skýlldvgañ at giallda .xv. merkur hola domkirkiv fyrir fyrrskrifat lagabrot. enn fyrir fyrstv barneign j savmvm meinbvgvm getid hafa verit adr-ar .xv. merkur. enn fyrir adra barneign .xxx. merkr. fyrir þridiv barneign. sem þav hafa att sin j milli jon og biorg. lx. merkur. enn fyrir þionvstvtektiv vpp a suo morg ar sem verit hafa sidan hann batt þenna sinn hivskap j sogdvm meinbugvm skýlldvgañ at giallda .iij. merkur fyrir hvert

ared sem hann hefer þionustvna tekit j svo storri ohlýdni. enn fyrir hvert .xvj. daga halld sem hann hefer j kirkiv geingit .xij. aura. enn fyrir hvern svnnvdag og postula messvr og adra helga daga .vj. avra. enn fyrir hvern rymbhelgan dag. xvij. alner suo opt sem hann hefer j kirkiv geingit an logligrar lausnar. og fallinn j bann af sialfv verkinv og skýlldvgañ at taka skript og lavsn af biskupinum heima a holvm jnnan fiortan daga at heyrðvm dominvm. skal jon sigmundzson hafa golldit allañ þenna sakeyri hid sidazsta at næstvm fardogum nema biskupinn vili leingr bida. og at ollv svo profvdv sem nv hefer hier fyrir oss komit med brefvm og vitnvm. hofvm vier þetta dæmt. Ok til sannenda hier vm settvm vier fyrr skrifader prestar vor juncigle fyrir þetta domsbref er skrifat vör æ holvm j hialltadal fostudagen næsta fyrir jonsmessv baptiste vm sumarit æ sama are sem fyrr seger.

„Utan æ þennann dom hefr herra gudbrandur ritad med eigen hende“ (AM.):

| | |
|--------------------------|----------------------------|
| Biorn Einarsson | Jngegerdur Þorsteinsdotter |
| Kristin B(iorns)d(otter) | Jon |
| Solveig | Þorvalldur |
| Jon Sigmundsson | Biorg. |

Mein þau sem biskup goskalk hieilt vera á milli Jons Sigmundzsonar og Biargar Þorvalldzdottur. þeim er so hattad :

J fyrstu hafa þeir sagt ad þau hafi verid samboriñ syskin Biörn Einarsson og Jngegiardur. og Grundar Helga hafi þeirra moder verid og fader Jonkiære Einar. Þá Jon Sigmundzson gat það aptur borid og bevisad osatt ad vera. þá lugu þeir upp ad hun væri þosteinsdotter. dotter eins prests j Saurbæ. og Grundar Helga hefdi átt þessa Jngegerdi j hordomi vid prestinum. Hier um ber þetta vitne. ad j brefabok biskup gottskalks med hans eigen hendi. þar nefnist þessi Jngigerdur¹⁾ Einarsdotter²⁾. og so hefur hier verid skrifat med fyrsta j þenna dom. Enn þá su lygi rann aptur. hafa þeir skafid j burt Einars²⁾. enn skrifad j stadinn Þosteins.²⁾ so sem þetta fals má enn hier lioslega síð

1) Jngibiörg, Apogr.; AM. leiðrétti. 2) Svo undirstrykað í Apogr.

og merkia j þessum domi j þessu orde Þorsteins.¹⁾ Þvi skammest þeir sin ad tala um falsbrief uppa Jon sem slikt hafa giørt. j soddann male.

Þetta medkiennist eg

Gudbrandur Th(orklaks)s(on)

Anno 1590.

709.

1. Júlí 1505.

á Öxarárþingi.

FINNBOGI lögmaðr Jónsson staðfestir Hvammsdóm Arnórs Finnssonar frá 19. Sept. 1504 um öreiga leiguliða og skuldalúkning þeirra.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni, og er þetta skr. c. 1640.

Eg Finnbogi Jonsson Logmann nordan og vestan a Jslandi Giori Godum monnum kunnugt ad Eg hefi sied og yferlesid þennañ sama dom sem hier fyrer ofan skrifadur Er huorn Arnor Finnsson mier nv samstundis syndi sem hlíodar vm skulder Aureiga vid þeirra husbændur edur landzdrottna og vm þa peninga sem adrer menn ættv hia þeim thil fodurs Eða Byggingar. J þridia mata hlíodandi vm þa peninga sem Born leigvliðanna hia þeim þeirra²⁾ forelldrúm ættv. Nv af þuj mier lijst soddan adferd giord moti Logunum ad þeir sem sijnum husbændum Eiga skulder ad luka taka fodur og leigia kugilldi Annara manna añ sinna husbænda leifis eda samþyckis þeim til obærilegs skada. Lika virdist mier það ovidurkuæmilegt. ad Born aureiganna hafi sijna peninga frij. Enn Landeigendurner Eckirt. Hef Eg jnuvirdvlega skodad og Rannsakad þetta domz Bref og lijst mier það skiællegt og rogsamlegt og Epter Logum giort vera j Allañ mata. þuj at til kolludum logrettvmonnum og odrum godum monnum og mier samþickianda segi Eg adurgreindur Finnbogi Jonsson logmann j Gudz nafni med fullum laga vrskurdi þennañ sama dom og domz Bref sem³⁾ hier fyrr

1) Svo undirstrykað i Apogr. 2) krassað i og ógreinilegt. 3) fúíð úr hdr.

skrifad er staudugañ og loglegañ med öllum sijnum greinum och articulís. og obrigdanlega halldast eiga hiedan af. Og til sanninda hier vm þricki Eg mijnv venivlegv Jnn-cigli hier vnder þann j dag Julj a auxararþingi Anno M. d. og v. ar.

710.

17. Júlí 1505. í Kaupmannahöfn.

NOREGS rikisráð dæmir Keyæ wan Alefeldæ frá hirðstjórn á Íslandi fyrir þær sakir, er Henrik riddari Krummedige kærði til hans konungs vegna, að hann hefði farið frá Íslandi án vilja konungs, að hann hefði gerzt þjónn annara meðan hann var fógeti á Íslandi, að hann hefði ekki gegnt konungs stefnu og að hann hefði tekið við páfafa þar í landi, sem hann dæmist til að skila aptur.

Ríkisskjalasafu Dana „Island & Færøe“. Supplem. I, 1. Frumrit á skinni. Fjögur innsigli hafa verið fyrir bréfinu, en nú eru 3 af þeim dottin frá.¹⁾

Norgis Riigens Raads dom offuer Keye van Alefeldhe 1505.²⁾

Vii effterscreffne Gautho met gudz nade erchebiscop i Trundhem. et cetera. Karll aff samme nade biscop i Hammer. Jon Powelsson prouesth i Marikirckæ i Osloo. Niels Henrichsson Ridder. Norgis Riigis Raadh Giðræ witterligt foræ allæ. at aar effther gudz byrd m d quinto torsdagen nesth effther diuisionem apostolorum her i Køpnehaffn wor skicket foræ oss welbyrdigh man her Heurick Krwmedigæ Ridder och framsettæ ock forægaff paa högboren förstis vegnæ Her Hans met gudz nade Danmarchs. Suerigis. Norgis et cetera konningh wor kærestæ nadige herræ hworledis Keyæ wan Alefeldæ som hanss nade haffde tilskicket. tilltroet och befallet hans nadis och Norgis krones Landh Yslandt. haffde draget och giffuet sigh ther aff landith vden

1) Bréf þetta hefir ríkisskjalavörð Dana dr. juris V. A. Secher verið svo góðr að bera fyrir mig staf eptir staf saman við frumritið.

2) Aptan á bréfinu með samtíða hendi.

hanss nadis wilgæ och befalingh och at han haffdæ sagdt en annen sijn tiennestæ then stundt. han hanss nadis foget wor paa forskreffne Yslandtt. och sameledis fremsettæ for schreffne her Henrich Krwmmedige. at wor kære nadige [Herræ ha]ffde honnom steffndt at mødæ foræ oss her i Kopnehaffn om forskreffne sagher och skyllingerh och ther om stande Hans nade till rettæ och ey møthe hand her eller nogen annen paa hans vegnæ. och kerdæ och forskreffne her Henrick paa hanss nadis vegnæ. at hans nadæ war foræ kommet. at han skuldæ befatthæ sikh met wor hellestæ faders pawens penningæ ther paa landith och ther i rettæ settæ forskreffne her Henrick paa wor nadige Herris vegnæ. om forskreffne Keyæ wan Alefeldæ burdæ her effther at haffuæ eller beholdæ forskreffne Yslandt. Ther paa sagdæ wii swo at forskreffne Keyæ wan Alefeldæ ey bør lengher at haffue eller beholdæ forskreffne Yslandt men at hans nade maa tillskickæ en annen godh. troo man till hanss nadis foget och embitzman paa forskreffne Yslandt, som hanss nadæ och landith kan være gaffnligh och nyttigh och at forskreffne Keyæ bør till rettæ ath standæ. om han nogher ther paa landith haffuer vforretteth. och fyndis och. ath han haffuer fanget eller noget befatthet sikh met wor hylleste faders pawens penningæ. tha bør hannom och ther foræ ath standæ till rettæ och holdæ wor kærestæ nadige herræ och landith ther aldeless vden skadæ.

Giffuet aar. dag och stadh som forskreffuet staar.
Vnder woræ inseglæ.

711.

28. Júlí 1505.

í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti kvittar Helgu húsfreyju Guðna-dóttur um þær fésektir, sem hún varð honum skyldug vegna Torfa heitins Jónssonar (í Klofa) bónda síns um það, sem Torfi hafði orðið misfara við guð, heilaga kirkju og biskup, með þeim greinum er bréfið hermir.

Bisk. Skalh. Fasc. IV, 11, frumrit á skinni. Öll (5) innsiglin eru dottin frá. — AM. Apogr. 2553.

giorningsbref helgu huspreyju vid biskup
Stephan. bref vm kolldukinn og kolbeinsey.

Ver steffan med guds nad biskup j skalhollti giorum godum monnum kunnegt med þessu uoro opnu brefj. ad sub anno gracie M d v. jn profesto sanctj olafj regis et martiris j skrudhusinv j skalholltj at helga gudnadotter hefer giort oss nægelsi fyrir þær fiarseckter sem hon vard oss skýlldug uegna torfa heitins jonssonar bonda sins epter þui sem hon batt sig j suar fyrir um þat sem hann hafdj misfara ordit vit gud og heilaga kirkiv og oss. hofum wier uppborit j fiarseckter af hennj hier fyrir jordina kolldukinn j marteinstungu kirkiu sokn j holltvm og kolbeinsey er liggr j þiorsa til æfenligrar eignar og frials forrædis med ollum þeim gognum og giædum sem greindum jordum fylger og fýllgt hefer at fornu og nýv og hon og erfingiar fyrnefndz torfa urdu fremzt eigandj at huorttueggia fyrir .xxc. Jtem hier til nockut silfur. suo og hofum wier upp borit xxjc j uor afgiolld. hefer hon lofad oss hier til xjc og x aurnm þar til j afgialld og sakeyri enn þo stendr til miclu meira epter þui sem domuren ut uisar. enn fyrir hennar audmýkt og goda epterleitan hofum wier gefit hana kuitta og hennar erfingia og epterkomendur um adur skrifut afgiolld og fiarseckter sem j domenum standa. Og til lýckta eru leiddar ath luctum xic og x aurnm þar til j afgiolld og sakeyri sem fyrr stendur skrifat. Jtem hofum wier og gefit Eysteinn brandsson j henar ualld um þat sem wier hofum til hans ath tala.

Woro þessir menn vid adur greindan giorning herra arne med samre nad abotj j videy. sira gislj jonsson og sira eystein jonsson. jon bondj sigurdsson. og settv sin jnsigli med voro jnsigli fyrir þetta giorningsbref og kuittnar skrifad j sama stad degj og arj sem fyr seigir.

712. 20. August 1505. á Grýtubakka.
 31. Janúar 1506. á Grund.

Dómr útnefndr af Finnboga lögmanni Jónssyni, að Bessi Þorláksson sé ferjandi og flytjandi fram til Noregs á kóngsins náðir, þar hann hafði fullu bætt og sátt gert við Magnús Hallsson um víg Halls Magnússonar, sonar hans, er Bessi hafði ófyrirsynju í hel slegið.

AM. Fasc. XXXVII, 31, frumrit á skinni. Af 12 innsiglium eru nú 3 innsigli fyrir bréfinu.

Domur þessa þorlákssonar.¹⁾

Ollvm monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra. senda. stville magnusson. petur loptzson. jon jonsson. jon þorsteinsson. þorðr þorsteinsson. stefan ketelsson. sigurdvr sigurdzson. stephan ingimundarson. flovent þorarensen. hallr arnorsson. jon sueinsson ok sveinvnge andresson Q. G. ok sína. kynnigt giorandi. at þa er lidit var fra guds burd. þvsvnd. fimm hvndrvth ok fimm aar. miduikudagenn næsta epter marivmessv fyrri a grýtvbacka j hofdahverfi. a logligv avrvarþingi. vorvm vier j dom nefnder af ærligvm manni finnboga jonssýne logmanni nordan ok vestan a jslandi sem þa hafdi kong(s)ins sýslv og vmbod ýfer þingeyi-arþingi. at dæma vm þa viglýsing er þar fram kom vegna þessa þorlákssonar at hann hefði oforsyniv j hel sleigit hall magnusson. var þar svarin fyrir oss nattstadr þessa ok svo viglýsing hans epter þui sem login til skipa. dæmdvm vier þessa greinda uiglysing logliga ok fvllmektuga epter bokarennar ordvm j allan handa mata vtan landz ok innan. þar epter samstvnðis j stad ok degi uoro vier j hia savm ok heýrdvm aa. at þorlák þorsteinsson ok besse þorláksson af einne alfv. enn magnus hallzson fader hallz heitens magnussonar af annarri giordv ok medkenndvzt med fvllv handabandi. at þeir hefði fullkomna satt giort. upp a fyrr nefnt mannzslag hallz magnussonar. vm febætur j giolldvm ok gridasavlv ok greinder menn þorlák ok besse hefði lvkt

1) Utan á bréfinu með gamalli hendi.

ok æ nefnt vegna þratt nefndz þessa adr nefndvm magnusi hallzsyni. suo mýckla peninga med settvm salastefnvm sem magnusi vel likadi at taka j giolld ok batur epter hall heitenn magnusson son sinn. hier med gaf ok selldi nefndr magnus sogdvm þessa þorlakssyni grid ok fullan frid fyrir sier ok ollvm odrvm avrfvm ok epterkomendvm hallz magnussonar. aulnvm ok obornvm fyrir þetta opt nefnt manns- slag. med ollvm þeim greinvm ok skildaga sem logmalit skipar og skyrer at grid eiga fyrir mannslag at seliazt ept- er logvm. hier epter dæmdvm vier titnefndañ þessa þorlaks- son ferienda ok flytianda fram æ kongsins nader til noreg- es sem login til skipa fyrir nefnt sakferli.

Ok til sannindi¹⁾ hier vm settvm vier fyrr nefnder domsmenn vor juncigli fyrir þetta domsbref skrifat æ grvnd j eyiafirdi lavgardagen næsta fyrir marivmessv kertamessv. are sidar enn fyrr segir.

713. 6. September 1505. á Möðruvöllum.

GRÍMR Pálsson lofar Haldóri frænda sínum Sigmundssyni tuttugu hundraða jörðu og tíu hundruðum í þarflegum peningum, ef hans heiðr við liggur.

AM. Apogr. 565, með hendi Árna Magnússonar „Ex originali sira Haunesar á Snæföllum. Sigilli fragmentum appensum est“.

Þat giore ek grimur pälsson godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefe at ek hefelofoð Halldore frænda Sigmundssyne .xx. hundrada iordu og þar til x hundrudum i þarflegum peningum fridum og friduirtum ef hans heidur vid liggur. skulu þesser peningar viser nær þorf at geing- ur. er þetta sumt gíof fodur mins heitins en sumt mitt til- lag. uære hann vel maklegur þo meira være fyrer skulld- skapar saker og sinar þionustu. Og til sannenda hier um setta ek mitt incigle fyrir þetta bref er gíort var æ Maudru-

1) Svo.

vollum i Eyafirdi laugardagin næsta fyrir mariumessu sid-
are þa er lidid var fra guds burd þushund fim hundrud og
fim ar.

714. 9. September 1505. á Sveinstöðum.

DÓMR útnefndr af Einari Oddssyni kongs umboðsmanni í
Húnavatnsþingi um peningamál þeirra Guðmundar Indriða-
sonar og Ásgrims Þorbjarnarsonar.

Landsskjalasafn 94. 4^{to} bl. 2a—3a með hendi Jóns lögmanns Sig-
urðssonar c. 1600. — Landsbókasafn 873. 4^{to} bls. 56—57, skr. c. 1620.

Annar Domur wm sama mal.¹⁾

Aullum monnum sem þetta Brief sia (ður heyra senda²⁾)
Sygurdur Dadason. Brandur Einarsson. Brandur Olafsson.
Halldor Sugurdsson. [Halldor Jonson³⁾]. Sugurdur Juarsson.
Arngrimur Liotsson. Marteinn Jonson. Sueinn Þorfinnson.
Þordur Clemensson. Nar'fe Jngemundarson og Jon Olafsson
kuEDIU Guds og vora kunnugtt giorande ad þa lidit var fra
Guds Burd 0 d og fimm Aar þridiudaginn næstañ fyrir
krossmesso vñ haustit a Sueinstodum j Vatnsdal þingstad
ættum vorum vier til doms nefnder af ærligum dandemanne
Einare Bonda Oddssyni er þa hafde mijus herra kongsins
syslu og vmbod j Hunavatnsþingie til ad skoda og dæma
vñ þa akiæru sem Gudmundur Jndridason kiærde þar til
Asgrims Þorbiarnarsonar. Handsauludu þessir menn sig vnd-
er dom vid greindañ valldsmann suo vier saaum vpæ. J
fyrstu kiærde Gudmundur Jndridason til Asgrims ad hann
hefde og hieilde peninga konu sinnar Jngebiargar Jlluga-
dottur er henni hefdu til erfda fallit epter faudur sinn og
modur. J annare grein kiærde Gudmundur til Asgrims vm
þau xv og xx^c er Asgrimur reiknade kuinno sýna Þor-
biorgu Brandsdottir hafa giefit sier j fiordungsgiof epter þui

1) Þ. e. mál Þórðar Þórðarsonar og Ásgrims Þorbjarnarsonar. Sjá
dóm frá 3. Júní 1494 (DI, VII, Nr. 273). — Domur Einars B(onda)
vñ arf og giof 873. 2) Olafur Halldorsson b. v. hér 873. 3) [sl. 873.

Briefe Jnciglalausú sem hann hler synde fyrir oss. Syndist þar og Eínginn fiarvogstur þeirra í millum og eij helldur epter Jllanga Þordarson daudañ er adur hafde atta¹⁾ Þorbiorgu Brandsdottir. Þui í fyrstu dæmdum vier logligtt vnderlagit og Asgrim skylldugañ ad giallda heima ðú steina Gudmunde Jndridasyni í hond edur hans logligum vmbodsmanne ad næstum fardogum suo mykla peninga med loglig-Avegsti sem Gudmundur feinge witni til ad epter stædi af peningum Jngebiargar kunno sinnar í gard Asgrims. Skilldu þesse vitni leidast fyrir Eínari Oddssyni kongs vmbodsmanne seinasta fyrir allra heilagra messo. skillde og Gudmundur giora Asgrime Bod adur vitniñ leidast. Eñn ef vitniñ leidast ecki. þa dæmdum vier Asgrim skylldugañ ad leggja fram fie sligtt er hann vill og vinne ad fullañ Bokareid og ij skilrikir menn med honum þeir sem kunnugast ma til vera vñ þat mal. ad Jngibiorg Jllugadotter hafe þa sligtt er hun a í arf epter faudur og modur og hann medtok. skillde hann vinna þennan eid fyrir Eínari Oddssyne [kongs vmbodsmanni²⁾ seinast fyrir jolafaustu og giori Gudmunde Bod. í þann tjma adur hann suer eidinn. Eñn vñ fiordungsgiofina dæmdum vier Asgrim skylldugañ ad leida ij loglig vitni fyrir greindum valldsmanne seinast fyrir fardaga nu í vor ad Þorbiorg kunnna hans hafe gefit honum fiordungsgiof vr peningum sijnum ollum suo þeir heyrdu. Eñn ad þeim leiddum þa dæmdum vier til Laugmans huortt hun mætti riettliga gefa þessa fiordungsgiof vr erfdagosse edur eij. Eður huortt Asgrimur skal eignast Tjundargiof vr pening(un)um ef hin kann ad³⁾ bregdast. suo og huorsu mickil Tjundargiofiñ skal vera. Skal þetta reyntt vera fyrir Laugmanne ed seinasta a alþinge ad sumre.

Samþykkti þennañ dom med oss fyrgreindur valldsmann Eínar Oddsson setiande sitt jncigle med vorum et cetera.

1) att 873. 2) b. v. 873. 3) tvískrifað í a.

715. 10. September 1505. á Hrafnseyri.

VÍGSLU- og aflátsbréf kirkjunnar í Ögri í Ísafirði, útgefið af Stepháni biskupi í Skálholti.

AM. Apogr. 964 „Ex orig. communicato a Paulo Jonæ Vid[alino] (er fra Ögri)“. Páll Hákonarson lýsir innsigliúu. — AM. Apogr. 1420 (afskript gerð eptir sama frumriti).

Ver Stephan med gudz nad biskup i Skalholti heilsum ollum godum monnum þeim sem þetta wortt bref sia edr heýra kærliga med gudz kvediu og vorri. kunnigt giorandi. ad i heidr wit allzvalldanda gud. iungfrv sanctam mariam guds modr. og hinn heilaga petrum postula. hofum wer vigt kirkiuna i augri i isafirde med þeim maldaga sem hun hefer adr haft at fornu og nýgiu. hier med hofum wer gefit í gudz trausti og heilagra postula. petri et pauli og modur worrar heilagrar kirkiu ollum rett skriptudum og idrandizt synda sinna. xl. daga aflat þeim monnum ollum sem vitia greindrar kirkiu med gudhræzlu eda godfýsi fyrir bæna saker eda pilagrimferda. heyrandi þar Messur eda nockur gudlig embætti. Jtem þeim sem retta sinar hialpar hendr til gagns eda goda um upphelldi edr efling. smid edr bygging greindri kirkiu um messuklædi. skruda edr önnr ornamenta. lýsing. vax. reykelisi. vid. eda adra nytssamliga hluti. i hvert þat sinn er þeir giora eitthvert af fyrrnefndum hlutum eda ödrum þuilikum. þa seigium wer þeim til adr greint .xl. daga aflat. þeim og sem lesa pater noster og ave maria vid þritekna hringing a morna og á kvelld. Jtem þeim sem liosta æ briost sier. þa er presturinn seger i Messunni nobis quoque peccatoribus. suo og þeim sem fylgia Gudz likama. þa hann er borinn i processione eda til siukra manna. Jtem þeim sem standa vid predican. suo og þeim sem ganga um kirkiugardiinn og lesa pater noster eda ave maria fyrir kristnum saalum. item þeim sem færa lios eda vatn til messu eda þiona til Guds embættiss. Skipum wer ad kirkiudagurinn se haldinn drottinsdag hinn næsta fyrir bartholomeusdag. Og til sannýnda hier wm festum wer wort innsigle fyrir þetta bref. skrifad æ hrafnseyri i arnarfirde. midviku-

dag hinn næsta epter nativitatem beate Marie virginis.
anno domini millesimo qvingentesimo qvinto.

716. 10. September 1505. á Hrafseyri.
VÍGSLU- og aflátsbréf kirkjunnar á Álptamýri í Arnarfirði út-
gefið af Stepháni biskupi.

AM. Fasc. XXXVII, 25, frumrit á skinni. Tvö innsigli hafa verið
fyrir bréfinu, en þau eru nú bæði dottin frá.

Þetta er aflatzbref Tvma. [og kirkiuvixlubref
vm kirkiuvígslu a alptamyre.¹⁾ a alfttamyre Anno 1505.²⁾

Ver Stephan med gudz nad biskup j skalholhti heils-
um ollum godum monnum þeim sem þetta wort bref sia
edr heyra kærliga med guds kvediv og worri kvnngigt gior-
andi ad j heidur vid allzualldanda gud. jungfru sanctam
mariam gudz modr. hofum wer vigt kirkiuna æ alftamyre j
arnarfirde med þeim maldaga sem hun hefer adur haft at
fornv og j vorvm registro³⁾ stendr skrifad. hier med hofvm
vær gefit j gvdz trausti og heilagra postula petri et pauli
og modur vorrar heilagrar kirkiu ollum rettskriptudum og
jdrandiz sinna synda .xl. daga aflat þeim monnum ollum sem
vitia greindrar kirkiu med gudhræzlv eda godfysi fyrir bæna
saker eda pilagrimferda heyrandi þar messvr eda nockur
gudlig embætti. jtem þeim sem retta sinar hialparhendr til
gagns edur goda vm vppheldi edr efling smid edur bygging
greindri kirkiu. vm messuklædi. skruda edur aunnr orna-
menta. lysing. vax. reykelsi. vid edr adra nytsamliga hluti j
huert þat sinn er þeir giora eitthuert af fyr nefndvm hlt-
vm eda andrvm þvilikvm þa segium wer þeim til adr greint
.xl. daga aflat. þeim og sem lesa pater noster og aue maria
vid þritekna hringing á morna og á kuelld. Jtem
þeim sem liosta á briost sier þa er prestrinn segir j
messvne nobis quoque pec(ca)toribus. suo og þeim sem fylgia

1) Utan á bréfinu með samtíða hendi; frá [með mórauðara bleki.
2) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. 3) Svo.

gudz likama þa hann er borinn j processione eda til sivkra manna. Jtem þeim sem standa vid predican. suo og þeim sem ganga vm kirkiugardin og lesa pater noster eda ave maria fyrir kristnum saalum. Jtem þeim sem færa lios edr vatn til messv edr þionar til gudz embættiss. suo og vigdvm vær kross vors herra jhesu christi og mariv likneski aa greindri alftamyrar kirkiu og hofvm gefit þar .xl. daga af lat til huors fyrir sig aff ollvm rettskriptvdm monnum þeim sem heidra pislarmark vors herra og sæla gudz modr mariam. Skipvm vær ad kirkiudagurinn se halldinn sunnudag hinn næsta fyrir nativitatem beate marie virginis. Og til sannynda hier vm festvm vær wort jnnsigle fyrir þetta bref skrifad aa hrafnseyri j arnarfirde miduikudag hinn næsta post nativitatem beate marie virginis. anno domini millesimo quingentesimo quinto.

717.

September 1505.

í Laugardal.

STEPHÁN biskup í Skálholti gefr Jóni bónda Jónssyni Íslendingi orlof til að auka bænhúsið í Sauðlauksdal, svo að þar megi vígja saman hjón, skíra börn og leiða konur í kirkju, og skipar þar heimamannagröpt með þeim máldaga, sem greindr Jón hafði til lagt í kirkjunnar heimanmund.

AM. Apogr. 1327, afskript frá 1704, og segist Árni hata feingið „þetta innlagt copingrei“ „fyrrum á Íslandi fra Gudrunu Sal. Eggertsdottur í Bæ. Er skrifud epter pappirsblöðum in 4^{to} er eg sä þar í Bæ. og ä voru Sandlausdalsbrefa copiu“. Neðan við þessa afskript stendr: „Þetta er Riett copierad efter copiu i qvarta (!) a Saurbæ a Raudasande d. 28. Junij Anno 1704. Þorvardur Magnusson e. h. — Einar Palsson m. e. h.“ „Originalenn finnst nu hvergi skrifar Monsr Ormur Dadason.“ (AM.). Hjá þessari afskript liggur endrit með hendi Árna Magnússonar, og er því fylgt hér um stafsetningu.

Vier Stefan með gudz nad biskup i Skalhollte giorum godum monnum kunnigt með þessu voru opnu bre'e. at vier hofum gefit Jone bonda Jonssyne Islendinge gott orlof til at auka bænhusit i Saudlaugsdal. i svo mata. at þar skule

mega vigia saman hion. skira born. og leida konur i kirkiu. Skipum vier þar og heimamanna grópt þegar kirkian er upp giðr. og gardurinn er vigdur. með þessum Maldaga. sem greindur Jon bonde hefde tillagt i kirkiunnar heimanmund. Jn primis .xc. i iordunne Siglunese er liggur a Bardastrond i Haga kirkiu sokn. og þar til .ij. malnytu kugillde. Svo og skog i Trostansfirde til allra þarfenda þeim sem a greindre iordu bua. Skipum vier. at þar skule takast heima tollar aller og tiunder bonda og husfreyiu. og þeirra allra sem þar eru heimilesfaster. Svo og su tollvætt. sem adur hefer verit golldin til kirkiunnar a Raudasande. Hofum vier und-erbundit oss. at giora fulla nægiu greindre Saurbæjar kirkiu fyrer kirkiu iordena og þa rentu. sem henne hefer adur til fallit [og] medkennumst. at vier hofum fullnad uppborit af adurskrifudum Jone bonda. Hier fyrer skal þesse vor skipun og giorningur standa stöðugr og obrigdeligr hier epter um alldr og æfe. Og til sannenda h'er um festum vier vort innsigle fyrer þetta bref skrifat i Laugardal i Talkna-firde in festo virginis. anno domini millesimo qvingentesimo qvinto.

Voru þesser dandemenn nær vorum giorninge. Sira Loptur Philippusson. Sira Are Gudlaugsson. Fuse bonde Þordarson. Þorolfr biskup Augmundzson og adrer dandemenn fleire.

718. 12. September 1505. á Möðruvöllum.

KVITTUNARBRÉF Þorvarðs Erlendssonar til Gríms Pálssonar um eignarbyti þeirra.

AM. 238. 4^{to} bl. 93 b 94, Bessastaðabók, skr. c. 1570. Ártalið er hér rangt 1515, sem ekki fær staðigt, því að þá var Þorvarðr dauðr. En rétt ártal stendr í svo látandi ágripi bréfsins í Svartskinnu MSteph. 27. 4^{to} bls. 164 með hendi Benedikts lögmanns Þorsteinssonar c. 1730: „Anno 1505 þa siest brief ad Þorvardur Ellendsson lögmadur giefur Grim Pálsson kvittann um gialld og peninga ad luktu Setbergi er liggur hia Hafnarfyrde og nær 40 kugilldum og x vættum smiors“. — Apogr. 1750.

Bref vm Setberg æ alftanesi.

Það giorvm vier Gvnnlavgr þelgason. Jon Stvllason. Jon gislason. þorleifr Snorrason. þelgi ormsson. Valldi þorvardzson. hermann hermansson ok jon Eyvindsson godvm monnvm kvnngitt med þessv vorv opnv brefi. ad þa er lidit var fra gvdz burd 1505¹⁾) ar æ mavdrvfullvm j Eyjafirði favstvdaginn nærstan eptir marivmesso seirni vm havstid. vorvm vier j hia savm ok heyrdvm æ. ad Þorvardr Erlindzson lavgmann svnnan ok avstan æ jslandi gaf med handabandi grim palsson avlldvngis kvttan ok aakærvlavsan um það kavp ok gialld. er greindr grimr hafði adr greida latid ok greitt. ok þa amalsa vard vm það sem epter stod vid fyrr greindan þorvard. ok ad þvi lvktv ok holldnv er grimr þa greiddi. var það setberg fyrir svnnan land vid hafnarfiord. ok þar med ij. kvgilldi edvr ij huortt ed uæri. ij uættir smiors vr holum. leigur fra haugatungu vppæ .ij. ar. var þetta allz .x. vættir. sagdist grimr hafa lukt þoruardi adr .xxxiiij. kugilldi. heyrdum vær þa aunguan æskilnad þessara þratt greindra manna. helldr kom þeim alltt uel samann suo uær heyrdum.

Ok til sanninda hier um settum uær fyrr nefndir menn vor jnnsigli fyrir þetta kvttunarbref ok gialldz er skrifat var j sama stad. deigi ok ari sem fyr seigir.

719. 19. September 1505. í Saurbæ á Rauðasandi.

STEPHÁN biskup í Skálholti geingr í fulla sátt og samþykki, bitaling og borgan við Andrés bónda Guðmundsson um þá vanvirðu og hugmód, sem séra Hallr Ögmundsson hafði honum gert, sem tilheyrði legorðssök upp á hans dóttur Ólöfu Andrésdóttur, með þeim gjöldum og greinum, er bréfið hermir.

Eptir afskript staðfestri á Hólum í Hjaltadal 12. Júní 1704 af Halldóri Þorbergssyni og Jóni Jónssyni eptir frumriti, og var þá „þetta Bref med tueimur hangandi Jnsiglum“.

1) 1515, 238.

Vær Stefau med guds nad biskup i Skalhollte giorum godum monnum viturlegt med þessu uoru opnu brefue. at þa er lidit uar fra hingatburd uorz herra Jesu Christi þusund fim hundrud og fimm ar. 7 litla stofunne i Saurbæ ð raudasande. fimttudaginn næstañ epter Evfem(i)e virginisi.¹⁾ geingo vær til fulls sattmalz og sampickis vid Andres bonda gudmundzson. um þa vanuirdu og hugmod sem sera hallur augmundzson hafde honum til giortt. sem til heyrði legordz sauks vppa hanz dottur Olufu Andrezdottur. huat vær geingum i fulla bijtaling og borgun vm þetta sama mál. i suo felldañ málta. At vær trulofudum fyr greindum Andrese at giallda honum vj tuger hundrada fyrir það sama mál med so ordnum fridleika og fievegxti. at vær gýlldum þrattnefndum andrezi 7 þessa saumu peninga jordina alla tungu fyrir tuttugu hundrud. er liggur i raudasandshrepp i Saurbæiar kirkiu sokn. er gijsli Jonsson feck oss þar til fullrar eignar med handabande. med ollum þeim gognum og gædum sem greindri allri jordu fylger og filgt hefur at fornu og nyu. og hann uard fremst eigande at og þar til ij malnitu kugillde. og atta hundrud i friduirtum peningum. hier med lofadi Are andrezson uora uegna at giallda tjuuþrattnefndum Andresi .xviij^c. i ollum godum peningum. So og trulofudum uær vpp a sera Halls vegna og i Borgan geingum. at fyr nefndur sira hallur skilldi giallda þrattnefndum Andresi vt af sijnum peningum xx^c. tjuu malnitu kugillde oc ij^c. i ollum þarflegum peninge. og hafa golldit innañ þrenna²⁾ tolf máðnada sinn þridiung a hueriu ðri. nema þeim semde ad firri væri golldit. gieck adur greindur gijsli Jonsson til fulls handabands og traustrar trulofunar. er oss selli og fieck til fullrar eignar adur nefnda jord tungu ad hann skilldi allañ adgang eiga ad oss edur vorum peningum vñ greintt jardar uerd. Enn Andres gudmundsson ollungis kuittur og akiærulaus og vidskilinn. um allan skada og skipti vid þrattnefndan gijsla Jonsson vm adurgreindt jardar verd. hier med gafum uær firnefndañ ara Andresson olld-

1) D. e. 18. Sept. 2) þra, hndr., sem eiginl. er = þeirra, en verðr eptir sambandinu að lesast = þrenna.

ungis kuittañ og akærulausan uora uegna og hejlagrar kirkiu um það sama fridbrot og fiesekt. er hann uard oss skilldugur fyrir þann sama averka er hann hafdi veitt sera Jone helgasini. oc ad þessum peningum ollum lucktum skildi adurnefndur síjra hallur ollungis kuittur og úkiærulaus fri og frials fyrir optskrifudum Andresi. sonum hans oc ollum þeirra selskap.

for þesse uor giorningur fram i firrgreindum stad. þessum dandemonnum nærverondum. sera lopti filpussyni. sera Eysteine Jonssyni. Jone Hallssyni. Joni sygurdssyni. er þa uar uor kiæmeistari. fvsa Bonda þordarsini. Eýolfve Bonda gýslasýni.

Og til meiri stadfestu og sannenda hier um settu þesser adur nefndir menn sijn jncigli med uorum jnsiglum fyrir þetta bref er skrifad uar i sama stad og áre. deigi síjdar enn firr seigir.

720.

26. September 1505.

á Þverá.

VITNISBURÐER um landeign Reykjahlíðar í Mývatnssveit.

Eptir afskrípt frá c. 1650 af Reykjahlíðarbréfum í Landskjalasafni. Var þá „þetta bref med einu Jnsigli“.

Þad giori Eg Jon Magnusson godum (monnum) viturligt med þessu mijnu opnu Breffi ad Eg hefi verid heimilisfastur i reikiadal og vid mývatn og j odrum hreppum j Þijngeyarþijngi meir enn lx vetra og hefer eg vitad fyrir full sannindi ad þeir dandimenn sem att hafa jordina reikiahlijd er liggur vid mývatū hafa haft og halldid og sier eignad med jordunni og kirkiunni i reykihlijd auræfi oll atolulaust fyrir austañ fiallgarda þa sem næsta liggia vid mývatn fyrir austañ vatnid ad jokulsá og omerkinga alla millum Jlifsvatna og brædraklifs fyrir vtañ herddibreid. hefi eg og heyrt mier marga skilvijsa ellre menn so seigia. ad þessi landareign hafi fylgt jordunni reykihlijd langt fyrir mijna daga. so og sagdi mier minn fader ad hann hefdi hier skilrijki thil lesid vñ fyrr sagda landareign. og þeir hefdi þessa landareign haft og halldit sem reikiahlijd hefdi

att v̄m hans daga. hafdi hann ix vetur og lxxx er hann deydi. sagdi hann þetta jtolulaust verid hafa vtañ þær kaplagongur sem bref og mǫldagar thil seigia er æ melana hefur haftt verid. Og thil sanninda hier v̄m setta eg mitt jnsigli fyrir þetta vitnisburdarBrefi giortt a þuera j laxardal þremur nottum fyrir mikels messu v̄m haustid. anno domini M. d. quinto.

721.

10. Oktober 1505.

í Múla.

VITNISBURÐR Þorkels Magnússonar, að Steinnu Snorrason og Jón sonr hans hefði lagt .xl. marka, er Steinn var skyldugr Ólafi biskupi á Hólum og Hólakirkju, upp í jörðina Dæli í Svarfaðardal.

AM. Fasc. XXXVII, 23, frumrit á skinni, og er innsiglið fyrir. — AM. Apogr. 3405.

v̄m dæle j suarf(ad)ardal 1505.¹⁾

Þat giorer eg magnus þorkelsson godum monnum kunnigt med þessu mínu opnu brefe at eg heyrde stein snorrason lýsa þui optsinis fyrir mier og fleirum odrum at hann hefde lukt og feingid til fullrar eignar .xl. marka upp j iordena dele j suarfadardal biskupi olafe og holakirkiu fyrir þau sakaferle er hann hafde brotligr ordid og nu epter hann frafallinn lukte og skipade jon snorrason hans laugligr erfinge þessu²⁾ somu skulld upp j adr nefnda jord dele. og til sanninda hier um set eg mitt jncigle fyrir þetta uitnisburdarbref er skrifad uar j mula j reykiadal faustudagin nesta fyrir festum reliquiarum. anno domini. M. d. quinto.

722.

13. Oktober 1505.

á Varmá.

DÓMR útnefndr af Þorvarði lögmanni Erlendssyni og sýslu-

1) Utan á bréfinu með gamalli hendi. 2) Svo.

manni i Kjalarnessþingi um sektir og bætr eptir Hans Etin, útlendan mann, er Árni Eiríksson í hel sló.

Dómabók i 4^{to} bls. 262—264, úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar, skr. c. 1630—1640. — Ágrip af þessum dómi er í Landsbókasafni 6. Fol. bl. 231, skr. c. 1680.

Dómur w̄m wjg.

